22



Þorskurinn er kóngurinn hér

28–29



Vörusmiðja BioPol á Skagaströnd eykur tækifæri matvælaframleiðenda

46–47



Áskorun tuttugustu og fyrstu aldarinnar

Bændablaðið

22. tölublað 2017 • Fimmtudagur 16. nóvember • Blað nr. 503 • 23. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Myndir / Sveinn Sigurmundsson.

Angus-fósturvísarnir komnir til landsins

– Fyrirhugað er að setja þá upp á næstu vikum í kýr í nýrri einangrunarstöð

Laugardaginn 11. nóvember sl. komu hingað til lands 40 fósturvísar af Angus-holdanautakyninu. Fyrirhugað er að setja þá upp á næstu vikum í kýr í nýrri einangrunarstöð Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands ehf. á Stóra-Ármóti í Flóa.



Nýja einangrunarstöðin er skammt frá Stóra-Ármóti. Mynd / MHH

Það félag er í jafnri eigu Bændasamtaka Íslands, Búnaðarsambands Suðurlands og Landssambands kúabænda. Markmiðið með þessu verkefni er að skjóta styrkari stoðum undir íslenska nautakjötsframleiðslu en Angus-kynið þykir hentugt beitarkyn, með léttan burð, góða flokkun og rómuð kjötgæði. */BHB*



Sigurður Loftsson, bóndi og formaður stjórnar Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands og Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárerfðafræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, með köfnunarefniskútinn sem geymir fósturvísana. Með þeim á myndinni er Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, sem veitti þeim viðtöku. *– Sjá nánar um stöðina á bls. 4*

EFTA-dómstóllinn telur að íslensk lög gangi of langt í skilyrðum varðandi innflutning landbúnaðarafurða:

Viðskipta- og lögfræðihagsmunir eru meira metnir en lýðheilsa

– segir Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði og yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans

Þriðjudaginn 14. nóvember var kveðinn upp dómur hjá EFTA-dómstólnum. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að íslenska leyfisveitingakerfið fyrir innflutning á hrárri og unninni kjötvöru, eggjum og mjólk samrýmdist ekki ákvæðum EES-samningsins.

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði og yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans, sagði í samtali við Bændablaðið að niðurstaða EFTA-dómstólsins sýni að viðskiptahagsmunir og lögfræðin vegi þyngra en sjónarmið lýðheilsu.

Slæm niðurstaða út frá sjónarmiði lýðheilsu

„Niðurstaða dómsins er slæm út frá sjónarmiði lýðheilsu og íslensks landbúnaðar, þótt niðurstaðan sé væntanlega lagalega séð rétt. Með því að gefa innflutninginn frjálsan er verið að auka líkurnar á því að margs konar sýklar geti borist til landsins í menn og dýr. Úr því að þetta er niðurstaðan verður að leita leiða til þess að draga eins og hægt er úr líkunum á því að sýklar og sýklalyfjaónæmar bakteríur berist til landsins í auknum mæli og herða eftirlit með því.“



Karl G. Kristinsson.

Karl segir að áhrif dómsins séu tvenns konar að hans mati. „Annars vegar aukning á súnum eða bakteríum sem sýkja bæði menn og dýr. Slíkar bakteríur eru algengari erlendis en á Íslandi og því má búast við talsverðri aukningu á þeim. Í því sambandi er vert að hafa sérstaklega áhyggjur af innflutningi á ferskum kjúklingum og satt best að segja hef ég langmestar áhyggjur af þeim innflutningi. Innflutningur á ferskum kjúklingum getur hæglega stefnt í hættu þeim ströngu reglum sem viðhafðar eru í kjúklingaeldi hér á landi. Kjúklingaeldið hér er nánast kampýlóbakter-laust og mælist undir 5%, en hefur til dæmis mælst 75% í verslunum í Bretlandi og víðar í Evrópu. Það er því nokkuð ljóst að innflutningur á ferskum kjúklingum er líklegur til að fjölga kampýlóbakter-tilfellum í landinu.

Hins vegar er notkun á sýklalyfjum mun meiri, sérstaklega í Suður-Evrópu, í Evrópusambandinu en hér á landi. Þegar kemur að innflutningi á hráu kjöti, sérstaklega kjúklingum, getur verið erfitt að komast hjá því að fluttar verði inn afurðir með bakteríum ónæmum fyrir fjölmörgum sýklalyfjum.“

Miklar áhyggjur

Ég hef einnig miklar áhyggjur af mögulegum innflutningi á ýmiss konar örverum sem ekki eru landlægar í íslenskum búfénaði sem geta borist hingað með hráu kjöti og í búfé,“ segir Karl G. Kristinsson.

Íslensk lög ekki talin standast tilskipun um innri markað

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) krafðist viðurkenningar á því að íslenska ríkið hefði brotið gegn 5. gr. tilskipunar ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins samkvæmt tilskipun um innri markað. Mótmælti ESA því að íslenska ríkið viðhéldi leyfisveitingakerfi vegna innflutnings á hráu kjöti og kjötvörum. Einnig vegna innflutnings á hráum eggjum og hráum eggjavörum, leyfisveitingakerfi vegna innflutnings á ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum unnum úr ógerilsneyddri mjólk. Þá voru viðbótarkröfur vegna innflutnings ákveðinna ostategunda og banns við markaðssetningu á innfluttum mjólkurafurðum sem unnar væru úr ógerilsneyddri mjólk. Sem og stjórnsýsluframkvæmd sem gerði innflytjendum skylt að leggja fram vottorð og sækja um leyfi til þess að flytja inn meðhöndluð egg og mjólkurafurðir. Íslenska ríkið mótmælti framangreindum kröfum ESA.

Hvað varðaði fyrstu þrjár kröfur ESA þá taldi dómstóllinn að íslensk löggjöf fæli í sér bann við innflutningi á hrárri kjötvöru, eggjum og mjólk. Hins vegar mælti EFTA-löggjöfin fyrir um að innflutningur á slíkum vörum gæti verið heimill að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að leyfisveitingakerfið á Íslandi væri ósamrýmanlegt 5. gr. tilskipunarinnar. Hins vegar taldi dómstóllinn að bann við markaðssetningu sem vísað væri til í þriðju kröfu ESA fæli ekki í sér eftirlit með dýraheilbrigði í skilningi tilskipunarinnar og var þeirri kröfu því hafnað.

Hvað varðaði fjórðu kröfu ESA um innflutning eggja og mjólkurvara var bent á að íslensk stjórnvöld kreföust þess að umræddar vörur séu meðhöndlaðar í samræmi við íslensk lög. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slík framkvæmd fæli í sér eftirlit með dýraheilbrigði umfram það sem leyfilegt væri samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar.

/VH/HKr.

– Sjá frekari viðbrögð bls. 4

FRÉTTIR



Frá og með 2022 verður bannað að nota illgresiseitrið glyfosat í landbúnaði í löndum Evrópusambandsins.

Glyfosat bannað í löndum ESB

Frá og með 2022 verður öll notkun á illgresiseitrinu glyfosat bönnuð í landbúnaði í löndum Evrópusambandsins. Glyfosat er meðal annars virka efnið í Roundup sem margir Íslendingar þekkja.

Leyfi til að nota efnið verður ekki endurnýjað innan aðildarríkja Evrópusambandsins þar sem hreinn meirihluti fyrir endurnýjun þess náðist ekki í atkvæðagreiðslu. Lönd sem meðal annarra voru hliðholl áframhaldandi notkun efnisins voru Danmörk, Bretland og Holland en lönd á móti meðal annarra, Belgía, Frakkland, Ítalía og Lúxemborg.

Málið fer fyrir áfrýjunarnefnd í nóvember, en að öllu óbreyttu mun leyfið renna út 15. desember næstkomandi.

Rannsóknir sýna að leifar af efninu finnast í um 45% af ræktunarjarðvegi í Evrópu og rannsóknir á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Alþjóðastofnunar um krabbameinsrannsóknir benda til að efnið geti verið krabbameinsvaldandi. */VH*

Brynjar Ómarsson, forstöðumaður plöntusjúkdómasviðs Matvælastofnunar:

Tvenns konar veirusmit finnst í tómatarækt á skömmum tíma

– Ekki skaðlegt mönnum en Matvælastofnun biður kartöfluræktendur að gæta að mögulegu krosssmiti

Staðfest hefur verið tvenns konar veirusmit í tómötum hér á landi á skömmum tíma. Í seinna tilfellinu er um að ræða veirung sem kallast Potato spindle tuber viroid, eða spóluhnýðissýking, sem getur smitast í kartöflur.

Eins og greint hefur verið frá í Bændablaðinu kom fyrr í haust upp veirusýking í tómötum sem kallast Pepino mósaík vírus og sú sýking staðfest á flestum tómatabýlum á Suðurlandi.

Staðfest er að önnur sýking Potato spindle tuber viroid hafi verið greind á tómatabýli á Suðurlandi. Potato spindle tuber viroid getur lagst bæði á tómata og kartöflur en Pepino mósaík vírus er bundinn við tómata.

Samkvæmt heimildum Bændablaðsins greindist PSTV sýkingin nánast fyrir tilviljun við athugun á smiti vegna PMV.


Brynjar Ómarsson.

Mast ætlar í yfirgripsmikla sýnatöku

Brynjar Ómarsson, forstöðumaður plöntusjúkdómasviðs Matvælastofnunar, sagði í samtali við Bændablaðið að Matvælastofnun sé að fara af stað með yfirgripsmikla sýnatöku hjá tómataræktendum og skima kartöfluræktendur á Suðurlandi.

„Mast hefur einungis fengið tilkynningu um spóluhnýðissýkingu á einu tómatabýli og er það á Suðurlandi en málið á allt eftir að skýrast betur með sýnatökunni. Niðurstaða sýnatökunnar ætti svo að gefa skýra mynd af sjúkdómastöðunni á hverjum stað.“

Yfirlýsing frá Matvælastofnun

„Matvælastofnun hefur verið upplýst um tilkynningaskyldan plöntusjúkdóm sem greinst hefur í tómatrækt hérlendis. Sjúkdómurinn nefnist Potato spindle tuber viroid, spóluhnýðissýking, og er um veirung að ræða.

Veirungurinn leggst á kartöflur og tómata og getur valdið afföllum í ræktun. Veirungurinn er hvorki skaðlegur mönnum né dýrum.

Einkenni sýkingar í tómatrækt geta verið mismunandi og fer alvarleiki eftir sýkingarafbrigði. Í sumum tilfellum eru engin einkenni. Einkenna verður yfirleit fyrst vart í efri hluta plöntu þar sem lauf verða gulleit með brúnleitum flekkjum á meðan stærri æðar plöntunnar haldast skærgrænar. Vöxtur laufblaða getur einnig verið takmarkaður. Einkenni geta líka birst á ávöxtum en sýktir ávextir geta verið litlir, dökkgrænir, harðir og vöxtur afbrigðilegur.

Veirungurinn dreifist gjarnan með snertingu og er besta vörnin fólgin í auknu hreinlæti og sóttvörnum. Matvælastofnun beinir því til tómatræktenda að gæta fyllstu varúðar varðandi mögulegt smit og efla sóttvarnir til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu. Jafnframt beinir Matvælastofnun því til kartöfluræktenda að gæta að mögulegu krosssmiti frá einstaklingum og aðföngum sem borið gætu smit úr tómatrækt.

Aðgerðir Matvælastofnunar vegna veirusýkinga í tómatrækt fela í sér leiðbeiningar um sóttvarnir við ræktun, tilmæli um nauðsynleg skref í sóttvörnum, skipulagða rannsókn á sýnum til að greina mögulega sjúkdóma í ræktun auk kortlagningu og greiningu á útbreiðslu.

Matvælastofnun hefur birt leiðbeiningar um hvernig koma skal á sóttvörnum í ræktun og hvetur stofnunin alla ræktendur til að innleiða sem flesta þætti leiðbeininganna eins og fljótt og auðið er.

Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytið mun á næstunni birta reglugerð í Stjórnartíðindum þar sem fjallar er um málið. Hér að neðan má sjá reglugerðina. Matvælastofnun hvetur alla sem málið varðar til að kynna sér reglugerðina.“ */VH*


Veirungar eru minnsta smitandi eining sem þekkt er.

Spóluhnýðissýking, smitandi veirungar

Spóluhnýðissýking stafar af veirungi sem kallast Potato spindle tuber viroid. Veirungar eru minnsta smitandi eining sem þekkt er og samsett úr stuttum hringlaga og einstengdum RNA kjarnasýrum án próteinhjúps.

Potato spindle tuber viroid er fyrsti veirungurinn sem greindist og eru tómatar og kartöflur náttúrulegir hýslar hans. Veirungar hafa einungis greinst í háplöntum. Til eru mismunandi afbrigði Potato spindle tuber viroid og allir valda þeir sýkingum í háplöntum og uppskeruminnkun í nytjaplöntum.

Sýkingareinkenni mismunandi Potato spindle tuber viroid eru allt frá því að vera vægar yfir í að vera mjög alvarlegar. Einkenni geta verið misalvarleg eftir umhverfisaðstæðum. Þau aukast við hærra hitastig og eftir því hversu lengi veirungurinn fær að grassera óáreittur.

Almenn einkenni eru að blöðin verða minni, verpast og taka á sig gulan eða fjólubláan lit. Undirvöxtur í kartöflum verður minni og tómatar líka og þeir fá á sig gulleitar skellur.

Spóluhnýðissýking er landlæg víða um heim, í Norður-Ameríku, bæði Bandaríkjunum og Kanada, Kína, mörgum ríkjum fyrrum Sovétríkjanna og mörgum Evrópuríkjum. Þrátt fyrir það hefur tekist að útrýma sýkingunni á mörgum svæðum.

Sýkingin getur breiðst út með blaðlús en hér á landi er mest hætta á að hún berist út með fjölnotaumbúðum og vörubrettum. */VH*

Veirungur í tómötum sem getur borist í kartöflur:

Spóluhnýðissýking gæti valdið alvarlegri uppskeruminnkun í kartöflum

– Komi upp smit gætu bændur þurft að hætta kartöfluræktun í tvö ár

Veirungur sem kallast Potato spindle tuber viroid, eða spóluhnýðissýking, og greinst hefur í tómötum á býlum á Suðurlandi getur borist í kartöflur og valdið verulegri uppskeruminnkun.

Bergvin Jóhannsson, formaður Landssambands kartöflubænda og bóndi á Áshóli í Grýtubakkahreppi, sagði í samtali við Bændablaðið að hann og flestir kartöflubændur séu búnir að fá allt um það beint í æð. „Í fyrstu sýnist mér ekkert annað fyrir okkur að gera annað en að reyna að verja okkur eins vel og við getum fyrir þessu. Til dæmis með því að koma ekki með tómata nálægt neinu sem snertir kartöfluræktina.“

Veirungurinn er hvorki skaðlegur mönnum né dýrum.


Kartöfluræktina í Hornafirði.


Nýuppteknar og heilbrigðar kartöflur.

Gætu þurft að hætta kartöfluræktina í tvö ár

Bergsveinn segir að uppskerubrestur í kartöflum geti verið gríðarlegur í kartöflum berist veirungurinn í útsæði og í kartöflugarða. „Alvarleikinn er svo mikill að það verður að hætta kartöfluræktina á viðkomandi býli í, að mér skilst, að minnsta kosti tvö ár og hreinsa út úr húsum og sótthreinsa allan búnað. Það er svo alltaf mikið bras að byrja aftur ef menn þurfa að hætta vegna svona lagaðs.

Þrátt fyrir að við séu nýlega búnir að frétta af möguleikanum á smiti erum við að sjálfsögðu á tánum yfir þessu.“

Bergsveinn segist ekki vita til þess að enn hafi verið tekin sýni úr kartöflum eða kartöflugörðum til að athuga hvort veirungurinn hafi borist í þá. „Komi fram einkenni skilst mér að þau komi fyrst fram á kartöflunum sjálfum og ég á ekki von á að slíkt komi fram fyrr en á næsta ári fari allt á versta veg.“


Erlent dæmi um alvarlega uppskeruminnkun í kartöflum vegna Potato spindle tuber viroid, eða spóluhnýðissýkingar, sem fundist hefur í íslenskum tómötum og getur borist í kartöflur.

Vörubretti varasöm

Að sögn Bergsveins getur veirungurinn borist í kartöflur með hlutum eða fólki sem hefur verið í mikilli snertingu við tómata en sérstaklega eru tómatarnir sjálfir og vörubretti varasöm.

Hann segir að kartöflubændur hafi ekki, að minnsta kosti hingað til, ákveðið að fara út í sameiginlegar aðgerðir til að varna því að veirungurinn berist í kartöflur. „Ég held satt best að segja að þetta sé eitthvað sem hver og einn kartöflubóndi verði að eiga við sjálfur.“

Melónur líka varasamar

Ekki er nóg með að sýking geti borist úr tómötum í kartöflur heldur er einnig varað við því að vera með melónur innan um kartöflur.

„Á yfirborði melónanna víða um Evrópu getur verið óværa sem hæglega getur borist í kartöflur og aðrar nytjaplöntur verði ekki gætilega farið, segir Bergsveinn Jóhannsson, formaður Landssambands kartöflubænda, að lokum */VH*

SAMSUNG

Gæða Samsung sjónvörp og Soundbarir



MU7055 Stærðir 49“ 55“ 65“ 75“ 82“
Beint premium UHD sjónvarp með 10 Bita panel



55” Samsung MU6175
Beint / 1300PQI / 4K / UHD: Kr. 139.900,-



55” Samsung MU6455
Beint / 1600PQI / 4K / UHD: Kr. 184.900,-



Samsung M4511
Boginn Soundbar+Bassi
260W Silfur:
Kr. 59.900,-
Til í gráu og svörtu.



MS661 og MS6511 Beinn eða boginn, Svartur eða grár.
Innbyggður bassi. TIDAL tónlistarveitan fylgir með í 12 mánuði. Verð frá 69.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið laugardag kl. 11-15

samsungsetrid.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
Opið laugardag kl. 12-16

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR BYGG	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI	TÆKNIBORG	OMNIS	BLÓMSTURVELLIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK -EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM	BORGARNESI	AKRANESI	HELLISSANDI
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 4712038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333	SÍMI 422 2211	SÍMI 433 0300	SÍMI 436 6655

FRÉTTIR



Samningarnir fela í sér að Ísland fellir niður tolla á yfir 340 nýjum tollskrárnúmerum og lækkar tolla á yfir 20 öðrum.

Tollasamningar við ESB taka gildi 1. maí 2018

Samningar Íslands og Evrópusambandsins um viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarvörur munu öðlast gildi 1. maí 2018 en þá verður málsmeðferð ESB endanlega lokið.

Snýst samningurinn annars vegar um viðurkenningu og vernd landfræðilegra merkinga á landbúnaðarafurðum og matvælum hins vegar, sem undirritaðir voru árið 2015, og mun öðlast gildi 1. maí 2018 en þá verður málsmeðferð ESB endanlega lokið.

Á vef Stjórnarráðs Íslands segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra: „Þetta er fagnaðarefni fyrir íslenska neytendur og útflytjendur. Með samningunum myndast aukin sóknarfæri fyrir útflytjendur auk þess sem tollalækkanirnar munu auka vöruúrval og skila sér í vasa neytenda í gegnum lækkað matvöruverð.“

Allir tollar á unnar landbúnaðarvörur eru felldir niður nema á jógúrt

Samningarnir fela í sér að Ísland fellir niður tolla á yfir 340 nýjum tollskrárnúmerum og lækkar tolla á yfir 20 öðrum. Almennt gerir ESB slíkt hið sama.

Niðurstaðan felur í sér að allir tollar á unnar landbúnaðarvörur eru felldir niður nema á jógúrt. Sem dæmi munu tollar falla niður á súkkulaði, pitsum, pasta, bökunarvörum og fleiru. Auk þessa eru tollar felldir niður eða lækkaðir á óunnum landbúnaðarvörum eins og til dæmis villibráð, frönskum kartöflum og útiræktuðu grænmeti svo dæmi séu tekin.

Jafnframt er samkomulag um að báðir aðilar auki verulega tollfrjálsa innflutningskvóta, meðal annars fyrir ýmsar kjöttegundir og osta og kemur aukningin til framkvæmda á tilteknum aðlögunartíma. Á móti fær Ísland verulega hækkun tollfrjálsra innflutningskvóta fyrir skyr, smjör og lambakjöt og nýja kvóta fyrir alifugla- og svínakjöt og ost.

Landfræðilegar merkingar á matvælum viðurkenndar

Samhliða öðlast gildi samningur milli Íslands og ESB um viðurkenningu og vernd landfræðilegra merkinga á landbúnaðarafurðum og matvælum. Í meginatriðum felur samningurinn í sér að íslensk stjórnvöld og ESB skuldbinda sig til að vernda á yfirráðasvæði sínu afurðarheiti sem eru vernduð á yfirráðasvæði hins aðilans. */VH*

Ráðstefna um kolefnisbindingu

Ráðstefna um möguleika í kolefnisbindingu verður haldin í Bændahöllinni 5. desember nk. Þar mun meðal annarra írski sérfræðingurinn Eugene Hendrick halda erindi um aðgerðir sem Írar hafa farið út í til þess að binda kolefni með breyttri landnotkun og aukinni skógrækt.

Eugene hefur verið einn af aðalsamningamönnum Íra í samskiptum við ESB varðandi samninga um kolefnisbindingu með skógrækt.

Auður Magnúsdóttir, deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, mun fjalla um losun kolefnis frá mismunandi gerðum þurrlendis og Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir frá nýrri skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjárbúum á Íslandi og aðgerðum sem sauðfjárbændur hyggjast fara í til þess að draga úr losun. Þá munu þeir Jóhann Þórsson, sérfræðingur



Eugene Hendrick.

hjá Landgræðslu ríkisins og Arnór Snorrason, sérfræðingur á Mógilsá, segja frá möguleikum Íslands með kolefnisbindingu með landgræðslu og skógrækt. Að lokum gefst tími til fyrirspurna og umræðna.

Það eru Landgræðsla ríkisins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktin og Bændasamtök Íslands sem standa að ráðstefnunni. Markmiðið með henni er að draga fram lausnir við bindingu kolefnis hér á landi í því augnamiði að uppfylla skyldur sem m.a. felast í Parísarsamkomulaginu.

Ráðstefnan verður sem fyrr segir haldin þriðjudaginn 5. desember í ráðstefnusölum Hótel Sögu frá kl. 13.00 til 16.00. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn en krafist er skráningar á vefsíðunni bondi.is./*TB*

Niðurstaða EFTA-dómstólsins getur valdið miklu tjóni

– að mati forsvarsmanna Bændasamtaka Íslands

EFTA-dómstóllinn kvað upp dóm í dag í máli sem fjallar um frystiskyldu við innflutning á hráu kjöti og að hingað til lands megi ekki flytja inn ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir sem og ógerilsneydd egg og afurðir úr þeim.

Niðurstaða dómsins var á þá leið að dómstóllinn telur Ísland ekki geta bannað innflutning á hráu kjöti og ógerilsneyddum eggjum og hráum eggjavörum en fellst þó á að áfram sé óheimilt að markaðssetja ógerilsneydda mjólk og afurðir úr henni.

Um er að ræða þýðingarmikið hagsmunamál íslensks landbúnaðar en fjölmargir hafa bent á þá áhættu sem felst í auknum innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og hráum eggjum. Þrátt fyrir mótrök fjölda aðila úr heilbrigðisgeiranum, bænda og búvísindamanna og fleiri sem vara við óheftum innflutningi þá kemst EFTA-dómstóllinn að annarri niðurstöðu.

Bændasamtökin harma niðurstöðuna

Bændasamtök Íslands harma niðurstöðu dómstólsins en þau hafa um árabil barist gegn innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og hráum eggjum. Að mati samtakanna mun niðurstaða dómsins að óbreyttu geta valdið íslenskum landbúnaði miklu tjóni og ógnað bæði lýðheilsu og búfjárheilsu. Ísland er ekki aðili að evrópskum tryggingarsjóðum sem bæta tjón ef upp koma alvarlegar sýkingar í landbúnaði og þyrfti ríkisvaldið ásamt bændum að bera slíkar byrðar.

Bændur munu ekki gefast upp

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir dóminn valda vonbrigðum en bændur muni ekki gefast upp.

„Við höfum barist í þessum málum um árabil og erum núna að skoða næstu skref í samvinnu við okkar lögfræðinga og ráðgjafa. Hvað sem öðru líður þá munum við áfram verja okkar stöðu sem er einstök. Það hefur komið skýrt fram í umræðu um þessi mál að okkar færustu vísindamenn í sýklafræði og bæði manna- og búfjársjúkdómum hafa varað sterklega við innflutningi á hráu kjöti og öðrum þeim vörum sem geta borið með sér smit. Við eigum hreina og heilbrigða búfjárstofna og erum heppin að því leyti að matvælasýkingar eru fátíðar hérlendis. Það er beinlínis skylda okkar að viðhalda þeirri góðu stöðu,“ segir Sindri.

Mikil sérstaða

Sérstaða íslensks landbúnaðar felst meðal annars í því að hér er búfjárheilsa góð og sýklalyfjanotkun í landbúnaði í algjöru lágmarki. Þar sem notkunin er mest er hún mörgum tugum sinnum meiri en hér. Sýklalyfjaónæmi er talið ein helsta lýðheilsuógn mannkyns á næstu áratugum en það hefur aukist hratt samhliða ofnotkun sýklalyfja í nútímalandbúnaði.



Sindri Sigurgeirsson. Mynd / TB



Karl. G. Kristinsson. Mynd / VH



Vilhjálmur Ari Arason. Mynd / VH



Margrét Guðnadóttir. Mynd / BBL

Læknar og vísindamenn hafa varað við slæmum afleiðingum

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir Sýklafræðideildar Landspítalans, er einn þeirra vísindamanna sem hafa lagt orð í belg og varað við auknum innflutningi á hráu kjöti og öðrum búvörum. Í erindi sínu sem bar heitið „Stafar lýðheilsu Íslendinga hætta af innflutningi á ferskum matvælum“ á fundi í Iðnó í vor sagði Karl að aukinn innflutningur myndi fjölga sýkingum í mönnum og auka líkurnar á því að nær alónæmar bakteríur nái hér fótfestu.

Vilhjálmur Ari Arason heimilislæknir hefur sagt mjög óábyrgt af stjórnvöldum ef þau ætla að taka upp þegjandi tilskipanir frá EFTA-dómstólnum eða Evrópusambandinu sem ganga þvert á þær hagstæðu aðstæður sem eru hér á landi og ganga þannig gegn lýðheilsumarkmiðum.

Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur og fyrrverandi prófessor í sýklafræði við Háskóla Íslands, hefur í ræðu og riti sagt það alvarlegt mál ef hér koma upp nýir dýrasjúkdómar eða ólæknandi mannasjúkdómar. „Ég treysti ekki þeim mönnum sem vilja flytja inn hrátt, ófrosið kjöt til að verja okkur fyrir þeim. Kannski af því að ég er orðin svo gömul að ég hef séð of margt,“ sagði Margrét í viðtali við Morgunblaðið í fyrravetur.

Kemur næst til kasta Alþingis

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) rak málið en íslenska ríkið hélt uppi vörnum. Málsvörn Íslands byggðist aðallega á því að þessar takmarkanir væru heimilar skv. 13. grein EES-samningsins, enda séu fullgild lýðheilsurök og búfjárheilsurök fyrir þeim. ESA taldi greinina ekki eiga við og hefur skipt um skoðun frá því á fyrri stigum málsins. Ríkið gerði kröfu um að málinu yrði vísað frá dómi og ESA greiddi málskostnað. Því var hafnað og íslenska ríkið greiðir málskostnað.

Niðurstaða EFTA dómstólsins breytir ekki íslenskum lögum, en það mun koma til kasta Alþingis að fjalla um hana og gera þær breytingar sem taldar verða nauðsynlegar.

Styttist í opnun einangrunarstöðvarinnar á Stóra-Ármóti

„Já, nú styttist óðum í opnun hjá okkur þannig að starfsemin geti hafist formlega á Stóra Ármóti í Flóahreppi. Það er verið að klára húsið þessa dagana,“ segir Sigurður Loftsson, formaður stjórnar Nautgriparræktarmiðstöðvar Íslands.

„Það er búið að girða landið, sem er um 50 hektarar, með tvöfaldri girðingu sem er 3,2 km að lengd og við erum búnir að kaupa 36 kýr af bændum sem verða á stöðinni.“

Það félag er í jafnri eigu Bændasamtaka Íslands, Búnaðarsambands Suðurlands og



Nýja einangrunarstöðin er skammt frá Stóra Ármóti.

Landssambands kúabænda. Einangrunarstöðin er 526 m2 og í alla staði vönduð bygging. Veggir uppsteyptir, límtréssperrur og yleiningar í þaki. Húsið skiptist í 3 hluta. Uppeldisfjós vegna sölu á lífgripum, millibyggingu m.a vegna sæðistöku og sóttvarna og kúahluta fyrir 20 kýr. Undir hvoru fjósi eru aðskildir haugkjallarar.

Eins og fram kemur á forsíðu eru 40 fósturvísar úr Aberdeen Angus gripum í Noregi komnir til landsins og verða settir upp á næstu vikum. */MHH*



Sigurður Loftsson (t.v.), formaður Nautís og Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, kampakátir í þeim hluta einangrunarstöðvarinnar þar sem kýrnar verða. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson



DEUTZ-FAHR 5105.4 G

5G línan frá DEUTZ - FAHR er hönnuð með einfaldleikann að leiðarljósi.

Liprar og nettar vélar sem að skila aflinu vel og eru búnar öllum þeim búnaði sem þarf til þess að takast á við hefðbundin bústörf. 5G línan frá DEUTZ - FAHR er engu að síður búin þeim þægindum sem búast má við þegar keyptur er traktor frá DEUTZ - FAHR.

Eigum til á lager DEUTZ-FAHR 5105.4 G dráttarvél með ámoksturstækjum á frábæru verði.

Helsti búnaður:

4 strokka FARMotion diesel mótor með forþjöppu og millikæli.	Stop & go (túrbó kúpling) - Hægt að hemla án þess að kúpla
102 hö; 408 Nm.	3 tvöföld vökvaúrtök að aftan.
5 gíra kassi með 2 milligírum og háu og lágu drifi.	Útskjótanlegur dráttarkrókur.
Kúplingsrofi í gírstöng og kúplingsfrír vendigír með stillanlegu átaki.	Flotmikil dekk: 480/65R24 að framan og 540/65R34 að aftan.
40 km/klst hámarkshraði við lágan snúning mótors.	Rúmgott ökumannshús með loftpúðasæti og farþegasæti.
ECO vökvadæla sem skilar hámarks afköstum við aðeins 1.600 snún/min	Stoll FZ10 samlit ámoksturstæki með 3. sviði, dempara og skóflu

DEUTZ-FAHR 5105.4G
með STOLL FZ10 ámoksturstækjum

Kr. 7.410.000,- án VSK

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 121 ISK.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.100 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Mikið í húfi

Segja má að íslenskur landbúnaður hafi legið undir stórskotahríð á liðnum misserum úr ýmsum áttum. Greinin hefur reynt að verjast, en oft virðist vera við ofurefli að etja og nú síðast sjálfan EFTA-dómstólinn. Þrátt fyrir þetta eru íslenskir bændur ekkert á því að gefast upp enda mikið í húfi.

Milliríkjasamningar og yfirþjóðlegir viðskiptasamningar hafa tröllriðið alþjóðaviðskiptum á liðnum árum og er mörgum ofboðið. Gagnrýnendur hafa hamrað á því að slíkir samningar séu keyrðir áfram af her lögmanna á vegum fjölþjóðlegra fyrirtækjasamsteypa. Þegar forsvarsmenn lýðræðisríkja sem kosnir eru af almenningi mæta þessum her er mikil hætta á að öll þeirra rök til að verja sína umbjóðendur séu hreinlega skotin í kaf, af flóknum málatilbúnaði þrautþjálfaðra atvinnumanna. Gott dæmi um þetta er viðskiptasamningur sem reynt hefur verið að knýja í gegn í 12 Kyrrahafsríkjum. Hann hefur gengið undir nafninu TPP, eða „Trans-Pacific Partnership“. Inni í þessum pakka voru Bandaríkin sem lykilþátttakandi, en þegar Donald Trump tók við embætti forseta þar í landi var það af einhverjum ástæðum eitt af hans fyrstu verkum að draga Bandaríkin út úr þeim samningum.

Samningsgerðin hefur mætt gríðarlegri andstöðu meðal almennings og fjöldasamtaka í öllum þessum löndum. Ástæðna er einföld. Þegar upplýst var um samningsdrög sem voru á borði samningamanna kom í ljós að eitt af lykilatriðum þessara samninga var yfirþjóðlegt vald sem færa átti í hendur stórfyrirtækjanna. Þar með átti að ryðja hindrunum úr vegi um alla framtíð sem skapast gætu af hálfu lýðræðislega kjörinna stjórnmálamanna í viðkomandi löndum. Þegar svo er komið er sannarlega ástæða fyrir almenning að fara að óttast um framtíð lýðræðis og sjálfsákvörðunarréttar þjóða. Annar samningur af líkum toga hefur verið í smíðum. Það er svokallaður TTIP-samningur, eða „Transatlantic Trade and Investment Partnership“, á milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Sú samningsgerð hefur líka verið harðlega gagnrýnd.

Flestir ef ekki allir fjölþjóðlegir viðskiptasamningar byggjast á einhvers konar eftirgjöf á sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Þar geta hagsmunir íbúa í viðkomandi löndum vissulega oft farið saman, en hættan á misbeitingu valds er alltaf fyrir hendi í slíkum samningum. Þetta þekkja Íslendingar vel í langvarandi deilum um fiskveiðilögsöguna. Sem betur fer urðu Bretar, og fleiri þjóðir, þar að lúta í lægra haldi. Það var þó alls ekki sjálfgefið, en harðar deilur spunnust strax er landhelgin var færð úr 3 sjómílum í 7 árið 1930.

Málið var á endanum orðið mjög vandræðalegt fyrir NATO. Má segja að harðfylgi manna eins og Lúðvíks Jósepssonar hafi skipt þar sköpum, en hann tilkynnti sem sjávarútvegsráðherra þann 24. maí 1958 að landhelgin yrði færð út í 12 sjómílur. Hann fylgdi málinu síðan eftir alla tíð, næst í 50 mílur 1972 og síðan í 200 sjómílur. Þarna þorðu forsvarsmenn þjóðarinnar að standa í lappirnar. Sú staðfesta skilaði Íslendingum ómetanlegum sigri sem hefur síðan skipt sköpum fyrir efnahag þjóðarinnar.

Nú horfa Íslendingar upp á afleiðingar EES-viðskiptasamnings (Evrópska efnahagssvæðið) á milli EFTA-ríkjanna, Íslands, Liechtenstein, Noregs og Sviss og Evrópusambandsins. Þar er yfirþjóðlegt vald greinilega að hrifsa vald og ákvörðunarrétt úr höndum íslenskra stjórnvalda. Eitthvað sem sitjandi landbúnaðarráðherra þykir bara sjálfsagt mál. Er það virkilega sú staðfesta sem íslenskt lýðræði þarf á að halda? */HKr.*

Markaðurinn er Guð



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

EFTA-dómstóllinn kvað á þriðjudag upp dóm í máli þar sem deilt var um þá kröfu í íslenskum lögum að hrátt kjöt sem hingað er flutt hafi verið fryst í a.m.k. 30 daga fyrir innflutning. Einnig var deilt um að ekki má flytja inn ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir sem og ógerilsneydd egg og afurðir úr þeim. Niðurstaða dómsins var á þá leið að dómstóllinn telur Ísland ekki geta bannað innflutning á ófrosnu hráu kjöti, ógerilsneyddum eggjum og hráum eggjavörum.

Dómstóllinn segir enn fremur að flytja megi inn ógerilsneydda mjólk, en gerilsneyða verður hana áður en hún eða afurðir úr henni fara á markað, enda má ekki markaðssetja ógerilsneydda mjólk sem framleidd er hér heima.

Um er að ræða þýðingarmikið hagsmunamál íslensks landbúnaðar en fjölmargir hafa bent á þá áhættu sem felst í auknum innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og hráum eggjum. Þrátt fyrir mótrök fjölda aðila úr heilbrigðisgeiranum, bænda og búvísindamanna og fleiri sem vara við óheftum innflutningi þá kemst EFTA-dómstóllinn að annarri niðurstöðu.

Niðurstaða dómsins getur að óbreyttu valdið íslenskum landbúnaði miklu tjóni og ógnað bæði lýðheilsu og búfjárheilsu. Ísland er ekki aðili að evrópskum tryggingarsjóðum sem bæta tjón ef upp koma alvarlegar sýkingar í landbúnaði og þyrfti ríkisvaldið ásamt bændum að bera slíkar byrðar. Ég geri ekki ráð fyrir að verslunin og innflutningsfyrirtækin sem hæst hafa haft vegna þessa fyrirkomulags ætli að hjálpa til við það.

Niðurstaðan dregur skýrt fram að vísindaleg rök hafa ekkert gildi gegn markaðslegum rökum að mati dómstólsins. Allt víkur fyrir þeim, bæði heilsufarsleg, umhverfisleg og almenn sanngirnisrök. Í 13. grein EES-samningsins eru að vísu ákvæði um að taka megi tillit til sjónarmiða sem snerta heilsu manna og dýra en í þessari niðurstöðu er hún að því má segja, túlkuð út af borðinu en ekki færð mikil efnisleg rök fyrir af hverju ekki er tekið tillit til hennar. Hún heldur greinilega ekki gegn valdi markaðarins.

Innflutningur á búvörum hefur aukist mikið

Stóraukinn innflutningur á búvörum hingað til lands síðustu ár er staðreynd. Milliríkjasamningar og minni tollvernd hafa gert það að verkum að markaðir eru opnari en áður var. Sem dæmi voru flutt inn 3.161 tonn af kjöti á síðasta ári sem umreiknað í kjöt með beini er um 5.300 tonn. Þúsundir tonna af grænmeti eru flutt inn árlega, í fyrra rúm 1.200 tonn af tómötum og tæp 1.500 tonn af papriku, rúm 1.300 tonn af jöklasalati o.s.frv. Þessu fylgja óhjákvæmilega auknar líkur á því að hingað til lands berist ýmis smit með matvælum, s.s. salati eða kjötvörum, sem ógnað geta heilsu manna og dýra. Það var því kaldhæðni örlaganna að sama dag og EFTA-dómstóllinn kvað upp sinn dóm voru sagðar fréttir af aukinni tíðni listeríu- og salmonellusýkinga í fólki hér á landi. Frystiskylda á kjöti er varúðarráðstöfun sem minnkar líkur á að óværa berist hingað til lands. Enn og aftur er augljóst að krafan um frjálst flæði vöru og aukin milliríkjaviðskipti vegur þyngra en varúðarráðstafanir til að verja heilsu manna og dýra.

Bændur munu ekki láta staðar numið

Hvað sem öðru líður þá munum við áfram verja okkar stöðu sem er einstök. Það hefur komið skýrt fram í umræðu um þessi mál að okkar færustu vísindamenn í sýklafræði og bæði manna- og búfjársjúkdómum hafa varað sterklega við innflutningi á ófrosnu hráu kjöti og öðrum þeim vörum sem geta borið með sér smit. Við eigum hreina og heilbrigða búfjárstofna og erum heppin að því leyti að matvælasýkingar eru fátíðar hérlendis. Það er beinlínis skylda okkar að viðhalda þeirri góðu stöðu.

Sérstaða íslensks landbúnaðar felst meðal annars í því að hér er búfjárheilsa góð og sýklalyfjanotkun í landbúnaði í algjöru lágmarki. Þar sem notkunin er mest er hún mörgum tugum sinnum meiri en hér. Sýklalyfjaónæmi er talið ein helsta lýðheilsuógn mannkyns á næstu áratugum en það hefur aukist hratt samhliða ofnotkun sýklalyfja í nútímalandbúnaði. Sjúkdómastaða íslensks búfjár er í algerum sérflokki jafnvel svo að aðrar þjóðir hafa sótt hingað þekkingu í sinni baráttu svo sem til að takast á við kampýlóbaktersýkingar í kjúklingum – sem eru ein algengasta orsök matarsýkinga víða um lönd. Hér er skimað fyrir þessari sýkingu reglulega allt árið og skylt er að frysta afurðir ef sýking kemur upp. Það er ekki gert annars staðar nema í Noregi en þar eru afurðir ekki skimaðar nema yfir sumarmánuðina.

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir sýklafræðideildar Landspítalans, segir í forsíðufrétt blaðsins að hann hafi sérstakar áhyggjur af innflutningi á ferskum kjúklingum. Þar segir hann að innflutningur á þeim geti hæglega stefnt í hættu þeim ströngu reglum sem viðhafðar eru í kjúklingaeldi hér á landi. „Kjúklingaeldið hér er nánast kampýlóbakterlaust og mælist undir 5%, en hefur til dæmis mælst 75% í verslunum í Bretlandi og víðar í Evrópu. Það er því nokkuð ljóst að innflutningur á ferskum kjúklingum er líklegur til að fjölga kampýlóbakter-tilfellum í landinu“, svo vitnað sé beint í orð Karls.

Annar sérfræðingur, Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og veirufræðingur á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum, hefur einnig látið til sín taka í umræðunni. Í viðtali í Bændablaðinu í fyrravetur sagði hann að landfræðileg einangrun Íslands sé höfuðástæða þess að húsdýr hérlendis eru að mestu laus við mörg þeirra smitefna sem landlæg eru í húsdýrum utan Íslands. Þessa dýrastofna beri Íslendingum skylda til að verja.

Landbúnaðarráðherra ber mikla ábyrgð

Starfandi landbúnaðarráðherra fór mikinn í fréttum á þriðjudag og taldi að reglur um innflutning hefðu brotið á neytendum. Hagsmunir neytenda virðast þó ekki alltaf skipta máli þegar grannt er skoðað. Í matvælalögum segir meðal annars: „Matvælaeftirlit skal m.a. byggjast á áhættugreiningu og skal áhættumat unnið á hlutlausan og gagnsæjan hátt á grundvelli vísindalegra upplýsinga og gagna. Í þessum tilgangi skipar ráðherra ráðgefandi nefnd sem veitir vísindalega ráðgjöf um áhættumat að beiðni ráðherra eða Matvælastofnunar.“ Þetta hefur aldrei verið gert. Á því ber starfandi ráðherra vissulega ekki ein ábyrgð, en hún ber ein ábyrgð á því að leggja fram fjárlög þar sem skorið er verulega niður til matvælarannsókna Matís sem eru mikilvægur þáttur í matvælaöryggi landsins. Óhætt er að taka undir orð Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis þar sem hann kallar eftir auknu eftirliti þar sem skimað er fyrir bakteríum í matvælum, hvort heldur sem er í innlendum eða erlendum mat. Þann samanburð óttast bændur ekki.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Horft úr Ögurnesi og út vestanvert Ísafjarðardjúp. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Sviðaveisla Sauðfjársetursins var haldin í Sævangi á síðasta vetrardag við mikinn fögnuð viðstaddra. Myndir / Jón Jónsson

Sviðaveisla Sauðfjársetursins haldin í Sævangi í Steingrímsfirði:

Ný, reykt og söltuð svið og rjúkandi sviðalappir

Sviðaveisla Sauðfjársetursins var haldin í Sævangi síðasta vetrardag við mikinn fögnuð viðstaddra. Þetta er í sjötta skipti sem sviðaveisla er haldin og var húsfyllir á skemmtuninni.

Gestir gæddu sér á nýjum, reyktum og söltuðum sviðum, rjúkandi heitum sviðalöppum og nýrri og reyktri sviðasultu. Í eftirrétt var síðan Sherry-frómas, ávaxtagrautur og hinn sívinsæli blóðgrautur sem er jafnan á boðstólum. Reyktu og söltuðu sviðin koma frá Húsavíkurbúinu við Steingrímsfjörð og það eru Hafdís Sturlaugsdóttir og Matthías Lýðsson sem verka þau.

Margir leggja hönd á plóg

Að venju sáu heimamenn um veislustjórn og skemmtiatriði, Jón Jónsson, þjóðfræðingur á Kirkjubóli, var veislustjóri og Skagfirðingurinn og Strandamaðurinn Eiríkur Valdimarsson á Hólmavík var ræðumaður kvöldsins. Kristín Einarsdóttir og Gunnar Jóhannsson í Hveravík sáu um tónlistaratriði og skemmtisögur.





Gestir gæddu sér á nýjum, reyktum og söltuðum sviðum, rjúkandi heitum sviðalöppum og nýrri og reyktri sviðasultu.

Allt var það ljómandi vel heppnað og bráðskemmtilegt. Margir leggja hönd á plóginn við undirbúning veislunnar. Öll sú fyrirhöfn er unnin í sjálfboðavinnu og sama gildir um þá sem troða upp. Fyrir það eru forsvarsmenn Sauðfjársetursins þakklátir. */MÞÞ*

MÆLT AF MUNNI FRAM

190

Gunnar Veltan fékk í síðasta vísnaþætti birta hugsmíð sína um **Höskuld Einarsson** frá Vatnshorni í Skorradal. Nýverið rak á fjörur mínar ein afbragðs vísa Höskuldar ort til Húnvetninga. Í þessum þætti er alltaf rúm fyrir slíkar:

Þó ég leiti um stormastorð
stærstu hugrenninga,
finn ég bara engin orð
yfir Húnvetninga.

Þrátt fyrir ylinn sem ofangreind vísa færir, þá eru andleg samskipti okkar **Einars Kolbeinssonar** drjúgum mikil. Fyrr hefur verið vikið að ósérhlífni Einars við fæðuöflun bæði til lands og sjávar:

Lömbin heimti tröllstór tvö;
-á tuginn þriðja fallið,
þegar kindur sótti sjö
sjáðu til, í fjallið.

Ennþá er ég að finna féð;
er fráleitt þó ég spyrji,
hvort hafir þú nokkurn svartfugl séð
svamla á Eyjafirði?

Og litlu síðar sendir **Einar** vísu:

Veit ég enn af vin í stað
varða ævigötu;
hefurðu nokkuð aðgang að
afbragðs síld í fötu?

Nýverið sendi **Einar** stöðuskýrslu úr búri sínu í Bólstaðarhlíð:

Síst í fleti ligg í leti
lengi getur batnað tíð,
hangiket í nýju neti
nú má éta senn í Hlíð.

Meðfram því að klóra saman efni í þennan vísnaþátt þá hlýði ég á útvarpsmessu. Þá verður mér fyrir að fletta í einni af þeim ljóðabókum sem blessaður maðurinn hann **Björn Ingólfsson** á Grenivík gaf mér. Ljóðakverið, sem er eftir **Pál Vatnsdal**, og hann gaf út sjálfur,var einungis ljósprentað í 200 eintökum. Kverið kallaði Páll Glettur. Það sýnist réttnefni, því vísurnar eru kátlegar mjög. Fyrir verður bragur sem Páll nefnir „Götumessa“ og hefur yfir sér nokkuð annan brag en útvarpsmessan tilvitnuð:

Þú stendur á strætis-horni
og stóryrðum þeytir í kring,
og vísar öllum og öllu
í eilífa fordæming.

Og hjarta þitt skelfist og hrærist
af hugsuninni um það,
að allt eigi eftir að lenda
í eilífum kvalastað.

Þú telur þinn trúmálavefur
sé toglaus og skínandi hreinn,
-þó uppistaðan sé eldur
og ívafið brennisteinn.

Þú hamast og hrópandi lemur
höfðinu steininn við,
-og segist feta í fótspor hans
sem frelsaði mannkynið.

En hver skyldi komast lengra
í að kenna‘ okkur sanna trú:
Kristur af hásæti kærleikans
-eða úr kvölum helvítis þú.

Miðlungi málvör var hún **Gunna** sem **Páll** yrkir um vísu og nefnir „Ég sel ekki dýrara en ég keypti“:

Þó dýrtíðin klónum kræki
og kreppan að sumum herði,
sögurnar sínar hún Gunna
selur með innkaupsverði.

Í vísnabók annarrar stúlku setti **Páll** þessa fallegu vísu:

Settu stefnu sólu mót
sjáirðu hana ljóma.
Telfdu djarft og hirtu ei hót
um heimsins sleggjudóma.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR



Frá Jólamatarmarkaðnum árið 2015. Mynd / smh

Jólamatarmarkaður Búrsins í Hörpu

Jólamatarmarkaður Búrsins verður haldinn í Hörpu helgina 25.–26. nóvember 2017. Þá koma bændur, sjómenn og smáframleiðendur matvæla færandi hendi með vörur sínar og sýna það besta sem þeir hafa upp á að bjóða.

Jólamatarmarkaðurinn í Hörpu er haldinn í nafni Búrsins, ljúfmetis- og ostaverslunarinnar á Grandagarðinum í Reykjavík.

Fyrsti jólamatarmarkaðurinn haldinn 10. desember 2011

Fyrsti jólamatarmarkaður Búrsins var haldinn 10. desember árið 2011 á bílaplani í Nóatúni, þar sem Búrið var fyrst til húsa. Þann 10. desember ár hvert fagnar Slow Food-hreyfingin Degi móður jarðar (Terra Madre Day).

Síðustu ár hefur matarmarkaður á vegum Búrsins verið haldinn bæði í aðdraganda jóla en einnig í mars og þá oft í tengslum við matarhátíð sem hefur verið haldin í Hörpu á sama tíma.

Opið verður frá 11.00 til 17.00 bæði laugardaginn 25. nóvember og sunnudaginn 26. nóvember. /smh



Karl G. Kristinsson yfirlæknir undirbýr ný rannsóknarverkefni á útbreiðslu og ónæmi kólibaktería:

Stefnt að sýnatökum úr grænmeti og ávöxtum

Í undirbúningi eru tvö rannsóknarverkefni sem Karl G. Kristinsson, yfirlæknir Sýkla- og veirufræðideildar Landspítala, er þátttakandi í og fjalla um útbreiðslu og ónæmi kólibaktería.

Annað snýr að útbreiðslu fjölónæmra stafbaktería í dýrum, mönnum, matvælum og umhverfi á Íslandi, en hitt að útbreiðslu E. coli í dýrum, matvælum og umhverfi og hvernig og í hve miklu mæli bakterían dreifist í menn. Verkefnin eru samstarfsverkefni Sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum, Matís og Matvælastofnun. Til þess að verkefnin skili tilætluðum árangri, þá þarf að fjölga sýnatökum í matvælum, dýrum og umhverfi; taka sýni meðal annars úr innfluttu og innlendu grænmeti og ávöxtum. Í dag er einkum fylgst með sýklum í alifuglum, svínum og nautgripum.

Hversu mikið smitast í menn?

Karl segir að verkefnið sem snýr að útbreiðslu fjölónæmra stafbaktería sé tengt Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og kemur meðal annars í kjölfar heimsóknar á þeirra vegum þar sem bent var á þennan galla í eftirlitinu.

„EFSA mun líklega styrkja verkefnið um helming en svo þarf að sækja um það fjármagn sem upp á vantar til ríkisins, þegar búið er að mynda ríkisstjórn í landinu.

Í því verkefni sem snýr að útbreiðslu og dreifingu kólíbakteríunnar (E. coli), þá er ætlunin að skoða hvort og í hve miklum mæli bakterían berst í menn, með því að bera saman kólíbakteríurnar sem finnast í matvælum, dýrum og umhverfi við kólíbakteríurnar sem ræktast úr þvagfærasýkingum hjá mönnum," segir Karl.



Karl. G. Kristinsson, yfirlæknir Sýkla-og veirufræðideildar Landspítala. Mynd / HKr.

Sýni úr matvælum, umhverfi og dýrum

„Til að flýta fyrir hefur verið sett af stað verkefni með meistaranema við Háskóla Íslands, þar sem safnað er sýnum úr grænmeti og ávöxtum í verslunum og hjá dreifingaraðilum, bæði innlendu og erlendu; til að rækta og leita sérstaklega að kólíbakteríunni.

Það er ætlunin að taka eins mikið af sýnum og við getum úr matvælum, umhverfi og dýrum. Safna svo þeim kólíbakteríum sem við ræktum á sama tíma frá fólki með þvagfærasýkingar, en kólíbakterían er langalgengasta orsök þvagfærasýkinga og blóðsýkinga í mönnum. Til þess að skoða hvernig bakteríurnar dreifast, og sýklalyfjaónæmið þar á meðal, – þá skiptir miklu máli að rannsaka mikinn fjölda sýna.

Til þess að geta borið saman kólíbakteríurnar sem ræktast úr matvælum, dýrum og umhverfi við þær sem ræktast úr mönnum, þarf að gera svokallaða heilgenamengisraðgreiningu. Þá er allt gen bakteríunnar raðgreint. Raðgreina þarf alla stofnana sem ræktast, en þeir geta hlaupið á einhverjum þúsundum. Þannig má sjá hvaða stofnar finnast bæði í mönnum og dýrum – og þá hversu stór hluti. Með þessu móti er hægt að rekja það hvar viðkomandi baktería kom fyrst upp; það er greinist hún fyrst í matvælum eða í mönnum.

Þetta eru auðvitað mjög flóknar rannsóknir þannig að við höfum komið á samstarfi um það við vísindamenn í George Washington University í Washingtonborg í Bandaríkjunum. Þeir hafa mikla reynslu á þessu sviði og áhuga á þessu samstarfi. Það eru nefnilega alveg einstakar aðstæður hér á landi til að fylgja þessu eftir, því markaðurinn er tiltölulega lokaður hér og íbúarnir aðeins um 340 þúsund. Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans sinnir þvagræktunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem um tveir þriðju hlutar íbúanna eru."

Ekki hægt að undanskilja grænmeti og ávexti

Að sögn Karls er ekki hægt að undanskilja í sýnatökum stóran hluta matvæla eins og grænmeti og ávexti, þegar verið sé að skoða hversu mikið af bakteríum berst í fólk. Sérstaklega ekki þar sem þessi matvæli séu gjarnan borðuð hrá.

Lögformlega er ekki skylt að vakta reglulega öll fersk matvæli á Íslandi vegna hugsanlegra sjúkdómsvaldandi sýkla sem þar kunna að vera. Ekki er reglulegt eftirlit með lambakjöti, grænmeti og ávöxtum.

Í Bændablaðinu 24. ágúst síðastliðinn var fjallað um sýkingarhættuna sem stafar af innfluttu fersku grænmeti. Þar kom fram að árið 2016 hafi rúmlega 13.000 tonn verið flutt til landsins og hættan á að fjölónæmir sýklar bærust til landsins væri til staðar, meðal annars vegna þess að stór hluti grænmetisins kemur frá Spáni þar sem sýklalyfjanotkun í landbúnaði er hvað mest í Evrópu samkvæmt nýlegum upplýsingum frá evrópskum eftirlitsaðilum.

Karl segir að sumar af stærstu hópsýkingunum sem hafa komið upp á Íslandi hafi tengst innfluttu grænmeti. Því sé afar mikilvægt að það sé einnig rannsakað í þessu tilliti. „Við þurfum þessar upplýsingar til að geta sagt hvort og þá hversu mikið grænmeti sé mengað af kólíbakteríum, og svo hvort að líklegra sé að sýklalyfjaónæmar kólíbakteríur berist frá löndum þar sem sýklalyfjanotkun í landbúnaði er algeng. Hingað til hafa gögn skort til að hægt sé að segja til um það." /smh

Bændasamtök Íslands:

Ábendingar um fjallskil

Eftir dómsuppkvaðningu í Héraðsdómi Vesturlands þann 4. júlí sl. (mál nr. E-15/2016), er sneri að álagningu fjallskilakostnaðar, hófu Bændasamtök Íslands vinnu að samantekt um framkvæmd og álagningu fjallskila samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum (hér eftir fjallskilalög).

Litið var til úrlausna dómstóla og álits umboðsmanns Alþingis í málum þar sem reynt hafði á lögmæti álagningarinnar. Samkvæmt þeim úrlausnum er algengt að menn greini á um hvenær aðili teljist fjallskilaskyldur skv. fyrri málslið 42. gr. laganna en einnig í hvaða tilvikum sé heimilt að leggja á landverð jarða skv. síðari málslið sama ákvæðis.

Auk túlkunar á niðurstöðum í þeim málum sem liggja fyrir töldu Bændasamtökin brýnt að horfa til framkvæmdar fjallskila við breytilegar aðstæður í samræmi við ákvæði fjallskilalaga og gildandi fjallskilasamþykkta um land allt sem eru nú 16 að tölu. Eru þau ákvæði að mati samtakanna skýr að flestu leyti. Helstu áhersluatriðin úr samantekt um álagningu framkvæmd fjallskila og álagningu skv. 42. gr. fjallskilalaga verða tilgreind hér í stuttu máli:

a. Fjallskilaframkvæmd tekur til smölunar og sundurdráttar alls fénaðar sem gengur á beit í heimalöndum, upprekstrarheimalöndum og afréttum, a.m.k. tvisvar á hverju hausti. Hún tekur einnig til eftirleita eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

b. Fjallskilaskyldir aðilar skv. fyrri málslið 42. gr. fjallskilalaga eru umráðamenn alls lands sem fjallskilaframkvæmd tekur til, sbr. a-lið, þ.m.t. eigendur eyðijarða og þeir sem nýta þjóðlendur til beitar. Verði t.d. vart við sauðfé á friðuðum svæðum, svo sem í landgræðslu- og skógræktargirðingum, ber að smala því saman, eigi síðar en á gangnatíma og koma því til skilaréttar eða beint til eigenda, eftir atvikum. Sama á við um girðingar sem utanaðkomandi fénaður hefur komist inn í.

c. Fjallskil skulu allir fjallskilaskyldir aðilar inna af hendi. Það skal gert annað hvort með dagsverkum eða peningagreiðslum, í samræmi við álagningu sem viðkomandi sveitarstjórn eða fjallskilastjórn í umboði hennar birtir í fjallskilaseðli eða fjallskilaboði með greinilegum hætti í tæka tíð fyrir göngur og réttir á haustin. Álagningaraðilar skulu taka tillit til þess hvort fjallskilaskyldir aðilar vilja greiða fjallskil með dagsverkum eða peningum, eftir aðstæðum. Aðeins má sveitarstjórn/fjallskilastjórn undanþiggja fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, fénað sem gengur eingöngu í eyjum eða í gripheldum girðingum (löggirðingum) í samræmi við ákvæði girðingalaga, girðingareglugerðar, sbr. 40. gr. fjallskilalaga.

d. Fjallskilum á afréttum og upprekstrarheimalöndum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings, skv. meginreglu í fyrri málslið 42. gr. fjallskilalaga. Ákvæðið felur í sér skyldu til álagningar á fjallskilaskylda aðila. Þó er heimilt að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða samkvæmt fasteignamati, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilasamþykkt, sbr. síðari málsliður 42. gr. fjallskilalaga. Venjulega er þetta lægra hlutfall en búpeningshlutinn. Heimilt er að leggja landverðshlutann bæði á jarðir með fjallskilaskyldan fénað og búfjárlausar jarðir, þ.m.t á eyðijarðir.

e. Fjallskilasjóður skal standa straum af öllum kostnaði við framkvæmd fjallskila haust hvert, þ.e. við smölun á venjulegum gangnatíma svo og eftirleitir, vörslu safnsins þangað til réttað er og allt réttarhald auk hirðingar og flutnings fénaðar úr útréttum. Óljóst er um kostnað við vörslu og flutning ómerkinga og óskilafjár í sláturhús að kröfu Matvælastofnunar en hann hefur sums staðar fallið undir fjallskilasjóð. Einnig fellur undir fjallskilasjóð bygging og viðhald rétta þeirra sem tilgreindar eru í fjallskilasamþykktum (lögréttir), hvort sem um aðal- eða aukaréttir er að ræða, sbr. 51. og 42. gr. fjallskilalaga. Þegar um er að ræða meiriháttar framkvæmdir á borð við réttarbyggingu er sveitarstjórn því heimilt að jafna niður á fjallskilskylda aðila sérstöku gjaldi í fjallskilasjóð vegna byggingarinnar. Þess eru dæmi að a.m.k. hluti kostnaðar við réttarbyggingu hafi verið greiddur úr sveitarsjóði.



Fjallskilasjóður skal standa straum af öllum kostnaði við framkvæmd fjallskila haust hvert, þ.e. við smölun á venjulegum gangnatíma svo og eftirleitir, vörslu safnsins þangað til réttað er og allt réttarhald auk hirðingar og flutnings fénaðar úr útréttum.

f. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að sérstakir liðir fjallskilakostnaðar greiðist úr sveitarsjóði fremur en fjallskilasjóði, sbr. 46. gr. fjallskilalaga. Slíkt gæti t.d. átt við réttir sbr. e-lið), sbr. 51. gr. fjallskilalaga, en þó öllu frekar nýbyggingu og viðhald afréttargirðinga. Þess eru þó dæmi að slíkur kostnaður hafi verið greiddur úr fjallskilasjóði en um öflun fjár til að standa straum af kostnaði við afréttargirðingar eru ekki til skýr lagaákvæði.

g. Ekki er að finna nein lagaákvæði um byggingu og viðhald gangnaskála eða leitarmannakofa sem eru víða nauðsynleg mannvirki og nátengd framkvæmd fjallskila. Eftir því sem best er vitað er algengara að slíkur kostnaður falli á fjallskilasjóð fremur en sveitarsjóð. Sums staðar hagar nú orðið þannig til að mannvirki þessi eru einnig nýtt við ferðaþjónustu og þá má reikna með að kostnaður falli að verulegu eða öllu leyti á sveitarsjóð og/eða ferðaþjónustuaðila.

Ólafur Dýrmundsson
Guðrún V. Steingrímsdóttir

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites



NÝR NISSAN X-TRAIL

FJÓRHJÓLDADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL, 177 HESTÖFL

VERÐ FRÁ: 5.590.000 KR.

VERÐ Á MÁNUÐI: 62.563 KR.*

*Miðað við reiknivél lykill.is á Lykilláni til 84 mánaða og 30% innborgun.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,28%

HANNAÐUR FYRIR SAMHELDNAR FJÖLSKYLDUR

Stórkostleg fjölskylduævintýri kalla á stórvirk farartæki. Í nýjum Nissan X-Trail með kraftmikilli 177 ha dísilvél, i4x4 X-Tronic sjálfskiptingu, 380 NM togkrafti og allra nýjustu tækni er lítið mál að vera með þunga hluti í eftirdragi. Hugsaðu stórt og keyrðu á fullum krafti.



Intelligent 4x4



177 hestafla vél

ENNEMM / SÍA / NM85066

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

FRÉTTIR

Bændasamtök Íslands:

Undanþága frá skráningarskyldu eftirvagna

– Gildir einungis fyrir nýtingu vagna utan vega

Í kjölfar dómsuppkvaðningar í Héraðsdómi Suðurlands 1. nóvember 2016 (mál nr. S-17/2016), þar sem ökumaður var sakfelldur fyrir að hafa óskráðan eftirvagn í eftirdragi á þjóðvegi, vöknuðu spurningar um túlkun á 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þar er m.a. kveðið á um undanþágu frá skráningarskyldu fyrir eftirvagna dráttarvéla og bifreiða, sem gerðir eru fyrir meira en 750 kg að heildarþyngd, enda séu þeir nær eingöngu notaðir utan opinberra vega.

Bændasamtök Íslands hafa talið þörf á nánari skýringu þess hluta ákvæðisins er snýr að undanþágu frá skráningarskyldu, þ.e. í hvaða tilvikum eftirvagnar teljist nær eingöngu notaðir utan opinberra vega. Nánari útfærslu á ákvæðinu sé hvorki að finna í lögskýringargögnum né reglugerð. Af því tilefni sendu samtökin fyrirspurn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þann 24. febrúar sl. Var þess óskað að ráðuneytið svaraði erindinu sem fyrst ásamt leiðbeinandi afmörkun eða nánari skilgreiningu á orðalaginu „sem nær er eingöngu notaður utan vega“. Svar við fyrirspurninni barst skriflega þann 8. september sl. en ráðuneytið hafði leitað til Samgöngustofu eftir umsögn.

Aðeins ætlað vögnum utan vega

Í svari ráðuneytisins sagði að með lögum nr. 130/2015 hafi umferðarlögum verið breytt á þá leið að í 2. mgr. 63. gr. væri ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð og kveða þar á um undanþágu frá skráningu ökutækis sem er ætlað til aksturs utan almennrar umferðar. Í athugasemdum með greinargerð frumvarpsins segði að eftirvagn bifreiða á beltum eða dráttarvélar sem alfarið væri notaður utan vega og ökutæki ætluð til aksturs á afmörkuðum skilgreindum svæðum og ekki til notkunar á almennri umferð væru dæmi um ökutæki sem falla myndu undir ákvæðið. Þá væri ákvörðun um að veita undanþágu frá skráningu í verkahring Samgöngustofu. Ekki væri vafamál að eftirvagnar sem alfarið eru notaðir utan vega og ekki í almennri umferð séu undanþegnir skráningarskyldu samkvæmt ákvæðinu.

Svokölluð „bændaleyfi“ gilda ekki á opinberum vegum

Varðandi það hvað teldist „nær eingöngu utan opinberra vega“ væri rétt að hafa í huga að samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga nr. 50/1987 er undanþága frá skráningu ákveðin með hliðsjón af öryggissjónarmiðum.


Í greinargerð með frumvarpi því er varð að umferðarlögum kæmi fram að undanþágan væri hugsuð til þess að ekki þurfi að skrá ökutæki sem notuð eru á afmörkuðu vinnusvæði. Ráðuneytið tæki undir með Samgöngustofu sem segði í umsögn sinni að svokölluð „bændaleyfi“, þ.e. flutningur bænda á heyi, áburði, jarðvegi o.fl. innan eigin jarða og einnig stystu leið milli landareigna sem þeir nýti, séu skýrt dæmi um hvenær ökutæki telst nær eingöngu notað utan opinberra vega. Hins vegar verði t.d. flutningur á vinnuvélum og öðrum búnaði á óskráðum eftirvögnum um langar vegalengdir og jafnvel bæjarfélaga á milli á vegi með öðrum skráningarskyldum ökutækjum ekki talið til aksturs nær utan opinberra vega, jafnvel þó að eftirvagninn sé utan þess nær eingöngu notaður utan opinberra vega. Því skyldi skrá slíka vagna. Að lokum kom fram að álitaefnin í fyrirspurn samtakanna væru meðal þess sem haft yrði í huga við endurskoðun umferðarlaganna sem nú standi yfir.

Samkvæmt ofangreindum upplýsingum frá ráðuneytinu er því nauðsynlegt að skrá eftirvagna sem notaðir eru víðar en á afmörkuðum vinnusvæðum. Heimilt er að fara með óskráða vagna stutta vegalengd, t.d. ef þvera þarf veg til að komast milli afmarkaðra vinnusvæða. */GVS*

Matarauður Íslands:

Nýr vefur um mat og matarhefðir

Matarauður Íslands er verkefni sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hefur það markmið að upphefja íslenska matvælaframleiðslu og ýta undir verðmætasköpun í matarferðaþjónustu, vöruþróun og ímyndaruppbyggingu. Nýlega opnaði Matarauðurinn vefsíðuna mataraudur.is þar sem finna má fjölbreyttar upplýsingar um mat og matarmenningu Íslendinga fyrr og nú. Tilgangur síðunnar er að vekja athygli á fjölbreytileika og gæðum íslensks matar og þeim ríkulegu hefðum sem við eigum.



Á vefsíðunni mataraudur.is eru fjölbreyttar upplýsingar um mat og matarmenningu fyrr og nú.

„Verum þakklát fyrir gjöful mið og fjölbreytilegar landbúnaðarafurðir. Verum þakklát þeim Íslendingum sem brauðfæða okkur og leggja sig fram um að bjóða okkur upp á hreinar afurðir úr faðmi íslenskrar náttúru,“ segir í fréttatilkynningu frá Matarauði Íslands.

Á vefsíðunni verða m.a. upplýsingar um ýmsa matartengda viðburði, s.s. matarsýningar, hátíðir og ráðstefnur. Frumkvöðlar í matvælaframleiðslu og öðrum véruflokkum fá sitt pláss á síðu Matarauðsins en þar er hægt að nálgast upplýsingar um nýsköpunarfyrirtæki og nýjar hugmyndir í matvælaframleiðslu.

„Matur er stór hluti af ímynd þjóða og speglar náttúruna, söguna og tíðarandann. Matarferðaþjónusta er hratt vaxandi angi innan ferðaþjónustunnar. Hjá flestum okkur blundar þrá eftir því að tengja það sem við látum ofan í okkur við einhvern uppruna og merkingu. Að sitja á veitingahúsi í Öræfasveit með útsýni yfir stórfenglegan Vatnajökul og drekka bjór sem bruggaður er úr vatni jökulsins eða að snæða ylvolgt hverabakað rúgbrauð með taðreyktum silungi í Mývatnssveit er dæmi um það hvernig hægt er að tengja mat við landið og söguna,“ segir í tilkynningu frá Matarauði Íslands.

Samhliða opnun vefsins var glænýtt myndband sett í loftið þar sem matvælaframleiðsla í sátt við náttúruna er í brennidepli.



Landbúnaðarsýningin „Íslenskur landbúnaður 2018“ verður haldin í nýju Laugardalshöllinni 12.–14. október á næsta ári. Sala sýningarpláss mun hefjast á næstu dögum. Mynd / ISH

Íslenskur landbúnaður 2018:

Landbúnaðarsýning verður haldin í Laugardalshöllinni haustið 2018

Stór og vegleg landbúnaðarsýning verður haldin í Laugardalshöllinni í Reykjavík á næsta ári dagana 12.–14. október. Ár og dagar eru síðan áþekk sýning var haldin í höfuðborginni en það er fyrirtækið Ritsýn sf. sem heldur utan um viðburðinn. Markmið sýningarinnar er að kynna íslenskan landbúnað og leiða saman fyrirtæki og einstaklinga sem starfa í atvinnugreininni.

Ólafur M. Jóhannesson hjá Ritsýn er framkvæmdastjóri „Íslensks landbúnaðar 2018“ en hann hefur haldið fjölmargar sýningar í gegnum tíðina, meðal annars Sjávarútvegssýninguna 2016 og síðast Stóreldhúsið 2017 þar sem fagaðilar í veitingageiranum báru saman bækur sínar. Ólafur hefur metnaðarfullar áætlanir en hann hefur á síðustu mánuðum rætt við fjölda fyrirtækja og hagsmunaaðila innan landbúnaðarins.

„Sýningin verður að uppistöðu kynning á sölu- og þjónustuaðilum landbúnaðargeirans en líka blanda af fræðslu og fyrirlestrum um greinina,“ segir Ólafur sem er þessa dagana ásamt samstarfsfólki sínu að hefja sölu á sýningarplássi í Laugardalshöllinni, bæði inni og á útisvæði. Að sögn Ólafs eru viðtökurnar góðar og ekki við öðru að búast en að sýningin verði myndarleg.

„Markmið sýningarinnar er meðal annars að kynna fjölbreytni íslensks landbúnaðar og hreinleika matvælaframleiðslunnar. Að kynna fyrir bændum og öðrum gestum tæki og tól til landbúnaðar og hvers kyns rekstrarvörur og aðrar vörur sem til þarf,“ segir Ólafur.



Ólafur M. Jóhannesson framkvæmdastjóri segir að í uppsiglingu sé glæsileg landbúnaðarsýning á besta stað sem mun styrkja ímynd íslensks landbúnaðar. Mynd / TB

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR - 2018 -

Öllum félagsmönnum BÍ boðið á sýninguna

Landbúnaðarsýningin verður öllum opin og gert er ráð fyrir að þúsundir gesta láti sjá sig. „Við munum senda prentaða boðsmiða til allra félagsmanna Bændasamtakanna, en við höfum gert samkomulag við Bændablaðið um samstarf. Sýnendur fá einnig frímiða svo þeir geti boðið sínum viðskiptavinum á staðinn. Þannig næst afar góð markaðssetning beint til réttra aðila innan landbúnaðarins. Almenningi gefst einnig tækifæri á að heimsækja sýninguna gegn vægu gjaldi,“ segir Ólafur.

Sérhannað sýningarhúsnæði

Dagskrá sýningarinnar er í mótun en fyrirlestradagskrá og aðrar uppákomur verða kynntar þegar nær dregur. Bændablaðið mun gefa út sýningarblað og senda til allra bænda landsins og annarra áskrifenda í aðdraganda sýningarinnar.

Að sögn Ólafs er Laugardalshöllin eina sérhannaða sýningarhúsnæðið fyrir stærri sýningar á Íslandi með þægilegu aðgengi fyrir gesti. Áhugasamir þátttakendur geta haft samband í netfangið olafur@ritsyn.is eða í síma 587-7826 eða Ingu í síma 898-8022 eða netfangið inga@athygli.is. */TB*



Á árum áður voru haldnar glæsilegar landbúnaðarsýningar í Laugardalshöllinni. Fræg er sýningin frá 1968 sem var vel sótt af borgarbúum og bændum. Á næsta ári verða 50 ár frá þeirri sýningu. Mynd / Agnar Guðnason





Fæst í 35 kg. og 500 kg. sekkjum

Sérblandað fóður fyrir íslensku sauðkindina

Sauðfjárblanda
Góður valkostur fyrir sauðfé. Sauðfjárblanda er með 16% próteininnihaldi. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Óerfðabreytt og inniheldur góða samsetningu á steinefnum og vítamínum.



Steinar, stampar og fóður

FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!

Sendum um allt land

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2–4
570 9850

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870

Aðeins viðurkenndir varahlutir



15%

Afsláttur af rúðuþurrkum til jóla og frí ásetning.

Brakandi þurrkur?
Aðeins þær bestu eru nógu góðar fyrir bílinn þinn

Volkswagen · Audi · Škoda · Mitsubishi Motors

HEKLA / LAUGAVEGUR 170-174 / HEKLA.IS

HEKLA

FRÉTTIR



Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um hækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda, en gríðarleg lækkun varð á afurðaverði á liðnu hausti. Mynd / MÞÞ

Stjórnir fjögurra félaga sauðfjárbænda:

Skora á Norðlenska að hækka afuðaverð þegar í stað

– Tökum ákvörðun ef forsendur leyfa

„Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um breytingu á áður útgefinni verðskrá. Komi til breytinga þarf að liggja fyrir vissa um að þær séu vegna bættrar stöðu og að hún hafi þá raungerst. Slíkt liggur ekki fyrir á þessari stundu," segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Stjórnir félaga sauðfjárbænda í Eyjafirði, Suður-Þingeyjarsýslu og sem og félög þeirra á Austurlandi hafa skorað á stjórn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur Norðlenska að hækka þegar í stað afurðaverð til sauðfjárbænda.

Fram kemur í bréfi frá félögunum að fyrirtækið hafi sýnt metnað í vöruþróun og framsetningu, innleggjendur þess framleiði gæðavöru, ekkert í birgðastöðu eins og hún blasti við í upphafi sláturtíðar réttlæti svo afgerandi lækkun afurðaverðs og því sé óásættanlegt að rekstrargrundvöllur lambakjötsframleiðslu sé að fullu og öllu brostinn á svæðinu.

Greiðslufall og fjöldagjaldþrot

„Afleiðingarnar þarf vart að tíunda; stórfellt hrun í greininni, greiðslufall og fjöldagjaldþrot sauðfjárbúa með tilheyrandi byggðaröskun og harmleikjum fjölda fjölskyldna. Slíkt hrun hefði auk þess sterk neikvæð áhrif á aðra framleiðendur á innlendum kjötmarkaði og afurðafyrirtækin sjálf", segir í bréfi stjórnarmanna fjögurra félaga sauðfjárbænda á Norður- og Austurlandi.

Fyrirtækið standi með bændum

Skorað er á Norðlenska að standa með sauðfjárbændum, sýna metnað og taka ábyrgð með því að hækka afurðaverð til sauðfjárbænda þegar í stað. Ágúst Torfi segir að stjórn og stjórnendur Norðlenska muni fylgjast vel með næstu vikur og mánuði og taka ákvarðanir þegar og ef forsendur leyfa. /MÞÞ

Fyrirtækið Vallarnaut heitir nú VALLARBRAUT:

Komið með umboð fyrir tyrknesku dráttarvélarnar Hattat

Fyrirtækið Vallarnaut, sem flutt hefur inn Solis dráttarvélar frá Indlandi, hefur nú fengið örlitla nafnbreytingu og heitir Vallarbraut. Eru eigendur að hætta nautaeldi sem þeir hafa stundað um árabil og eru búnir að taka að sér umboð fyrir tyrknesku dráttarvélarnar Hattat.

Nafnbreytingin er að sögn Jóns Vals Jónssonar framkvæmdastjóra einungis til komin vegna breyttrar áherslu í rekstri þar sem hætt verður með nautaeldið en kennitalan verður sú sama og hingað til. Þá þurfi síður að útskýra nafnið fyrir viðskiptavinum, en meginstarfsemin er nú í kringum sölu á dráttarvélum og ýmiss konar tækjum fyrir landbúnað og verktaka.



Ingvar Sigurðsson sölumaður og Jón Valur Jónsson, framkvæmdastjóri Vallarbrautar. Mynd /HKr.

Meiri breidd fæst með Hattat

Ingvar Sigurðsson sölumaður segir að salan á Solis vélunum frá Indlandi hafi gengið mjög vel og mikil aukning hafi verið í sölu. Með umboði fyrir Hattat dráttarvélarnar frá Tyrklandi verði breiddin þó meiri auk þess sem Hattat vélarnar séu enn einfaldari og lausar við allan tölvubúnað og stýringar sem oft vilja bila.

„Við vorum á Hvolsvelli á viðburðinum Hey bóndi fyrir skömmu. Þar kynntum við 102 hestafla Hattat vél sem fékk góðar viðtökur. Eins og Solis vélarnar eru Hattat ódýrar, en með þeim komust við upp fyrir 90 hestafla stærðina. Ég myndi segja að gæðastaðallinn sé mjög svipaður í þessum vélum, en í Hattat eru Perkins mótorar, en verksmiðjurnar framleiða þá mótora fyrir Breta. Þá er A-línan af Valtra dráttarvélunum framleidd á sama stað. Ég myndi því segja að Hattat vélarnar séu kynslóð á undan Solis hvað hönnun varðar, t.d. á húsi, en sumir eru samt hrifnari af Solis.

Móðurfélagið framleiðir líka íhluti fyrir bíla og flugvélar

„Móðurfélag Hattat heitir Hema og framleiðir íhluti fyrir bíla og flugvélar og fleira fyrir ólík fyrirtæki um allan heim. Nafnið Hattat er ættarnafn eigendanna sem hófu framleiðslu undir eigin merki í framhaldi af framleiðslunni fyrir Valtra. Áður voru þeir að framleiða fyrir Ford og hafa einnig framleitt eldri týpur af Massey Ferguson fyrir heimamarkað sem ekki stenst lengur Evrópustaðla.

Í Hattat er notast við ýmislegt úr Valtra, eins og framhásingu, skiptingu og fleira. Þeir sem kynnt hafa sér vélarnar segja að þarna sé eiginlega um að ræða vél sem er sambærileg Valmet dráttarvélunum í kringum síðustu aldamót."

Ingvar segir að margir sem hrifnir hafa verið að einfaldleika Solis dráttarvélanna séu jafnvel enn hrifnari af Hattat. Þar er t.d. ekki um að ræða Commonrail olíukerfi og því engar tölvustýringar sem geta truflað það. Sparneytnin verði kannski ekki alveg jafn mikil, en þeim mun auðveldara að eiga við viðgerðir. Þá er verðið á nýrri dráttarvél af Hattat gerð líka mun lægra en gengur og gerist.

„Þú ert að fá 102 hestafla vél með lyftikrók að aftan á 4,5 milljónir fyrir utan virðisaukaskatt. Með moksturstækjum að framan er verðið í kringum 5,7 milljónir króna," segir Ingvar.

Tæki sem hægt er að fá á Hattat vélarnar koma frá framleiðanda á Írlandi. /HKr.

Forsendur veitingar nýliðunarstyrkja í landbúnaði:

Stigagjöf samkvæmt vinnureglum Búnaðarstofu Matvælastofnunar

Í síðasta Bændablaði var greint frá veitingu nýliðunarstyrkja í landbúnaði sem voru veittir í fyrsta sinn 13. október. Nokkrar umræður sköpuðust meðal bænda á samfélagsmiðlum um forsendur styrkveitinganna, en Matvælastofnun forgangsraðaði umsóknum eftir stigagjöf sem unnið var eftir. Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, segir að þrír þættir hafi verið lagðir til grundvallar stigagjöfinni.

Veitt var úr 130 milljóna króna potti, annars vegar í samræmi við ákvæði um nýliðunarstyrki í landbúnaði í reglugerð um almennan stuðning í landbúnaði og hins vegar vinnureglur Búnaðarstofu Matvælastofnunar um forgangsröðun umsókna.



Einn nýliðanna sem fengu styrki er Linda Björk Viðarsdóttir.

Áhersluatriði Samtaka ungra bænda

Jón Baldur segir að forgangsraðað hafi verið í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar með vísun til menntunar, jafnréttissjónarmiða og eignarhlutar í búrekstrinum sem nýliðunarfjárfestingin nær til. Þetta hafi verið þeir þættir sem Samtök ungra bænda lögðu áherslu á að yrðu til grundvallar. „Við útfærðum síðan sérstakar vinnureglur til að meta þessa þætti til stiga, sem við kynntum í Framkvæmdanefnd búvörusamninga og birtum síðan áður en opnað var fyrir umsóknir til að tryggja jafnræði umsækjenda og fullt gegnsæi. Í svarbréfum til allra umsækjenda veittum við síðan upplýsingar um stigagjöfina," segir Jón Baldur.

Vinnureglurnar kváðu á um, að sögn Jóns Baldurs, að beitt yrði svokölluðum jákvæðum mismun til að tryggja að jafnréttissjónarmiðið næði fram að ganga. Það þýddi að nú þegar færri konur sóttu um en karlar þá fengu þær fleiri stig. Hann segir að vinnureglurnar um forgangsröðun verði endurmetnar í ljósi reynslunnar og unnið út frá nýrri reglugerð um almennan stuðning við landbúnað sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gæfi út fyrir næsta ár.

Spennandi tímar framundan á Akri

Einn nýliðanna sem fengu styrki er Linda Björk Viðarsdóttir á garðyrkjubýlinu Akri í Bláskógarbyggð. Þar býr hún með manni sínum, Gunnari Þórðarsyni, og tveimur börnum. „Við ræktum grænmeti eftir lífrænum aðferðum með sjálfbærni að leiðarljósi. Við ræktum undir gleri í upphituðum húsum, erum með þrjú gróðurhús, alls 2.000 fermetra," segir Linda um búskapinn.

Foreldrar Gunnars hófu lífræna ræktun á Garðyrkjustöðinni Akri árið 1991. „Gunnar ólst því upp í þessu umhverfi og við keyptum stöðina af þeim. Við höfum undanfarin ár unnið við skrifstofu- og þjónustustörf og fundum það að okkur langaði frekar að eyða tímanum í að byggja eitthvað upp, rækta eigin mat og hafa sveigjanlegri vinnutíma," segir Linda um ástæður þess að þau söðluðu um og tóku við Akri.



Linda ásamt manni sínum, Gunnari Þórðarsyni, á garðyrkjubýlinu Akri í Bláskógarbyggð.

Færanleg gróðurhús

Gunnar er menntaður þrívíddar- og hreyfimyndahönnuður frá Norges Kreative Faghøgskole. Einnig hefur hann stundað nám við margmiðlun í Danmörku. Linda er með BS-gráðu í ferðamálafræði frá Universitetet i Stavanger og stundar nú nám við Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem hún er að læra lífræna matjurtaræktun. Linda segir að það skipti miklu máli fyrir þau að fá nýliðunarstyrkinn. „Styrkurinn mun nýtast okkur vel þegar kemur að rekstri, viðhaldi og uppbyggingu garðyrkjustöðvarinnar," segir hún.

„Það eru spennandi tímar framundan hjá okkur. Við erum að vinna í að þróa og byggja færanleg gróðurhús, fikra okkur áfram í aquaponics [sameldi plantna og fiska] og taka á móti fleiri hópum til að sýna almenningi og áhugafólki hvað fer fram í gróðurhúsum okkar," bætir Linda við um framtíðarsýnina á Akri. /smh

KS TOOLS

Verkfærasett

Verðlækkun

15.900

Frábært verð



www.stilling.is/KS9170779/

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Lífrænt fuglafóður - Búvörur SS

dlg



Lífrænt kjúklingafóður frá 0 til 8 vikna

- Heilfóður fyrir kjúklinga, gæsa- og kalkúnaunga.
- Fóðrið sér ungunum fyrir öllum næringarefnum sem gefur þeim gott upphaf.
- Mikilvægt er að gefa ungum gæðafóður með góðan lystugleika strax frá fyrsta degi.



Lífrænt eldisfóður frá 8 vikna aldri

- Heilfóður fyrir kjúklinga frá 8 vikna aldri fram að varpi.
- Fóðrið má nota fyrir alla alifugla fram að slátrun.



Lífrænt varpfóður

- Heilfóður fyrir varphænur.
- Blanda sérstaklega hönnuð fyrir alifugla í lífrænu eldi.
- Fjölbreytt og lystugt gæðafóður sem tryggir fuglinum öll nauðsynleg næringarefni.
- Inniheldur fiskimjöl til að hámarka fóðurinntöku og nýtingu.

Kynningartilboð!

Ef þú kaupir 3 poka af lífrænu fuglafóðri færðu eina fötu af PeckStone Poultry fyrir varphænur í kaupbæti.
Pokarnir eru 15 kg



PeckStone Poultry steinar hvetja til náttúrulegs atferlis (goggun, slípun á goggi, veiðihegðun) og hafa þannig róandi áhrif á fuglana.

- Stuðlar að heilbrigðum efnaskiptum.
- Bæta beinmyndun og heilbrigði fiðurs.
- Innihalda nauðsynleg steinefni og sölt.

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Simi 575 6000 • www.ss.is

FRÉTTIR



Japanir eru hrifnir af hrossakjöti og borða góða vöðva hráa.

Japanir eru hrifnir af hráu hrossakjöti:

Verð fyrir hrossakjöt á Japansmarkað hækkar

Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhúsið á Hellu hafa hækkað skilaverð fyrir hrossakjöt úr 105 krónum fyrir kílóið í 126 krónur fyrir hross sem flokkast á Japansmarkað.

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, fagnar því að hærra verð fáist fyrir hrossakjöt og að það sé í gangi vöruþróun við vinnslu á kjötinu. „Japanirnir geta og eru tilbúnir til að taka við talsvert meiru af hrossakjöti en þeir gera í dag. Viðskiptin eru enn í þróun og Kaupfélag Skagfirðinga hefur verið þar í fararbroddi.“

Japanskir kjötskurðarmenn

„Hér voru japanskir kjötskurðarmenn á ferð fyrir skömmu og þeir hafa reyndar komið hér áður. Þannig að það er verið að vinna í þessu og ganga lengra í viðskiptunum.

Okkur er mjög umhugað um að hrossaskrokkurinn verði nýttur sem allra best og betur en gert hefur verið fram til þessa. Japanirnir nýta skrokkinn mun betur en við og kaupa alla fitu, tungur, lifur og alla vöðva af hrossum sem flokkast inn á þann markað og við flytjum allt saman út frosið.“

Betri nýting fyrir Japansmarkað

Sveinn segir að á sama tíma í fyrra hafi skilaverð fyrir hrossakjöt verið 65 krónur fyrir kílóið og engin úrvinnsla að ráði á kaupinu. „Á þeim tíma voru aðeins notaðir vöðvar



Sveinn Steinarsson.



Hrossakjöt í kæli í Sláturhúsinu á Hellu. Mynd / HKr.

eins og lundir og file sem fóru á veitingahúsamarkaðinn. Í Japan er aftur á móti mun meira af hrossinu nýtt sem hingað til hefur verið hent og nýting sláturhrossa því mun betri. */VH*



Breiðdalsvík i Breiðdalshreppi. Mynd / HKr.

Röng myndbirting

Austfirðingar hafa eflaust rekið upp stór augu þegar þeir flettu síðasta Bændablaði. Með frétt um tillögu að sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar á bls. 12 birtist mynd af Djúpavogi í stað Breiðdalsvíkur sem þar átti að vera samkvæmt myndatexta.

Nærtækast væri auðvitað að kenna um landsþekktum aulahætti utansveitarmanna, en skýringin er einfaldlega klaufaskapur undirritaðs við innsetningu myndar þegar verið var að senda blaðið í prentun. Búið var að setja inn réttu myndina eins og hún er í vefútgáfu blaðsins, en á skjáborðinu var líka mynd af þeim fallega stað Djúpavogi, sem var í fljótfærni sett inn á síðuna.

Mér er bæði ljúft og skylt að biðja Austfirðinga, og þá sér í lagi íbúa Breiðdalsvíkur, velvirðingar á þessum klaufaskap, því fátt er jafn pirrandi fyrir landsbyggðarmann og rangar myndbirtingar af fallegum stöðum á Íslandi.

Kær kveðja,
Hörður Kristjánsson,
ritstjóri Bændablaðsins



Guðni Th. Jóhannesson. forseti Íslands, orginallinn Guðni Ágústsson, Jóhannes Kristjánsson eftirherma og Margrét Thorlacius, móðir forsetans, fyrir framan Bæjarbíó í Hafnarfirði.

Eftirherman og orginallinn anna vart eftirspurn

Félagarnir Jóhannes Kristjánsson og Guðni Ágústsson, eða eftirherman og orginallinn, hafa verið á þönum um landið undanfarna mánuði og verið glatt á hjalla hvar sem þeir hafa komið. Þeir eru með óskir um að koma aftur í sum pláss.

Guðni segir að á dögunum hafi þeir verið í Valaskjálf á Egilsstöðum. Þar hafi verið fullur salur, eða 200 manns, og þannig sé þetta gríðarleg aðsókn.

„Við erum í mikilli eftirspurn og fólk vill fá okkur í héruðin, enda á Jóhannes 40 ára leiklistarafmæli. Hann hefur skemmt með eftirhermum og gamansögum í hverju einasta félagsheimili. Nú förum við saman eins og bræður og segjum sögur og Jóhannes hermir eftir þjóðþekktum mönnum. Hann er magnaður og auðvitað einstakur skemmtikraftur að þessu leyti, hann nánast holdgervist, verður eins og karakterinn sem hann hefur tekið að sér, þetta kemur vel fram á sýningunum hjá okkur,“ segir Guðni.



Móðir forseta Íslands, Margrét Thorlacius, og Guðni Th. Jóhannesson forseti skemmtu sér greinilega konunglega ásamt fjölda gesta á uppistandi þeirra Guðna og Jóhannesar í Bæjarbíói fyrir skömmu.

„Við erum búnir að vera í Bæjarbíói í Hafnarfirði þar sem forseti vor, Guðni Th. Jóhannesson, kom með móður sinni og skemmti sér konunglega. Svo erum við komnir í Iðnó, en höldum líka áfram að sinna landsbyggðinni. Fram undan er Græni hatturinn á Akureyri í annað sinn, Miðgarður í Skagafirði, Logaland í Borgarfirði, Félagsgarður í Kjós og Hótel Selfoss 1. desember.

Guðna finnst Alþingi Íslendinga ekki vera á eins góðum stað og áður fyrr hvað bæði virðingu og jafnframt skemmtilegheit varðar. Gömlu stjórnmálamennirnir voru frægir fyrir hnyttin tilsvör og framboðsfundir loguðu af húmor og glettni, það jaðraði við að sumir væru þá með uppistand í sínum alvarlegu ræðum og kannski er það listin til að fá fólk til að sækja fundi og messur. Jafnframt var alltaf mikið af góðum hagyrðingum á Alþingi sem séra Hjálmar Jónsson virkjaði svo vel með frægum kvæðamannakvöldum. */HKr.*



Sýningin var haldin í Félagsheimilinu Hvoli, tækjasýning var á planinu fyrir utan þar sem mátti sjá stór og lítil tæki og allt þar á milli.

Fjölmenni á „Hey bóndi 2017“ á Hvolsvelli

Fjölskyldu og landbúnaðarsýningin „Hey bóndi 2017“ var haldin á Hvolsvelli laugardaginn 4. nóvember.

Hátíðin sló heldur betur í gegn því þar var mikið fjölmenni saman komið og stemningin með allra besta móti. Boðið var upp á tækjasýningu, kynningu á fyrirtækjum, barnadagskrá, fyrirlestra og fleira og fleira. Það var Fóðurblandan sem hafði veg og vanda af deginum. Magnús Hlynur Hreiðarsson var á staðnum og tók meðfylgjandi ljósmyndir.



Finnbogi Magnússon hjá Jötunn Vélum var ánægður með daginn og gaf sér góðan tíma til að tala við gesti og gangandi.



Adrian Packington, sérfræðingur í fóðrun nautgripa hjá DSM, var einn af þeim sem hélt áhugavert erindi á sýningunni.



Gestur Einarsson, útvarpsmaður frá Hæli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sendi beint út frá deginum á Útvarpi Suðurlands.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra:
Íhugar að loka N1 á Hvammstanga

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra íhugar að loka bensínstöð N1 á Hvammstanga frá og með 1. febrúar næstkomandi þar sem hún starfar ekki í samræmi við reglugerð.

Ófullnægjandi afgreiðsluplan og skortur á mengunarvarnarbúnaði veldur því að heilbrigðiseftirlitið fer í þessar aðgerðir. Sagt er frá þessu á vefnum huni.is.

Vitnað er í bréf heilbrigðiseftirlitsins til forsvarsmanna N1 en þar segir að umrædd bensínstöð hafi hafið rekstur án starfsleyfis og hafi því eftirlitið fyrst stöðvað starfsemina í apríl 2015. Í framhaldi af þeirri stöðvun sótti N1 um starfsleyfi og gaf heilbrigðiseftirliti loforð um að gengið yrði frá málum í samræmi við þágildandi reglugerð. Samkvæmt mati heilbrigðiseftirlitsins vantar tilskilinn mengunarvarnabúnað á stöðina.

N1 sendi eftirlitinu bréf dagsett 2. október og óskaði eftir því að fá að halda áfram rekstri til loka júní á næsta ári án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir. Hafnaði heilbrigðiseftirlitið þeirri umleitan. */MÞÞ*

Nýr auglýsingastjóri Bændablaðsins

Guðrún Hulda Pálsdóttir er nýr auglýsingastjóri Bændablaðsins.

Hún er lesendum blaðsins að góðu kunn en áður sinnti hún meðal annars sumarafleysingum og skrifum um hross og hestamennsku. Guðrún Hulda er með BA-próf í bókmenntafræði og er að ljúka meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Hún hefur áður starfað við rannsóknir hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, sem ritstjóri Eiðfaxa og blaðamaður á Morgunblaðinu. Guðrún Hulda hefur þegar hafið störf á blaðinu og hefur aðsetur í Bændahöllinni á skrifstofum Bændasamtakanna.



Guðrún Hulda Pálsdóttir.

Tímarit Bændablaðsins á ácetlun

Meðal fyrstu verka nýs auglýsingastjóra verður að taka þátt í útgáfu Tímarits Bændablaðsins sem kemur út 4. mars á næsta ári og verður prentað í 8 þúsund eintökum. Þar er tekið á helstu málefnum landbúnaðarins og eru efnistökin fjölbreytt. Ritinu verður dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum. Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Sala á auglýsingum og kynningum er hafin og eru viðskiptavinir hvattir til að hafa samband. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 563-0303 og netfangið ghp@bondi.is



Íþróttahúsið á Hellu:
Skötumessa 1. desember

Föstudaginn 1. desember verður haldin þjóðleg Skötumessa í Íþróttahúsinu á Hellu og hefst hún kl. 20.00. Tilefnið er að fólk hittist og eigi góða stund saman þar sem í boði verða þjóðlegir réttir, kæst skata og saltfiskur með tilheyrandi kartöflum, rófum og hamsatólg.

Í eftirrétt verður boðið upp á ábresti með kanil að góðum íslenskum sið. Að loknu borðhaldi verður boðið upp á happdrætti með stórglæsilegum vinningum og glæsilegri skemmtidagskrá. Blítt og létt hópurinn frá Eyjum heldur úti dúndrandi stuði og allir syngja með. Forsala aðgöngumiða verður á höndum Fimleikadeildarinnar á Hellu. Eins má greiða aðgangseyri við innganginn. „Undirbúningsnefndin hefur fundið fyrir miklum áhuga fólks um allt Suðurland og til höfuðborgarinnar svo það er vissara að tryggja sér miða í tíma á eitt glæsilegasta skötukvöld ársins á Íslandi.

Allur hagnaður rennur til samfélagsins á Suðurlandi“, segir Ásmundur Friðriksson alþingismaður, sem á sæti í undirbúningsnefnd veislunnar. */MHH*

Þistill – leiðrétt netfang

Smávægileg mistök urðu við skráningu netfangs í síðasta Bændablaði vegna kynningar á ritinu Þistill, sem er saga sauðfjárræktarfélagsins Þistils í Svalbarðshreppi í Þistilfirði. Rétt netfang fylgir hér.

Þeir sem óska eftir að verða áskrifendur eru vinsamlegast beðnir um að senda nafn, kennitölu, heimilisfang og hvort nafn á að birtast í bókinni í netfangið thistill1940@gmail.com eða senda bréf til Soffíu Björgvinsdóttur, Garði, 681 Þórshöfn. */VH*

Skráðu smáauglýsingu í gegnum bbl.is
Bændablaðið



Sláturfélag Suðurlands
Leiðandi í óerfðabreyttu fóðri



Ærblanda SS - Óerfðabreytt kjarnfóður
framleitt af DLG fyrir íslenska sauðfé

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hráprótеini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

- 15 kg pokar / 750 kg sekkir



Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

- 15 kg fata



Salto får - Saltsteinn fyrir kindur

- Inniheldur stein og snefilefni
- Ekkert koparinnihald
- Inniheldur selen
- Inniheldur náttúrulegt bergsalt
- Má notast við lífræna ræktun

-10 kg steinn

Vitfoss

Hafið samband við sölumenn Sláturfélags Suðurlands um land allt.
Sláturfélag Suðurlands svf. · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Simi 575 6000 · www.ss.is

STEKKUR

Veðurspeki

Í ritinu Veðrið sem Veðurstofa Íslands gaf út á árunum 1956–1978 er að finna eitt og annað um gamla veðurspeki sem Jón Eyþórsson tók saman.

Ef sjórinn gefur af sér undirhljóð nær hann er brimlaus í stilliveðri, merkir það regn og storm sem tíðast á norðan. Þá menn sjá sjóinn ókyrrast í góðu veðri og er ólgumikill svo hver aldan ríður upp á annarri, boðar það storm og rosa. Ef sjórinn sést mórauður að lit með moski og ögnum, boðar það storm.

Um fuglana

Þegar mávur og svartbakar setjast saman í miklun hópum á fjörusker, boðar það storm og óveður. Nær hrafnar saman í hópa safnast leikandi sér í lofti með litlu og ljótu krunki, þá bera þeir vitni um að gott veður komi. Þá svanir fyrst fljúga af landi til sjávar kemur oftast langgæfur stormur og harður vetur.

Nær haninn galar oft og óvanalega áður en hans réttur vani er til, merkir það snjó. Þegar fuglar og mý safnast saman í stórum hópum í lofti um sólarlag lítið eitt frá jörðu, merkir það varmt veður að morgni komandi.

Um kvikindi

Þá fiskar og smáseiði stökkva upp úr sjó og vatni, boðar það regn. Nær hundar grafa holur í jörð, boðar það langa úrkomu af snjó og regni. Þá menn sjá sauði stangast með flæstum nösum í loft upp, boðar það regn og snjó.

Um tunglið

Sé sá upplýsti tunglsins partur tunglsins klár og skír og bjartur, sýnir skírt veður og gott, einkum til þess hálfvaxið er tungl. Ef sunnanvindur er, þá menn sjá þriggja nátta gamalt tungl, þá kemur regn á þeim fjórða degi. Ungt tungl, þriggja eða fjögurra nátta, skal í heiðríku lofti skoða einni stundu eða nokkru síðar eftir sólsettur. Sé sá upplýsti partur rauður með hvössum hornum, þýðir vind og frost um vetur, einkum á öðrum kvarternum. Safnist mikill, þykkur hringur í kringum tungl líkast sem regnboginn á nóttu og hafi hlið á sér, þýðir það veðráttuskipti til snjóar og regns.

Um sólina

Ef undan sólu gengur einn úlfur, er vér Gýl nefnum, og gangi út af honum langur hali eða rauður geisli, merkið það ætíð storm. Nær sólin í sinni uppgöngu er aldeilis hrein og klár, og séu engin ský eður loftsins dampur kringum hana, þá verður sá dagur og nótt með blástur.

Um eldinn

Þá maður sér á vetur að eldur er mjög rauður og sárheitur, merkir það kulda. Viðarkol og glæður mjög eldrauðar sýna skært og gott veður. Rauðleitur eldur í lofti er mjög skaðlegur en æsist mest í regni og vatni og brennir það hann snertir.

Nær maður sér í votviðri að ljósið logar spart þá er loftið hneigt til úrkomulegs veðurs.

Um vindinn

Vindur sá sem kemur með degi plagar harðari eða verra en sá sem kemur með nóttu. Norðanvindurinn er heilsusamari en aðrir vindar. Mikill stormur þurr, lyktar oft með regni. Stormur vaxandi um miðdegi, merkir þráviðri nokkra daga. */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

„Ég er búinn að veiða helling í sumar“

– segir stórsöngvarinn Kristján Jóhannsson

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com



„Já, drengur, ég er búinn að veiða víða í sumar, en við höfum farið í Veiðivötn í mörg ár og það er meiri háttar, Veiðivötnin eru frábær og rosalega fallegt þarna innfrá.

Þar höfum við oft fengið fína veiði og væna silunga,“ sagði Kristján Jóhannsson er við heyrðum í honum og það var klikkað að gera í söngum hjá honum.

„Já, það er mikið að gera. Ég er að syngja allar helgar og ætlaði að reyna að komast á rjúpu en veit ekki hvort það tekst. Ég hef farið á rjúpu í mörg ár. Það er viss punktur í tilverunni að skjóta rjúpur í jólamatinn.

Ég fór mikið í silung í sumar og víða og veiddi vel. Silungurinn er svo skemmtilegur og gaman að veiða hann. Víða vænir silungar eins og fyrir norðan. Svo dettur einn og einn laxveiðitúr inn eins og í Aðaldalinn. Það er topp staður,“ sagði Kristján enn fremur, hás eftir söng kvöldið áður, en allur að koma til.



Kristinn Sigmundsson og Kristján Jóhannsson við opnun Norðurár fyrir tveimur árum. Þeir hafa báðir veitt víða í sumar.
Mynd / G.Bende

Síðasti túrinn og rauður Frances

„Við feðgar fórum síðasta laxveiðitúrinn núna í endaðan október og varð Ytri Rangá fyrir valinu,“ sagði Reynir Friðriksson er hann rifjaði upp síðasta stangveiðitúrinn á sumrinu.



Jakob Reynisson með síðasta lax sumarsins á.
Mynd / Reynir.

„Kosturinn við að fara þangað er að ég hef verið leiðsögumaður þar um árabil og á þeim tíma hef ég lært vel inn á hvernig laxinn hegðar sér þegar kemur fram á haust.

Þar sem nóttin hafði verið mjög köld þá ákváðum við að taka því rólega og vorum komnir á bakkann upp úr hádegi. Veðurspáin var góð með mildu stilltu veðri enda hlýnaði vel þegar sólin náði að skína á okkur og frábært að upplifa þessar hauststillur og njóta þess að vera úti í þannig aðstæðum.

Við áttum að fara í Stallmýrarfljótið og var ekki laust við að við værum mjög spenntir. En þar sem við vissum að þar væri talsvert af laxi var ætlunin að reyna við hann. Við settum sexuna saman hjá Jakobi (11 ára) og völdum klassíska rauðan Frances sem agn. Hafði ungi maðurinn óbilandi trú á henni, enda leið ekki á löngu að ég heyrði kallað; HANN ER Á. Þá varð ég að hlaupa upp í bíl og ná í háfinn. Eftir snarpa en skemmtilega viðureign lá flottur 2,5 kg hængur í háfnum og þetta varð jafnframt síðasti lax sumarsins hjá okkur feðgum.

Það er frábært að fara inn í veturinn og ylja sér við frábæra minningu og byrja að hlakka til næsta sumars,“ sagði Reynir um síðasta veiðitúrinn.



Robert með flottan fisk.

„Hún gaf mér ótrúlega vel“

„Það var kvöldið fyrir veiðitúr í Eystri Rangá og ég var hugsa um flugur og hvað ég verði að gera til fá góða veiði,“ sagði Robert Nowak í samtali við Bændablaðið, en Robert veiðir mjög mikið og er hreinlega alltaf að.



Flugan góða, Galdraloftur.

„Ég er alltaf með nýja flugu í hverjum veiðitúr og þessi mátti ekki vera öðruvísi. Þá fékk ég hugmynd að flugu. Hún var hnýtt í þremur stærðum. Næsta dag byrjaði ég með týpískum flugum sem ég er alltaf að nota. Það var í lagi en samt ekki neitt ótrúleg veiði. Set síðan undir fluguna sem ég hnýtti um kvöldið og fékk fisk í fyrsta kasti.

Þennan dag gekk vel. Næst fimm sinnum í Eystri Rangá. Já, þessi fluga gaf mér alltaf mjög vel. Hún gaf mér líka ótrúlega vel á lokadaginn í Ytri Rangá. Ef einhver spyr hvort þessi fluga sé að virka, þá er svarið einfaldlega já.

Ég er búinn að prófa í Eystri- og Ytri Rangá, Hólsá, Þverá, Þjórsá og í Elliðaánum. Hún veiðar alltaf vel. Svo gaf hún mér líka sjóbirtinga í Vatnamótum. Besta fluga í heimi …? Pottþétt ekki, enn veiðileg fluga samt. Já, mjög veiðileg,“ segir Robert enn fremur.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur leigir Straumfjarðará:

35 milljónir í leigu á ári

Þær hafa ekki verið margar laxveiðiárnar á lausu þetta árið en þó tvær góðar. Það eru Hafralónsá í Þistilfirði og Straumfjarðará í Eyja- og Miklaholtshreppi. Veiðifélagið Hreggnasi fékk Hafralónsá og Stangaveiðifélag Reykjavíkur Straumfjarðará.



Jóhann Ólafur Jónsson með flottan lax úr Straumfjarðará, en Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur leigt hana til fimm ára.

Stangaveiðifélagið leigir ána til fimm ára og greiðir fyrir pakkann 175 milljónir sem eru 35 milljónir á ári. Ástþór Jóhannesson var áður búinn að vera með ána í fjölda ára.

Samningar á milli Veiðifélags Straumfjarðarár og Stangaveiðifélags Reykjavíkur um leigu á veiðirétti í Straumfjarðará frá árinu 2018 til og með 2022 voru undirritaðir 1. nóvember.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur nú þegar hafið sölu á veiðileyfum og skipulag fyrir næsta ár. Eru allir áhugasamir hvattir til að hafa samband við félagið til að bóka veiðileyfi í ánni sumarið 2018.

Straumfjarðará er ein af flottustu laxveiðiám landsins. Veitt er á 4 stangir á tímabilinu 20. júní til 20. september og hefur meðalveiði í ánni verið um 440 laxar á ári.

Stórglæsilegt veiðihús er við ána en þar er svefnpláss fyrir 10 manns og boðið er upp á fulla þjónustu. Áin er aðeins 150 km frá Reykjavík og því stutt að fara ef farið er frá Reykjavík.

Við hjá Stangaveiðifélaginu fögnum því að búið er að ganga frá samningum um veiðiréttinn og gleðjumst yfir því að geta nú boðið félagsmönnum okkar og öðrum veiðimönnum veiðileyfi í þessari frábæru laxveiðiá.

Margir búnir að fá í jólamatinn

Rjúpnaveiðar hafa gengið ágætlega en misvel eftir landshlutum hvað veiðitölur og magn varðar.

Mest hefur líklega veiðst á Norðurlandi. En samt er erfitt að segja til um það með einhverri vissu. Eitthvað hefur verið um að „sumir“ veiðimenn hafi skotið aðeins of mikið. Þá er verið að tala um hundrað upp í tvö hundruð fugla á þrjá til fjóra veiðimenn saman í hóp.

„Ég er kominn með níu fugla og náði þeim á Jökuldal, það er gott í jólamatinn,“ sagði Hinrik Ingi Guðbjarnarson um rjúpnaveiðina hjá sér í ár. Maður þarf ekkert meira, þetta er gott,“ sagði Hinrik enn fremur.



Kíkt eftir rjúpu á Holtavörðuheiðinni.
Mynd / Eggert

Norðurþing fær um 10 milljónir úr Fjarskiptasjóði:

Styrkveitingar sagðar ómarkvissar og upphæðir lágar

Norðurþing hefur fengið styrk að upphæð tæplega 10 milljónir króna úr Fjarskiptasjóði, en hann úthlutaði á dögunum alls 450 milljónum króna til uppbyggingar sveitarfélaga á ljósleiðarakerfum árið 2018 líkt og sjóðurinn gerði vegna sams konar uppbyggingar árin 2016 og 2017.

Styrkurinn til sveitarfélagsins skiptist þannig að 6,4 milljónir eru samkvæmt útreiknuðum byggðastyrk og 3,5 milljónir vegna Brothættra byggða.

Hæg uppbygging

Í bókun bæjarráðs Norðurþings segir að styrkveitingar ríkisins til lagningar ljósleiðara í dreifbýli á Íslandi hafi verið ómarkviss og upphæðir lágar og uppbygging af þeim sökum gengið hægt undanfarin ár.

Norðurþing mun nýta þá fjármuni sem sveitarfélaginu var úthlutað til lagningar ljósleiðara.

Ljósleiðari hefur þegar verið lagður frá mörkum Svalbarðshrepps í þéttbýlið á Raufarhöfn. Þá stendur yfir lagning ljósleiðara í Reykjahverfi um þessar mundir. Fyrir liggur að Norðurþing mun senda inn umsókn í stórt verkefni fyrir komandi ár, þar sem sótt verður um styrkveitingu til lagningar ljósleiðara í þeim dreifðu byggðum Norðurþings sem eftir verða. */MÞÞ*











HROSS & HESTAMENNSKA

Draumey frá Bólstað er folald sumarsins 2017

Nú útnefnir Bændablaðið í þriðja sinn folald sumarsins. Þetta er leikur okkar að því að gera sögur af folöldum eða fegurð folalda fleirum kunn en bara eigendum og nánustu aðstendendum.

Folöld eru heillandi dýr sem hrífa bæði unga og aldna. Sum þeirra verða gjarnan uppáhaldsgripir eigenda sinna einhverra hluta vegna, fegurðar, skapgæða, fjörs, vináttutengsla, einstakrar uppvaxtarsögu eða einhvers annars sem greinir þau frá restinni.

Fjórar tilnefningar

Að þessu sinni bárust 4 tilnefningar. Það finnst okkur vera lítil þátttaka og hvetjum fólk til að gera betur næst.

Folöldin sem tilnefnd voru eru, talin í stafrófsröð:



Draumey frá Búlandi

Draumey frá Búlandi í Austur-Landeyjum í Rangárvallasýslu. Draumey, IS2017284341, er bleikstjörnótt dóttir Laggar frá Bólstað sem er bleikálótt og Fengs frá sama bæ sem er brúnblesóttur. Draumey er tilnefnd vega sjúkdómssögu hennar sem leiddi til óvenjulega sterkrar vináttu á milli hennar og eigandans, Maríu Svavarsdóttur.



Hneta frá Miðju


Hneta frá Miðju (Miðja er ræktunarnafn en ekki bæjarnafn). Hneta, IS2017201121, er jarpskjótt og nösótt undan Lífs-Auði frá Miðju sem er brún og Hákoni frá Ragnheiðarstöðum sem er rauðskjóttur. Meginsérkenni Hnetu er hvítur blettur ofan annars augans og smáarða hvít neðan þess líka, rétt eins og kannski hafi átt að verða svona óvenjulega staðsett stjarna, akkúrat þar sem augað er, sjá meðfylgjandi mynd.







Draumey ber sannarlega nafn með rentu.



Köggur og Þórður.

Köggur frá Ríp

Köggur frá Ríp á Hegranesi í Skagafirði. Köggur, IS2017157012, er rauðstjörnóttur sonur Aþenu frá Ríb sem er rauðblesótt og Elds frá Ríp, sem er rauður tvístjörnóttur. Köggur er vetrarfolald og alinn upp innanhúss í upphafi þar sem mikil vinátta skapaðist með honum og fjögurra ára gömlum syni eigendanna, Þórði Braga, eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Salka frá Syðri-Reykjum

Salka frá Syðri-Reykjum í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu. Salka, IS2017255512, er leirljós á lit undan Veru frá Syðri-Reykjum sem er brún og Besta frá Upphafi sem er leirljós. Salka var enn í líknarbelgnum þegar Vigdís Alfa, fimm ára stúlka, og amma hennar, Gerður Salóme, komu á vettvang, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

Það má benda á þá staðreynd í þessu sambandi að þessi folöld eiga heima í hrossflestu sýslum landsins, þegar Hnetu er sleppt. Þetta þarf náttúrlega ekki að koma á óvart en er samt líklega hrein tilviljun, því folöldin eru tilnefnd samkvæmt mati manna en ekki einhverju úrtaki úr hrossastofninum.

Draumey útnefnt folald sumarsins 2017

Útnefninguna folald sumarsins 2017 hlýtur Draumey frá Bólstað. Þar sem þetta er bara leikur okkar, kastar það engri rýrð á hin folöldin. Öll hefðu þau getað hlotið útnefningu, en hún er samt bundin við aðeins eitt folald hverju sinni eðli málsins samkvæmt.

Hér á eftir fer bréfið frá eiganda Draumeyjar, Maríu Svavarsdóttur, sem fylgdi tilnefningunni. Þeim er báðum óskað til hamingju með titilinn með von um að vináttan haldist. Hinum tilnefningunum eru færðar þakkir fyrir þátttökuna og góðar óskir um að vel rætist úr skemmtilegum folöldum.



„Milli okkar Draumeyjar mynduðust strax sterk tengsl og urðum við fljótt mjög góðar vinkonur.“

„Þetta er hún Draumey mín IS2017284341 sem fæddist 26. júní. Hún er frá Bólstað í A-Landeyjum og er undan Lögg frá Bólstað og Háganssyninum Feng frá Bólstað.

Milli okkar Draumeyjar mynduðust strax sterk tengsl og urðum við fljótt mjög góðar vinkonur. Þegar hún var aðeins 8 daga gömul þá fékk hún bakteríusýkingu og fékk út frá því mikla skitu, þurfti hún því að koma heim í Smiðjukot ásamt mömmu sinni og fara á nokkurra daga sýklakúr. Þegar meðhöndlun hófst kom í ljós hve einstakt geðslagið er í þessari elsku. Á öðrum degi kúrsins opnaði hún bara munninn þegar ég kom með lyfið og smjattaði á sýklalyfinu eins og nammi.

Eins og sést á myndunum þá fengum við okkur stundum smá kríu saman eftir fjós í góða veðrinu í sumar og stundum fékk ég líka koss. Í öllu þessu dekri hefur hún samt aldrei sýnt neinn yfirgang né frekju eins og vill oft gerast. Þess vegna segi ég því, að hún hefur einstakt geðslag, hún Draumey mín.

Kv. María Svavarsdóttir“

/Páll Imsland





Salka frá Syðri-Reykjum var enn í líknarbelgnum þegar Vigdís Alfa, fimm ára stúlka, og amma hennar, Gerður Salóme, komu á vettvang, eins og hér sést.

HAUSTTILBOÐ
10% haustafsláttur af öllum
GARÐHÚSUM
og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar
www.volundarhus.is


44 mm bjálki / Tvöföld nótun
GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.


GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VÖLUNDARHÚS.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400
Staðgreiðslu Lán VISA Lán

Gæða gluggar og útihurðir frá Viking fyrir íslenskar aðstæður!
Trégluggar með eða án álkápu í öllum litum
Stuttur afgreiðslutími



Viking
Viking Window AS

Hafðu samband og fáðu tilboð
Buska ehf · Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ
Sími 480-0040 · www.buska.is · sala@buska.is
Buska

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO


50 ára reynslu

spinder
FJÓSAINNRÉTTINGAR ERU HANNAÐAR OG PRÓFAÐAR EFTIR STRÖNGUSTU GÆÐAKRÖFUM OG MIÐA AÐ VELFERÐ BÆÐI DÝRA OG MANNA.

SWAANS BETON
HEFUR Í MEIRA EN HÁLFA ÖLD VERIÐ LEIÐANDI FYRIRTÆKI Í ÞRÓUN, HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLU GÓLFA Í GRIPAHÚS.


40 ára reynslu

byko.is
Hafðu samband: bondi@byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

STRÚKTÚR
Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni
Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré



WWW.STRUKTUR.is
Við finnum lausn sem hentar Þér!
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ |


Mýkt fyrir hótel og gistiheimili
Fáðu tilboð hjá okkur
sala@lindesign.is
Lín Design Smáratorgi Glerártorgi Kringlunni lindesign.is
Lín DESIGN

FRÉTTASKÝRING

Skýrsla Umhverfisráðgjafar Íslands – Landið er skuldbundið til að draga úr losun CO_2 um 20% til 2020:

Aukið framlag til skógræktar og fleiri þátta gæti komið í veg fyrir refsiskatta

– Virðisaukandi aðgerðir fyrir landsgæði og landbúnað og fyrirbyggjandi þáttur í loftslagsmálum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Í skýrslu Umhverfisráðgjafar Íslands sem Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, kynnti á fundi í Bændahöllinni fyrir skömmu er m.a. fjallað um hvernig hægt sé að kolefnisjafna sauðfjárrækt á Íslandi árið 2022. Þar er líka fjallað um hvaða skuldbindingar Íslendingar þurfi að takast á við sem gætu þýtt veruleg fjárútlát ríkisins eftir tvö ár ef ekki tekst að uppfylla samninga.

Í skýrslunni segir að alþjóðlegt samstarf í loftslagsmálum byggi á loftslagssamningnum, sem gerður var í New York árið 1992 og tók gildi árið 1994. Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran hátt. Í samningnum var þó hvergi með afdráttarlausum hætti kveðið á um skyldu ríkja til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda að tilteknu marki. Þó kemur fram að iðnríkin skuli grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að hverfa aftur, hvert fyrir sig eða sameiginlega, að því útstreymismagni sem var 1990.

Stóðumst kröfur samninga til ársins 2012


Kyoto-bókunin við loftslagssamninginn var gerð árið 1997 og gekk í gildi árið 2005. Bókunin inniheldur tölulegar magntakmarkanir á losun tiltekinna gróðurhúsalofttegunda frá iðnríkjum. Fyrra skuldbindingatímabil Kyoto-bókunarinnar var frá 2008 til 2012 og var heildarmarkmiðið að draga úr losun um að minnsta kosti 5% á tímabilinu miðað við árið 1990. Ísland fékk heimild til að auka losun sína um 10% á þessu tímabili miðað við árið 1990, auk þess að fá að undanskilja ákveðna losun vegna iðnaðarstarfsemi í uppgjöri sínu. Ísland náði því að uppfylla skuldbindingar sínar á þessu tímabili þrátt fyrir að hafa aukið losun um 26% frá 1990 til 2012.

Útlit fyrir að Ísland standist ekki skuldbindingar 2020

Seinna skuldbindingatímabil bókunarinnar er frá 2013 til 2020. Ísland tók á sig sameiginlega skuldbindingu með ríkjum ESB á tímabilinu um að draga úr losun um 20% fyrir árið 2020 miðað við 1990. Nú er útlit fyrir að Ísland þurfi að kaupa heimildir til að standa við sinn hluta skuldbindingarinnar.

Virðisaukandi aðgerðir sem minnka líkur á refsisköttum

Á þessu byggist m.a. sú hugmyndafræði sauðfjárbænda að kolefnisjafna greinina fyrir 2022 og sauðfjárbændur taki þar frumkvæði. Skynsamlegra sé fyrir Íslendinga að byrja strax að veita fjármunum til mótvægisaðgerða eins og skógrækt hér innanlands, fremur en að greiða þá fjármuni síðar í refsiskatta til útlanda. Þeir fjármunir myndu um leið virka til virðisaukningar landsgæða og íslensks landbúnaðar um leið. Það myndi síðan væntanlega nýtast inn í framtíðina til að landið sé betur í stakk búið til að standast frekari skuldbindingar fram til 2030.



Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði (án LULUCF) á Íslandi árið 2015 eftir undirflokkum. Hér á landi á umtalsverð losun sér stað vegna landnotkunar sem tengist landbúnaði en ekki liggur fyrir hvernig losunin eða landnýtingin skiptist milli mismunandi greina. Í fyrsta lagi er um að ræða losun frá framræstu landi. Heildarflatarmál túna á framræstum jarðvegi er áætlað 56.662 ha og losun frá þessu landi er tæplega 1.700 Gg á ári. Heildarflatarmál framræst lands í úthaga er 366.100 ha og losun um 8.000 Gg á ári.



Stefán Gíslason kynnir helstu niðurstöður skýrslu Umhverfisráðgjafar Íslands á fundi í Bændahöllinni 26. október síðastliðinn. Mynd / HKr.

Höfum samþykkt að draga úr losun um 40%


Árið 2015 var Parísarsamningurinn um loftslagsmál samþykktur og gekk hann í gildi 4. nóvember 2016. Samkvæmt samningnum skulu aðildarríkin setja sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, svonefnd landsákvörðuð framlög (Nationally Determined Contributions, NDCs). Ísland hefur undirritað og fullgilt Parísarsamninginn og sent inn landsákvarðað framlag sitt, þar sem fram kemur að Ísland hyggist taka þátt í sameiginlegu markmiði ESB um að draga úr losun um 40% fram til 2030, miðað við 1990. Hafa ber í huga að Parísarsamningurinn felur enn sem komið er eingöngu í sér lagalegan og pólitískan ramma um samstarf þjóða á sviði loftslagsmála. Samningurinn verður útfærður nánar með ákvörðunum aðildaríkjaþingsins á komandi misserum.

- Í fyrsta lagi er um að ræða viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS: Emissions Trading System). Viðskiptakerfið tekur til orkuframleiðslu, þungaiðnaðar og flugs innan Evrópu og nær til um 45% losunar innan ESB. Markmið ESB er að draga úr losun innan kerfisins um 43% fyrir árið 2030 miðað við árið 2005. Fyrirtæki innan kerfisins þurfa að verða sér úti um EUA-losunarheimildir (EUA: European Union Allowances) og skila slíkum heimildum árlega til yfirvalda í samræmi við losun sína.
- Í öðru lagi er um að ræða kerfi um skiptingu ábyrgðar (effort sharing) sem tekur til annarrar losunar en þeirrar sem fellur undir viðskiptakerfið (s.s. frá heimilum, þjónustu, landbúnaði, úrgangi og samgöngum). Markmiðið er að draga úr þessari losun um 30% fyrir árið 2030 miðað við árið 2005 og er ábyrgðin á að ná því markmiði mismunandi milli aðildarríkja. Hlutdeild hvers ríkis í markmiðinu er ákveðin með hliðsjón af efnahagsstöðu, sem og möguleikum og kostnaði við að draga úr losun. Ríkjum er úthlutað ákveðnum fjölda AEA-losunarheimilda (AEA: annual emission allowances) sem minnkar línulega á tímabilinu. Þau hafa svo tiltekinn takmarkaðan sveigjanleika til að uppfylla skuldbindingar sínar, m.a. með því að flytja AEA-heimildir milli ára, kaupa AEA-heimildir af öðrum aðildarríkjum, flytja EUA-heimildir úr ETS-kerfinu og nota LULUCF-aðgerðir. Tillaga ESB um hlutdeild aðildarríkjanna 28 liggur fyrir, en enn á eftir að semja um hlutdeild Íslands og Noregs. Ef tekið er mið af tillögu ESB fyrir aðildarríkin má telja líklegt að Ísland muni þurfa að draga úr losun um 35–40% á tímabilinu en geti hugsanlega lækkað þá tölu um 1–2 prósentustig með EUA-heimildum og um 1–3 prósentustig með LULUCF-aðgerðum. Heildarsamdráttur til ársins 2030 yrði því á bilinu 30–38% miðað við losun árið 2005.
- Í þriðja lagi er um að ræða kerfi sem mun ná yfir losun og bindingu sem rekja má til landnotkunar (LULUCF). LULUCF-kerfið hefur tengsl við kerfi um skiptingu ábyrgðar. Tillaga framkvæmdastjórnar ESB um nýja landnotkunarreglugerð (LULUCF Regulation) er nú til umfjöllunar innan sambandsins. Verði tillagan samþykkt verða aðildarríkin ekki aðeins bundin af magntakmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfinu um skiptingu ábyrgðar, heldur þurfa þau einnig að standast svokallaða núll-losunarreglu (no-debit rule). Núll-losunarreglan felur í sér að jafna þarf út með bindingu alla losun sem stafar af tiltekinni landnotkun, m.a. skógrækt, skógarumhirðu, umhirðu graslendis og umhirðu ræktarlands.
- Í fjórða lagi verður Núll-losunarreglan gerð upp á fimm ára fresti. Ef samanlögð losun vegna landnotkunar er meiri en samanlögð binding á þessu fimm ára tímabili getur viðkomandi ríki keypt bindingarávinning af öðru aðildarríki, eða jafnað

Kostnaður við mótvægisaðgerðir til að ná fram kolefnisjöfnun miðað við tonn kolefnis CO_2 á hektara

	Binding t/ha/ár	Kostnaður kr./ha	Kostnaður kr./t	ha samtals	Binding t/ár	Kostnaður kr.
Landgræðsla	2,1	166.675	79.369	1.500	3.150	250.012.500
Skógrækt	6,2	355.065	57.269	500	3.100	177.532.500
Endurheimt votlendis	19,5	25.000	1.282	14.700	286.650	367.500.000
Samtals				**16.700**	**292.900**	**795.045.000**

Heimild: Umhverfisráðgjöf Íslands



Ef sú losun sem fellur undir landbúnað er greind nánar, má sjá að metangerjun veldur stærstum hluta losunarinnar, eða 43%, (sjá mynd 4). Áburðarnotkun veldur um 30% af losuninni, meðhöndlun búfjáráburðar um 15% og eldsneytisbrennsla um 12%. Losun vegna áburðarnotkunar má rekja bæði til tilbúins áburðar (um 60%) og til búfjáráburðar (um 40%).

út mismuninn með AEA-losunarheimildum sem því voru úthlutaðar í kerfi um skiptingu ábyrgðar.

Ekki enn niður njörvað

Þetta er þó alls ekki eins klippt, skorið og geirneglt eins og ætla mætti. Í skýrslunni segir að ýmsar grundvallarreglur ESB um stjórn loftslagsmála frá 2021–2030, þ.á m. um skiptingu ábyrgðar milli aðildarríkja, skyldu ríkja á sviði LULUCF og rekstur viðskiptakerfisins hafa ekki verið endanlega samþykktar þó að drög liggi fyrir. Auk þess er óvíst hvenær og með hvaða hætti þessar reglur verða teknar upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi. Þar að auki á enn eftir að ná samkomulagi við ESB um hlutdeild Íslands í sameiginlega 40% markmiðinu. Náist ekki samningar við aðildarríki ESB mun Ísland setja sér markmið á annan hátt og skila þeim áætlunum sínum til skrifstofu UNFCCC. Lítið sem ekkert liggur fyrir um hvernig slíkt markmið myndi líta út.

Nokkur óvissa um skuldbindingar Íslands til 2030

Eins og ráða má af framansögðu ríkir nokkur óvissa um þær skuldbindingar sem Ísland mun undirgangast fram til 2030. Einnig er óljóst að hve miklu leyti hægt verður að nýta LULUCF-aðgerðir til að uppfylla skuldbindingarnar. Þar sem ESB viðurkennir aðeins að takmörkuðu leyti að telja megi slíkar aðgerðir fram á móti losun gagnvart markmiði ESB samkvæmt Parísarsamningnum – og vegna þess að Ísland hefur ekki



Uppgræðsla og endurheimt gróðurþekju og jarðvegsmyndun er mikilvægur liður í kolefnisbindingu. Hér er Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, að vinna að uppgræðslu. Mynd / Úr Tímariti Bændablaðsins

sett sér sjálfstætt markmið á sviði landnotkunar – er hugsanlegt að aðgerðir á sviði landnotkunar hér á landi verði að miklu leyti óháðar reglum Parísarsamningsins, þ.á m. fjárhagshvötum hans. */HKr.*

Gróðurhúsaáhrif Íslenskrar sauðfjárræktar:

Heildarlosun talin vera um 291.400 tonn

– Einkum um metangas og glaðloft að ræða

Landbúnaður er mikilvæg uppspretta gróðurhúsaloft-tegunda á heimsvísu og jafnframt hafa loftslagsbreytingar mikil og vaxandi áhrif á greinina.

Það er mat skýrsluhöfunda að heildarlosun frá íslenskri sauðfjárrækt sé um 291.400 tonn CO2-ígilda á ári. Þetta nemur 28,6 kg CO2-ígilda á hvert framleitt kg lambakjöts.

Kolefnisjöfnun sauðfjárræktar hefjist 2018

Landssamtök sauðfjárbænda áætla að kolefnisjöfnun íslenskrar sauðfjárræktar geti hafist 2018 og verið að fullu komin til framkvæmda árið 2022 samkvæmt aðgerðaáætlun. Stefnt er að því að allar afurðir frá íslenskum sauðfjárbændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar.

Reiknilíkan auðveldar málið

Umhverfisráðgjöf Íslands hefur útbúið reiknilíkan sem gerir sauðfjárbændum kleift að reikna kolefnislosun frá búum sínum og átta sig á loftslagsávinningi mótvægisaðgerða. Líkanið verður síðar tengt við rafræn skýrsluhaldskerfi Matvælastofnunar. Stefnt er að því að gera sérstaka þátttökusamninga við bændur og lagt til að Búnaðarstofu MAST verði falin umsjón með verkefninu í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, Skógræktina, Landssamtök skógareigenda o.fl. eftir því sem við á.

Landssamtök sauðfjárbænda leggja til að komið verði á kerfi þar sem bændur fá 2.500 kr. eingreiðslu fyrir hvert bundið eða samandregið tonn af CO2-ígildum sem falla undir fyrirfram skilgreindan ramma til viðbótar við útlagðan kostnað.

Losun frá landbúnaði

Þegar rætt er um losun gróðurhúsa-lofttegunda frá landbúnaði í skýrslu Umhverfisráðgjafar Íslands er oftast, nema annað sé tekið fram, miðað við flokkun loftslagssamningsins, en skv. henni fellur losun vegna eftirtalinna þátta undir landbúnað:

- Metangerjun búfjár (metan)
- Meðhöndlun búfjáráburðar (metan, glaðloft)
- Ræktun hrísgrjóna (metan)
- Notkun tilbúins áburðar og búfjáráburðar á ræktarland (glaðloft)
- Sinubrunar á hitabeltissléttum (metan og glaðloft)
- Bruni landbúnaðarleifa á ökrum (metan og glaðloft)
- Notkun annarra áburðarefna (metan og glaðloft)

Losun frá landbúnaði verður einkum vegna búfjár (metan og glaðloft) og vegna dreifingar búfjáráburðar og tilbúins áburðar á tún og akra (glaðloft). Á heimsvísu verður einnig talsverð losun vegna hrísgrjónaframleiðslu (metan). Aðrar uppsprettur eru minni. Samtals nemur losun vegna þessara þátta landbúnaðar 10–15% af heildarlosuninni á heimsvísu. Þar við bætist losun vegna umhirðu/nýtingar landbúnaðarlands og LULUCF. Þar er um að ræða koldíoxíð, metan og glaðloft vegna röskunar á jarðvegi, svo sem plægingar, en slík röskun stuðlar að losun þess kolefnis sem bundið er í jarðveginum. Auk þess er um að ræða framræslu mýra og eyðingu skóga til að búa til ræktarland.

Landbúnaður og LULUCF hafa sérstöðu meðal losunarflokka í losunarútreikningum, þar sem þetta eru ekki einungis uppsprettur heldur einnig „svelgir“, þar sem kolefni getur bundist bæði ofanjarðar í plöntum og neðanjarðar í jarðvegi.

Í landbúnaði á sér enn fremur stað „falin“ losun, sem talin er fram undir öðrum flokkum skv. loftslagssamningnum, m.a. vegna rafmagnsnotkunar, eldsneytisnotkunar (dráttarvélar, flutningar) og framleiðslu aðfanga, s.s. áburðar og plöntuvarnarefna. Mismunandi er eftir framleiðslugreinum og aðstæðum hversu stór hluti heildarlosunar á rætur að rekja til annarra þátta en þeirra sem taldir eru fram undir landbúnaðarflokknum. Í sauðfjárrækt stafar langstærsti hluti losunarinnar frá þeim þáttum sem taldir eru fram undir landbúnaðarflokknum.

Losun á metani og glaðlofti mætt með uppgræðslu og skógrækt

Almennt er viðurkennt að erfitt geti verið að draga úr losun á metani og glaðlofti frá landbúnaði. Því gerir tillaga að reglum ESB um skiptingu ábyrgðar ráð fyrir að þau lönd innan ESB þar sem losun frá landbúnaði er hlutfallslega stór hluti af heildarlosun fái aukið svigrúm til að nota aðgerðir á sviði landnotkunar (LULUCF) til að standa við skuldbindingar sínar í sameiginlegu markmiði ESB til 2030.





HLUNNINDI & VEIÐI



Kolmunni.

HB Grandi:

Bræðsla á kolmunna hafin á Vopnafirði

Vinnsla á fyrsta kolmunnanum á vertíðinni hófst fyrir skömmu hjá fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði. Byrjað var að bræða kolmunna í verksmiðjunni eftir að Venus NS og Víkingur AK komu til Vopnafjarðar með um 800 tonna afla.

Sveinbjörn Sigmundsson, verksmiðjustjóri HB Granda á Vopnafirði, segir á heimasíðu fyrirtækisins að skipin hafi komið inn vegna brælu á miðunum og slæms veðurútlits og því verið með minni afla en ef þau hefðu verið lengur á miðunum.

Að sögn Sveinbjörns er kolmunninn hið besta hráefni, feitur og fallegur fiskur, og hann á von á því miðað við kvótastöðuna að kolmunnaafli muni duga verksmiðjunni vel fram í næsta mánuð.

„Framhaldið veltur auðvitað mest á því að kolmunninn gefi sig til og á tíðarfarinu. Mér skilst að vertíðin hafi byrjað vel út af Seyðisfirði en síðan hafi aflinn dregist saman. Það má vel vera að fara þurfi dýpra og lengra eftir kolmunnanum en það kemur í ljós á næstu dögum og vikum," segir Sveinbjörn en hann reiknar með því að lokið verði við vinnslu á aflanum í nótt.

Það sem af er ári hefur verksmiðjan á Vopnafirði alls unnið úr tæplega 69 þúsund tonnum af hráefni og hefur starfsemin gengið vel. Verksmiðjan nýtir alfarið umfram rafmagnsorku til framleiðslunnar og hefur framboð raforku verið það tryggt að ekki hefur þurft að grípa til þess að keyra verksmiðjuna með olíu. */VH*



Smokkfiskur er farinn að veiðast í auknum mæli í kringum Bretlandseyjar og mun líklega í framtíðinni verða hluti af því fiskmeti sem Bretar leggja sér daglega til munns.

Fiskgengd við Bretlandseyjar breytist:

Þorskur og ýsa færa sig norðar og smokkfiskur veiðist í meira mæli

Rannsóknir sína að fiskgengd í hafinu umhverfis Bretlandseyjar er að breytast. Þorskur og ýsa eru að færast norðar og tegundum úr hlýrri sjó fjölgar. Breytingarnar stafa af hlýnun sjávar.

Niðurstaða hóps breskra haf- og fiskifræðinga er að hraðar breytingar séu að verða á lífríkinu í hafinu umhverfis Bretlandseyjar. Svo miklar er talið að breytingarnar verði að Bretar þurfi að aðlagast og fara að hugsa fiskneyslu sína upp á nýtt.

Samkvæmt niðurstöðu hópsins geta tegundirnar sem nú sækja í sjóinn valdið miklu tjóni á núverandi lífríki. Dæmi um það er skeldýrstegund, Crepidula fornicata, sem leggst á krækling og ostrur af miklum krafti. Á móti kemur að aðrar tegundir skeldýra sem leita í heitari sjó geta orðið framtíðarafl breskra sjómanna.

Bolfiskar, eins og þorskur og ýsa, geta hæglega flutt sig norðar í kaldari sjó en flatfiskar, eins og sólkoli og rauðspretta, eiga aftur á móti erfiðara með það og geta orðið undir í samkeppninni. Nú þegar er smokkfiskur og sardínur farnin að sjást í auknum mæli í afla sjómanna í kringum Bretlandseyjar.

Samkvæmt mælingum síðustu þrjátíu ára hefur sjórinn í kringum Bretlandseyjar hækkað um 1,5° á Celsíus og eru breytingarnar raktar til hnattrænnar hlýnunar vegna gróðurhúsaáhrifanna. Hækki sjávarhiti við Bretlandseyjar áfram með sama hraða, eins og talið er, mun hitastig hans eftir nokkra áratugi verða svipað og það var við Portúgal í dag og lífríki þess í samræmi við það.



Kræklingi og ostrum mun fækka við strendur Bretlandseyja, en aðrar dýrategundir koma í staðinn.

Áhrif hlýnunar sjávar hafa og munu halda áfram að hafa áhrif til breytinga á lífríki sjávar við Ísland. Nú þegar hefur loðna leitað norðar í kaldari sjó auk þess sem tegundir eins og ýsa, kolmunni, ufsi, síld og skötuselur, sem bundnar hafa verið við suður- og suðvesturströndina, hafa fundist í auknum mæli við norðan- og norðaustanvert landið. Þá hefur makríll leitað í auknum mæli í sjóinn við Ísland í fæðuleit. */VH*



Um borð í Grímsey ST frá Hólmavík. Halldór Höskuldsson heldur á rígaþorski. Mynd / Úr safni GE

Þorskurinn er kóngurinn hér

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Á meðan kóngafólk og prelátar ýmiss konar prýða seðla og mynt í flestum löndum heims skartar íslenski krónupeningurinn, grunneining peningakerfis okkar, upphleyptri mynd af þorski.

Það er ekki að ástæðulausu. Þorskurinn hefur, ásamt sauðkindinni, verið undirstaða efnahags Íslendinga öldum saman. Hann er ennþá einn af máttarstólpunum þótt dregið hafi hlutfallslega úr mikilvægi hans með tilkomu nýrra atvinnugreina, ekki síst á allra síðustu árum.

100 milljarðar króna

Þrátt fyrir að nýjar tegundir hafi bæst við nytjastofna á Íslandsmiðum á síðustu árum, svo sem makríll og kolmunni, og norsk-íslenska síldin hafi tekið upp fyrra göngumynstur sitt, er þorskurinn þó áfram kóngurinn í lífríkinu umhverfis landið. Sá guli skilaði þjóðarbúinu 100 milljörðum króna á síðasta ári, eða 43% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða. Þetta hlutfall hefur sjaldan farið niður fyrir þriðjung á liðnum árum.

Fyrir ekki svo löngu síðan byggðist gjaldeyrisöflun þjóðarinnar að stærstum hluta á útflutningi sjávarafurða. Nú er það allt breytt. Fyrst komst áliðnaðurinn upp að hlið sjávarútvegsins en síðan varð sprengingin stóra þegar erlendir ferðamenn fóru að flæða inn í landið í áður óþekktum fjölda. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru tekjur af útflutningi vöru og þjónustu á síðasta ári 1.187 milljarðar króna, þar af námu tekjur af ferðamönnum 463 milljörðum, eða 39% af heild. Næst kom útflutningur sjávarafurða 232 milljarðar (19,5%) og útflutningur á áli 182 milljarðar (15,3%).

Færri tonn – fleiri krónur

Þorskurinn, sem hér er aðallega til umræðu, skilaði einn og sér 100 milljörðum króna í gjaldeyristekjur í fyrra, eins og áður sagði, og var það 8,4% af heildargjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Þessi verðmæti voru búin til úr 264.000 tonnum af þorski sem dregin voru úr sjó. Það athyglisverða er að á sama tíma og veiddum tonnum hefur fækkað í áranna rás hefur verðmæti afurðanna farið stigvaxandi mælt á núvirði, fyrst og fremst vegna aukinnar og bættrar nýtingar hráefnisins. Er nú svo komið að nánast allt af þorskinum er nýtt á einn eða annan hátt.

Tölurnar tala sínu máli um þetta. Fram kom í erindi Önnu Kristínar Daníelsdóttur, sviðsstjóra hjá Matís, á ráðstefnu í Hörpu á dögunum, að árið 2016 hafi útflutningsverðmæti landaðs þorskafla Íslendinga verið 3,15 dollarar kílóið sem er 4,6 sinnum meira en árið 1981. Þorskaflinn 2016 skilaði 2,6 sinnum meiri verðmætum en árið 1981, þótt aflinn 2016 hafi einungis verði 57% af afla ársins 1981.

Hliðargrein við landbúnað

Sé litið aftur til þjóðveldisaldar voru skreið, vaðmál, lýsi og skáldskapur okkar helstu útflutningsafurðir, segir Ágúst Einarsson prófessor í bók sinni Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi, sem kom út í fyrra. Í byrjun 14. aldar tók skreið við af vaðmáli sem helsta útflutningsafurðin. Ekki er þó þar með sagt að þorskurinn hafi verið þjóðinni mikilvægari en sauðkindin, síður en svo. Sjávarútvegur var hér ætíð stundaður sem hliðarbúgrein við landbúnað og það þekktist um aldir að fara á vetrarvertíð á Suðurland og Snæfellsnes þegar lítið var við að vera í sveitinni og þorskurinn gekk nærri landi til að hrygna. Ágúst bendir á að svo seint sem árið 1870 hafi 81% vinnuafls landsmanna verið í landbúnaði (nú er það 2%).

Frakkar atkvæðamestir

Lengst af stunduðu Íslendingar handfæraveiðar á árabátum og aflinn var takmarkaður. Erlendar þjóðir, Englendingar, Þjóðverjar, Hollendingar og Frakkar, voru mun stórtækari í veiðum á Íslandsmiðum en heimamenn. Á 18. og 19. öld voru Frakkar langatkvæðamestir útlendinga hér við land og er afli þeirra upp úr sjó talinn hafa numið samtals 2,2 milljónum tonna að verðmæti 600 milljarða króna á núverandi verðlagi. Flest urðu frönsku fiskiskipin tæplega 350 talsins árið 1884 með liðlega 6.000 fiskimönnum. Veiðar Frakka við Ísland kröfðust mikilla mannfórna. Alls hurfu hátt í 400 hundruð skip í hafið og með þeim um 4.000 sjómenn frá því að þessar veiðar hófust fyrir alvöru á fyrri hluta 19. aldar og þar til þeim lauk fyrir síðari heimsstyrjöld , að mati Elínar Pálmadóttur blaðamanns, sem skrifað hefur mest um veiðar Frakkanna við Ísland.

Aflinn stóreykst

Við upphaf 20. aldarinnar heldur vélvæðing bátaflotans innreið sína á Íslandi og togarar koma til sögunnar. Afli Íslendinga jafnt sem útlendinga stóreykst. Nú voru helstu erlendu veiðiþjóðirnar Bretar og Þjóðverjar og lítið dró úr afla þeirra þótt fiskveiðilögsagan væri færð út á ofanverðri 20. öld, fyrst úr 3 sjómílum í 4 sjómílur árið 1952, síðan í 12 sjómílur árið 1958 og svo í 50 sjómílur árið 1972. Það var ekki fyrr en með útfærslunni í 200 sjómílur árið 1975 að Íslendingum tókst loks að reka útlendingana af höndum sér.

Veiðar útlendinga

En hversu mikið veiddu útlendingar á Íslandsmiðum á tuttugustu öldinni og hve stór var hlutur Íslendinga? Í grein í Fiskifréttum fyrir tveimur árum var leitast við að svara því. Í Hagskinnu, riti Hagstofu Íslands, má finna tölur um árlegan afla útlendinga við Ísland allt frá árinu 1905. Séu þessar tölur lagðar saman kemur í ljós að heildarafli botnfisks á Íslandsmiðum á tímabilinu frá 1905 til 1978 (þegar útlendingum var endanlega úthýst úr fiskveiðilögsögunni) nam 38 milljónum tonna, þar af veiddu útlend fiskiskip 18 milljónir tonna en íslensk 19 milljónir. Lengi framan af öldinni var árlegur afli útlendinga yfirleitt meiri en Íslendinga ef tímabil tveggja heimsstyrjalda er undanskilið. Fiskifréttir reiknuðu út að aflaverðmæti þeirra 18 milljóna tonna sem útlendingar (aðallega Bretar og Þjóðverjar) drógu úr sjó við Ísland á þessu tímabili hefði numið um 5 þúsund milljörðum króna miðað við markaðsverð á þorski og ýsu í dag. Það samsvarar yfir 70 milljörðum króna á ári að meðaltali ef stríðsárin eru undanskilin.

Heildarafli dregst saman

Það er svo annað umhugsunarefni hvers vegna heildarbotnfiskaflinn á Íslandsmiðum er miklu minni nú en hann var stærstan hluta þess tíma sem við deildum fiskimiðunum með útlendingum á 20. öldinni. Allt frá árinu 1950 og þar til 200 mílna fiskveiðilögsagan var viðurkennd árið 1976 fór botnfiskaflinn í heild aldrei niður fyrir 600 þúsund tonn og var iðulega um og yfir 800 þús. tonn. Á seinni árum hefur botnfiskaflinn minnkað niður í rúmlega 400 þús. tonn á ári. Ekki er einhlít skýring á þessu en nærtækast er að ætla að náttúruleg skilyrði fyrir vöxt og viðgang fiskistofna á okkar hafsvæði hafi versnað sem m.a. lýsir sér í því að þorskgöngur frá Grænlandi til Íslands, sem áður voru mikil búbót, heyra nú sögunni til.

Þótt hlutur þorksins og annarra nytjafiska í efnahag Íslendinga hafi dregist saman hlutfallslega er sá guli ennþá mikilvæg undirstaða góðra lífskjara í landinu. Það er því áfram vel við hæfi að hann prýði íslenska krónupeninginn.

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Bókhaldsþjónustan Bókvís ehf., óskar eftir að ráða starfsmann til bókhaldsstarfa frá og með næstu áramótum.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af færslu bókhalds, uppgjörsvinnslum og skattauppgjörum.


Bókvís ehf. er í eigu *Búnaðarsambands Eyjafjarðar* og er staðsett á Óseyri 2 á Akureyri og annast bókhald og skattauppgjör fyrir bændur, einkahlutafélög og félagasamtök.

Umsóknir skal senda á Bókvís ehf., Óseyri, 603 Akureyri eða á netföngin *sigurgeir@bugardur.is* eða *jhs@bugardur.is* fyrir 1. desember n.k.


Frekari upplýsingar veitir Jón Hlynur Sigurðsson í síma 460-4475 eða 863-7529.

Bændablaðið
Kemur næst út 30. nóvember
Smáauglýsingar
56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Bækur sem tekið er eftir!



Fallegur gripur sem brúar kynslóðabilið.




Fróðleg og spennandi frásögn af sérstæðu fiskveiðistríði þar sem varðskipin eltu Íslendinga.



Magnaðar örlagasögur víðsvegar að af landinu.



Árekstur íslenskrar gestrisni í Galtarvita við Breska heimsveldið.




Valgarður er merkur höfundur sem ævinlega kemur lesendum sínum á óvart.



Listilega skrifuð samtímafrásögn frá þarsíðustu öld.



Einstaklega frumleg og merkileg nálgun – þjóðfræðibók fyrir alla.



Hetjusaga íslensku konunnar – skyldulesning fyrir bæði kynin.

SÆMUNDUR

AFLVÉLAR



Sanddreifarar fyrir traktora, Sami
Nokkrar stærðir í boði, 100–230 cm breiðir
Verð frá: 340.000 kr. + vsk.



Sanddreifari 290 lítra, Sami, fyrir bíl eða fjórhjól
Dreifir 100 cm
Verð: 159.000 kr. + vsk.



Snjóskófla með vængjum, Sami
230 cm breið + tveir 74 cm vængir
Verð: 555.000 kr. + vsk.



Salt- og sanddreifari Pronar, EPT15
1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.190.000 kr. + vsk.



Fjölplógur Pronar, PUV 3300M, 3,3 m
Verð: 890.000 kr. + vsk.



Snjótönn Sami, 3000 HD
3 m, með euro festingu
Verð: 290.000 kr. + vsk.

Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, S: 480-0000
www.aflvelar.is sala@aflvelar.is

HLUNNINDI & VEIÐI

Varað við afléttingu banns við netaveiði í friðuðum hólfum við Faxaflóa:

Hlunnindi verði nýtt í sem mestri sátt við viðkvæma náttúru

– Formenn hagsmunasamtaka í æðarrækt senda frá sér yfirlýsingu um málið

Hinn 26. október sl. er frétt í Skessuhorni þar sem vitnað er til þess að aðalfundur Landssambands smábátaeigenda taki undir þá ályktun Sæljóns, smábátafélags Akraness, að felld verði úr gildi þau friðunarákvæði, þ.e. tímamörk, sem gilda um grásleppuveiðar og verndun æðarvarps við Faxaflóa og víðar.

Minnt skal á að æðarrækt er mikilvæg búgrein víða um land. Við Faxaflóa eru fjölmargar jarðir sem hafa hlunnindi af æðarvarpi sem skila bændum og þjóðarbúinu tekjum en æðardúnn er eftirsótt útflutningsafurð. Auk þess er allt Faxaflóasvæðið mikilvægt „beitar- og uppeldissvæði“ fyrir æðarfugl og fleiri fugla sem þar eiga athvarf sitt. Tíminn snemma vors og fram á sumar er sérstaklega viðkvæmur fyrir varpfugla. Þekkt er að æðarfugl frá öðrum svæðum leiti inn á Faxaflóasvæðið bæði fyrir og eftir varp, enda er þetta svæði kjörlendi fyrir uppeldi og athvarf bæði æðarfugls og annarra fugla. Því eru það ekki eingöngu hagsmunir æðarbænda á svæðinu að vernda æðarfuglinn yfir viðkvæmasta tímann, heldur einnig annarra bænda sunnan og norðan við flóann.

Þá er það einnig þekkt að netaveiðar á grunnslóð eru æðarfugli og öðrum fuglum hættulegar, bæði hvað varðar fugla sem farast í netum og einnig sú truflun og rask sem netabátum fylgir. Í könnun sem Hafrannsóknastofnun gerði á sínum tíma á Breiðafirði og Húnaflóa kom fram að umtalsverður fjöldi fullorðinna fugla (varpfugla) á svæðunum fórst í grásleppunetum. Í ljósi þessara staðreynda voru núgildandi reglur settar. Með slíkum umgengnisreglum fæst nauðsynleg vernd fyrir æðarfugl og jafnframt sátt á milli aðila sem nýta mismunandi hlunninda. Einnig skal bent á skýrslu nefndar um vernd , velferð og veiðar villltra fugla og spendýra frá 2013 en þar kemur fram að hér við land eru lagnet fyrir þorsk, ýsu og grásleppu sennilega þau veiðarfæri sem hafa hvað neikvæðust áhrif á fugla og bent á að grásleppunet drepi helst teistu og æðarfugl. Jafnframt er þar tekið fram að grásleppuveiði hafi aukist og verði að líta á þær sem vaxandi vandamál, sérstaklega fyrir teistu og æðarfugl.

Í þessu máli vegast á ólíkir mikilvægir hagsmunir. Það hlýtur að veikja samþykkt aðalfundar Landsambands smábátaeigenda að halda því fram að „lobbyismi“ hafi ráðið banninu þegar það liggur fyrir hversu mikilvæg þessi verndun sé fyrir æðarfuglinn og viðkomu hans. Í þessum orðum felst að ráðherra hafi látið annað en málefnaleg rök ráða við setningu reglugerðarinnar. Er þessi málflutningur ekki síður vafasamur í ljósi þess að á sínum tíma stóðu yfirvöld, í samráði við viðkomandi aðila, að því að setja umræddar reglur til þess að ná sátt um hlunnindanýtingu ólíkra greina og að öll hlunnindi séu nýtt í sem mestri sátt við viðkvæma náttúru.

Svanur Steinarsson,
formaður Æðarræktarfélags Vesturlands og
Guðrún Gauksdóttir,
formaður Æðarræktarfélags Íslands



Netaveiðar á grunnslóð eru æðarfugli og öðrum fuglum hættulegar, bæði hvað varðar fugla sem farast í netum og einnig sú truflun og rask sem netabátum fylgir, segja formenn Æðarræktarfélaga Vesturlands og Íslands.



Umrætt hólf sem friðunarákvæði hafi gilt um fyrir grásleppuveiðum út af Mýrum.

Vetrarundirbúningur
MÚRBÚÐARVERÐ
-18°C frostþol
DEKA RÚÐUVÖKVI
Rúðuvökvi -18°C 4 lítrar
740
S805-2Y ál snjóskófla L:110cm
2.190
S805-10D 135cm ál snjóskófla
2.595
S805-4L 170CM ál snjóskafa
2.190
Hálkusalt 5 kg
585
Dali Snjóskafa/ kústur 59cm
440
Rafmagnshita-blásari 3Kw 1 fasa
8.890
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum og tækifærum í ferðaþjónustu.
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Slæmt ástand Vítis

Ástand Vítis í Mývatnssveit er með allra versta móti. Gígbarmurinn er illa farinn á löngum köflum og umhverfis er gróður og land í niðurníðslu.

Mikill fjöldi ferðafólks heimsækir staðinn árlega en þar er engin aðgangsstýring eða landvarsla. Göngustígar eru í slæmu ástandi og illa afmarkaðir sem stuðlar að því að gróður treðst niður svo eftir stendur flag. Það sama á við um bílastæðið sem veldur því að víða er ekið og lagt utan vega og stæðis með sömu afleiðingum.

Náttúrugersemum hnignar

Víti er aðeins eitt dæmi af mörgum um hnignun ferðamannastaða hérlendis vegna þess hve illa þeir eru í stakk búnir til að taka á móti miklum fjölda gesta. Sú staða ætti að vera yfirvöldum ferðamála og ferðaþjónustunni umhugsunarefni.

Seigfljótandi drulla

Fegurð og ímynd ósnortinnar náttúru er helsta ástæða þess að ferðafólk kemur til Íslands og undirstaða ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Náttúruvernd á ekki upp á pallborðið og ábyrgðarleysi gagnvart ferðamannastöðum er víða greinilegt. Ósjálfbær landnýting vinsælla ferðamannastaða er eitt brýnasta viðfangsefni náttúruverndar Íslands. Helsta minning Íslandsferðar á ekki að vera seigfljótandi drulla sem límist við sóla.

***Davíð Arnar Stefánsson**, verkefnastjóri hjá Landgræðslu ríkisins.*



Víti. Mynd /HKr.



Massey Ferguson 5711

Hagkvæmur vinnuþjarkur – Lipur í ámoksturstækjavinnu

Rúmgott hús með miklu útsýni. Þægilegt aðgengi. Loftfjöðrun á ökumannssæti. Farþegasæti með öryggisbeltum. Öflug miðstöð. Öll helstu stjórntæki innan seilingar ökumanns. Auka ökuljós á handriðum. Vinnuljós í toppi framan og aftan. Einföld og þægileg uppsetning stjórnbúnaðar.

4 cylinder AGCO Power mótor, 4,4L togmikill sem nýtir orkuna vel jafnt á lágum snúningi sem háum. Sérlega sparneytinn og áreiðanlegur. Gírkassi með 6+6 gírum, hraðastig upp að 12 km/klst akurstilling og upp að 40 km/klst vegastilling. Vendigír vinstra megin við stýrishjól er óháður kúplingu. 98 L vökvafæði til vökvaúttaka og ámoksturstækja. Þriggja hraða aflúrtak (540-540E og 1000 snú/mín). Dráttarkrókur með vökvaútskoti.

Verð frá
7.690.000 án vsk
Með ámoksturstækjum og skóflu
m.v. EUR 120

Kr. 9.535.600 með vsk.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Wendel



Hilltip Icestriker
Salt og sanddreifarari í þremur stærðum, fyrir pallbíla sem og minni vörubíla. Rafdrifin 12V.



Hilltip Spraystriker
Pækildreifarar frá Hilltip 500–2000 lítrar, hámarks dreifibreidd 5 metrar. Fyrir pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifin 12V.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótennur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegar í 165 cm –240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa . Fáanlegir í 185 cm –240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SML
Snjótennur fyrir minni vörubíla ca. 7,5 tonn. Fáanlegar í 260 cm –300 cm breidd.



Hilltip Sweepaway
Sópur fyrir gröfur, lyftara og dráttavélar. Fáanlegir í breiddum 1,5 m – 4,0 m.

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S: 551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is





Horft yfir pottasvæðið, með slökunarherbergið á hægri hönd og vinstra megin er móttaka og búningsherbergi. Myndir / smh

Krauma – náttúrulaugar formlega opnaðar í Reykholtsdalnum í Borgarfirði:

Vatnið kemur úr vatnsmesta hver Evrópu

– Hráefnið á veitingastaðinn kemur úr héraði

Þann 2. nóvember síðastliðinn voru Krauma – náttúrulaugar við Deildartunguhver í Reykholtsdal í Borgarfirði formlega opnaðar. Ásamt laugunum verður rekinn veitingastaður á staðnum sem verið er að standsetja þessa dagana. Áformað er að opna hann um miðjan mánuðinn.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka á móti um 140 manns á hverjum tíma; búningsklefarnir rúma 100 manns, veitingastaðurinn um 70 manns í sæti og annað eins á útisvæði.



Matsalurinn. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka á móti matargestum á allra næstu dögum.

Bræðurnir eru garðyrkjubændur

Byggingaframkvæmdir hófust í Deildartungu í apríl 2015 og hafa staðið yfir síðan en þó með allnokkru hléi síðastliðinn vetur. Það voru bræður frá Deildartungu, Sveinn Magnús og Dagur Andréssynir, og fjölskyldur þeirra, sem lögðu af stað með þetta verkefni. Um mitt þetta ár bættist svo fyrirtækið Jökull Invest í eigendahópinn og með nýjum meðeigendum hefur þetta verkefni loksins komist á koppinn. Bræðurnir eru báðir garðyrkjubændur, Sveinn býr í Víðigerði, í næsta nágrenni við Krauma, og ræktar tómata en Dagur bróðir hans býr á Kleppjárnsreykjum, andspænis honum í dalnum, og ræktar þar paprikur.

Staðbundið hráefni

Nýlega var Jónas Friðrik Hjartarson ráðinn sem framkvæmdastjóri Krauma, en Pétur Jónsson rekstrarhagfræðingur hafði frá því í sumar leitt verkefnið í gegnum uppbyggingarferlið eftir að það fór aftur af stað eftir nokkurt hlé. Jónas, sem áður starfaði á Ríkisútvarpinu sem sölustjóri auglýsinga, segir að nú vanti aðeins lokahnykkinn á framkvæmdirnar og vonar hann að hægt verði að opna veitingastaðinn á allra næstu dögum. „Við ætlum að leggja metnað í veitingareksturinn og sækja hráefni hér í nærumhverfið. Hér er til dæmis nóg úrval grænmetis, ávaxta og kjötafurða. Yfirkokkurinn á Krauma heitir Björn Ágúst Hansson og verður staðurinn í svokölluðum bístró-stíl; yfirlætislaus og vinalegur. Við ætlum að reyna að höfða til sem flestra," segir Jónas.



Ferðamenn við Deildartunguhver. Gengið er upp frá hvernum að Krauma og affallið af pottunum fellur niður við göngustíginn í litlum læk.

Hugmyndin komin frá húsfreyjunni

Jónas segir að hugmyndir svipaðar þessu verkefni megi í raun rekja til Sigurbjargar Björnsdóttur, húsfreyju í Deildartungu, en hún féll frá árið 1984, 97 ára að aldri. Þá hafði jörðin Deildartunga verið í eigu sömu fjölskyldu í um 200 ár og var Deildartunguhver í eigu Sigurbjargar þar til hann var tekinn eignarnámi af íslenska ríkinu árið 1979. Var hann



Horft frá Kleppjárnsreykjum yfir Reykjadalsána að Deildartunguhver. Baula böðuð vetrarsól í baksýn.



Vatnsmesti hver í Evrópu

Deildartunguhver er talinn vatnsmesti hver í Evrópu og spúir um 180 lítrum upp á sekúndu af hundrað gráðu heitu vatni.

Áður fyrr var hann nýttur til þvotta og eldamennsku. Fyrir um 80–90 árum smíðuðu ábúendur í Deildartungu timburstokk til að flytja gufuna að gamla íbúðarhúsinu. Með gufunni mátti hita upp húsið, sjóða mat í gufupotti, auk þess sem íbúar gátu farið í heita sturtu og gufubað – sem þótti einstök þægindi á þeim tíma.

Um 1941 var garðyrkjustöðin Víðigerði reist við hverinn og er hún enn í fullum rekstri þar sem ræktaðir eru tómatar. Matjurtarækt hefur líka verið stunduð víða í nágrenni við hverinn um áratuga skeið og vatn frá honum nýtt til að hita upp garðana.

svo afhentur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til afnota eftir því sem almenningsþörf krefði.

Sigurbjörg þekkti vel heilsusamleg áhrif heita vatnsins á líkama og sál og hafði hugmyndir um að almenningi yrði gert kleift að baða sig í steinaefnaríku hveravatninu.

Mikil vinna lögð í útlitið

Mikil vinna hefur verið lögð í útlit Krauma og eiga arkitektarnir Brynhildur Sólveigardóttir og Arnhildur Pálmadóttir hjá DARK studio heiðurinn af því. Byggingarnar, sem allar eru steinsteyptar, eru klæddar með timbri og á þeim torfþak. Víða eru torfhleðslur upp við veggi og það ásamt dökku yfirbragði bygginganna verður til þess að þær falla afar vel inn í umhverfið. Stíll innanhúss er frekar hrár, svartir veggir og steypugráar flísar á gólfi. Á móti ljósum asklituðum innréttingum er notað dökkt efni sem heitir Viroc, en það er blanda af steypu og timburspæni og er einkum ætlað til klæðninga utanhúss og þar af leiðandi vatnshelt.

„Við ætlum að hafa þetta umhverfisvænt – í sátt við náttúruna – og því verður enginn klór notaður og pottarnir þrifnir daglega," segir Jónas. „Þá verður byggð upp aðstaða við hverinn sjálfan; salernisaðstöðu komið upp og önnur aðstaða fyrir ferðamenn bætt – en yfir 200 þúsund gestir koma árlega að Deildartunguhver."



Móttakan tilbúin. Krauma getur tekið á móti allt að 140 manns á hverjum tíma.

annars vegar Jörð og hins vegar Vatn sem er framleitt hjá Sóley Organics."

Við pottana er slökunarherbergi, en þar býðst gestum að slappa af í legubekkjum umhverfis arin í miðju rýmisins við ljúfa tónlist. Búningsherbergin eru með læstum skápum og þar eru rúmgóð snyrtiborð með stórum speglum og góðri lýsingu.

„Til gamans má nefna að ef ekki væri fyrir agnarsmáa jurt sem vex við hverinn, þá væri Deildartunguhver ekki sá ferðamannastaður sem hann er í dag, né hefði uppbygging Krauma orðið að veruleika.

Í hverahólnum vex burknategund af ætt Skollakamba og er hann sérstakt afbrigði þeirrar ættar og ber nafnið Tunguskollakambur. Þegar hverinn var virkjaður í lok áttunda áratugar síðustu aldar, stóð



Jónas Friðrik Hjartarson er framkvæmdastjóri Krauma.



Horft upp eftir affallslæknum á baðsvæðið.



Dagur Andrésson (t.v.), annar Deildartungubræðra, býr á Kleppjárnsreykjum og ræktar þar paprikur.

Fimm heitir pottar og einn kaldur

Jónas segir að vatnið í laugunum komi úr sjálfum hvernum en sé blandað köldu vatni sem á uppruna sinn við öxl Oks, sem er rétt suðaustan við Reykholtsdalinn. „Pottarnir eru fimm talsins og er hitastigið frá 32 til 43 gráða. Einnig er kaldur pottur á laugasvæðinu en hann er sex til átta gráður. Tvö gufuböð eru á baðsvæðinu og inni í þeim eru notaðar gæða ilmolíur hvort með sínum ilminum; til að steypa yfir hann allan. Það var ljóst að án gufunnar sem leggur frá hvernum myndi burkninn deyja út. Þar sem hann var friðlýstur varð að falla frá fyrirhugaðri hönnun á mannvirkjunum og stór hluti Deildartunguhvers fékk að vera sýnilegur áfram," segir Jónas.

Laugarnar verða opnar allt árið um kring, alla virka daga frá 10 til 23 á sumrin og 10 til 21 á veturna. Opið er á hátíðardögum frá 10 til 16.

/smh

Vörusmiðja BioPol á Skagaströnd eykur tækifæri matvælaframleiðenda:

Opnar nýja möguleika á vöruþróun og framleiðslu án mikilla fjárfestinga

Vörusmiðja BioPol var opnuð á Skagaströnd nú í haust en smiðjan er afrakstur verkefnis sem hófst 2016 og miðaði að því að efla byggðaþróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingu á svæðinu.

Árið 2016 hófst verkefni sem miðaði að því að koma upp frumkvöðlamiðstöð í tengslum við rannsóknastofu BioPol ehf. á Skagaströnd. Framkvæmdir við Vörusmiðjuna hófust um miðjan nóvember 2016. Var vinnslurýmið svo tekið í notkun í gamla frystihúsinu á staðnum í september síðastliðnum, en verkefnið var upphaflega fjármagnað af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu í kjölfar svokallaðrar NV nefndar.



Árið 2016 hófst verkefni sem miðaði að því að koma upp frumkvöðlamiðstöð í tengslum við rannsóknastofu BioPol ehf. á Skagaströnd. Úr varð Vörusmiðja BioPol sem staðsett er í gamla frystihúsinu við höfnina.

Þórhildur María Jónsdóttir matreiðslumeistari var ráðin til þess að sjá um rekstur Vörusmiðjunnar. Henni er ætlað að veita ráðgjöf og styðja við viðskiptavini smiðjunnar t.d. við að þróa vörur sínar í markaðshæft form.

Vörusmiðjan leigir einstaklingum og fyrirtækjum aðstöðuna með tækjum og tólum ýmist í einn og einn dag í einu eða í nokkra daga samfellt.



Þórhildur María Jónsdóttir matreiðslumeistari var ráðin til þess að sjá um rekstur Vörusmiðjunnar.



Sigrún Indriðadóttir á Stórhóli að saga lambaskrokk.

Jákvætt og viðbrögðin góð

„Þetta er komið í fullan gang og hafa bændur á Norðurlandi vestra verið að nýta sér smiðjuna núna í haust. Þetta er mjög jákvætt og viðbrögðin góð," segir Þórhildur.

„Hér hefur fólk verið að vinna með lambakjöt, ærkjöt og geitakjöt. Þá hafa menn líka verið að þreifa sig áfram með framleiðslu á fiski. Þetta er því margbreytilegt.

Þá er fólk að þróa veruflokka, prófa sig áfram með vörur, eins og varðandi krydd og annað. Það er þannig að búa til aukin verðmæti úr hráefninu. Mér finnst einkennandi í þessari vinnu hvað bændur eru mikið að hlusta á sína viðskiptavini og vinna vöruna að óskum hvers og eins. Það varðar m.a. að sníða pakkningar eftir þörfum fjölskyldustærðar og hvernig fólk vill fá skrokkana hlutaða í sundur."

Komið í veg fyrir krossmengun milli ólíkra matvæla

Öll vinna í húsinu er skipt þannig að einungis er verið að framleiða á einu matvælasviði í einu og síðan þrifið og sótthreinsað á milli. Þannig er komið í veg fyrir krossmengun á milli ólíkra greina eins og í kjötiðnaði og fiskvinnslu.

Þórhildur segir að þótt hver og einn þrifi og sótthreinsi að lokinni vinnslu, þá sé áhersla lögð á að framleiðendurnir séu sjálfir alltaf ábyrgir fyrir sinni eigin framleiðslu. Því sé æskilegt að þeir hefji sína vinnslu alltaf á því að þrífa. Þá sé ekki verið að taka áhættuna á að sá sem síðast var að framleiða í húsinu hafi mögulega ekki þrifið nægilega vel.



Búnaður Vörusmiðjunnar er mjög góður. Þar er t.d. ofn sem bæði er hægt að kaldreykja og heitreykja í, ásamt því að þurrka, sjóða og steikja, farsvél, hakkavél, kjötmixer, pylsusprauta, vacum-vél og kjötsög.





Í vörusmiðjunni er allt til alls, líka kæli- og frystiklefar.

Með öll tilskilin leyfi

Smiðjan hefur öll tilskilin leyfi til matvælavinnslu og er búin fjölbreyttu úrvali matvinnslutækja og áhalda. Aðstaðan er því sérsniðin fyrir frumkvöðla í matvælavinnslu og smáframleiðendur sem eru að taka fyrstu skref framleiðslu og þróunar á vörum sínum. Leyfilegt er þó að vinna með fleira en matvæli, s.s. öll hráefni til olíugerðar í snyrtivörur og eða sápur. Einnig verður hægt að leigja aðstöðuna til að undirbúa veislur og bakstur fyrir stór tilefni. Þá verður hægt að leigja aðstöðuna undir námskeiðahald.

„Við erum með öll leyfi fyrir húsið og búnaðinn og það er allt vottað. Þeir sem koma svo og framleiða í húsinu þurfa líka að vera með sín framleiðslu- og söluleyfi. Allt sem þau gera hér í Vörusmiðjunni og vörurnar sem þau framleiða eru algjörlega á þeirra ábyrgð.

Góður tækjabúnaður

Þórhildur segir að búnaður Vörusmiðjunnar sé mjög góður. Það megi þó endalaust bæta við og auðvelt sé að missa sig í tækjakaupunum. Í þeim efnum hafi þó fyrst og fremst verið miðað við líklegustu þarfir þeirra einstaklinga sem til þeirra leiti.



Frá höfninni á Skagaströnd. Athafnasvæði Vörusmiðjunnar blasir við í gamla frystihúsinu í baksýn. Mynd / HKr.



Eydís Magnúsdóttir og Rúnar Máni Gunnarsson í Sölvanesi að pakka kjöti í eigin pakkningar.

Við erum með margvísleg tæki. Hér er t.d. ofn sem bæði er hægt að kaldreykja og heitreykja í ásamt því að þurrka, sjóða og steikja. Þá er hér líka minni ofn sem hugsaður er fyrir þróunarvinnu og framleiðslu á prufum sem henta ekki í stóran ofn. Svo er hér farsvél, hakkavél, kjötmixer, pylsusprauta, vacum-vél og kjötsög. Svo kemur fólk með sína eigin vacum-poka og umbúðir sem það hefur gert fyrir sínar eigin framleiðsluvörur. Það þarf því ekki annað en að mæta hér með allt hráefni, umbúðir og annað sem til þarf og taka það svo til baka, pakkað og tilbúið eftir vinnslu.

Líka hægt að koma með eigin tæki

„Ef fólk er að vinna mjög sértæk verkefni, sem krefjast sértæks búnaðar, þá getur það komið með sín eigin tæki til að vinna slíkt. Þá er bara farið eftir vinnureglum hér á staðnum varðandi þrif og sótthreinsun á búnaði sem kemur hér inn.

Þórhildur segir að í Vörusmiðjunni sé bæði frystir og kælir. Hins vegar er ekki lageraðstaða og því verður fólk að finna aðrar lausnir til að geyma vöru sem þarna er framleidd og fryst.

Þórhildur segir að nýtingin hafi verið góð það sem af er. Viðskiptavinirnir hafi svo sem ekki verið margir, en sumir mjög dyggir og að vinna að fjölbreyttum verkefnum.



Gefur kost á að auka virðisauka framleiðslunnar

„Hér hefur t.d. verið ein sem var áður að selja beint frá býli en aðeins með því að pakka vörunni í neytendaumbúðir. Nú hafi opnast dyr til að vinna vöruna meira, þróa fleiri vöruflokka og ná meiri virðisauka út úr hráefninu.

Ég tel líka mjög mikilvægt að hingað getur fólk komið og þróað og prufað hvort markaður sé fyrir þeirra framleiðsluvörur án þess að þurfa að steypa sér út í miklar fjárfestingar. Það getur þreifað á markaðnum og prófað sig áfram í húsnæðinu til að meta hversu mikið pláss þurfi undir framleiðsluna. Síðan getur viðkomandi metið hvort hann vill láta þessa aðstöðu nægja eða stíga frekari skref á eigin vegum.

Við leigjum smiðjuna fyrir alla matvælaframleiðslu af hvaða toga sem er, undir kjöt, fisk, sultugerð, grænmetisvinnslu, eða hvað sem er. Þá er líka hægt að leigja aðstöðuna til að halda námskeið í matvælaframleiðslu. Félagasamtök geta líka leigt Vörusmiðjuna til að baka fyrir fjáraflanir. Þá er rýmið það vel tækjum búið að hér er hægt að undirbúa veislur. Ef fólk vill síðan framleiða sápur eða snyrtivörur úr því hráefni sem hér er að finna, þá er líka hægt að gera það.

Þótt Vörusmiðjan sé staðsett hér á Norðurlandi vestra, þá getur fólk nýtt sér hana hvar sem það er statt á landinu. Hún er opin fyrir alla. Maður lætur ekki smá vegalengd stoppa sig ef maður ætlar í alvöru að gera eitthvað. Ef menn setja slíkt fyrir sig þá vil ég nú meina að mönnum sé ekki mikil alvara með það sem þeir segjast vilja gera," segir Þórhildur María Jónsdóttir.

/HKr.



Merete Rabølle, Hrauni, að úrbeina lambakjöt.

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2017/18

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6.	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6.	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	892-1207	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi upp ehf.	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Biggi upp ehf.	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Biggi upp ehf.	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Barði Sveinsson / Nanna	456-2019	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Akstur og löndun ehf	897-6733	Neðri Hjarðardalur	456-8137
Flateyri	Akstur og löndun ehf	897-6733	Akstur og löndun ehf	897-6733
Ísafjarðardjúp	Akstur og löndun ehf	897-6733	Akstur og löndun ehf	897-6733
Hólmavík	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt.	898-4829
Bitrufjörður	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt.	898-4829
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	N1 - Píparinn Blönduósi	452-4545
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri.	455-4610
Akureyri	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	458-8980
Mývatn	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	458-8980
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Baldur Grétarsson	861-1961	Fóðurblandan, Egilsstöðum	570-9860
Höfn	Viðir Gíslason	864-4819	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Viðir Gíslason	864-4819	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Viðir Gíslason	864-4819	Ragnar S. Þorsteinsson	864-9628
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi upp ehf.	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi upp ehf.	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840



TÆKNI & VÍSINDI

Tímarit Háskólans í Reykjavík uppfullt af fróðleik:

Þrívíddarprentuð líffæri og endalok hins frjálsa vilja

– Sýndarverur sem semja djass, orkuverð og fleira

Tímarit Háskólans í Reykjavík er komið út í níunda sinn og inniheldur að vanda fjölbreyttar greinar og viðtöl um rannsóknir og önnur viðfangsefni nemenda og kennara við HR, í lífi og starfi. Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu HR á slóðinni: https://www.ru.is/kynningarefni/timarithr/



Meðal efnis í tímaritinu í ár eru greinar um notkun þrívíddarprentaðra líffæra við undirbúning skurðaðgerða, sýndarverur sem spila djass, grunnlínupunkta landhelgi Íslands, orkuverð á Íslandi og í Evrópu í samhengi við áætlanir um sæstreng til Evrópu, hvernig tölvuforrit hafa áhrif á hegðun okkar og skoðanir og margt fleira. Ari Kristinn Jónsson rektor skrifar um samstarf HR og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins við MIT-háskólann í Boston sem miðar að því að greina hvaða breytingar þarf að gera á Íslandi til að efla verðmætasköpun á grunni hugvits og nýsköpunar.

Tímarit HR er sent til núverandi og fyrrverandi nemenda háskólans og til starfsmanna. Blaðinu er einnig dreift á kaffihús og í ýmis almannarými eins og bókasöfn, verslanamiðstöðvar, sundlaugar og á fleiri staði.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Til sölu jörðin Galtalækur í Rangárþingi ytra

Galtalækur er efst í Landsveit nú nefnt Rangárþing ytra. Jörðin hefur um langan aldur verið talin með landmeiri jörðum þar. Nokkuð skóglendi er á Galtalæk. Ræktunarskilyrði nokkuð góð. Landstærð talin vera um það 800 ha. Veiðiréttur í Veiðivötnum.

Eldri húsakostur sem þarfnast aðhlynningar. Ekki ríkisrafmagn en það er komið heim á hlað. Rafmagn frá gamalli heimavirkjun sem er að hluta til í eigu jarðarinnar.

Áhugaverð jörð í fögru umhverfi. (Athugið Galtalækur II er sér jörð sem ekki er verið að selja.) **Verð aðeins 67 milljónir.**

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali, magnus@fasteignamidstodin.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Vinnufatnaður og skór
praxis
...Þegar þú vilt þægindi



Úrval af vinnufatnaði fyrir eldhús og veitingastaði
Bómullarbolir, svuntur og mikið af fatnaði sem þolir 95° þvott og þarf ekki að strauja

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opið mánudaga og miðvikudaga kl. 11-17 og fimmtudaga kl. 16-18



Í Noregi hefur sýndarveruleikagirðingin verið prófuð á nautgripum og geitum við góðan árangur en sauðfé virðist ekki tengja nógu vel við tæknina.

„Nofence-tækni“ frá Noregi:

Sýndarveruleiki í stað girðinga

Við norska umhverfisháskólann NMBU eru Knut Egil Bøe og samstarfsfólk hans byrjuð að nota hálsólar með GPS-hnitum á búgripi í stað þess að setja upp girðingar og gefa tilraunirnar góða raun. Er það von manna að með þessari nýju tækni verði girðingar óþarfar í framtíðinni, þess í stað fái dýrin með hálsólarnar rafmagnsstuð í sig í gegnum þær fari þau of langt út fyrir tilætluð svæði.

„Nofence er norsk uppfinning en hugmyndin um sýndarveruleikagirðingar er ekki alveg ný af nálinni. Þróun á einföldum hundahálsböndum hófst árið 1973 til að kenna hundum að veiða eða smala eins og til dæmis kindum. Síðan hefur orðið þróun eins og í öðru en ég veit ekki um neitt annað kerfi en Nofence sem hægt er að nota fyrir hjarðir dýra,“ útskýrir Knut Egil Bøe, prófessor við NMBU.



Knut Egil Bøe, prófessor við NMBU-háskólann í Noregi, hér með samstarfskonu sinni en þau hafa gert tilraunir á nýrri tækni, Nofence, sem er girðing í sýndarveruleika.

Hljóðmerki og rafstuð

Nofence-tæknin er í raun sýndarveruleiki þar sem óþarfi verður að girða fyrir búfénað. Dýrin fá hálsól sem er með ákveðnum GPS-hnitum.

„Eigandi dýranna setur inn á stafrænt kort það beitarsvæði sem hann óskar eftir að dýrin gangi á og því eru þetta ákveðin landamæri í sýndarveruleika sem dýrin geta gengið um á. Þegar dýrin nálgast landamærin byrjar hálsólin að titra um leið og það kemur ákveðið hljóðmerki sem eykst eftir því sem þau ganga lengra. Ef að dýrið hunsar þessi skilaboð og fer yfir landamærin þá fær það rafmagnsstuð í sig,“ útskýrir Knut Egil og segir jafnframt:

„Styrkurinn á rafmagnsstuðinu er mun minni en frá rafmagnsgirðingu. Þegar dýrið er búið að læra inn á hálsólina og hvaða mörk þau hafa þá eiga þau að bregðast við hljóðmerkjunum og fá þá sjaldan rafstuð.“

Reynist vel á nautgripum og geitum

Kerfið hefur mest verið notað á geitur í Noregi en þó hafa verið gerðar prófanir á nautgripum og sauðfé. Þróunarferlið hefur gengið vel en þó eru á kerfinu nokkrir annmarkar sem þarf að huga að.

„Í dag er kerfið notað á geitur á um 100 bóndabæjum hér í Noregi og á um það bil þúsund geitur í heildina. Við fylgjumst vel með hvernig þetta gengur og hvernig dýrin bregðast við þessari nýju tækni. Einnig hefur þetta verið prófað á kvígum sem tengdu rétt við varúðarmerkjunum og rafstuðunum en fleiri tilraunir þarf til,“ útskýrir Knut Egil og segir jafnframt:

„Þær tilraunir sem hafa verið gerðar með sauðfé sýna að það nær ekki að tengja sig við tæknina. Okkar upplýsingar sýna að það líða aðeins nokkrir dagar frá því að dýrin fá hálsólarnar á sig þar til þau fara alveg eftir þeim hljóðmerkjum sem þau fá í gegnum tækið. Það er líka mikilvægt að þau aðlagist fljótt tækninni vegna öryggisþátta.“



Dýrin fá hálsól með GPS-hnitum og ef þau fara út fyrir leyfilegt svæði fá þau ákveðin hljóðmerki í gegnum tækið og að endingu rafstuð fari þau enn lengra út fyrir svæðið.

Margir möguleikar og kostir

Eins og með alla tækni eru ákveðnar áskoranir sem þarf að komast yfir og segir Knut Egil það helst snúa að batteríunum sem eru í hálsólinni.

„Þrátt fyrir að það sé sólarsella á tækinu þá duga batteríin í um fjórar vikur en þá þarf að setja ný og fullhlaðin batterí í tækið. Í dag er þetta stærsta hagnýta áskorunin með tækið. Þar að auki erum við háð góðri GPS-tækni og netsambandi þannig að kerfið eigi að virka á sem ákjósanlegastan hátt,“ segir Knut Egil, og varðandi fleiri áskoranir bætir hann við:

„Girðing í sýndarveruleika er ekki jafn örugg og manngerðar girðingar. Þannig er ekki þorandi til dæmis á stöðum þar sem er mikil umferð að hafa annað en manngerðar girðingar. Kosturinn við svona tegund af girðingu er þó sá að þetta gefur einstakt tækifæri til að girða inn stór beitarsvæði sem annars hefðu aldrei verið girt af með staurum og neti. Þess vegna getur slík girðing orðið mikilvægur hluti af nýtingu á stórum beitarsvæðum sem eru ekki nýtt í dag. Annar kostur er einnig að í tækinu er hægt að lesa staðsetningu dýranna í rauntíma og það koma skilaboð í farsímann ef dýr sem er skráð er ekki „virkt“ eða ef það flýr í burtu. Þetta getur verið mikill kostur fyrir dýravelferð og maður kemur einnig í veg fyrir að dýr geti fest sig í manngerðum girðingum.“ */ehg*

Ísgerð

ÍSGERÐAREFNI & TÆKI TIL ÍSGERÐAR

TIL SÖLU EFNI OG TÆKI TIL ÍSGERÐAR:


- *Grunnefni (Base) ca. 1.000 kg.*
- *Bragðefni ca. 500 kg.*

UPPSKRIFTIR OG RÁÐGJÖF Í BOÐI.

Til ísgerðar þarf auk þess mjólk og egg o.fl.

TÆKIFÆRI FYRIR BÆNDUR Í FERÐAÞJÓNUSTU!

Upplýsingar í síma 863-4548 eða á netfanginu
perlukaup@perlukaup.is



SMIÐJUVEGI 7 · 200 KÓPAVOGI
SÍMI 54 54 300 · ISPAN.IS
/ISPANREYKJAVIK

ÍSPAN
GLER OG SPEGLAR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 30. nóvember

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu.

Kraftblanda-30
30% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Verð á 500 kg stórsekk
aðeins 55.446 kr. m/vsk

Kraftblanda-15
15% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Verð á 500 kg stórsekk
aðeins 45.074 kr. m/vsk



Bústólpi ehf · fóður og áburður · 600 Akureyri · bustolpi@bustolpi.is · Sími 460 3350 · Fax 460 3351


Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Viðurkenningin Sproti ársins er veitt ungu fyrirtæki sem hefur skapað eftirtektarverða nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Það fyrirtæki sem fékk verðlaunin í ár er Bjórböðin sem komu með hvelli inn í ferðaþjónustu fyrr á þessu ári. Frá vinstri er Halldór Óli Kjartansson hjá Markaðsskrifstofu Norðurlands, Ragnheiður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Bjórbaðanna, Agnes Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar, sem er einn eigenda Bjórbaðanna, og börn hennar, Ester Líf Ólafsdóttir og Sigurður Bragi Ólafsson bruggmeistari. Viðurkenningin Fyrirtæki ársins er veitt fyrirtæki sem er búið að slíta barnsskónum og hefur skapað sér sterka stöðu á markaði. Að þessu sinni hlaut ferðaþjónustan að Gauksmýri viðurkenninguna Fyrirtæki ársins. Þá er Ólöf Hallgrímsdóttir í Vogafjósi sem hlaut viðurkenninguna fyrir Störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi. Lengst til hægri er svo Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Norðurlands.
Myndir / Rögnvaldur Már Helgason/Markaðsskrifstofa Norðurlands

Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi:

Bjórböðin, Gauksmýri og Ólöf í Vogafjósi hlutu viðurkenningar

Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi fór fram í Mývatnssveit nýverið og tókst í alla staði ákaflega vel.

Mývetningar tóku vel á móti sínum kollegum í ferðaþjónustu og farið var í heimsóknir í ýmis fyrirtæki á svæðinu, áður en boðið var upp á kvöldmat og skemmtun í Skjólbrekku.

Venju samkvæmt voru þrjár viðurkenningar veittar, Sproti ársins, Fyrirtæki ársins og viðurkenning fyrir störf í þágu ferðaþjónustunnar.

Bjórböðin Sproti ársins

Viðurkenningin Sproti ársins er veitt ungu fyrirtæki sem hefur skapað eftirtektarverða nýjung í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Að þessu sinni kom hún í hlut Bjórbaðanna á Árskógsströnd, en þau komu með hvelli inn í ferðaþjónustu fyrr á þessu ári.

Böðin voru opnuð í júní og vöktu strax mikla athygli bæði hérlendis sem erlendis. Reyndar hafði hugmyndin um byggingu baðanna vakið athygli löngu áður en ráðist var í framkvæmdir, enda slík böð ekki að finna hvar sem er í heiminum. Fyrirtækið kom því ekki aðeins nýtt inn á markaðinn, heldur kom það inn með glænýja upplifun.

Bjórböðin hafa skapað sér ákveðna sérstöðu í ferðaþjónustu og ferðaskrifstofur verið fljótar að taka við sér með því að bjóða upp á ferðir þar sem viðkoma í böðunum er innifalin.

Ferðaþjónusta á Norðurlandi nýtur góðs af þessari nýjung þar sem þarna er komin eftirsóknarverð þjónusta sem önnur ferðaþjónustufyrirtæki geta nýtt sér. Það er reyndar ekki bara vegna sjálfra bjórbaðanna, heldur einnig veitingastaðarins og barsins sem hafa notið vinsælda. Fyrirtækið er þegar orðið mikilvægur hlekkur í uppbyggingu ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Bjórböðin eru rekin af Ragnhildi

Sérfræðiþekking á fjölbreyttum þörfum fyrirtækja

Landsbankinn býður fyrirtækjum alhliða lausnir fyrir fjármál þeirra. Hjá okkur starfa tugir sérfræðinga um land allt sem sérhæfa sig í þjónustu við fyrirtæki í öllum helstu greinum atvinnulífsins.



Guðjónsdóttur, en hún og maðurinn hennar, bruggmeistarinn Sigurður Bragi Ólafsson, eiga fyrirtækið að stærstum hluta ásamt foreldrum Sigurðar, þeim Agnesi Önnu Sigurðardóttur og Ólafi Þresti Ólafssyni.

Gauksmýri er Fyrirtæki ársins

Viðurkenningin Fyrirtæki ársins er veitt fyrirtæki sem er búið að slíta barnsskónum og hefur skapað sér sterka stöðu á markaði, fyrirtæki sem hefur unnið að stöðugri uppbyggingu, vöruþróun og nýsköpun og er með höfuðstöðvar á Norðurlandi. Það fyrirtæki sem fær viðurkenninguna í ár er Gauksmýri.

Ferðaþjónustan á Gauksmýri er rótgróin og á sér sögu sem teygir sig aftur til síðustu aldar, því hún hófst árið 1999. Árið 2006 var þar opnað nýtt gistiheimili með 18 herbergjum, veitingasal og móttöku. Það voru hjónin Jóhann Albertsson og Sigríður Lárusdóttir sem stofnuðu fyrirtækið á sínum tíma, en Sigríður féll frá árið 2015. Í kjölfarið komu börn þeirra að rekstri fyrirtækisins, þau Hrund Jóhannesdóttir og maður hennar, Gunnar Páll Helgason, sem sjá um reksturinn að mestu leyti.

Hestamennska í fyrirrúmi

Gauksmýri snýst fyrst og fremst um hestamennsku og öll aðstaða á sveitabænum er til fyrirmyndar. Þar er reiðvöllur með glænýrri stúku sem var byggð í sumar, þar sem kostir íslenska hestsins eru tíundaðir og sýndir á sérstökum sýningum sem vel eru sóttar. Gestum er síðan boðið yfir í flotta aðstöðu í hesthúsinu, þar sem þeim gefst kostur á að kynnast hestunum betur.

Gauksmýri er mikilvægt fyrirtæki í ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra, og hefur lagt sitt af mörkum og gott betur til að stuðla að bættri byggð. Gott dæmi um það er veitingastaðurinn Sjávarborg á Hvammstanga, sem er í eigu fyrirtækisins. Staðurinn var opnaður árið 2015 og hefur eflt bæði ferðaþjónustu á svæðinu sem og atvinnulífið almennt. Matseðillinn endurspeglar umhverfið vel og eins og nafnið gefur til kynna er áherslan lögð á sjávarfang.

Viðurkenning fyrir Störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi

Viðurkenninguna fyrir Störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi fær einstaklingur sem hefur haft góð áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi í heild sinni og hefur starfað beint eða óbeint fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Ólöf Hallgrímsdóttir hlaut viðurkenninguna í ár, hún hefur undanfarin 18 ár sýnt og sannað að áhugi fólks á fjósum er ekki bara takmarkaður við mjólkurafurðir.





Yngvi Ragnar Kristjánsson, hótelstjóri á Selhóteli, ávarpar hópinn sem hóf daginn á morgunkaffi á hótelinu.

Vogafjós í Mývatnssveit er nú með bestu veitingastöðum Norðurlands og þótt víðar væri leitað, og hefur haft mjög jákvæð áhrif á þróun ferðaþjónustu í landshlutanum.

Ólöf hefur verið brautryðjandi í ferðaþjónustu lengi og svo sannarlega farið sínar eigin leiðir. Hún var snemma byrjuð að selja mat úr héraði, rétti eins og hverabrauð með silungi úr Mývatnssveit, hangikjöt og heimagerðan mozzarella- og fetaost. Sú áhersla hefur skilað sér því Vogafjós er eitt af þekktari kennileitunum í umhverfi ferðaþjónustu í Mývatnssveit og raunar á Norðurlandi öllu. Auðvitað hefur hin sérstaka samþætting landbúnaðar og veitingareksturs þar einnig áhrif. Hugmyndin, að selja inn á kaffihús til að fylgjast með mjólkun kúa hefur eflaust þótt nokkuð galin á sínum tíma en hún hefur engu að síður slegið í gegn.

Gott fordæmi með þjónustu allt árið


Það segir nokkuð um hve einstök hugmyndin um Vogafjós er að árið 2003 sá Vegagerðin sér ekki annað fært en að búa til sérstakt skilti fyrir ferðamannafjós, en þá var Vogafjós eini staðurinn á landinu þar sem hægt var að fylgjast með



Hópurinn í heimsókn hjá fyrirtækinu Snow Dogs, lengst til hægri er Bergþóra Kristjánsdóttir, annar eigenda, að sýna Husky-hundana sína, en þeir eru notaðir í hundasleðaferðum.

því sem fram fer í fjósi. Slík fjós voru reyndar ekki alveg óþekkt og höfðu bændur opnað fjósin fyrir ferðamönnum bæði í Eyjafirði og Laugarbakka undir Ingólfsfjalli. Í Vogafjósi var hins vegar, og er enn, hægt að fylgjast með mjöltum í gegnum gler og slíkt þótti þá nýstárlegt og snjallt.

Ólöf hefur sýnt af sér einstaka þrautseigju í baráttunni fyrir framleiðslu og sölu á mat beint frá býli. Hún hefur rutt brautina fyrir marga og sýnt fram á að með skýrri framtíðarsýn og stefnu má ná frábærum árangri. Hún hefur einnig sýnt gott fordæmi með því að veita þjónustu allt árið og þannig aukið viðskipti við ferðamenn á Norðurlandi auk þess að efla möguleika annarra fyrirtækja á heilsárs starfsemi. */MÞÞ*



Í öllum fyrirtækjum er nauðsynlegt að geta gengið að fjölbreyttum lausnum sem styðja við reksturinn. Við leggjum mikið upp úr persónulegum tengslum og vandaðri þjónustu.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Vönduð fyrir-tækjaþjónusta

Hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans leggjum við okkur fram við að koma til móts við þarfir fyrirtækja. Við horfum fram á veginn þegar kemur að viðskiptasamböndum og störfum með fyrirtækjum á ólíkum vaxtarskeiðum.

Öflugar netlausnir

Netbanki fyrirtækja er upplýsingaveita sem eykur yfirsýn og auðveldar stjórnendum ákvarðanatöku. Við bjóðum upp á greinargóðar innheimtuskýrslur, beintengingu við bókhaldskerfi og kortalausnir sem einfalda innkaup.

Fjármögnun og eignastýring

Við bjóðum ýmsar gerðir rekstrarlána, fjármögnum tækjakost, veitum fjárfestingalán og aðstoðum við fjármögnun á verðbréfamarkaði. Við ávöxtum fé og bjóðum virka eignastýringu fyrir eignir fyrirtækisins.

Pantaðu viðtal hjá sérfræðingum okkar í síma 410 5000 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið fyrirtaeki@landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 5000

Ævintýralegur landbúnaður í Lególandi

Þegar blaðamaður Bændablaðsins var staddur í Lególandi í Billund í Danmörku á dögunum tók hann eftir því hversu veigamikinn þátt landbúnaður hefur í „litla landi“ garðsins þar sem sjá má glæsileg líkön af húsum, heilu bæjunum, farartækjum og mörgu fleiru sem allt er byggt úr Legókubbum.

Áætla má að í litla landinu sé búið að byggja landbúnaðartengd kennileiti úr rúmlega tveimur milljónum Legókubba.

Smiðurinn Ole Kirk Christiansen byrjaði að framleiða tréleikföng í nafni Lego árið 1934 og í kjölfarið hófst þróun á Legókubbum en markmið Ole var alltaf að framleiða hágæðaleikföng sem hefðu gott endingargildi. Nafnið kemur frá dönsku orðunum „leg godt“, eða leikið vel. Það var þó ekki fyrr en 13 árum síðar sem Ole byrjaði að gera tilraunir á plastkubbum sem síðar áttu eftir að verða hinir heimsfrægu Legókubbar.











Áætla má að í Lególandi í Billund í Danmörku sé búið að byggja landbúnaðartengd kennileiti úr rúmlega tveimur milljónum Legókubba. Myndir / ehg

Kubbaverksmiðja tekur til starfa

Uppbygging kubbanna með hinum smellanlega eiginleika kom til sögunnar tveimur árum síðar, eða 1949, en það tók önnur níu ár að fá einkaleyfi fyrir Legókubbum sem við þekkjum í dag, eða árið 1958. Það sama ár lést upphafsmaður Legó, Ole Kirk Christiansen, úr hjartaáfalli og fékk því aldrei að njóta vinsælda þeirra. Sonur Ole, Godtfred, tók við keflinu og framleiðsla á kubbum sem hægt var að setja saman hófst í verksmiðju í Billund í Danmörku. Segja má að verksmiðjan hafi síðar orðið hvati til þess að Lególandi var komið á fót.

Nokkrir Legóskúlptúrar voru settir fyrir utan verksmiðjuna sem dró að fleiri og fleiri ferðamenn til Billund ár hvert sem komu til að líta skúlptúrana augum. Þegar ferðamennirnir urðu fleiri en 20 þúsund á ári fékk Godtfred þá hugmynd að gera eins konar safn með skúlptúrunum til að sýna fram á möguleika Legókubbanna og fyrsta Lególandið varð til.

Ævintýraheimur úr 67 milljónum kubba

Árið 1968 var Lególand í Billund opnað og þar má sjá alls kyns hluti byggða úr Legókubbum, allt frá vélknúnum farartækjum, flugvélum, bílum, bátum og lestum ásamt glæsilegum skúlptúrum. Í garðinum hafa verið notaðir 67 milljónir Legókubba til að byggja úr ýmislegt milli himins og jarðar til að gera upplifun gesta ógleymanlega.

Við opnun garðsins fyrir tæpum 50 árum var hann 125.000 fermetrar að stærð en í dag er hann helmingi stærri. Nú er hann bæði tívolí- og skemmtigarður í bland við mörg glæsileg líkön af húsum og borgum sem allt er byggt úr Legókubbum og kallast litla landið innan garðsins. Litla landið verður alltaf hjartað í starfseminni þar sem garðurinn byggðist út frá því.

Í dag eru starfræktir níu Lególandgarðar í heiminum, í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi og í Danmörku.

Byggja upp betri landbúnað

Það fer ekki á milli mála að landbúnaður skipar stóran sess í starfsemi Lególands, það er að segja í litla landi þess, og er mikil upplifun að sjá hvernig þeim hefur tekist til með að byggja úr kubbum ýmislegt sem tengist sveitinni.

Þannig er Lególandgarðurinn í Günzburg í Þýskalandi, sem opnaður var árið 2002, umkringdur sveitabæjum á alla kanta og er sérstakt land innan garðsins sem er tileinkaður lífinu í sveitinni og þá sérstaklega kúabúskap.

Lególandgarðurinn í Flórída í Bandaríkjunum á í sérstöku samstarfi við landbúnaðaryfirvöld á svæðinu til að kynna betur landbúnaðinn. Eitt verkefnið kallast „Ferskt frá gróðurhúsi í Flórída“ og á að hjálpa börnum að skilja út á hvað landbúnaður og ræktun gengur og hvaðan maturinn kemur. Með þessu móti ná landbúnaðaryfirvöldin að kynna landbúnað fyrir milljón gestum sem koma árlega í garðinn. Þetta sýnir að hægt er að kynna landbúnað og efla hann á margvíslega vegu og hvað er betra en að hafa Legókubba í hönd og byggja upp með þeim enn betri landbúnað til framtíðar?! */ehg*













www.bbl.is

New Holland T5
Electro Command

NEW HOLLAND AGRICULTURE

T5 línan frá New Holland er ríkulega útbúin. Þessar vélar eru margverðlaunaðar og má nefna þar helst **„Tractor of the Year® 2017“** sem voru veitt á EIMA sýningunni. Kraftvélar ehf. bjóða þessar vélar á mjög góðu verði með þeim búnaði sem íslenskir bændur hafa hjálpað til við að velja í gegnum árin.





Dæmi um útbúnað:

- 16x16 gírkassi með sjálfskiptimöguleika
- 3 hraðar í aflúttaki 540/750/1000
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- 8 LED vinnuljós ásamt 2 blikkljósum á húsi
- Flotmikil dekk 480/65R24 að framan og 600/65R34 að aftan
- 4 tvívirkir vökvaventlar að aftan ásamt skotkrók

Leitið tilboða hjá sölumönnum Kraftvéla

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Varmadælur
Hagkvæmur kostur til upphitunar

Kælitækni





- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi sendi svo hægt sé að stjórna dælunni úr GSM síma

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is



Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Sauðfjárbændur sem slátruðu fé sínu hjá Norðlenska í nýliðinni sláturtíð tóku þó nokkuð meira heim af lömbum en í fyrrahaust.

Aldrei meira slátrað hjá Norðlenska en í haust:

Heimtakan talsvert meiri en áður

Sauðfjárbændur sem slátruðu fé sínu hjá Norðlenska í nýliðinni sláturtíð tóku þó nokkuð meira heim af lömbum en í fyrrahaust, segir Sigmundur Hreiðarsson framleiðslustjóri.

Hann telur að af því megi draga þá ályktun að þeir ætli sér í ríkari mæli að selja afurðir sínar beint til neytenda. Það flokkist þá sem sala beint frá býli, afurðastöðin sé þeirra vinnsla, en þeir sjái sjálfir um söluna.

Sláturtíð er nýlokið hjá Norðlenska og var alls lógað um 95.500 kindum á Húsavík. Sigmundur segir að aldrei hafi fleira fé verið lógað á einu haust og nú. Meðalþyngd lamba var 16,43 og er tæplega hálfu kílói minni en var haustið 2016.

Í sláturhúsi Norðlenska á Höfn var lógað um 20.700 kindum og þar var meðalþyngd lamba 15,92 kg, sem er 0,46 kg minna en árið 2016.

Slátrun á fullorðnu fé var nokkuð meiri en í fyrra en 8.302 fullorðnum kindum var slátrað í ár sem er 1.583 kindum meira en í fyrra.

Starfsfólk frá 16 þjóðlöndum

Í nýliðinni sláturtíð starfaði hjá Norðlenska fólk frá 16 þjóðlöndum, fjölbreytileikinn er mikill og skemmtilegur, segir Sigmundur, en margt af fólkinu komi ár eftir ár og sé félaginu mikilvægt í sinni starfsemi.

„Verkefni eins og sláturtíð gengur aldrei nema samstarfið sé gott í allar áttir, það er til að mynda nauðsynlegt að skipulag á milli bænda og afurðastöðvar sé sem best til að tryggja sem besta nýtingu á starfsfólki, húsnæði og akstri á fénu. Allt gekk vel að þessu sinni og fyrir það erum við þakklát," segir Sigmundur. */MÞÞ*



Jónas Þór glaðbeittur í Matarskemmunni á Laugum. Ábúendur í Árdal tóku sölumálin í sínar hendur og seldu 130 lambsskrokka á tveimur dögum.
Mynd / 641.is

Fengu um 100% hærra verð fyrir kílóið

Hjónin Jónas Þór Viðarsson og Salbjörg Mattíasdóttir, sauðfjárbændur í Árdal í Kelduhverfi, stóðu frammi fyrir mjög mikilli afurðaverðslækkun á lambakjöti eins og aðrir sauðfjárbændur í landinu nú í haust. Þau ákváðu að vinna allt kjötið sjálf og taka sölumálin í sínar hendur. Seldu þau alla sína lambakjötsframleiðslu á tveimur dögum, 130 skrokka alls.

Fram kemur í spjalli við Jónas Þór á vefsíðunni 641.is að öllum lömbunum hefði verið slátrað hjá Norðlenska á Húsavík eins og áður, en þetta árið hefðu þau tekið alla skrokkana heim, unnið þá og pakkað til sölu í Matarskemmunni á Laugum í Reykjadal. Þrátt fyrir að vinnslan á Laugum sé í um 90 kílómetra fjarlægð frá Árdal reiknaðist Jónasi það til að þau hefðu fengið meira en 100% hærra verð fyrir hvert kíló af dilkakjötinu miðað við verðskrá Norðlenska, að frádregnum öllum tilkostnaði. */MÞÞ*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Það fer vel um Guðrúnu Valdimarsdóttur á Sólvöllum enda er hún alltaf hress og í góðu skapi. Guðrún er 97 ára gömul.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Dvalarheimilið Sólvellir á Eyrarbakka 30 ára

Þrjátíu ára afmæli Dvalarheimilisins Sólvalla á Selfossi var fagnað sunnudaginn 5. nóvember með opnu húsi. Þar mættu fjölmargir gestir til að kynna sér starfsemina og samfagna tímamótunum með starfsfólki og heimilisfólki.



Hér má sjá hluta af Sólvöllum sem stendur við aðalgötuna á Eyrarbakka.



Kristín Helgadóttir er elsti íbúi Sólvalla en hún verður 100 ára næsta vor. Hér er hún með Gunnari Einarssyni sem búsettur er á Selfossi.

Á heimilinu búa 19 manns, allir í einstaklingsherbergjum. 16 konur starfa á heimilinu í 12 stöðugildum. Heimilið var formlega stofnað 1. nóvember 1987 þegar fyrstu heimilismenn fluttu inn á heimilið.

Fjöldi manns hefur komið að uppbyggingu heimilisins í gegnum árin og hefur starfsemi þess mætt mikilli velvild Eyrbekkinga og annarra. Fjölmargir hafa styrkt heimilið með einum eða öðrum hætti en að öðrum ólöstuðum má þó segja að Kvenfélag Eyrarbakka sé einn af sterkustu bakhjörlum heimilisins.

Fljótlega eftir opnun Sólvalla kom í ljós að húsnæðið var ekki mjög hentug rekstrareining og var því ráðist í viðbyggingu árið 1990. Hún var svo tekin í gagnið þann 1. maí 1993.

Árið 2007 var svo enn ákveðið að ráðast í viðbyggingu við heimilið og var fyrsta skóflustungan að nýrri álmu tekin í nóvember það ár. Með þeirri viðbyggingu, sem tekin var í gagnið í desember 2009, varð mikil breyting á aðbúnaði bæði heimilismanna og starfsfólks, fjölnota salur í kjallara bættist við ásamt nýju þvottahúsi og 8 nýjum herbergjum. */MHH*



Hörpukórinn á Selfossi kom og söng nokkur lög á opna húsinu 5. nóvember.



Að sjálfsögðu var gestum og gangandi boðið upp á glæsilega afmælistertu.

Ný áætlun um uppbyggingu hjúkrunarrýma:

Heildarkostnaður tæpir 5 milljarðar

Ný áætlun um byggingu 155 hjúkrunarrýma á landinu til ársins 2022 til viðbótar þeim 313 rýmum sem þegar eru á framkvæmdastigi samkvæmt eldri áætlun liggur nú fyrir. Alls munu því verða byggð eða endurgerð 468 hjúkrunarrými á tímabilinu ýmist til fjölgunar rýma eða til að bæta aðbúnað.

Alþingi samþykkti í júní síðastliðnum nýja fjármálaáætlun til næstu fimm ára. Með henni skapaðist svigrúm til aukinnar uppbyggingar hjúkrunarrýma sem áætlunin miðast við. Á höfuðborgarsvæðinu verður hjúkrunarrýmum fjölgað um 80 umfram gildandi áætlun og um 10 í Árborg. Uppbygging miðar einnig að því að bæta aðbúnað íbúa á nokkrum hjúkrunarheimilum þar sem þörf er á að færa aðbúnaðinn til nútímalegs horfs. Áætlað er að byggja 23 rými á Húsavík, 24 á Höfn í Hornafirði og endurgera 18 hjúkrunarrými í Stykkishólmi.

Áform um fjölgun rýma byggist á mati velferðarráðuneytisins á því hvar þörfin er mest og taka mið af fjárhagslegu svigrúmi gildandi fjármálaáætlunar.

Áætlaður heildarkostnaður við uppbyggingu 155 hjúkrunarrýma er tæpir fimm milljarðar króna. Í áætluninni er miðað við lágmarksþátttöku hlutaðeigandi sveitarfélaga í framkvæmdakostnaðinum, þ.e. 15% á móti 85% kostnaði ríkissjóðs.

Af þeim 313 hjúkrunarrýmum sem nú eru á framkvæmdastigi eru 219 hjúkrunarrými til fjölgunar rýma en önnur til að bæta aðbúnað. Fjölgunin er fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavík, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi. Einnig fjölgar rýmum á Suðurlandi með uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Árborg. /MÞÞ

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR



HESTAKERRA
HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA
VERÐ
2.190.000 með vsk.



GRIPAFLUTNINGAKERRA
TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA
VERÐ - 1.570.000 með vsk.
TA 510 – FYRIR 4-5 HESTA
VERÐ – 1.850.000 með vsk.
TA 5 – FYRIR 2-3 HESTA
VERÐ – 1.200.000 með vsk

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is



TILBOÐ!
Mannol koppafeiti
18 kg fata á aðeins
13.950 kr. + vsk.



RAFGEYMAR
Mikið úrval af
rafgeymum í öllum
stærðum og gerðum.



OLÍUVÖRUR
Olíur, frostlögur, glussi
og aðrir vökvar.

Sjá nánar á www.automatic.is

Automatic ehf.
Smiðjuvegi 11, 200 Kóp.
Sími: 512 3030
pantanir@automatic.is

Næsta Bændablað kemur út 30. nóvember

Bændablaðið



UTAN ÚR HEIMI



GIUSTI endurreisnargarðurinn í Verona

Í anda þess tíma var sýprus- og ýviðartrjám plantað meðfram göngustígum og í bakgrunninn. Myndir / VH

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Í Verona er að finna eitt best varðveitta dæmið á Ítalíu um garð aðalsfjölskyldu frá endurreisnartímanum. Þrátt fyrir endurbætur á garðinum í gegnum aldirnar er hann að mestu í upprunalegri mynd og hrein unum að heimsækja.

Fyrir, „introverta“, fólk sem ekki er mikið fyrir fjölmenni, hafa lystigarðar óneitanlega marga kosti fram yfir listasöfn. Yfirleitt eru fáir á ferli í görðunum andstætt frægum og fallegum listasöfnum sem iðulega eru sneisafull af fólki sem líta vill helstu listaverk sögunnar augum. Lystigarðar eru opin rými þar sem draga má andann, horfa til himins og finna angan vel skipulagðrar, manngerðrar og tilbúinnar náttúru.

Skammt austan við hringleikahúsið í Verona, eftir að farið er yfir Adiga-ána sem rennur í gegnum borgina, er að finna Giusti-garðinn sem sagður er vera eitt besta dæmið um lystigarð aðalsfjölskyldu frá endurreisnartímanum á Ítalíu. Aðkoman að garðinum er látlaus og nánast ósýnileg í samfelldri og þröngri götumyndinni en eftir að gengið er inn um hliðið blasir við stórkostlegt útsýni inn í garðinn sem umkringdur er háum steinvegg á allar hliðar.

Garður Guisti-fjölskyldunnar

Við lok fjórtándu aldar var ullarvinnsla og ullarlitun ein helsta tekjulind Verona og á þeim tíma flutti Guisti-fjölskyldan til borgarinnar og fjárfesti í ullariðnaðinum og efnaðist vel. Á þeim tíma var svæðið sem garðurinn stendur í dag notað undir verksmiðjur sem suðu og lituðu ull í risastórum pottum og lögðu hana út til þerris.

Þegar á fimmtándu öld viku verksmiðjurnar og fjölskyldan reisti sér látlausa höll sem sneri að götunni og ræktaði garð á verksmiðjusvæðinu aftan við hana.

Garðurinn er að hluta í klassískum ítölskum stíl, skipt í níu minni og symetríska garða. Í anda þess tíma var sýprus- og ýviðartrjám plantað meðfram göngustígum og í bakgrunninn. Buxus eða fagumlim var mótað í form, kúlur og limgerði klippt eftir reglustiku. Í garðinum eru vel snyrtar grasflatir, blómaker og kryddjurtagarður, fjöldi klassískra höggmynda, gosbrunnar og manngerðra hella og var einn þeirra í eina tíð alsettur speglum. Þar eru einnig lítil sæluhús sem gott er að skýla sér í fyrir sólinni og kæla sig niður á heitum sumardögum.

Þrátt fyrir að garðurinn sé að mestu í upprunalegri mynd hefur hann verið endurnýjaður og endurbættur á margan hátt. Árið 1786 var hannað í garðinn klassískt völundarhús úr buxusrunnum sem auðvelt er að villast í þrátt fyrir að hekkið sé ekki nema tæpur metri að hæð. Í seinni tíð hefur Brugmansia 'Feingold', eða englalúður, sem er stórblómstrandi planta af náttskuggaætt, verið plantað í garðinn til skrauts. Í garðinum eru líka sítrónuplöntur í pottum, klifurplöntur og skuggþolnar þekjuplöntur í beðum. Þar er einnig tjörn við einn gosbrunninn með skrautfiskum.



Sveppur og litadýrð á gömlum ývið sem farinn er að láta á sjá.



Við austurvegg garðsins er að finna orangerý, eða gróðurhús, sem notuð voru til að rækta sítrónur og appelsínur.



Stytta af gleðiguðinum Bakkusi þar sem hann heldur á vínberjaklassa.

Vanræksla og órækt

Við upphaf þarsíðustu aldar var garðurinn kominn í órækt og niðurníðslu vegna vanrækslu. Vel formaðir runnarnir og völundarhúsið var vaxið úr sér og illgresi hafði yfirtekið beðin, blómakerin og grasflatirnar. Árið 1930 var svo komið að garðurinn lá undir skemmdum og ráðist var í miklar endurbætur á honum.

Garðurinn varð illa úti í vitfirringu seinni heimsstyrjaldarinnar. Tré lögðust á hliðina í sprengjuárásum og margar stytturnar bera þess enn merki að hafa orðið fyrir skemmdum. Ráðast þurfti í gagngerar endurbætur á garðinum í stríðslok, reisa við fallin tré og planta nýjum og hefur garðinum verið sýndur sá sómi sem honum ber og vel við haldið síðan þá.


Garður á tveimur hæðum

Eitt af því sem kemur á óvart við garðinn er að hann er á tveimur hæðum. Neðri hluti hans og sá formlegri liggur í eylítið aflíðandi brekku frá innganginum upp að talsvert háum en vart sjáanlegum kletttavegg.


Í miðjum garðinum, milli hávaxinna sýprustrjáa, eru breiðar steintröppur sem liggja eftir honum endilöngum en til beggja hliða buxusar sem mynda fögur munstur og þar eru líka höggmyndir af grísku gyðjunum Díönu og Venus og guðunum Appolo og Adónis.

Þegar innar dregur í garðinn, meðfram sýprustrjáasúlunum og framhjá gosbrunnunum, sjást fagurlega skreyttar svalir efst á klettaveggnum og undir þeim stór ufsagrýla sem blásið gat eldi út um munninn þegar mikið stóð til.

Við göngustíg undir klettinum



Við göngustíginn undir klettinum er steinturn sem byggður er utan í klettinn.



Kjaftur ufsagrýlunnar, undir svölum efrigarðsins, átti það til að spúa eldi sem magnaður var með fýsibelg.



Brugmansia 'Feingold', eða englalúður.

er steinturn sem byggður er utan í klettinn. Í turninum eru slitnar hringlaga steintröppur sem leiða gesti upp í látlausan og eilítið villtan efri garðinn. Sagan segir að vel hirtir villigarðar eins og þessi hafi þótt tilvaldir fyrir unga aðalsmenn og -meyjar endurreisnartímabilsins til að stunda í feluleiki, daðra og kyssast á laun.

Malarstígur frá útgangi turnsins í efri garðinum leiðir gesti að svölum, með fallega munstruðu handriði, sem bjóða upp á stórkostlegt útsýni yfir Verona og að virða garðinn fyrir sér frá sjónarhorni fuglsins. Í efri garðinum eru líka bekkir þar sem hægt er að setjast niður í skugga trjáa.

Sítrusarækt og útflutningur

Eystri hluti neðrigarðsins er ólíkur aðalgarðinum að því leyti að í dag er hann að mestu grasflöt en var matjurtagarður fyrr á tímum. Við austurvegg garðsins er að finna



Auðvelt er að villast í völundarhúsinu þrátt fyrir að hekkið sé ekki nema tæpur metri að hæð.



Giusti-fjölskyldan reisti sér látlausa höll sem sneri að götunni og ræktaði garð aftan við hana.



Aðkoman að garðinum er látlaus og nánast ósýnileg í samfelldri og þröngri götumyndinni.

orangerý, eða gróðurhús, sem notað var til að rækta sítrónur og appelsínur fyrir heimilið og voru sítrusarnir einnig seldir aðalsfólki í Evrópu og til hirðarinnar í Rússlandi.

Í austurveggnum er einnig innskot með myndarlegri höggmynd af guði jurtagróðurs, gleði og víns, Dionysos eða Bakkusi, þar sem hann heldur á vínberjaklasa og með lærisvein sér við hlið.

Tignir gestir

Helsti hvatamaður að gerð garðsins var Agostino Giusti sem uppi var á árunum 1548 til 1615. Auk þess að vera áhugasamur um garðlist lét hann sér annt um mynd- og tónlist og léku lútuleikarar iðulega snemmbarrokk tónlist eða undirleik fyrir castrato-söng í garðinum fyrir tigna gesti.

Agostino var vel kynntur háaðlinum um alla Evrópu og gestkvæmt var í garðinum þegar tignir gestir heimsóttu Verona. Mikilmenni eins og Cosimo De Medici, Jóseph II keisari og Fransis I keisari af Austurríki og faðir Maríu Lúísu, eiginkonu Napóleons. Alexander I Rússakeisari, skáldin Púskin og Goethe og tónskáldið Mozart hafa einnig heimsótt garðinn og heillast af honum. Alveg eins og Vilmundur Hansen þegar hann heimsótti garðinn í haust og varði einni dagsstund til að njóta hans.



Gott útsýni er yfir Verona frá efri garðinum.



TÆKNI & VÍSINDI

Húsasótt og jarðtengingar

Undirritaður hefur gert athuganir og mælingar á fjölda húsa til að greina mögulega húsasótt út frá rafmagni eða rafgeislun. Eitt af því atriðum sem stendur upp úr eftir rúmlega 20 ára reynslu er mikilvægi jarðbindinga.

Margir sem fást við þessi mál hafa fengið samhljóða niðurstöðu og er fjöldi sagna til um jákvæðan árangur jarðbindinga á heilsu manna og dýra. Það er þó ekki einfalt að færa rök fyrir því hversvegna þetta gerist. Það er líka ástæða til að benda á það að með hugtakinu jarðbinding er ekki verið að skírskota til jarðbindinga gagnvart rafmagnsveitu.

Þær jarðbindingar sem krafist er gagnvart tengiskilmála rafveita uppfylla kröfur gagnvart snertispennuvörn og sem slíkar algerlega fullnægjandi. Hér er verið að fjalla um jarðbindingar sem eru ganga töluvert lengra og eru fyrst og fremst fyrir mannvirki til að hindra húsasótt. Sögur eru margar um áhrif jarðbindinga en flestar lúta að bættu heilsufari íbúa, perur springa síður, minna ryk innan íbúða eða dýr eru rólegri. Í sumum tilfellum hafa orðið straumhvörf í lífi fólks sem þetta upplifir. En hvers vegna? Það er ekkert eitt svar við þessari spurningu en hér ætla ég að reyfa nokkrar hliðar á þessu máli.


Byggingamáti

Í dag eru hús byggð á þann hátt að sökkull er steyptur undir hús ofan á klöpp eða malarpúða. Umhverfis sökkulinn er lögð möl til að tryggja að raki liggi ekki upp að sökklinum og er jarðvegsdúkur þétt við steyptan sökkulinn. Húsið fær lágmarkssnertingu við rakan jarðveg. Hvergi er húsið með tengingu við jörð nema í gegn um rafstreng orkuveitu. Það jarðsamband á að vera tengt við steypustyrktarjárn, pípulögn og núll tengingu í rafmagnstöflu.

Á árum áður þegar byrjað var að byggja hús úr steinsteypu var jarðveg ýtt upp að sökkli og ekkert hugað að ræstingu raka. Upp úr 1970 kom umræða um þessi mál því rakinn getur valdið skemmdum á steypu og raka og mygluskemmdum innandyra. Rakaræsting varð því að hefð í byggingu húsa. Húsin fengu í flestum tilfellum þokkalegt jarðsamband í gegn um frágang á hitaveitu og þar sem hitaveitukerfið er gríðarlega stórt net af járnpípum um alla borg og bæi. Upp úr árinu 2000 fóru hitaveiturörin í nýbyggingum að breytast úr járni yfir í plast sem ekki leiðir rafmagn og þar af leiðandi gefa ekkert jarðsamband.

Náttúrulegir rafkraftar

Hátt yfir jörðu er svokallað jónahvolf. Þetta hvolf er rafhlaðið og hefur um +300.000V spennu miðað við jörð. Það eru því rafkraftar milli jónahvolfs og jarðar og er styrkur þess um 100V/m í 1 metra hæð frá jörðu. Í þessu fellst togkraftur fyrir neikvæðar jónir eða mínus rafhleðslur og leita þær því upp á við frá jörðu. Gras og tré losa neikvæðar jónir (lausar rafeindir) og sérstaklega barrtré vegna nálanna sem trén hafa í stað laufs. Það er vel þekkt að mínusjónir eru mikilvægar heilsu okkar og líðan. Hluti af því að vera úti í náttúrunni er einmitt að anda að sér mínusjónum. Skortur á mínusjónum getur leitt af sér vanlíðan eins og höfuðverk, þreytu, magavelgju, bjúgmyndun eða þrota og pirring í skapi sem og depurð. Þá er einungis fátt upptalið. Það er því ekki æskilegt að mínusjónir vanti í umhverfi okkar. Mínusjónir eru stöðugt að myndast í náttúrunni en þær eyðast auðveldlega og margt í okkar umhverfi sem eyðir þeim. Sem dæmi má nefna viftur í tölvum, loftræstikerfi, ryk frá bílaumferð, sandfok og veðurfyrirbæri eins og Santa Ana-vindurinn í Kaliforníu eða Foen-vindurinn í Sviss. Norðanáttin í Reykjavík hefur líklega svipuð áhrif.



Skortur á neikvæðum jónum er ekki æskileg staða. Hvorki fyrir menn né dýr. Ef þessi staða er uppi hjálpar oft að hafa glugga vel opna og lofta en á veturna í ríkjandi norðanátt hjálpar það ekkert.


Áhrif á byggingar

Hús sem ekki hefur góða jarðbindingu er mjög líklegt til að missa lausar rafeindir vegna togkrafta jónahvolfsins eða vindnúnings. Lausar rafeindir leita út frá húsinu og geta þær losnað af oddhvössum stöðum eins og hornum bárujárnsplatna, nagla og húshornum og grófu yfirborði steypu. Þegar hús missir rafeindir verða veggir smátt og smátt plús hlaðnir.

Undirritaður hefur skoðað þetta nokkuð víða og séð merki um +hleðslur í veggjum sem mælast með stöðurafsviðsmælir. Hleðslan getur mælst allt að 100V/m við vegg. Það er ekki mikið rafsvið en líta verður á þá staðreynd að það geta verið ansi margir fermetrar með slíka hleðslu. Samanlagður togkraftur hlýtur því að vera allnokkuð gagnvart lausum rafeindum. Þetta þýðir þá að lausar rafeindir í lofti leita að veggjum og loftið verður smátt og smátt snautt af mínusjónum. Þetta skýrir hvernig háttar í sumum íbúðum. Þegar íbúð er sótsækin myndast grár litur í kverkum milli lofts og veggja og verður mest áberandi í hornum. Það sést líka þegar myndarammar eru teknir niður að það stendur eftir ljós flötur og ljóst far eftir myndina. Þetta getur verið orðið merkjanlegt jafnvel innan árs frá því að málað var.

Þegar mínusjón binst sótögn frá kerti eða bílamengun og leggst að plúshlöðnum vegg eiga sér stað svokölluð Galvanó áhrif. Sótið gengur í efnasamband við málninguna og það er ekki nokkur leið að þrífa sótið. Það verður bara að mála yfir.

Skortur á neikvæðum jónum er ekki æskileg staða. Hvorki fyrir menn né dýr. Ef þessi staða er uppi hjálpar oft að hafa glugga vel opna og lofta en á veturna í ríkjandi norðanátt hjálpar það ekkert. Það er því ekki um annað að ræða en að setja upp jónatæki eða rakatæki, því rakatæki gefa líka frá sér mínusjónir. Eldur frá gasloga eða kertum skaffar mikið af mínusjónum og opinn arinn hefur sömu áhrif.



Ef jarðvegur er ekki vel leiðandi, sendinn eða þurr gæti þurft að setja fleiri skaut. Stundum er notuð tækni sem viðhöfð er í fjarskiptum, svokallaður krákufótur.

Önnur hlið á þessu er sú staðreynd að það eru ekki bara sótsameindir sem halda mínushleðslu heldur líka vatnssameindir. Það er töluvert um svífandi vatnssameindir í lofti og hafi þær neikvæða hleðslu munu þær dragast að veggjum þar sem + hleðslur eru. Líka má benda á að í loftryki er oft myglugró. Ef myglugró fær far með mínushlöðnum vatnssameindum leggst hún að vegg og ef fleiri rakasameindir fylgja þá eru líklega komin skilyrði fyrir myglunýlendu.

Jarðtengingar

Hús verða einfaldlega að hafa nóg af lausum rafeindum til að tryggja að þó losni losni frá húsi eða byggingu komi nýjar í staðinn. Lykilatriði er að tryggja húsinu góða jarðbindingu. Besta leiðin til þess er að jarðtengja húsið með jarðskauti. Stafskaut hafa virkað vel. Best að tengja það inn í járnabindingu hússins og vatnspípukerfi og þannig binst það við jarðbindingu orkuveitu.

Stafskaut er ca 1,5 metra löng koparrör með stálkjarna og jafnvel galvaniserað eða zinkhúðað. Það er rekið niður í rakan jarðveg og tengt síðan við húsið með t.d. 35 kvaðrat (q) berum koparvír. Það er mikilvægt að hafa leiðarann gildan til að tryggja sem minnst viðnám milli húss og skaust. Ef jarðvegur er ekki vel leiðandi, sendinn eða þurr gæti þurft að setja fleiri skaut. Stundum er notuð tækni sem viðhöfð er í fjarskiptum, svokallaður krákufótur. Þá eru stangirnar 4. Þeim er dreift þannig að fyrst er eitt jarðskaut en síðan koma 3 í c.a. tveggja metra fjarlægð og mynda eins og fótspor eftir fugl. Sumstaðar hafa menn gripið til þess ráðs að bora allt að 100 metra holur til að fá gott jarðsamband.

Athuganir benda eindregið til þess að jarðbindingar með vír í jörð gagnist mun síður. Athuganir benda til að þau hafi lakari hátíðnisvörun og líklegt er að séu slík skaut lögð í þurran jarðveg séu þau vita gagnslaus gagnvart losun rafeinda frá húsum.



Flökkustraumar eru hvimleiður fylgikvilli 3ja fasa rafkerfa. Þegar mæling á rafsegulsviði er framkvæmd er gjarnan byrjað að leita geislunar frá stofnlögnum.

Rannsóknir

Sögur af því hvernig jarðskaut hafa bætt heilsu manna og dýra eru fjölmargar. Oftast er engin skýring á hvað gerist enda vita menn almennt harla lítið um hegðun rafmagns og áhrif þess á heilsufar. Í einni rannsókn sem gerð var af nemendum Háskóla Reykjavíkur og var hluti af lokaverkefni þeirra í rafmagnsiðnfræði sýndi sig að jarðskaut hafði verulega mikil áhrif á líftíma pera en líka mjög mikil áhrif til bóta á heilsufar íbúa.

Gerð var 14 daga könnun á samsvörun heilsufars og virkni jarðskauta. Könnunin fór þannig fram að rafvirki sá um að annaðhvort aftengja eða tengja jarðskaut í íbúðarhúsi. Hann skrifaði samviskulega hjá sér hvað hann gerði og kastaði tíkalli til að ákveða hvað ætti að gera, aftengja eða ekki. Húsráðandi skrifaði einnig hjá sér hvernig honum leið og að fjórtán dögum liðnum fékk fulltrúi rannsakenda, kennari við skólann, báðar skýrslur til samanburðar. Það var 100% fylgni sem sýndi að ef skautið var ótengt þá leið húsráðanda mun verr. Skautið sem bætt var við var óþarft gagnvart tengiskilmál rafkerfis.

Jarðtengingar eru fyrst og fremst til að tryggja að leiðandi hlutir innan íbúða geti orðið spennuhafandi ef bilun verður í orkuvirki eða lögnum. Þannig séð virkar frágangur orkuveitna vel og tryggir hámarks öryggi rafmagnsnotenda. Hin hliðin á jarðskautum kemur auðvitað orkuveitunum ekkert við. Það væri nær að jarðskaut sem tíunduð eru hér að ofan væru skilyrt af Mannvirkjastofnun og ætti best heima í byggingareglugerð. Það hafa margir áhugamenn gengið í að bæta jarðskaut í sínum húsum með merkilegum árangri. Sumir verða ekki varir við neitt en aðrir tala um bætta heilsu og líðan, minna ryk og minni sótsöfnun. Hver rökin eru fyrir þessu hafa ekki verið alveg ljós en þó er klárt að kenning um upphleðslu húsa af stöðurafmagni og áhrif á jónajafnvægi innan dyra getur skýrt þetta að einhverju leyti.

Hleðsla

Í stuttu máli er kenningin sú að hús, hvort sem um er að ræða stórar byggingar, einbýli eða gripahús geta hlaðist upp af stöðurafmagni. Þetta gerist vegna áhrifa frá jónahvolfi en einnig getur þetta gerst vegna áhrifa frá hlöðnum skýjum, þurrum vindum eða vindnúning við ytra byrði húsa. Þegar þetta gerist myndast lágar hleðslur á veggjum húsa innandyra og hafa þessar hleðslur aðdráttarkraft fyrir mínushlaðnar eindir í lofti.

Ef loft innandyra verður snautt af mínusjónum er hætta á truflunum á heilsufari. Það er margrannsakað að skortur á mínusjónum getur leitt af sér truflanir á líðan. Það er mikilvægt að stemma stigu við þessum hleðslum því það má leiða líkur því að þetta geti ýtt undir myglu. Myglan fær einnig meiri viðloðun og er líklegra að gróin rati á rök svæði á veggjum. Það sama getur átt við bakteríur og hlýtur það að vera mikilvægt í matvælaiðnaði.

Mikilvægt er að gera ráðstafanir til þess að hús sé sem mest hlutlaust í hleðslu og beri sömu spennu og jarðvegur í kring um húsið, utan við drenmöl. Nauðsynlegt er að hús hafi góð jarðskaut til að hindra hleðslur í veggjum. Reynslan hefur sýnt að stafskaut virka vel og jafnvel plötuskaut en vír grafin í jörðu er heldur lakari kostur. Nauðsynlegt er að skautið sé neðan við frost og í eins rökum jarðvegi og kostur er. Jafnframt er mikilvægt að hver leiðandi eining í húsi hafi bara samband við jarðtengingu á einum stað. Þetta myndi kallast stjörnufrágangur/tenging. Ástæðan er að jarðsambönd tengjast alltaf jarðsambandi orkuveitu og myndast hætta á flökkustraumum sé tengt á fleiri stöðum en einu. Bætt jarðtenging getur leitt til bættrar heilsu manna og dýra hvort sem um heimili er að ræða, iðnaðarhúsnæði eða gripahús.



Í húsum sem eru með flökkustrauma getur rafstraumur í blöndunartækjum orðið allnokkur og hefur undirritaður séð allt að 2A straum í blöndunartækjum baðkers. Það skal þó tekið fram að rafstraumur af þessum toga er oftast með mjög lága spennu og langt frá því að teljast hættulegur sé horft til spennu.

Flökkustraumar - rafsegulsvið

Flökkustraumar eru hvimleiður fylgikvilli 3ja fasa rafkerfa. Þegar mæling á rafsegulsviði er framkvæmd er gjarnan byrjað að leita geislunar frá stofnlögnum. Það er vel þekkt vandamál að ákveðin taug (PE taug) í rafkerfum húsa sem hefur hlutverk sem snertispennuvörn veldur oft á tíðum miklu segulsviði innan mannvirkja sem tengd eru við rafmagn. Sviðið getur orðið töluvert mikið og önnur hlið á þessu sviði er sú staðreynd að styrkur sviðsins fellur lítið við fjarlægð. Því er dreifingin geislunar mikil frá þessari taug. Taugin er tengd í hitaveiturör og sökkulskaut og getur þá rafstraumur fundið sér farveg um járnabindingu húsa og vatnsrör án þess að nokkur hafi hugmynd um.

Í húsum sem eru með flökkustrauma getur rafstraumur í blöndunartækjum orðið allnokkur og hefur undirritaður séð allt að 2A straum í blöndunartækjum baðkers. Það skal þó tekið fram að rafstraumur af þessum toga er oftast með mjög lága spennu og langt frá því að teljast hættulegur sé horft til spennu. Hér er aðallega verið að reyfa geislun rafsegulsviðs en það vilja margir njóta vafans gagnvart slíkri geislun.

PE taugin er flestum íbúum ósýnileg og hefur því ekki sjónræn áhrif eins og til dæmis spennistöðvar eða háspennulínur sem oft á tíðum vekja óhug ef þær standa nálægt húsum. Umrædd taug getur gefið frá sér meira segulsvið en þokkaleg spennistöð í 5 metra fjarlægð. Þegar verið er að bæta jarðsamband í húsum þarf að huga að þessum þætti til að tryggja að flökkustraumar séu ekki að þvælast um skautin. Rafal ehf. hefur fundið upp lausn við þessu vandamáli sem er sennilega einstök á heimsmælikvarða. Tæki sem kallast Straumbeinir (straumbeinir.is) er sett í rafmagnstöflu og tengt inn á svokallað núllunarband. Tækið hindrar að flökkustraumar myndist milli rafkerfis og jarðbindingar hússins og er nauðsynlegt að huga að þessu þegar verið er að bæta jarðskaut húsa.

02.08.2017
Valdemar Gísli Valdemarsson
Höfundur er rafeindavirkjameistari með ódrepandi áhuga á rafmagni, náttúrulegu sem manngerðu, og mögulegum áhrifum þess á líðan manna og dýra.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Tryggjum sem bestan árangur sauðfjársæðinganna

Sæðingar sauðfjár eru mikilvægur þáttur ræktunarstarfsins. Öllum hlýtur að vera verulegt kappsmál að tryggja sem bestan árangur þeirra, ekki síst bændunum sem nota þær og borga að mestu.

Á undanförnum árum hefur í hrútaskrám og greinum í Bændablaðinu verið sýnt skýrt að mesti breytileikaþáttur um árangur, munurinn á milli búa, er þáttur sem bændur ráða mestu um. Þeir ráða líka mestu um val sæðingahrúta þar sem þeir hafa aðstoð af hrútaskránum og kynningarfundum stöðvanna. Þar verður þáttur heppninnar ætíð nokkur vegna þess hve lítið er sætt með hverjum hrúti.

Í um áratug þá hafa upplýsingar um sæðingar verið skráðar í FJARVIS. Þar hefur myndast verulegur upplýsingabanki sem til þessa hefur verið of lítið notaður. Ætlun mín er að birta örfáar upplýsingar og um leið benda á umhugsunarefni í því sambandi sem mögulega getur hjálpað til að auka enn árangur sauðfjársæðinganna.

Á fyrstu myndinni (mynd 1) þá er sýnd þróun í fjölda sæðinga á landinu síðustu árin. Aldrei hefur farið fram nákvæm rannsókn á því hvert hagkvæmasta umfang sæðinga í landinu er. Það er breytilegt frá búi til bús. Við höfum trúað því að umfang eins og mest var orðið með rúmlega 30 þúsund sæddar ær á ári í landinu væri nálægt kjörmörkum. Þátttaka er verulega breytileg eftir héruðum og þar sem hún er minnsta hafa fjáreigendur áreiðanlega ávinning af því að auka hana.

Á myndinni er með annarri línu sýnt hve stór hluti sæðinganna er skráður í FJARVIS sæðingagrunninn. Því miður vantar enn á milli 2-3 þúsund sæðingar á ári til að þar séu full skil. Þetta er óviðunandi og þarf að laga. Lágmarkskrafa til þeirra sem taka þátt í slíku starfi er að koma upplýsingum til skila sem kostar þá sáralítið. Grunur minn er að vanskilamennirnir séu auk þess mikið úr hópi þeirra sem að öðru leyti leggja minnst til hins sameiginlega ræktunarstarfs. Þegar sæðingarstarfsemi byrjaði að marki hér á landi voru einfaldlega allir sem ekki skiluðu upplýsingum útilokaðir frá frekari notkun á næstu árum. Þá var fyrirhafnameira að koma þeim upplýsingum frá sér. Slóðarnir nú ættu því að sjá sóma sinn í að gera betur í þessum efnum.

Á næstu mynd (mynd 2) er sýndur sæðingaárangur eftir árum eftir stöðvunum. Þessar tölur eru fyrir ósamstilltar ær sæddar með nýju sæði sem er um 90% allra sæðinga. Myndin sýnir mjög stöðugan árangur á stöðinni á Suðurlandi en í Borgarnesi koma því miður ár með of mikla sveiflu niður á við. Myndin sýnir samt fyrst og fremst að ákaflega lítið af mun í árangri verður rakið til stöðvanna. Á það hefur margoft verið bent enda þann mun fyrst og fremst að finna heima á búunum.


Annað atriði til að benda á er að ekki er að sjá aukningu til bætts árangurs. Það er ekki viðunandi vegna þess að víst er að það má bæta verulega og verður að gerast með átaki hjá þeim sem ekki hafa þegar náð viðunandi árangri. Fyrir þrem áratugum vorum við verulega betri í þessum efnum í samanburði við Norðmenn sem eru þeir einu sem við getum borið okkur saman við. Þeir hafa því miður fyrir nokkrum árum siglt verulega fram úr okkur. Fræðsluefni fyrst og fremst frá Þorsteini Ólafssyni hafa allir í nýrri eða eldri hrútaskrám.


Þriðja myndin (mynd 3) sýnir árangur við mismunandi sæðingaaðferðir. Þó að sæðingar á ósamstilltum ám með fersku sæði séu orðið ráðandi þá eru nokkur hundruð jafnvel fá þúsund áa sæddar á annan hátt. Því miður er árangur annarra aðferða afleitur. Því miður hafa engar skýringar fundist á um 20% lakara árangri samstilltra áa og yfirleitt enn meiri mun í fjölda fæddra lamba vegna þess að slökum árangri fylgja yfirleitt færri fædd lömb. Þegar notkun samstillinga hófst fyrir rúmum fjórum áratugum var slíkur munur ekki fyrir hendi. Þeir sem nota samstillingar þurfa því meira en gildar ástæður til að réttlæta það. Nær allir hafa nú orðið þann aðgang að sæðingum að það sem samstillingarnar voru áður að gefa er nú orðið hlutir sem engu skipta. Hver og einn ætti því að reikna mögulegan ávinning að teknu tilliti til hraps í árangri áður en hann grípur til slíkra úrræða.


Því miður hefur ekki tekist að þróa viðunandi árangur með notkun á djúpfrystu sæði hér á landi. Þetta verða menn að horfast í augu við og þannig losna við þann mikla kostnað sem þeirri aðferð fylgir. Allir fjárbændur hafa í dag það greiðan aðgang að fersku sæði að það eitt og sér réttlætir ekki að frysta sæðið með þeim afleita árangri sem það skilar yfirleitt flestum notendum.


Brugðið er upp mynd sem sýnir sæðingaárgangur flokkað eftir aldri ánna sem sæddar eru (mynd 4). Stuðst er við upplýsingar síðustu þriggja ára. Áhrifin eru skýr. Yngstu ærnar skila bestum árangri og eftir 6 vetra aldur lækkar árangur nokkuð. Augljóslega eiga bændur því að velja yngstu ærnar til sæðinga. Það er aðeins takmarkaður hluti bænda sem lætur sæða gemlingana en árangur er góður. Það er í fullu samræmi við reynslu Norðmanna. Annar þáttur sem skiptir máli við að velja yngri ærnar er að undan þeim á að vænta verulega meira hlutfalls úrvalslamba en undan eldri ánum þegar horft er til þeirra gríðarlegu framfara sem eru víða í fjárstofninum hjá bændum vegna markviss ræktunarstarfs síðustu áratuga.

Vonandi hvetur þessi pistill einhverja til að gera átak í að bæta bæði sæðingaránguringinn og ræktunarárangur sæðinganna á eigin búi. Hvoru tveggja er mögulegt og bætir sjálfkrafa hagkvæmni framleiðslunnar. */JVJ*









BRIGGS & STRATTON ®
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Gamli traktorinn



Steyr – logóið var skotskífa

Dráttarvélaframleiðandinn Steyr rekur uppruna sinn til rifflaframleiðslu og þar til fyrir skömmu líktist lógó fyrirtækisins skotskífu. Talsvert hefur verið flutt inn af Steyr dráttarvélum til Ísland.



Uppruna dráttarvélaframleiðandans Steyr má rekja til rifflaframleiðandans Josef und Franz Werndl & Co sem var stofnsett í Ástralíu árið 1864. Skömmu fyrir aldamótin 1900 bætti fyrirtækið við sig framleiðslu á reiðhjólum og 1918 hóf Steyr framleiðslu á bifreiðum.

Fyrirtækið óx hratt í fyrri heimsstyrjöldinni og var um tíma með fjórtán þúsund manns í vinnu. Árið 1924 breytti fyrirtækið nafninu í Steyr-Werke AS og tíu árum síðar sameinaðist það Austro-Daimler-Puch og kallaðist eftir það Steyr-Daimler-Puch og jók við framleiðslu sína á bílum.



Vinnuafl úr útrýmingarbúðum

Í seinni heimsstyrjöldinni, þegar Austurríki var undir stjórn nasista, lagði Georg Meindl, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, til að fangar í útrýmingarbúðum yrðu notaðir sem ódýrt vinnuafl fyrir Steyr við framleiðslu hergagna. Hann mun hafa verið fyrstur þýskra iðnjöfra til að leggja slíkt til og draga þannig úr framleiðslukostnaði. Tillaga Meindl var samþykkt og voru fangar fluttir í lestum milli búanna og verksmiðju Steyr undir eftirliti vopnaðra hermanna. Seinna í bréfi lagði hann til að minni fangabúðir yrðu reistar nær verksmiðjunni til að spara tíma og draga úr kostnaði við að koma föngunum í verksmiðjuna. Seinna fylgdu fyrirtæki eins og Mercedes-Benz og Man í kjölfarið og notuðu einnig fanga sem ódýrt vinnuafl við framleiðslu hergagna.

Dráttarvélaframleiðsla

Árið 1928 setti fyrirtækið á markað fyrsta traktorinn en framleiðsla á honum var takmörkuð þar til eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Árið 1947 tók dráttarvélaframleiðslan verulegan kipp og árið 1965 hafði fyrirtækið framleitt 160 þúsund traktora.

Dráttarvélarnar voru einfaldar í hönnun og endingargóðar, eins til tveggja strokka og 28 til 30 hestöfl.

Steyr 185, sem var settur á markað 1963, var eingöngu framleiddur fyrir Austurríkismarkað og naut mikilla vinsælda þar í landi. Týpan þótti einstaklega vönduð dráttarvél og framleiddi Steyr vélina.

Upp úr 1960 hóf Steyr framleiðslu á flóknari og aflmeiri dráttarvélum með Perkins dísilmótor. Týpan 760a sem kom á markað 1974 var fjögurra strokka og 66 hestöfl og ólík eldri týpum í útliti en hún var kassalaga.

Um miðjan síðasta áratug síðustu aldar kynnti Steyr til leiks 9000 útgáfuna. Nýja og háþróaða

gerð dráttarvél sem fáanleg yrði í fjórum gerðum. Traktorarnir voru 100 til 150 hestöfl og með glussabúnaði með níu tonna lyftigetu. Steyr hannaði sjálft túrbó-dísilmótorinn en hann var framleiddur af Valmet í Finnlandi.



Yfirtökur og eignaskipti

Sama ár, 1996, og fyrsta 9000 týpan sett á markað var Steyr yfirtekið af Case – International Harvester. Í dag er Steyr hluti af CNH Global sem er í eigu Fiat.

/VH

UTAN ÚR HEIMI

FAO vísitala matvælaverðs lækkaði í október

Heimsmarkaðsverð á matvælum lækkaði nokkuð í október samkvæmt úttekt Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Þá voru mjólkurvörur um 27% lægri í verði, en þær voru hæstar í byrjun árs 2011.

Matvælavísitala FAO var að meðaltali 176,4 stig í október og hafði þá lækkað um 1,3 stig frá því í september, en samt 2,5 stigum hærri en ári áður. Vísitalan mælir mánaðarlegar hreyfingar á fyrirfram tiltekinni matvælakörfu á heimsvísu. Lækkun vísitölunnar í síðasta mánuði er fyrsta lækkunin síðan í maí.

Heldur dró úr eftirspurn eftir mjólkur- og smjörkvótum í október í takt við það að innflytjendur víða um heim héldu að sér höndum vegna væntanlegra nýrra birgða frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Staðan endurspeglar minni eftirspurn í kjölfar þess að birgðir mjólkurdufts frá Evrópusambandslöndunum hefur verið stórlækkað í verði.

Vísitala jurtaolíu lækkaði einnig um 1,1 prósent frá því í september samhliða verðlækkun á pálma- og sojaolíu vegna væntinga um góða uppskeru.

Þá lækkaði sykurvísitalan um 0,7%, einkum vegna veikingar á gjaldmiðli Brasilíu, sem er stærsti útflytjandi á sykri í heiminum. Þá er lækkunin líka rakin til mikillar sykurrófuuppskeru í ESB-löndunum sem og aukins útflutnings Rússa.

Kjötvísitala FAO lækkaði um 0,9% í október vegna harðnandi samkeppni á meðal svínakjötsútflytjenda, samfara minnkandi eftirspurn.

Verðvísitalan á kornvöru hækkaði aftur á móti í október um 0,4%. Er það einkum rakið til hækkana á hrísgrjónum og minna framboðs á hveitikvótum. Er því spáð að kornuppskeran á árinu 2017 verði meiri á heimsvísu en á metárinu 2016. Þá er því spáð að bæði framleiðsla á korni og hrísgrjónum muni vera meiri á árinu 2018 en áður hefur sést. */HKr.*

Um tíu milljónir manna starfa í landbúnaði í 28 ESB-ríkjum

– Um 73% þeirra starfa í sjö ríkjum sambandsins

Um 10 milljónir manna störfuðu við landbúnað í ríkjum Evrópusambandsins á árinu 2015 samkvæmt tölum Eurostat. Það er um 4,4% af þeim sem störf höfðu þá í ESB-ríkjunum.

Hlutfall starfandi fólks í landbúnaði í Lúxemborg, Bretlandi, Belgíu, Svíþjóð og í Þýskalandi var þá rúmlega 1%. Hlutfallið var svo 18% í Búlgaríu og 26% í Rúmeníu.

Í frumatvinnugreinunum í löndum ESB var hlutfall starfandi fólks yfirleitt mjög lágt í fiskiðnaði og skógariðnaði, nema á Möltu þar sem 23,9% störfuðu við fiskveiðar og vinnslu og 5,2% á Spáni. Þá skáru nokkur lönd sig úr varðandi skógrækt og vinnslu. Þar var hlutfallið hæst í frumatvinnugreinunum í Svíþjóð, eða 40,2%. Í Slóvakíu 34,7%, Eistlandi 29,2%, Lettlandi 24,5% og 20,8% í Finnlandi.

Um 72,8% af öllu starfandi fólki í landbúnaði í 28 ríkjum Evrópusambandsins var í sjö löndum, þ.e.: Rúmeníu, Póllandi, Ítalíu, Frakklandi, Spáni, Búlgaríu og í Þýskalandi.

Á árinu 2016 var að meðaltali rúmlega þriðjungur starfsfólks í landbúnaði konur, eða 35%. Í Austurríki var hlutur kvenna þó mestur, eða 45%. Þar á eftir kom Rúmenía með 43% hlutfall, Pólland, Grikkland og Slóvenía með 41% hvert land. Hlutur kvenna í landbúnaði var hins vegar lakastur á Írlandi, eða 12% og rétt tæp 20% í Danmörku.

Nærri 60% allra þeirra sem starfa í landbúnaði í ESB-ríkjunum er á aldrinum 40 til 64 ára. Þá var 32% vinnuaflsins undir fertugu og 9% yfir 64 ára aldri.

Innan Evrópusambandsins var hæsta hlutfall aldraðra yfir 64 ára aldri í landbúnaði starfandi í Portúgal, eða 42%. Á Írlandi var hlutfallið 22% og 19% í Bretlandi.

Engar tölur eru frá Íslandi né Sviss í þessari samantekt ESB en aftur á móti er að finna þar tölur frá Noregi þar sem hlutfall starfa í landbúnaði af heildar vinnumarkaði er aðeins hærra en í Þýskalandi og Svíþjóð, en örlítið lægra en í Danmörku. */HKr.*

Umdeildur útflutningur á norsku lambakjöti til Afganistan

Talsverðar umræður og skörp skoðanaskipti hafa átt sér stað undanfarið innan bændastéttarinnar í Noregi eftir að afurðastöðin Nortura ákvað að flytja út kindakjöt til Afganistan.



Fyrirtækinu lá töluvert á að losa sig við kjötið því það var frá árinu 2015 og erfitt var að selja það í heimalandinu svo þeir skrúfuðu niður verðið og sendu það frá sér. Vegna þessa hefur fyrirtækið fengið mikla gagnrýni á sig.

Talsmenn Nortura segja að annar möguleiki hefði verið að henda kjötinu en fyrri kosturinn var valinn. Afganistan er svokallað MUL-land þar sem þróun er ekki nógu hröð og ef Nortura hefði ákveðið að „dumpa“ kjötinu eða selja það á lægra verði en undir markaðsverði þar þá hefði það getað leitt til þess að afganskir bændur og matvælaframleiðendur hefðu einnig fengið lækkun á sínum vörum. Afganar ná ekki að framleiða nóg af lamba-, nauta- og kjúklingakjöti ofan í íbúa landsins og eru þar af leiðandi háðir því að flytja inn til að brauðfæða eigið fólk. Í landinu búa 34 milljónir manna og er sauðfjárstofninn um 6 milljónir gripa. Nortura flutti til landsins 4 þúsund kindur, um 102 tonn á dögunum á markaðsvirði norsks sauðfjárkjöts á þeim tíma. Eftir þennan gjörning hefur fyrirtækið fengið á sig mikla gagnrýni vegna verðsins. Landbúnaðarráðherra Noregs, Jon Georg Dale, skarst í leikinn og kallaði forsvarsmenn fyrirtækisins inn á teppið sem harma mjög í hvaða átt málið hefur farið. */ehg*

Meira af plastögnum á ökrum en í sjó

Rannsóknir í Evrópu og Norður-Ameríku benda til að vatn úr fráveitukerfum borga nái ekki að hreinsa plastagnir úr skólpi.

Talsverð umræða hefur undanfarið átt sér stað um plast og plastagnir í sjó. Nýlegar rannsóknir í Norður-Ameríku og Evrópu benda til að hreinsibúnaður í fráveitukerfum nái ekki að hreinsa plastagnir úr skólpi.



Rannsóknir benda til að hundruð þúsunda tonna af örfínum plastögnum sé dreift með endurunnu vökvunarvatni yfir ræktunarland.

Rannsóknir í Noregi og Svíþjóð sýna að hundruð þúsunda tonna af örfínum plastögnum sé dreift með endurunnu vökvunarvatni yfir akra og ræktunarland og það í meira magni en plast sem fer í sjó.

Þrátt fyrir að strangar reglur gildi um magn þungmálma og ýmissa hættulegra efna í vökvunarvatni, gilda ekki neinar slíkar reglur um magn plastagna í vökvunarvatni.

/VH

Norski matararfurinn á lista UNESCO

Samband norskra kvenfélaga hefur nú óskað eftir því að komast á lista UNESCO fyrir starf sitt í þágu norsks matararfs.

Fyrir kvenfélagasambandið fjallar þetta um að gera verkefni þeirra sýnileg og að fá viðurkenningu fyrir það frábær starf sem kvenfélagskonur vinna um allt land við að halda matarhefðum og uppskriftum á lofti.

Norsku kvenfélagskonurnar eru stoltar yfir því að geta miðlað áfram kunnáttu sinni um hefðbundinn norskan mat. Umsókn þeirra um



viðurkenninguna hjá UNESCO verður að öllum líkindum tekin fyrir næsta vor og eru þær vongóðar um að þær fái hana.

Í maí síðastliðnum fór heimasíðan norsktradisjonsmat.no í loftið þar sem finna má um 500 uppskriftir að hefðbundnum norskum mat og hefur umferðin um síðuna verið mjög góð, eða um 50 þúsund heimsóknir. Einnig hefur verið góð umferð um samfélagsmiðla verkefnisins og þá sérstaklega gott áhorf á myndbönd sem deilt hefur verið á Fésbókinni.

/ehg-Bondebladet







Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Aldinið er misstórt, grænt eða gult, með eða án fræja, beint eða bogið, ílangt eða hnöttótt, slétt eða með hnúðum eða hornum, allt eftir tegundum og afbrigðum.

Svalur eins og agúrka

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Schierbeck landlæknir var líklega fyrstur til að rækta agúrkur á Íslandi en framleiðsla á þeim hófst um miðjan þriðja áratug síðustu aldar. Gúrkur eru um 96% vatn. Á ævintýraeyjunni Balnibarbi sem Gúlliver heimsótti á ferðalagi sínu var reynt að vinna úr þeim sólarljós.

Samkvæmt tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAOSTAT, var áætluð heimsframleiðsla á agúrkum árið 2015 um 72 milljón tonn.

Kínverjar bera höfuð og herðar yfir þær þjóðir sem framleiða mest af gúrkum í heimunum og framleiddu um 54,5 milljón tonn árið 2015 sem er nálægt 76% heimsframleiðslunnar. Framleiðslan í Tyrklandi sem er annar stærsti gúrkuframleiðandinn var sama ár 1,8 milljón tonn, Íran var í þriðja sæti með 1,6 milljón tonn og Rússland og Úkraína í þriðja og fjórða sæti með 1,1 og eina milljón tonn.

Helstu útflutningslönd á agúrkum eru Indland, Þýskaland, Tyrkland, Bandaríkin, Holland, Víetnam Pólland og Kína. Hvað innflutning varðar er mest flutt til Kanada, Bandaríkjanna, Þýskalands, Frakklands, Rússlands og Hollands.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands var innanlandsframleiðsla á gúrkum 1.868 tonn árið 2016 en flutt inn 8.466 tonn. Mest er flutt inn frá Hollandi og Spáni.



Agúrka í gróðurhúsi á Íslandi. Mynd / Odd Stefán



Algengastar er hér að borðaðar gúrkur hráar og yfirleitt ofan á brauð eða í salati.

Ætt og uppruni

Ættkvíslin Cucumis er af graskersætt og inniheldur 55 tegundir sem finnast villtar í Afríku, Indlandi, Suð-Austur-Asíu og Ástralíu. Meðal tegunda innan ættkvíslarinnar eru agúrkur, Cucumis sativus og melónur, C. melo, af ýmsum gerðum, yrkjum og afbrigðum.

Agúrka, eða gúrka, eru einærar klifurjurtir, með greinilegan meginstofn sem getur orðið fimm metra langur og hysja sig upp með spírallaga fálmurum sem plönturnar vefja utan um næstu stoð. Sé engin stoð til staðar er plantan jarðlæg og skýtur trefjarótum víða út frá hærðum stofninum. Blöðin stakstæð, stór og hrjúf viðkomu, sepótt og smástíftennt. Blómin lítil, gul eða hvít og með fimm krónublöðum. Aldinið er misstórt, 5 til 60 sentímetra langt, oftast grænt eða gult, með eða án fræja, beint eða bogið, ílangt eða hnöttótt, slétt eða með hnúðum eða hornum, allt eftir tegundum og afbrigðum. Aldin gúrka sem myndast án frjóvgunar er frælaust.

Samkvæmt skilgreiningu grasafræðinnar er aldin agúrku ber.

Agúrkur sem almennt eru á boðstólum eru 96% vatn og ekki nema tólf hitaeiningar í hverjum 100 grömmum. Þrátt fyrir lágt næringarefnainnihald eru gúrkur kalk-, járn-, A-, B- og C-vítamíngjafi og því gott smakkerí milli mála fyrir þá sem ekki vilja þyngjast. Agúrkusneiðar eru sagðar bólgueyðandi og góðar til að hvíla þreytt augu.

Gömul ræktunarjurt

Agúrka eins og við þekkjum hana í dag þekkist ekki í náttúrunni en talið er að uppruni hennar sé á Indlandi, milli Himalajafjalla og Bengalflóa, og að ræktun hennar hafi hafist þar fyrir um 5.000 árum og því með elstu ræktunarplöntum þar um slóðir. Talið er að agúrkan sé komin af villtri gúrkutegund sem kallast C. hystrix.

Til er listi sem sýnir eitt og annað sem Súmerar í borginni Úr í Írak, sem var stofnuð 3800 fyrir Kristburð, lögðu sér til munns og þar á meðal eru agúrkur. Í Gilgameskviðu, sem sögð er vera elsta bókmenntaverk sögunnar, er lýsing á fólki að borða einhvers konar agúrkur þannig að þær hafa þekkst í Mið-Austurlöndum á þeim tíma sem ljóðið var samið.

Frá Indlandi barst plantan til Evrópu gegnum Mið-Austurlönd, og Grikkland til Rómar. Rómverjinn Pliny gamli segir í riti að unnin séu lyf úr bæði ræktuðum og villtum gúrkum og að þær séu hjálplegar við margs konar meinsemdum eins og stungu sporðdreka, slæmri sjón, músagangi og ristregðu. Sagan segir að konur sem langaði í barn hafi gengið með gúrku bundna við mittið og að ljósmæður hafi haft með sér gúrkur þegar þær aðstoðuðu við barnsburð og hent gúrkunni eftir að barnið var fætt. Hér er líklega verið að vísa til agúrkunnar sem reður- og frjósemistákns.

Ræktuðu gúrkurnar sem Pliny lýsir eru af nokkrum afbrigðum, smávaxnar og líkjast fremur smágúrkum í dag.

Sagt er að Tíberíus Rómarkeisari hafi borðað að minnsta kosti eina gúrku á dag alla daga ársins. Pliny segir að gúrkurnar hans Tíberíusar hafi á sumrin verið ræktaðar í kössum á hjólum þannig að það gæti alltaf skinið á þær sól en á veturna hafi þær verið ræktaðar í gróðurhúsum.

Í 4. Mósebók 11:5 segir: „Nú munum við eftir fiskinum sem við

fengum fyrir ekkert í Egyptalandi, gúrkunum, melónunum, blaðlaukunum, laukunum og hvítlaukunum.“ Þetta bentir til að gúrkur hafi verið ræktaðar í Egyptaland á þeim tíma sem gyðingar flúðu landið með Móses í broddi fylkingar.

Til eru heimildir um ræktun agúrku í Frakklandi á níundu öld. Sólkonungurinn, Loðvík XIV, af Frakklandi hélt mikið upp á agúrkur og voru þær ræktaðar fyrir hann í sérstökum gróðurhúsum við hallir hans. Á Englandi er getið um gúrkur á fjórtándu öld en svo virðist sem gúrkurækt hafi lagst af þar í 250 ár því þeirra er ekki getið aftur fyrr en liðið er fram á átjándu öldina. Lengi vel voru gúrkur álitnar skepnufóður og bestar fyrir nautgripi í Englandi. Kristófer Kólumbus flutti með sér agúrkufræ yfir Atlantshafsála. Indíánar Norður-Ameríku lærðu fljótt að rækta agúrkur af evrópsku nýbúunum og þær dreifðust hratt út sem nytjaplanta. Spánverjar fluttu með sér agúrkur til Haítí 1494.

Nafnaspeki

Grikkir kalla gúrkur síkyon en á mörgum Evrópumálum er nafnið dregið af angoúri sem mun þýða óþroskaður á grísku. Á arabísku kallast þær xiyar, hiyar, á tyrknesku og xiyar á kúrdísku. Á pólsku er heitið ogórek, uborka á ungversku og gurke á dönsku og þýsku en kurkku á finnsku. Á ensku er það cucumber, castravete á rúmensku, cocomero á ítölsku og cohombro á spænsku. Mér er sagt að ég hafi sem barn kallað agúrkur ululur.

Súrar og niðurskornar gúrkur eru stundum kallaðar asíur en nafnið er hingað komið úr dönsku en þar er asie notað um niðurskorna og súrsaða gúrku í edikslegi. Danska orðið er hugsanlega afbökun orðsins achar sem er haft um hvers kyns súrsað og kryddað grænmeti og ávexti.

„Cool as a cucumber“

Á ensku er til orðatiltækið „cool as a cuccumber“, eða svalur eins og gúrka. Áhugavert vegna þess að hitastigið inni í gúrkum getur verið lægra en umhverfishitinn.

E. coli í gúrkum

Í maí 2011 kom upp alvarleg E.coli sýking í Evrópu sem rakin var til agúrka frá Spáni án þess að slíkt þætti fullsannað. Sýkingin var svo slæm að hún olli dauða að minnsta kosti tíu manns og varð til þess að agúrkur frá Spáni voru innkallaðar víða úr verslunum í Evrópu.

Í framhaldi af sýkingunni lýsti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin því yfir að hún stafaði af nýjum og áður óþekktum stofni E. coli baktería.

Agúrkur í trúarbrögðum og bókmenntum

Í júlí á hverju ári fer fram í Búddahofi í Kyoto í Japan athöfn sem felst í því að blessa agúrkuuppskeru ársins og hjá kristnum söfnuði einum á Simbabve eru agúrkur hluti af helgihaldinu. Bannað er að rækta agúrkur í héraði í Japan sem kallast Fukui. Ástæða bannsins er þjóðtrú sem segir að sintóguðir sem kallast Susanoo hafi ekki þolað agúrkur og hótað íbúum héraðsins öllu illu ef þeir hættu ekki að rækta þær.

Á ferðalagi Gúllívers um ævintýraheima heimsækir hann auk Puttalands eyjuna Balnibarbi þar sem íbúarnir gera allt eins óhagkvæmilega og hugsast getur. Íbúar sem sýna vott af praktískri hugsun eru með félagslegum þrýstingi neyddir til að sýna ópraktíska hegðun. Fyrirmynd hugsanagangs íbúanna er að finna í akademíunni í höfuðborginni Lagadó sem stöðugt þarf á hærri fjárveitingum að halda. Rannsóknarverkefni eins fræðimanns akademíunnar fólst í því að finna leið til að vinna sólarljós úr agúrkum. Sólarljós sem setja átti í innsigluð glös og nota síðan hitann af því til að auka lofthita á sumrin. Helsta vandamálið við rannsóknina var skortur á agúrkum, að sögn fræðimannsins.

Í fjölmiðlum er stundum talað um gúrkutíð og átt við að lítið sé í fréttum og því fjallað um gúrkuuppskeruna eða annað sem ekki þykir fréttnæmt öðrum stundum.

Gúrkur til neyslu

Gúrkum er stundum skipt í þrennt eftir neyslu og þá átt við gúrkur eins og algengastar eru hér og borðaðar hráar, yfirleitt ofan á brauð eða í salati. Agúrka er neytt á meðan þær eru grænar og óþroskaðar en fullþroskaðar verða þær gular og súrar.

Súrsaðar gúrkur í ediki eru mjög vinsælar í Þýskalandi, Austur-Evrópu og Rússlandi enda bragðgóðar og auk þess eykur pæklunin geymsluþol þeirra. Í Rússlandi þykir pækilvökvinn einstaklega góður til að slá á timburmenn.

Einnig er talað sérstaklega um smáar gúrkur sem annaðhvort eru súrsaðar eða borðaðar hráar sem snakk. Þær hafa þynnri húð en venjulegar matargúrkur og eru sætari á bragðið.

Auk ofangreindra gúrka eru til það sem kallast líbanskar gúrkur sem eru litlar og mildar þrátt fyrir að hafa einstakt bragð. Gúrkur sem vaxa í Asíu austanverðri eru minni en þær sem við þekkjum, með þynnri og hornótta húð og mildar á bragðið. Í Mið-Austurlöndum er að finna ræktunarafbrigði sem kallast Beit Alpha sem eru sætar og vel aðlagaðar þurru loftslagi og á Nýja-Sjálandi vaxa kringlóttar og gulgrænar gúrkur sem líkjast eplum að stærð. Dosakei er gulgræn kúlulaga gúrka frá Indlandi sem líkist lítilli melónu og oft er matreidd með karrí og á Sri Lanka finnst afbrigði sem kallast Kekiri og er ílangt og appelsínugult á litinn. Svo er einnig vert að minnast á svokallaðar sítrónugúrkur sem er gamalt ræktunarafbrigði sem er gulskræpótt og hnattlaga.

Agúrkuát veldur sumu fólki þembu og vandræðalegum vindgangi.

Ræktun á agúrkum

Fræ af gúrkum eru yfirleitt fljót að spíra og eftir um það bil fjórar vikur eru plönturnar orðnar þokkalega stórar. Æskilegt hitastig við spírun er 22 til 25° á Celsíus, sé sáð snemma að vori, þegar enn er stuttur dagur er nauðsynlegt að rækta plönturnar undir lýsingu. Eftir að plönturnar ná um 30 sentímetra hæð þurfa þær stóran pott með góðri ræktunarmold og tímabært að veita þeim stuðning út ræktunartímabilið.

Gúrkur eru hraðvaxta og þurfa því mikið vatn og áburð, sérstaklega meðan á aldinmyndun stendur.

Agúrkur á Íslandi

Í skýrslu Schierbeck, landlæknis og formanns hins Íslenska garðyrkjufélags, um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi í Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags 1890, segir um fyrstu tilraunir til gúrkuræktunar á Íslandi: „1887 og 1888 tókst mjer dálitlu betur en áður að rækta agúrkur. Jeg fjekk 5 smáar salatagúrkur í glugga einum. Ef jeg hefði haft ráð og rúm til að rækta þær í 5 eða 6 heitum samanhangandi gluggum, hefði jeg vafalaust komizt lengra áleiðis með ræktun þeirra. 1889 og 1890 lagði jeg enga stund á rækt þeirra.“

Ræktun gúrka hófst fyrir alvöru hér á landi snemma á síðustu öld, eða upp úr 1925, og eru nú ræktaðar í gróðurhúsum árið um kring. Í bókinni Hvannir sem kom út 1926 talar Einar Helgason um ræktun á tómötum og gúrkum í djúpum vermireitum.

Gúrkuframleiðsla á landinu hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Árið 1945 var hún 15 tonn en fimm árum seinna, 1950 var hún komin í 210 tonn og 1980 er hún 400 tonn. Árið 2016 var innanlandsframleiðslan 1.868 tonn.



Ólík afbrigði af agúrkum og melónum.



Kekiri-gúrka frá Sri Lanka.



Kínverjar bera höfuð og herðar yfir þær þjóðir sem framleiða mest af gúrkum í heimunum og framleiddu um 54,5 milljón tonn árið 2015 sem er nálægt 76% heimsframleiðslunnar.



Sítrónugúrkur eru gamalt ræktunarafbrigði sem er gulskræpótt á litinn og hnattlaga.



Frá messu í Simbabve þar sem gúrkur eru hluti af helgihaldinu.



Horngúrka með blómi.



Agúrku- og ginkokteill

- Þrjár til fjórar sneiðar af gúrkum
- Sletta af sítrónusafa
- 45 millilítrar af gini
- 100 millilítrar ávaxtasafa eða Sprite eftir smekk
- Ein gúrkusneið til að skreyta brún glassins
- Hristið vökvann saman í kokteilhristara
- Kreistið sítrónuna yfir agúrkusneiðarnar
- Hellið vökvanum úr hristaranum í glas með ís og hrærið í til að kæla vökvann.
- Berið fram.

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Global Land Outlook – II kafli „Ágrip af sögu landnytja":

Áskorun tuttugustu og fyrstu aldarinnar

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Rannsóknir benda til að maðurinn hafi fyrst farið að hafa teljandi áhrif á umhverfi sitt og vistkerfi fyrir um tólf þúsund árum með veiðum, söfnun og ræktun. Í öðrum kafla skýrslu Sameinuðu þjóðanna um ástand jarðvegs og landnytja í heiminum, Global Land Outlook, er fjallað um sögu landnytja í heiminum.

Smám saman breytast samfélög manna úr hirðingjasamfélögum í samfélög með fasta búsetu og stöðugra fæðuframboð. Sums staðar leiddi föst búseta til skógareyðingar, aukinnar eldhættu, eyðingar gróðursvæða og breytinga á vistkerfum vegna tilkomu nýrra tegunda og uppblásturs

Fyrir átta öldum jókst ræktun og landbúnaður hratt á nokkrum stöðum á Jörðinni um svipað leyti. Í Mesapótamíu, Frjósama hálfmánanum, sem nær frá Persaflóa meðfram ánum Efrat og Tíkris að botni Miðjarðarhafsins, í Indusdalnum, við Yangtze-ána í Kína, hluta Afríku og í Andesfjöllum Suður-Ameríku.


Landbúnaðarbyltingin, eins og þessi þróun er kölluð, leiddi til borgarmyndunar og flóknari samfélagsgerðar og frjósamt land til aukinnar ræktunar og kynbóta á villiplöntum


Fyrir um það bil sex þúsund árum hafði landbúnaður náð fótfestu í flestum heimsálfum og leitt til breytinga á gróðursvæðum vegna ræktunar og fækkunar villtra dýra vegna veiða og aukins fjölda búfjár. Hluti náttúrulegs vistkerfis var skipt út fyrir ræktun nytjagróðurs og búfjár í samræmi við aukinn fólksfjölda. Mikil aukning varð á eftirspurn eftir landi fyrir landbúnað um miðja átjándu öld og hefur sú eftirspurn vaxið gríðarlega síðan þá.


Nútíminn

Við upphaf okkar tímatals var um 60% af öllu landi í Evrópu nytjað. Sveiflur í landnýtingu voru miklar og sum svæði ónýtt í langan tíma vegna styrjalda, plága eða hungursneyða sem höfðu áhrif á fólksfjölda. Á miðöldum, fjórtándu og fimmtándu öld, jókst landnotkun til muna í Evrópu og Asíu vegna útþenslu borga og bæja. Á sama tíma fækkaði frumbyggjum í Suður- og Norður-Ameríku um 90% vegna slátrunar og sjúkdóma sem leiddi til mikillar náttúrulegrar endurheimtar lands á Amasónsvæðinu, Andesfjöllum, Mið- og Norður-Ameríku.

Breytingar á landnýtingu fyrir miðja átjándu öld voru að mestu staðbundnar og minna afgerandi en þær sem á eftir fylgdu. Þrátt fyrir það voru skógar ruddir, jarðvegi umbylt og stór landsvæði brennd til að auðvelda nytjar á því og á sama tíma dró úr líffræðilegri fjölbreytni þess. Á liðnum þrjú þúsund árum hafði þannig tiltölulega fámennur hópur fólks mikil áhrif umhverfi sitt.









Skógar ruddir í Brasilíu. Útþensla landbúnaðarlands hefur leitt til gríðarlegra umhverfisspjalla bæði á afmörkuðum stöðum og í alþjóðlegu tilliti.

Landakortið sem breytti heiminum

Árið 1564 teiknaði kortagerðarmaðurinn Abraham Ortelius fyrsta landakortið sem sagt er marktækt. Kortið, sem kallast Theatrum Orbis Terrarum, er ekki óskeikult en óneitanlega líkt heimskortinu eins og við þekkjum það í dag. Á kortið vantar Ástralíu en Evrópubúar voru ekki búnir að uppgötva álfuna þegar það var teiknað.

Ný landakort leiddu til nýrra uppgötvana, nýrra lenda og nýrra viðskipta með vörur og að lokum nýlendustefnunnar og aukinnar nýtingar náttúruauðlinda um allan heim.

Mæling heimsins og kortagerð hafði mikil áhrif á sjálfsmynd mannsins og viðhorf hans til náttúrunnar. Áður hafði maðurinn verið hluti af náttúrunni en nú varð hann henni aðskilinn og æðri. Náttúran var metin eftir gagnsemi hennar fyrir manninn og slíkt leiddi til endurmats á samskiptum landa og samfélaga víða um heim.

Vísindabyltingin á sautjándu öld ruddi sér til rúms með það sem Francis Bacon og René Descartes kölluðu sigra og leikni mannsins til að stjórna náttúrunni að leiðarljósi. Trúin á að tækniframfarir gætu sigrast á öllum fyrirstöðum varð alls ráðandi og kennisetning í pólitískri og efnahagslegri hugmyndafræði.

Í upphafi voru einungis útlínur landa þekktar og lítið vitað hvað lá utan strandlengju þeirra og í óbyggðum Afríku, Ameríku og Ástralíu. Áætlað er að íbúafjöldi heimsins alls á sautjándu öld hafi verið um 500 milljón. Átta manns á ferkílómetra miðað við 57 í dag.

Landbúnaður og námuvinnsla var takmörkuð, skógar hitabeltisins voru víðast ósnortnir. Um leið og nýjar lendur opnuðust til nytja var það á kostnað þjóðfélagslegrar uppbyggingar samfélagsins og umhverfisins og þótti slíkt sjálfsagður fórnarkostnaður. Það er ekki fyrr en í seinni tíð að mönnum hefur skilist hversu alvarlegar þessar breytingar á samskiptum, umhverfinu og fæðukerfum, hafa verið og hversu stuttan tíma þær hafa tekið.

Nýr efnahagslegur skilningur

Öflum vísinda og hagfræði tókst á stuttum tíma að breyta hugmyndum manna um náttúruna og hugmyndin um fullkominn manngerðan heim varð allsráðandi og styrkt með landafundum og landvinningum Evrópumanna. Nýlendurnar virtust vera endalausar uppsprettur auðlinda og ríkidæmis án tillits til afleiðinga rányrkjunnar.

Á sama tíma umbreyttist efnahagsleg hugmyndafræði í átt að heimspeki frjálsra viðskipta og verslunar og hámarksgróða einstaklingsins. Land sem var áður uppspretta auðs samkvæmt klassískri hagfræði var skipt út og í staðinn kom hugmyndin um framleiðni og takmarkaða gagnsemi. Munur var gerður á auði og gildi og gildi nytja og gengisverð lands endurskoðað. Víðtækar breytingar urðu á umhverfinu á tímabilinu milli 1700 til 2000 í átt frá náttúrulegu lífríki til manngerðs.

Út frá hugmyndafræði kapítalistanna er land ókeypis gjöf náttúrunnar manninum til handa og oft vísað til ókeypis gæða náttúrunnar í nútíma hagfræði. Slík hugmyndafræði leiddi til arðrásar alþýðunnar og umhverfislegrar hnignunar. Saga siðmenningarinnar er vörðuð dæmum um slæma landnýtingu, skógar- og jarðvegseyðingu og hruns samfélaga. Þrátt fyrir það voru ný viðskiptasambönd, endurúthlutun auðs og iðnvæddur landbúnaður það sem ruddu brautina til aukinnar landnýtingar.

Land sem náttúruleg auðlind

Aukin framleiðsla leiddi til aukinnar neyslu og þess að litið var á hagvöxt sem grundvallarmarkmið og verga landsframleiðslu sem eina raunhæfa mælikvarða árangurs.

Hörðustu stuðningsmenn núverandi kerfis neita öllum hugmyndum um endimörk vaxtar þrátt fyrir rök Rómarklúbbsins frá 1970. Það var ekki fyrr en á tuttugustu öld sem almennir hagfræðingar fóru að tala um náttúrulegar auðlindir sem jafngildi manngerðrar hagfræði og nauðsyn þess að skilja gildi auðlindanna og afleiðingar hnignunar þeirra fyrir velferð manna. Samhliða því að skoða kostnað landeyðingar út frá hagfræðilegu tilliti.

Þessi þróun er til merkis um spor í rétta átt en á sama tíma fylgir henni mikil hætta á að aukin áhersla verði lögð á nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem eftir eru. Upphaflega var hugmyndin við nálgunina að styðja við fyrirtæki til að auka náttúruvernd og í átt til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og er enn í fullu gildi. Í sumum tilfellum hefur hugmyndin þróast í þá átt að greitt er sérstaklega fyrir

verndun vistkerfa í þeirri trú að greiðslurnar muni tryggja varðveislu þeirra.

Sprengjur og dráttarvélar


Þróun iðnaðar síðustu þrjár aldir hefur verið áhrifamikill drifkraftur í átt til manngerðra breytinga á heimsvísu, þar með talið landnýtingar og breytinga á vistkerfum. Frá upphafi nítjándu aldar tók ekki nema hundrað ár fyrir mannfjöldann að tvöfaldast og eftirspurn eftir timbri, orku, málmum og dýrmætum steinefnum margfaldaðist. Iðnbyltingin var upphafið og hún átti eftir að breyta heiminum. Við erum nú að takast á við afleiðingar hennar og munum gera það áfram langt fram eftir tuttugustu og fyrstu öldinni.


Þrátt fyrir að vinnsla á dýrmætum málum hæfist í Egyptalandi 3000 árum fyrir Kristburð var vinnslan í takmörkuðum mæli og háð handafli. Gríðarleg aukning var í námuvinnslu snemma á sautjándu öld. Árið 1627 var sprengiefni kynnt til sögunnar og varð til að námuvinnsla jókst til muna. Tilkoma gufuvélarinnar nokkrum árum seinna leiddi svo til gríðarlegrar aukningar í eftirspurn eftir eldsneyti, kolum og járni. Iðnbyltingin samhliða auknum fólksfjölda leiddi til betri lífsgæða og krafðist breytinga á landnýtingu og vinnslu auðlinda. Steinefni eins og gull og gimsteinar jukust að verðgildi og urðu mikilvægir gjaldmiðlar þrátt fyrir að hafa lítið raunverulegt gildi.

Þó að hægt sé að rekja fyrstu merki um landbúnað rúm tíu þúsund ár aftur í tímann var það iðnaður, með auknum fólksfjölda, hærri launum og aukinni eftirspurn eftir ódýrum matvælum og orku, sem jók umfang landbúnaðar á sautjándu og átjándu öld. Gríðarlegar breytingar urðu á landbúnaði á þeim tíma og má þar benda á síaukna jarðvinnslu, kynbætur á dýrum og plöntum, auknar girðingar, vélvæðingu og iðnvæðingu matvælaframleiðslunnar.

Aukin eftirspurn eftir ódýrum matvælum, orku og vatni leiddi til breytinga í landnýtingu og landbúnaði. Framfarir í vélbúnaði gerðu þessar breytingar mögulegar og hvöttu til aukinnar framleiðslu. Fyrsta vélknúna dráttarvélin var kynnt til sögunnar 1901 og smám saman tók hún við af dráttardýrum og tími orkufreks búskapar hófst. Undanfarin hundrað ár hefur vísindum verið beitt í síauknum mæli í landbúnaði til að bregðast við aukinni þörf fyrir matvælum. Græna byltingin snemma á áttunda áratug síðustu aldar leiddi til verulegrar aukningar í uppskeru og leysti þá aðsteðjandi fæðuskort. Á sama tíma leiddi aukin framleiðsla óæskilegra umhverfisáhrifa með aukinni landnotkun til búfjárhalds og ræktunar og aukinni notkun tilbúins áburðar og eiturefna í landbúnaði.

Ekki er dregið í efa að nútíma landbúnaður hefur náð miklum árangri í að auka matvælaframleiðslu í heiminum. Öfugt við kenningu Thomas Malthus hefur matvælaframleiðsla aukist jafnhliða fólksfjölgun og jafnvel farið fram úr henni. Samhliða þessu hefur um það bil helmingur þurrlendis á jörðinni verið tekið undir landbúnað, til ræktunar nytjaplantna og beitar fyrir búfé. Þessi útþensla landbúnaðarlands hefur leitt til gríðarlegra umhverfisspjalla bæði á afmörkuðum stöðum og í alþjóðlegu tilliti. Til dæmis hefur um helmingur allra frumskóga í heiminum verið felldur vegna þessa.






Árið 1564 teiknaði kortagerðarmaðurinn Abraham Ortelius fyrsta landakortið sem sagt er marktækt.



Árið 2007 varð sú breyting á að í fyrsta sinn í sögunni voru íbúar í þéttbýli fleiri en íbúar dreifbýlisins.



Öld landnýtingar og breytinga

Margir og ólíkir þættir hafa valdið því að fólk hefur flutt úr dreifbýli til þéttbýlis og aukinnar þéttbýlismyndunar. Aðstæður í borgum eru fjölbreyttar og þjónusta þar og möguleikar til starfa meiri en í dreifbýli. Þrátt fyrir það þrífast borgir og þéttbýli og starfsemi í þeim, flutningar, verslun og fjármálaþjónusta, á umframframleiðslu í landbúnaði. Borgir hafa alltaf haft tilhneigingu til að myndast miðsvæðis, nálægt góðu landbúnaðarlandi, þar sem verslun er möguleg og þaðan sem hægt er að koma við stjórnsýslu og vörnum.

Stærð, hraði og eðli þéttbýlismyndunar hefur verið skilgreint sem helsta einkenni tuttugustu og tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Þrátt fyrir að hraði þéttbýlismyndunar á síðustu öld hafi verið mikill og einungis 3% af yfirborði jarðar skilgreint sem þéttbýli hafa áhrif þéttbýlismyndunar verið mikil í alþjóðlegu tilliti. Um 78% af losun koltvísýrings, 60% af vatnsnotkun til heimila og 76% af viði sem brenndur er vegna iðnaðar má rekja til þéttbýlis. Áætlanir gera ráð fyrir að um miðja nítjándu öld hafi 4 til 7% íbúa heimsins búið í borgum eða bæjum. Í fyrstu var útþensla borga lárétt og áætlað að á sama tíma og íbúum borga eins og London og París fjölgaði tuttugufalt jókst landfótspor þeirra tvö hundruð sinnum.

Breytingar á landnýtingu til að byggja borgir og styðja við sívaxandi fjölda íbúa í þéttbýli hefur einnig annars konar áhrif á umhverfið. Árið 2007 varð sú breyting á að í fyrsta sinn í sögunni voru íbúar í þéttbýli fleiri en íbúar dreifbýlisins. Íbúar þéttbýlis eru háðir framleiðslugetu vistkerfa utan þéttbýlisins. Það sem kallað er vistspor byggir á framleiðslu, magni og flæði vöru og þjónustu sem þarf til að viðhalda góðum lífsgæðum manna. Vistspor íbúa í þéttbýli er tíu til hundrað sinnum stærra en landið sem þéttbýlissvæðið stendur á. Lausnin á þessu hefur falist í að nýta frjósamasta og afkastamesta landið til landbúnaðar samkvæmt reglum iðnvæðingarinnar og auknum vöruskiptum. Þrátt fyrir að íbúar þéttbýlissvæða hafi alla tíð treyst á umframleiðslu í landbúnaði sér til framdráttar hefur þörfin aldrei verið meiri en í dag. Þörfin fyrir auknar landbúnaðarafurðir hefur því verið helsti drifkrafturinn til breytinga á landnýtingu.

Land án markaðsvirðis

Gildi lands er mun meira en bara efnahags- og fjárhagslegt. Víða er að finna fólk sem skilgreinir sig og menningu sína út frá landinu sem það býr á. Frumbyggjar hafa söguleg og oft náin tengsl við landið. Auk þess sem land hefur víða ómetanlegt andlegt, trúarlegt, fagurfræðilegt gildi eða gildi til afþreyingar og útivistar. Fólk metur því oft land án tillits til markaðsgildis þess.

Nánast allar þjóðir heims hafa í einhverjum mæli afmarkað landsvæði heima fyrir og friðað þau til varðveislu um ókomna framtíð. Tilgangur verndunarinnar er að varðveita lönd og vötn fyrir komandi kynslóðir. Elstu þjóðgarðar heims, í Afríku, Indlandi, Ástralíu og Bandaríkjunum, voru settir á stofn undir lok nítjándu aldar. Í heildina eru þjóðgarðar og náttúruverndarsvæði um 15% af heildaryfirborði þurrlendis og vatnasvæða á Jörðinni. Þetta sýnir áhuga á verndun vistkerfa og líffræðilegs fjölbreytileika og virðingu fyrir fegurð náttúrunnar.

Vaxandi fjöldi verndarsvæða njóta alþjóðlegra viðurkenningar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að sum svæði feli í sér mikilvægt gildi umfram það sem telst fjárhagslegt. Heimsminjaskrá Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, heimsminjaskrá Unesco, hefur viðurkennt yfir 1000 staði sem hafa menningarlegt, náttúrufræðilegt, félagslegt, andlegt eða trúarlegt gildi. Ríflega 200 af þessum svæðum njóta verndar vegna framúrskarandi náttúrufegurðar eða líffræðilegrar fjölbreytni.

Niðurstaða

Skilningur á að náttúruauðlindir eru takmörkuð auðlind er nauðsynlegur eigi mannkynið að halda áfram að vaxa og dafna. Einnig er mikilvægt að auka vitund fólks á því hversu hratt gengur á auðlindirnar og breyta því hvernig þær eru nýttar í dag. Hugmyndafræði sjálfbærrar nýtingar vex fiskur um hrygg og nýtur sívaxandi viðurkenningar þekkingarsamfélagsins. Loftslagsbreytingar undafarinna áratuga eru stór hvati í átt til betri landnýtingar manninum til heilla.

Mannkynið nálgast hratt þá stund sem það verður að gera upp við sig hvernig það ætlar að nýta og stjórna nýtingu þeirra auðlinda sem Jörðin hefur upp á að bjóða. Eftirspurnin á aðeins eftir að aukast. Sjálfbær nýting lands er ekki bara nauðsynleg til að tryggja félagsleg og efnahagsleg tækifæri í dag heldur einnig til að tryggja komandi kynslóðum tækifæri til góðra lífskjara. Að leita jafnvægis er áskorun tuttugustu og fyrstu aldarinnar.

Reyndu nautin styrkja sína stöðu – Um niðurstöður kynbótamats í október 2017

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is



Einkunnir reyndra nauta Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr veturinn 2017-18

Nafn og nr.	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeinkunn	Hæð dætra
Strákur 10011	125	103	93	118	108	93	117	95	97	99	115	96	99	108	5,8
Fossdal 10040	110	88	107	112	92	121	89	98	126	98	91	104	117	109	5,8
Kústur 10061	117	105	108	118	93	113	89	100	106	107	103	90	105	109	5,3
Lúður 10067	122	100	125	131	94	106	102	100	110	101	117	104	99	116	5,6
Sólon 10069	114	96	112	118	95	83	79	100	94	108	104	92	95	106	5,6
Dropi 10077	109	84	117	115	119	118	104	100	128	99	109	111	111	114	5,8
Mörsugur 10097	101	123	111	107	96	105	96	107	115	104	95	110	108	106	5,5
Kunningi 11002	113	116	121	120	96	88	103	102	92	111	101	102	107	109	5,7
Gýmir 11007	117	104	107	117	105	105	93	101	101	101	101	116	116	111	5,9
Stólpi 11011	117	87	96	114	112	113	94	94	111	106	94	110	110	111	5,6
Skalli 11023	127	83	96	121	79	112	98	107	115	104	104	118	111	113	5,3
Laxi 11050	120	97	89	112	98	80	98	108	108	98	122	113	105	107	5,9
Roði 11051	126	84	90	117	75	120	103	103	92	111	105	97	97	107	5,3
Skellur 11054	116	93	89	108	91	105	125	108	122	106	118	115	114	109	5,7
Öllari 11066	121	80	89	113	107	101	106	105	125	99	99	96	93	107	5,4
Bryti 11070	114	97	93	109	88	101	102	102	111	106	120	93	105	106	5,4

Nú eru komin til notkunar fimm ný reynd naut úr árgangi 2011 og hafa þá alls 9 naut af 26 í þessum árgangi komið til notkunar sem reynd naut.

Til samanburðar komu 12 af 28 nautum í árgangi 2010 til dreifingar sem reynd naut. Í 2011 árgangnum er að finna fyrstu syni nautsfeðranna frá 2004 en Ári 04043 átti 3 syni í þessum árgangi og Stássi 04024 einn. Fleiri syni þeirra er svo að finna í 2012 árgangnum sem og syni Stíls 04041. Við fyrstu sýn eru efnahlutföllin veiki hlekkur Árasona og kemur svo sem ekki á óvart hafandi hann sjálfan í huga.

Þau naut sem áður voru komin til dreifingar úr þessum árgangi hafa styrkt sína stöðu og hækkað í mati. Þannig er **Kunningi 11002** kominn með 109 í heildareinkunn og með geysigott mat fyrir efnahlutföll. **Gýmir 11007** er alhliða naut, sterkur í afurðum og skapi með 111 í heildareinkunn. **Stólpi 11011** bætir vel í og stendur nú með 111 í heildareinkunn, öflugur í mjólkurmagni og júgurgerð en efnahlutföll og mjaltir í tæpu meðallagii verða til þess að hann er ekki tekinn í hóp nautsfeðra. **Skalli 11023** bætir í og er kominn með 113 í heildareinkunn. Hann flyst í hóp nautsfeðra enda geysisterkur í mjólkurmagni, júgurgerð og skapi en efnahlutföllin mættu vera hærri. Þessi naut verða áfram í dreifingu í vetur.

Ný reynd naut

Ef við víkjum svo að þeim nautum sem koma ný til dreifingar í flokki reyndra nauta þá eru þau eins og áður sagði fimm talsins. Hér á eftir fer nánari lýsing á þeim.



Laxi 11050 er frá Laxamýri í Reykjahverfi undan Síríusi 02032 og Safiru 206 Laskadóttur 00010. Dætur Laxa eru stórar og mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk um meðallag en próteinhlutfall nokkru lægra. Þetta eru háfættar, boldjúpar og útlögumiklar kýr með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð og júgrin ákaflega vel borin, júgurfesta í meðallagi en júgurband fremur lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt en of gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og lítið er um galla í mjöltum. Þá er skap þessara kúa gott. Um helmingur afkvæma Laxa er einlitur þar sem rauðir og kolóttir litir eru algengastir en allir grunnlitir koma fyrir. Af tvílitum er huppóttur mest áberandi. Undan Laxa geta komið hyrndir gripir. Heildareinkunn 107.



Roði 11051 er frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi undan Ara 04043 og Kolu 522 Koladóttur 06003. Dætur Roða eru mjög mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru frekar lág. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er í tæpu meðallagi, aðeins vantar á júgurfestu og þau eru meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, aðeins í lengri kantinum en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru um eða yfir meðallag og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm. Meirihluti afkvæma Roða er tvílitur þar sem mest er um huppóttan og skjöldóttan. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Roða geta komið hyrnd afkvæmi. Heildareinkunn 107.



Skellur 11054 er frá Lágafelli í A-Landeyjum undan Ára 04043 og Míu 214 Ássdóttur 02048. Dætur Skells eru mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldjúpar með góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, aðeins hallandi en fremur flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, stuttir en hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott. Meirihluti afkvæma Skells er tvílitur og ber þar mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir langmest áberandi þó allir grunnlitir komi fyrir. Ekki er þekkt að Skellur gefi hyrnd afkvæmi. Heildareinkunn 109.



Öllari 11066 er Ölkeldu 2 í Staðarsveit á Snæfellsnesi undan Ófeigi 02016 og Jönu 432 Stígsdóttur 97010. Dætur Öllara eru mjög mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er góð, bein og sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mjög mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, vel settir en grannir. Mjaltir og skap þessara kúa eru í meðallagi og koma seinar mjaltir aðeins fyrir. Allmikill meirihluti afkvæma Öllara er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum koma rauðir litir langoftast fyrir þó allir litir nema gráir finnist. Ekki er þekkt að Öllari gefi hyrnd afkvæmi. Heildareinkunn 107.



Bryti 11070 er frá Akurey 2 í V-Landeyjum undan Gylli 03007 og Búbót 580 Stígsdóttur 97010. Dætur Bryta eru mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin og veik. Júgurgerðin er góð, mikil festa, áberandi júgurband og júgrin eru vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, mjög vel settir en frekar grannir. Mjaltir þessara kúa eru úrvalsgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skapið er í tæpu meðallagi. Meirihluti afkvæma Bryta er einlitur og koma rauðir litir oftast fyrir en allir nema gráir finnast. Af tvílitum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Ekki er þekkt að Bryti gefi hyrnd afkvæmi. Heildareinkunn 106.

Önnur reynd naut í dreifingu

Þau naut sem áfram verða í dreifingu og ekki er áður getið eru fædd 2010. **Strákur 10011** stendur með 108 í heildareinkunn og sækir styrk sinn öðru fremur í mjólkurlagni og góðar mjaltir. **Fossdal 10040** er nú með 109 í heildareinkunn en kostir hans liggja öðru fremur í gríðargóðri júgurgerð og mikilli júgurhreysti. **Kústur 10061** er með 109 í heildareinkunn en þarna er á ferðinni afurðanaut, bæði hvað varðar magn og efni. **Lúður 10067** styrkir sína stöðu vel og stendur í 116 í heildareinkunn nú. Lúður hlýtur að teljast öflugt alhliða naut þó athygli veki mjólkurlagni, gríðarhá prótein% og góðar mjaltir. **Sólon 10069** er með 106 í heildareinkunn og styrkleikar hans eru fyrst fremst á afurðahliðinni. **Dropi 10077** er með 114 í heildareinkunn en hann verður að teljast alhliða þó mestur styrkur liggi í hinni frábæru júgurgerð dætra. **Mörsugur 10097** er með 106 í heildareinkunn og er öflugur valkostur vegna hárra efnahlutfalla og góðrar júgurgerðar.

Naut úr dreifingu

Þau naut sem falla úr dreifingu eru Blómi 08017, Neptúnus 10079, Úranus 10081, Bætir 10086 og Úlli 10089. Þessi naut eru ýmist talin fullnotuð eða sæði er uppurið hjá Nautastöð BÍ. Enn getur þó verið að finna einhver strá úr þessum nautum í kútum frjótækna sem er þá um að gera að nýta standi hugur manna til þess.

Nautsfeður næstu mánuði

Þau naut sem valin voru sem nautsfeður til notkunar næstu mánuði eru Strákur 10011, Lúður 10067, Gýmir 11007, Skalli 11023 og Skellur 11054 en þeir tvei síðast nefndu eru nýir í þessum hópi. Áfram verður falast eftir nautkálfum undan Dropa 10077, Úranusi 10081 og Úlla 10089. Undanfarnar vikur hefur framboð á nautkálfum verið mikið og gott og því hægt að gera miklar kröfur til þeirra. Full ástæða er til að þakka bændum þann mikla áhuga sem þeir sýna kynbótastarfinu en með góðu og öflugi vali nautkálfa er lagður grunnur að erfðaframförum næstu ára.

Val og pörun nautsmæðra

Áfram er miðað við að nautsmæður séu ekki með lægri heildareinkunn en 106, 90 fyrir fitu% og 100 fyrir mjaltir. Þessu til viðbótar eru svo skoðaðir fleiri þættir þegar nautkálfur býðst og er þá m.a. litið til afurða, útlits, bils milli burða, mjalta o.fl.

Í Huppu hefur nú verið lesin tillaga að pörun fyrir allar kýr og kvígur fæddar til og með 2016 og með 106 í heildareinkunn eða hærra. Þessi tillaga er gerð í forritinu EVA sem reiknar pörunartillögurnar á landsvísu og tekur tillit til lágmörkunar skyldleikaræktar með mestu mögulegu erfðaframförum. Auðvitað þýðir aukin á áhersla á minni skyldleikarækt minni erfðaframfarir til skamms tíma en hins vegar aukinna erfðaframfara til lengri tíma litið.

Það er okkar tilmæli að farið sé að þessum pörunartillögum og ef vikið er frá henni að það sé gert í samráði við ráðunauta RML. Þannig eigum við að geta náð enn markvissari og betri pörun en ella og styrkt nautkálfaúrvalið enn frekar.

Hæstu naut

Við skulum svo til gaman kíkja aðeins á hvaða naut standa hæst fyrir ákveðna eiginleika og tekur þessi umfjöllun eingöngu til nauta sem fengið hafa afkvæmadóm. Í heildareinkunn Stendur Bambi 08049 efstur allra nauta í dag með 119 í heildareinkunn en fast á hæla honum kemur Úranus 10081 með 118. Næst kemur svo Lúður 10067 með 116, Koli 06003 er með 115 og þá kemur Dropi 10077 með 114. Skalli 11023 er með 113 og með 112 eru svo kunnugleg nöfn eins og Kambur 06022, Laufás 08003 og Úlli 10089. Þá eru Frami 05034, Birtingur 05043 og Baldi 06010 með í 111 í dag. „Gömlu matadorarnir“ Kaðall 94017 og Stígur 97010 eru báðir með 108 og Laski 00010 er með 107.

Fyrir einstaka valda eiginleika er röðin þessi:

Afurðir	Eink.
Lúður 10067	131
Úranus 10081	131
Skandall 03034	126
Flói 02029	126

Frumutala	Eink.
Heiðarás 89014	139
Erró 89026	138
Garpur 98009	135
Dreitill 06001	135

Júgur	Eink.
Víðkunnur 06034	143
Baldi 06010	137
Kambur 06022	135
Birtingur 05043	134

Spenar	Eink.
Sorti 90007	145
Glanni 98026	138
Krúsi 08014	131
Náttfari 00035	129
Koli 06003	129

Mjaltir	Eink.
Bambi 08049	136
Úi 96016	134
Gyllir 03007	131
Úranus 10081	131

Skap	Eink
Stokkur 01035	134
Bambi 08049	130
Trosi 11026	129
Aðall 02039	127
Pinkill 94013	127

Ending	Eink.
Birtingur 05043	123
Kambur 06022	122
Taumur 01024	120
Þulur 09069	119
Þráður 86013	119
Koli 06003	119

Nýjungar í kynbótastarfinu

Góðu heilli er langt frá því að það ríki stöðnun í kynbótastarfinu og stöðugt er leitað nýrra leiða og tækja til þess að efla það og bæta bændum og neytendum til hagsbóta. Áður hefur verið fjallað um erfðamengisúrval hér í blaðinu og á öðrum vettvangi. Þetta verkefni er í gangi og þegar þetta er skrifað er söfnun lífsýna í fullum gangi. Hún hefur gengið vel, þökk sé miklum áhuga og skilningi bænda á verkefninu. Þeir hafa ekki einungis tekið vel á móti þeim er sýnin hafa tekið heldur beinlínis fagnandi og stutt framkvæmdina vel og dyggilega með leyfi fyrir sýnatökunni og aðstoð við framkvæmd hennar. Slíkt er alls ekki sjálfgefið og ber að þakka með virktum. Í dag standa áætlanir þannig að erfðamengisúrval verði að veruleika hérlendis eftir 3-5 ár.

Síðast liðinn þriðjudag varð Jón Hjalti Eiríksson meistararitgerð sína er fjallaði um mælidagalíkan fyrir íslenska kúastofninn. Nú í vetur mun verða unnið að innleiðingu þess við kynbótamatsútreikninga fyrir afurðir og frumutölu. Með

því mun afkvæmadómur nautanna nást mun fyrr en áður og munar þar allt að 15 mánuðum auk þess sem niðurstöður hans sýna mun hærra arfgengi fyrir þessa eiginleika en verið hefur. Upptaka þessa líkans mun því hraða erfðaframförum verulega og hraða afkvæmadómi nautanna.

Í vetur er verið að vinna að mati á hagrænu vægi eiginleika í nautgriparækt og er áætlað að þeirri vinnu verði lokið í júní 2018. Þetta verkefni er mjög brýnt og ein af grundvallarforsendum þess að geta nýtt erfðamengisúrval á skynsamlegan hátt þegar þar að kemur. Ætlunin er að niðurstöður þessarar vinnu verði lagðar til grundvallar við breytingar á heildareinkunn kynbótamatsins.

Hafinn er undirbúningur að nýju mati fyrir frjósemi en í dag er það eingöngu metið út frá bili milli burða. Sá eiginleiki er í sjálfu sér mjög traustur og öruggur til mats á frjósemi en hefur þó þann galla að matið skilar sér seint. Ætlunin er því að þróa nýtt mat fyrir frjósemi er byggi á eiginleikum sem skila mati fyrr en bil milli burða. Samkvæmt fyrstu áætlunum gæti slíkt mat komið til innleiðingar á árinu 2020.

Nú í lok nóvember eða byrjun desember mun íslenskum kúabændum að öllum líkindum standa SpermVital-sæði til boða. Í þessari viku eru norskir sérfræðingar við frystingu á sæði með þessari tækni á Nautastöð BÍ á Hesti í fyrsta skipti. Þetta sæði gæti því komið til dreifingar við næstu áfyllingar á kúta frjótækna. Við viljum biðja menn að ganga hægt um gleðinnar dyr og kynna sér vel leiðbeiningar og tilmæli er varða notkun á þessu sæði sem birtast í næstu nautaskrá sem kemur út innan tíðar. Hér er um að ræða tækni sem getur nýst vel ef rétt er á málum haldið en ekki er neinna byltinga í fanghlutfalli að vænta.

Að lokum er svo rétt að nefna að síðasta föstudag komu fósturvísar úr norskum Angus-nautgipum til landsins. Þeir verða settir í kýr á nýju einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti sem verður tilbúin innan nánast örfárra daga. Gangi áætlanir eftir gæti það orðið í byrjun desember og fyrstu kálfar því fæðst í ágúst 2018. Að lokinni 9 mánaða einangrun væri hægt að selja þá til bænda um eða upp úr miðju ári 2019.

Af þessari upptalningu má sjá að margt er í gangi er kemur að framkvæmd ræktunarstarfsins og kynbótum nautgripa hérlendis, bæði hvað snertir mjólkur- og kjötframleiðslu.

Hrútafundir 2017



Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Hinir árlegu „hrútafundir“ búnaðarsambandanna eru nú á næsta leiti þar sem hrútakostur sæðingastöðvanna verður kynntur. Talsverð endurnýjun hefur orðið á hrútaflotanum en teknir hafa verið inn 20 nýir hrútar.

Heildarfjöldi hrúta í Laugardælum og í Borgarnesi, sem kynntur verður í nýrri hrútaskrá, telur 45 hrúta. Meðal nýju hrútanna má finna magnaða lambafeður, úrvals ærfeður, mórauðan kollóttan hrút, tvo nýja hrúta með verndandi arfgerð m.t.t. riðumótsstöðu, hreinhvíta hrúta ásamt forystuhrútum og feldfjárhrút svo eitthvað sé nefnt.

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna voru á fleiri stöðum en áður hefur verið eða á 8 stöðum á landinu sl. vetur og koma 10 hrútar í gegnum það val. Þá voru valdir 8 hrútar sl. vor sem flestir eru komnir með einhverja reynslu sem ærfeður. Tekinn var inn nýr forystuhrútur, Nikulás 15-977 frá Brakanda í Eyjafirði og nýr feldfjárhrútur, Melur 12-978 frá Melhóli í Meðallandi. Þrír hrútar verða áfram á stöðinni í Laugardælum sem ekki fá sérstaka kynningu í skránni. Það eru forystuhrúturinn Ungi 13-938, feldfjárhrúturinn Lobbi 09-839 og Lækur 13-928. Þeir tveir fyrrnefndu hafa lokið sínum skyldum og nýir hrútar leysa þá af en þar sem þeir eru við góða heilsu verða þeir í boði áfram á sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Lækur verður nýttur í sérverkefni tengt rannsóknum á erfðagallanum bógkreppu.

Bændur eru hvattir til að láta ekki deigan síga í sæðingum þótt móti blási í búgreininni því megin tilgangur ræktunarstarfsins er jú að auka verðmæti og hagkvæmni framleiðslunnar.

Ljóst er að talsverður munur er á afkomu búa eftir því hversu afurðasamur fjárstofninn er. Þá eru bændur hvattir til að mæta sem flestir á „hrútafundina“ því þeir eru einnig vettvangur umræðna um ræktunarstarfið. Hingað til hefur mæting almennt verið góð á þessa fundi og megi svo áfram vera. Stefnt er að því að ný hrútaskrá líti dagsins ljós mánudaginn 20. nóvember.

Hrútafundir 2017

Búnaðarsambandssvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 20. nóv.	Breiðabliki, Snæfellsnesi kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 21. nóv.	Hvanneyri kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 27. nóv.	Grunnskólinn Reykhólum kl. 15:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mán. 27. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl. 20:00
Búnaðarsamtök Vesturlands	Þri. 28. nóv.	Ásgarði, Kjós 21:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Fös. 24. nóv.	Sal BHS Húnabr. 13, Blönduósi kl. 13:30
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mán. 27. nóv.	Sævangur, Ströndum kl. 13:30
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mán. 27. nóv.	Ásbyrgi, Miðfirði Kl. 20:00
Búnaðarsamband Skagfirðinga	Fim. 23. nóv.	Tjarnarbær kl. 20:00
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	Mið. 22. nóv.	Hlíðarbæ kl. 20:00
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	Þri. 21. nóv.	Breiðamýri kl. 13:00
Búnaðarsamband N-Þingeyinga	Þri. 21. nóv.	Svalbarði, kl. 20:00
Búnaðarsamband Austurlands	Mið. 22. nóv.	Hótel Valaskjálf (Þingmúli), Egilsstöðum kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mán 20. nóv.	Smyrlabjörg kl. 13:30
Búnaðarsamband Suðurlands	Mán 20. nóv.	Hótel Klaustur kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri. 21. nóv.	Smáratún, Fljótshlíð kl. 13:30
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri. 21. nóv.	Félagslundur kl. 20:00



Forystuhrúturinn Nikulás 15-977 frá Brakanda er einn af þeim 20 nýju hrútum sem verður á sæðingastöðvunum í vetur.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt

Þeir sauðfjárræktendur sem lagt hafa upp með afkvæmaprófun á hrútum sínum eru hvattir til að ganga frá uppgjöri afkvæmarannsóknarinnar í Fjarvís.is sem fyrst og senda tilkynningu á ee@rml.is um að uppgjöri sé lokið.

Tilkynningar þurfa helst að berast fyrir 1. des. Líkt og síðasta haust er veittur styrkur af fagfé sauðfjárræktarinnar á hvern veturgamlan hrút (hrútar fæddir 2016) sem prófaður er. Að lágmarki þurfa að vera 5 hrútar í samanburðinum og þar af a.m.k. 4 veturgamlir en ekki er um hámarksfjölda að ræða. Hver hrútur þarf að hafa að lágmarki 8 gimbrar (eða hrúta ef unnið er með hrútlömb) ómældar og stigaðar og 15 afkvæmi með kjötmat. Athuga þarf þegar uppgjör er vistað að nákvæmlega sömu hrútar séu á bakvið líflambahlutann og kjötmatshlutann, fyrr verður heildarskýrslan ekki til.

Markvissar prófanir á veturgömlum hrútum er, líkt og bændur þekkja, skilvirk leið til þess að velja bestu gripina til áframhaldandi ræktunar m.t.t. skrokkgæða og bráðþroska. Að lokum er minnt á að nú er sá tími sem undirbúningur hefst fyrir næstu afkvæmaprófun og ræktendur hvattir til að framkvæma slíkt með markvissum hætti.



Til sölu er jörðin Pálmholt í Reykjadal. Mjög áhugaverður kostur sem bíður upp á ýmsa möguleika bæði í hefðbundnum búskap auk ferðaþjónustu. Mikill húsakostur og stutt í margar náttúruperlur og afþreyingu á svæðinu.

Pálmholt er um 8 km norðan við Laugar, einungis 32 km til Mývatns, 48 km til Akureyrar eftir að Vaðlaheiðargöng verða tekin í notkun og 32 km til Húsavíkur.

Hægt er að fá grunnteikningar af 60 kúa róbótafjósi. Jörðin selst án bústofns og tækja. Eigninni fylgir hlutdeild í veiðiréttindum í Reykjadalsá og Vestmannsvatni. Mikil gæsaveiði.

Allar nánari upplýsingar veitir Björn á fasteignasölunni Byggð í síma 897-7832.

Tilboð óskast

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

Norðurljósastofa
Frá Jötni Byggingum



Ný upplifun - meiri gæði fyrir þig og þína gesti!

- Glerhýsið er framleitt úr hágæða álrömmum (Reynaers CW 50) með tvöfaldri hurð.
- Þak er með tvöfalt gler, ytra byrði er hert gler og innra byrði er gert úr samlímdu öryggisgleri.
- Tvöfalt gler í veggjum og hurðum. Hægt að sérpanta öryggisgler.
- Litir hvítt og állitað, hægt að sérpanta aðra RAL liti.
- Húsið er afhent í 4 einingum. Flutningur, uppsetning, undirstaða og áfellur ekki innifaldar í verði.

Glæsileg viðbót við bústaðinn sem eykur á notagildi hússins vetur sem sumar.

Verð aðeins: **1.480.000** án vsk
Án hurða kr. 1.180.000 án vsk

Tilboð 3 eða fleiri: **1.380.000** án vsk
Án hurða kr. 980.000 án vsk

JÖTUNN BYGGINGAR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

Skotlandsferð Samtaka ungra bænda – síðari hluti

Dagana 20. til 23. október sl. stóðu Samtök ungra bænda á Íslandi fyrir helgarferð til Skotlands og var tilgangur ferðarinnar að kynnast þarlendum landbúnaði sem og að njóta lítils hluta þess sem Skotland hefur upp á að bjóða.

Alls voru 32 ungir bændur með í för og komu þeir víðs vegar að af landinu og frá ýmsum greinum íslensks landbúnaðar. Hér á eftir fer síðari hluti samantektar um þessa ferð en fyrri hluti umfjöllunarinnar birtist í síðasta Bændablaði.



Sauðfjárbændurnir Iain og Marion MacDonald tóku, líkt og allir aðrir bændur sem voru heimsóttir í ferðinni, afar myndarlega á móti hópnum og buðu bæði upp á mat og drykki. Veislusalurinn að þessu sinni var þurrkskemma búsins, en skemma þessi er notuð til þess að þurrka timbur, sem vélageymsla og nýtist auk þess á sauðburði. Mynd / Iain MacDonald

„Ungi bóndi Skotlands 2016“

Önnur bændaheimsókn ferðarinnar var til Andrew McGregor sem býr á búinu Eastlaw og rekur þar blandað bú ásamt föður sínum. Samtals eru þeir með 160 kýr, 300 kindur og 220 hektara lands, þar af um 40 hektara af hveitiframleiðslu.

Kindurnar eru mest notaðar í skiptibeit á móti kúnum, þ.e. til að hreinsa upp hagann eftir að kýrnar hafa verið á beit. Andrew þessi var valinn „Ungi bóndi Skotlands 2016“ en þá viðurkenningu hlýtur árlega einn ungur bóndi sem hefur staðið sig einkar vel í félagsmálum ungra bænda og þar hefur Andrew einmitt verið einkar virkur og sem var ein af ástæðum þess að hann var sóttur heim í þessari ferð.



Andrew McGregor sýnir hér gestunum aðstöðuna fyrir kýr í geldstöðu. Mynd / SS




Iain hafði undirbúið heimsóknina afar vel og var m.a. með tvo lambhrúta í spili til sýnis fyrir íslensku gestina. Mynd / SS



Hér sýnir kúabóndinn Dougie Frame nokkra af sínum afar myndarlegu Aberdeen Angus-uxum. Mynd / SS





Iain sýndi það sem hann sagði vera allra bestu fjárfestingu sína frá upphafi, þessa festigrind sem hann notar í fjárragi. Einar, formaður Samtaka ungra bænda, fékk að „taka í“. Mynd / SS

Stefnir á stækkun eftir Brexit

Andrew sýndi hópnum bú sitt og ræddi um framtíðina nú þegar Brexit er handan við hornið. Hann telur fullvíst að framtíð búsins liggi í því að fjölga kúnum og hætta með sauðfé og telur hann að 3–400 kúa bú sé raunhæft markmið fyrir Eastlaw-búið.

Með Brexit skapist ákveðin tækifæri til að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu í Stóra-Bretlandi og koma í veg fyrir eða draga úr innflutningi landbúnaðarvara frá öðrum löndum. Það skapi heimamönnum aukið svigrúm til þess að efla bú sín og stækka. Þessi staða muni vissulega einnig gagnast þeim bændum á Stóra-Bretlandi sem eru í lambakjötsframleiðslu en Andrew telur þó að bú hans henti betur til mjólkurframleiðslu enda sé ekki gott að vera með dreifðar áherslur hvað varðar vinnu, en það geti þó verið kostur tekjulega séð að dreifa áhættunni.

Selja mjólkina til einkaaðila

Þeir feðgar selja mjólkina í einkarekna afurðastöð og eru með fastan samning sem skilar þeim 25 pensum, eða um 34 krónum á lítrann næstu 2 árin og fá þeir þetta lágmarksverð fyrir 50% framleiðslunnar. Fyrir hinn hluta mjólkurinnar borgar afurðastöðin markaðsverð, sem er nú 31 pens, eða um 42 krónur á lítrann.

Aðspurður um núllpunkt búsins, þ.e. hvaða lágmarksverð þurfi til svo að búið tapi ekki á framleiðslunni, sagði Andrew hann hafa verið 21 pens í fyrra. eða um 29 krónur á lítrann. Staðan væri því sem stendur afar góð og búið væri rekið með góðum hagnaði.

Gamalt mjaltakerfi

Þegar mjaltaaðstaðan var skoðuð mátti glögglega sjá að hún hafði átt betri daga en um var að ræða gamlan 2x9 mjaltabás og í honum er einn maður að mjólka þessar 160 kýr um tvo tíma á morgnana og heldur styttri tíma á kvöldin.

Meðalnytin er um 8.700 lítrar en Andrew er með Holstein kýr. Þetta er heldur lág nyt miðað við þetta kúakyn og sagði Andrew að skýringin lægi í því að búið notaði nánast ekkert aðkeypt fóður. Kýrnar fá heilskorið hveiti, heilskorið bygg og hefðbundið vothey sem uppistöðuna í fóðrinu og fá svo örlítið að aðkeyptu próteini. Fyrir vikið séu þær ekki keyrðar upp í nyt, en þetta kúakyn getur hæglega skilað 3–4 þúsund lítrum að jafnaði til viðbótar með krafmeiri fóðrun.

3F er lykillinn að árangri

Þessi magnaði ungi bóndi var greinilega með afar góða stjórn á búrekstrinum og aðspurður að því hvernig hann gæti framleitt mjólkina jafn ódýrt og hann gerði sagði hann að lykillinn lægi í „effunum þremur“: frjósemi, fóðri og fóðrun. Ef kúabóndinn væri með þessi þrjú grunnatriði í huga dag hvern og passaði að frjósemin væri góð, að fóðrið hentaði kúnum og væri ódýrt ásamt því að fóðra kýr og geldneyti rétt og vel þá næði maður árangri.

Kjötframleiðsla í sérflokki

Frá Andrew var haldið til annars ungs bónda sem býr á bænum Birks sem er næsti bær við Eastlaw. Þar býr Dougie Frame en hann er með 120 Aberdeen Angus kýr ásamt öllu uppeldi. Til búsins heyra 200 hektarar af landi sem er nýtt bæði til fóðurframleiðslu og beitar og eru kýrnar úti mestan part ársins en geldneytin tekin á hús yfir veturinn. Þá eru á búinu einnig 200 ær en hann notar þær fyrst og fremst til þess að hreinsa upp beitarsvæðin eftir kýrnar og kálfana.

Geldir öll naut

Í Skotlandi má nota teygju til að gelda naut og er það gert við öll naut og er hann því einunig með uxa og kvígur í kjötframleiðsunni. Fyrir vikið þarf Dougie því að kaupa þarfanautin að frá sérstökum ræktunarbúum. Þetta er afar algengt að gert sé í Skotlandi, þ.e. bændurnir sem eru í kjötframleiðslu eru ekki í kynbótarækt heldur kaupa að þá gripi sem nota á til framleiðslunnar. Í þessar 120 kýr og kvígur notar hann 3–4 naut og hefur hann markvisst unnið að því að efla frjósemina með því að taka allar ásetningskvígur frá nautunum eftir 2 gangmál. Þær eru svo skannaðar 5 vikum síðar og ef þær eru ekki með staðfest fang eru þær settar í sláturhús. Þetta hefur verið gert á búinu í mörg ár og hefur þessi aðferð skilað búinu afar góðri frjósemi. Þá hefur hann markvisst slátrað þeim gripum sem hefur þurft að hjálpa við burð og hefur það einnig gert burðarvertíðina mun auðveldari. Þannig þurfti t.d. í vor einungis að aðstoða við 3 burði af 120.

Vottað skoskt nautakjöt

Öllum sláturgripum er slátrað 23–24 mánaða gömlum og er fallþunginn þá í kringum 360–370 kg en sé fallþunginn meiri lækkar verðið. Skýringin felst m.a. í því að búið er í sérstöku gæðavottunarkerfi sem gefur rétt til notkunar á heitinu skoskt nautakjöt en slík vottun er ávísun á hærra verð, en til þess að geta selt kjöt með þessari vottun þarf að uppfylla ýmis skilyrði s.s. um fallþunga, aðbúnað og fleiri atriði sem ekki verða tíunduð frekar hér.

Elstu kýrnar borið 10 kálfum

Dougie hefur í nokkur ár ræktað sérstaklega fyrir eiginleikum sem lúta að endingu kúnna s.s. sterkbyggðu göngulagi og léttum burði. Þetta er þegar farið að skila sér í aukinni endingu og hafa t.d. elstu kýrnar borið 10 kálfum og láta ekkert á sjá að hans sögn. Aðspurður um reksturinn þá sagðist hann vera sáttur en samkvæmt uppgjöri SAC (þeirra RML) er búið í besta þriðjungi meðal skoskra holdanautabúa þegar horft er til hagkvæmni og afkomu.

Vindmyllur líka landbúnaður

Síðasta búið sem var heimsótt í þessari ferð var bú hjónanna Iain og Marion MacDonald en þau eru með skemmtilega blandað bú sem samanstendur af sauðfé, skógrækt og vindmyllum! Bú þetta, sem kallast Ardoch, er með 700 ær og er sá hluti búskaparins umfangsmestur amk. hvað varðar vinnu. Tekjulega séð eru það þó vindmyllurnar þrjár sem mala gull en hver þeirra er 2,3 megavött og þó svo að þær séu ekki í eigu búsins heldur í eigu einkafyrirtækis þá skila þær töluvert miklum tekjum til búsins þar sem fyrir hverja þeirra er greidd hlunnindagjald vegna nýtingar á vindi og landi. Heildartekjurnar vegna þessara hlunninda nema 90 þúsund pundum á ári eða rúmum 12 milljónum íslenskra króna!

Selur helming lambanna um mitt sumar

Til búsins heyra tvö ársverk sem

er vissulega afar lítið vinnuframlag á 700 kinda búi en skýringin felst m.a. í því að á miðju sumri selja þau 50% lambanna á fæti. Búið er staðsett afar hátt yfir sjávarmáli og gefur einfaldlega ekki af sér næga beit fyrir öll lömbin og því eru þau seld til lokaeldis til annarra búa sem hafa meiri landgæði. Þá láta þau hjónin öðrum eftir allt hefðbundið kynbótastarf en kaupa að hrúta frá ræktunarbúum og er viðmiðunarverð á slíkum hrútum andvirði 10 lamba að jafnaði.

178 lömb til nytja eftir 100 ær

Ærnar og gimbrarnar, sem eru blanda af mismunandi sauðfjárkynjum, eru með fína frjósemi og eftir skönnun í vetur voru 198 lömb á hverjar 100 ær en til nytja að hausti komu 178 lömb. Aðspurður um ástæður þess að færri skila sér eftir beitartímabilið sagði Iain að bæði refir og greifingjar tækju alltaf svolítið af lömbum og væri erfitt að eiga við það. Þá séu þrílembingar oft veikburða og drepist stundum.

Ómissandi hjálpartæki

Margir í hópnum höfðu orð á því að búið kæmist af með afar takmarkað vinnuframlag en þau Iain og Marion sögðu þá að það væri m.a. sérstakri flokkunargrind að þakka! Þessi grind sparaði þeim hreinlega aukamann eða tvo við fjárrag og vinnu við ærnar og fékk hópurinn að sjá þetta ómissandi hjálpartæki búsins. Þessi flokkunargrind er afar einföld í notkun og algjörlega handvirk. Þegar kindin kemur inn í grindina, stígur



Ardoch-sauðfjárbúið leggur til land undir þrjár vindmyllur sem eru í eigu sjálfstæðs fyrirtækis í raforkuframleiðslu.

bóndinn á pall og með vogarafli og þunga bóndans leggst grind með mjúku efni á upp að hlið kindarinnar og er hún þá föst. Þá er einfalt að holdastiga, skoða klaufir, gefa lyf eða hvað annað það sem gera þarf. Einar Freyr Elínarsson, formaður Samtaka ungra bænda á Íslandi, fékk að prófa og líkaði vel eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Skógræktin sér búinu fyrir hita

Þau hjón eru einnig í skógrækt og eru sem stendur með 12 hektara í skógrækt og með heimild til að rækta skóg á 37 hekturum. Skóginn grisja þau svo sjálf og nýta til upphitunar á heimili sínu en til hvorutveggja, þ.e. skógræktarinnar og upphitunarinnar fá þau styrk frá skoska ríkinu og fá í raun borgað fyrir að kynda sitt eigið hús! Iain gat þess að áður hafi olíukostnaður vegna húshitunar verið 4 þúsund pund á ári en nú fái þau 10 þúsund pund fyrir að brenna sín eigin tré, sem þau fái jafnframt styrk til að framleiða. Svolítið spaugilegt en skýringin felst í því að hið opinbera er að gera sitt til þess að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti við húshitun og á þeirra búi kemur þetta svona vel út.

Ferðinni lauk svo með sameiginlegum kvöldverði að kvöldi sunnudagsins og síðan var haldið heim á ný um hádegisbil á mánudeginum og lauk þar með afar fróðlegri ferð til nágranna okkar í Skotlandi.

Snorri Sigurðsson

Eftir hverju bíða Íslendingar?

– Meingallaðar íslenskar reglur um aðlögunarstuðning og fáir sækja um – Helmingur sauðfjár í Eistlandi með lífræna vottun

Það eru fleiri en íslenskir sauðfjárbændur sem hafa tapað útflutningsmörkuðum í Rússlandi vegna refsiaðgerða ESB í tengslum við Úkraínumálið. Eistlendingar hafa t.d. misst markaði í Rússlandi fyrir alifugla- og svínaafurðir svo og mjólk og mjólkurafurðir. Kúabændur þar hafa snúið sér í vaxandi mæli að nautakjötsframleiðslu af beitargripum og sauðfé hefur einnig fjölgað á seinni árum.

Lífræni geirinn vex hratt

Þegar ég kom fyrst til Eystrasaltsríkjanna Eistlands, Lettlands og Litháen, upp úr aldamótunum, fannst mér athyglisvert hve lífræni geirinn hafði tekið vel við sér eftir að þjóðirnar losnuðu undan oki Moskvuvaldsins og öðluðust sjálfstæði að nýju um 1990. Aðild að ESB hefur stuðlað að þessari þróun en þó er ljóst að stefna stjórnvalda í hverju landi fyrir sig skiptir megin máli. Þetta á sérstaklega við um Eistland þar sem lífræni geirinn vex ört, bæði hvað varðar vottað land og fjölda bænda í vottuðum lífrænum búskap. Nær þessi þróun til allra búgreina; jarðræktar, búfjárræktar, garð-og gróðurhúsaframleiðslu og býflugnaræktar. Því eru lífrænt vottaðar vörur orðnar mjög fjölbreyttar. Mest af þeim er selt á innanlandsmarkaði. Helsta útflutningsafurðin til annarra ESB landa er korn, einkum hafrar, en einnig hveiti, rúgur og bygg, í þeirri röð. Einnig er flutt inn mikið af lífrænt vottuðum vörum.

Lífræn sauðfjárrækt orðin útbreidd

Helstu búgreinar í lífræna geiranum í Eistlandi eru nautakjötsframleiðsla og sauðfjárrækt, sem mest byggt á nýtingu beitilanda á víðáttumiklum sléttum inni á milli skóganna sem þekja um 50% landsins. Þau lífrænu sauðfjárbú sem ég hef komið á í Eistlandi nota gjarnan gamlar, stórar byggingar samyrkjubúa Sovéttímabilsins, gera þær upp og laga að sauðfjárbúskapnum. Auk þurrheys og votheys er gefið nokkuð af korni yfir vetrarmánuðina en hálmur er notaður til undirburðar. Töluvert er af smára og öðrum belgjurtum í graslendinu sem auðvelda lífræna aðlögun.

Í Eistlandi er hvítt, kollótt, innlent fjárkyn algengast en blendingslömb eru framleidd með innfluttum kynjum á borð við Texel frá Hollandi og Dorset frá Bretlandi. Ærnar eru látnar bera í mars og fram í apríl. Frjósemi er heldur minni en hjá íslenska fénu. Dilkar eru sendir beint í slátrun eða seldir á fæti til bötunar í september og október. Eftir því sem



Dr. Ólafur R. Dýrmundsson.

ég hef komist næst vaxa þessi lömb hægar en þau íslensku. Verð til bænda fyrir lömb með lífræna vottun sem eru um 35 kg á fæti að meðaltali er á bilinu 135-250 evrur (16.000-31.000 íslenskar krónur), jafnvel heldur hærra ef farið er með dilkana beint í sláturhús um fimm mánaða gamla. Þar við bætast stuðningsgreiðslur, bæði á land og gripi. Hvergi í Evrópu er hærra hlutfall sauðfjárstofnsins í lífrænum búskap, um 50%, þ.e.a.s. 48.000 fjár með fulla vottun og 4.000 fjár í aðlögun árið 2016. Ljóst er að opinber stefna og stuðningur stjórnvalda skipta þarna megin máli. Þess ber að geta að meðal fjárfjöldi á lífrænum búum er 166 kindur, oftast í blönduðum búskap, og algengt er að bændur og fjölskyldur þeirra sinni hlutastörfum utan bús til að drýgja tekjurnar.

Góður stuðningur við lífræna geirann

Lífræna hreyfingin í Eistlandi á sér ekki langa sögu því að fyrstu félögin voru stofnuð fyrir tæplega 30 árum þegar landið varð aftur sjálfstætt ríki. Fyrstu árin notuðu bændur reglur um lífræna ræktun sem byggðust á stöðlum IFOAM, Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga. Þáttaskil urðu 1997 þegar lög um lífrænan landbúnað tóku gildi og 2001 var tekið upp ríkisrekið vottunarkerfi líkt og í Danmörku. Þannig hefur Landbúnaðarráðuneyti Eistlands umsjón með vottuninni og hefur þetta opinberra vottunarkerfi reynst vel. Eftir inngöngu í Evrópusambandið 2004 hefur löggjöf þess um lífræna framleiðslu gilt eins og hér á landi. Einnig er opinber stuðningur við rannsóknir og námskeiðahald í þágu lífræns búskapar verulegur. Öllum bændum sem fara með bú sín í lífræna aðlögun er skylt að sækja nokkur stutt námskeið um þau efni sem haldin eru reglulega í hinum ýmsu landshlutum .



Bóndi á lífrænu fjárbúi í Eistlandi. Mynd / ÓRD



Útihús frá Sovéttímanum sem breytt hefur verið í fjárhús. Mynd / ÓRD

Þyngst vega þó beinar stuðningsgreiðslur til lífrænna bænda, bæði á aðlögunartímanum og og síðar, bæði fyrir land og gripi. Við upphaf aðlögunar þarf bóndinn að gangast undir skuldbindingar um að stunda lífrænan landbúnað í a.m.k. fimm ár. Þótt hér hafi verið vikið sérstaklega að sauðfjárræktinni nær þessi stuðningur til allra búgreina, landgreiðslur á hektara og gripagreiðslur einnig, þar sem t.d. mjólkurkýr telst 3.0 búfjáreiningar en ær 0.3 búfjáreiningar. Fyrstu tvö ár aðlögunar er greiddur 10% hærri styrkur en árin þar á eftir og greiðslur halda áfram eftir að aðlögun lýkur með fullri vottun. Þessi góði aðlögunarstuðningur við lífræna geirann í Eistlandi er til fyrirmyndar og með allt öðrum hætti en gerist hér á landi. Á tiltölulega stuttum tíma hefur Eistland skipað sér í hóp þeirra landa í Evrópu sem mest hafa eflt lífræna ræktun á meðan Ísland er í hópi þeirra sem reka lestina. Þó var staðan mjög svipuð í báðum löndunum fyrir 20 árum.

Meingallaðar íslenskar reglur um aðlögunarstuðning

Til að fyrirbyggja misskilning tel ég rétt að taka það skýrt fram að Ísland þarf ekki að ganga í ESB til að feta í fótspor Eistlands við þróun lífrænna búskaparhátta. Þótt hvorki núgildandi ESB reglugerð um lífræna landbúnaðarframleiðslu, né sú nýja, sem væntanlega tekur gildi 2020, séu okkur ekki nægilega hagstæðar vegna ýmissar sérstöðu, tel ég það gersamlega óviðunandi að íslenskur landbúnaður skuli reka lestina í þessari nútímaþróun í eflingu lífrænna búskaparhátta. Það tómlæti og sú tregða sem hér ríkir gagnvart sjálfbærri þróun lífræns landbúnaðar er að mínum dómi fremur manngert vandamál en vísindalegt og tæknilegt. Því er hugarfarsbreytingar þörf. Hún kostar ekki neitt.

Hér hefur verið vikið sérstaklega að stefnumótun og stuðningi við lífrænan landbúnað í Eistlandi og hinni glæsilegu þróun þar. Í því samhengi ætla ég að taka dæmi úr íslenskum raunveruleika um manngerðan vandræðagang sem er að skaða framþróunina hér á landi. Hann endurspeglast m.a. vel í fyrirsögn greinar í Bændablaðinu 21. september í haust, efst á bls. 12 t.h.:

Einungis tvær umsóknir bárust í lífræna aðlögunarstyrki – Nálægt 30 af 35 milljónum ekki ráðstafað að þessu sinni.

Blaðamaður Bbl. ræðir þarna við Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóra Búnaðarstofu Matvælastofnunar, og vísað er í nýjan búvörusamning sem hafi tífaldað stuðning til aðlögunar að lífrænum landbúnaði. Jón Baldur lýsir yfir vonbrigðum með viðbrögðin og telur að þennan styrkjaflokk verði að kynna betur. Nú verði 30 milljónum króna óráðstafað á þessu ári sem framkvæmdanefnd búvörusamninga þurfi að taka afstöðu til hvað gera eigi við.

Ég er hræddur um að betri kynning á ákvæðum um lífræna framleiðslu í 5.kafla reglugerðar nr. 1240/2016 um allmennan stuðning við landbúnað komi ekki að gagni því að ég tel þær reglur meingallaðar og alls ekki til þess fallnar að hvetja til lífrænnar aðlögunar búskaparhátta. Því tel ég að endurskoða þurfi þessi reglugerðarákvæði á tafar, þ.e.a.s. 20.-24. greinar reglugerðarinnar. Þarna er að mínum dómi verið að gera óraunhæfar kröfur til umsækjenda og jafnvel meiri en gerðar eru til umsókna um aðrar stuðningsgreiðslur í reglugerðinni. Ég legg því til að Bændasamtök Íslands, sem við samningu búvörusamningsins lögðu til að opinber framlög til aðlögunar að lífrænum landbúnaði yrðu tífölduð, beiti sér fyrir endurskoðun 5. kaflans. Við það verði höfð hliðsjón af eldri reglum sem reyndust vel enda í samræmi við slíkar reglur um aðlögun í nágrannalöndunum, einkum í Noregi. Vert er að geta þess að eldri reglurnar voru samdar af fólki sem hefur þekkingu og reynslu auk skilnings á málefnum lífræna geirans hér á landi.

Eftir hverju er verið að bíða?

Hér að framan hef ég gert stuttlega grein fyrir glæsilegri þróun lífræns landbúnaðar í Eistlandi, einkum í sauðfjárræktinni. Hér hefur þróunin orðið allt önnur og er m.a. bent á manngerðar tálmanir, nú síðast í formi meingallaðra reglugerðarákvæða um stuðning við aðlögun að lífrænum búskaparháttum. Markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur fer stöðugt vaxandi, mikið er flutt inn en ekki er verið að nýta þau sóknarfæri sem blasa við í innlendri framleiðslu. Þessi mál þarf að taka fastari tökum, opinberrar stefnumótunar er þörf og hinar ýmsu stofnanir sem stuðla að íslenskri landbúnaðarframleiðslu með ýmsum hætti geta að mínum dómi gert miklu betur til að efla hina sjálfbæru búskaparhætti sem byggja á lífrænni ræktun. Því spyr ég sömu spurningar og ég spurði í grein í 17. tbl. Bændablaðsins 1995: Eftir hverju er verið að bíða?

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson
Höfundur, er sjálfstætt starfandi búvísindamaður og hefur verið fulltrúi Íslandsdeildar Evrópuhóps lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM EU Group) síðan 2004. Hann mun væntanlega fjalla um það samstarf í næsta blaði.

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Ræktunarmenn ársins 2017



Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is

Eins og mörgum er í fersku minni tilnefndi Fagráð í hrossarækt alls 11 ræktunarbú eða aðila til sérstakrar viðurkenningar fyrir framúrskarandi ræktunarárangur á árinu 2017. Heiðursviðurkenninguna ræktunarmenn ársins 2017 hlutu Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson í Efsta-Seli, á uppskeruhátíð hestamanna þann 28. október síðastliðinn.

Mikill fjöldi búa náði afgerandi góðum árangri á sýningaárinu 2017. Val Fagráðs er því aldrei auðvelt, s.s. hvar á að draga mörkin hverju sinni í fjölda tilnefndra búa en þar er ekki um fasta tölu að ræða milli ára enda oft lítið sem aðskilur eftirtektarverð bú og árangur þeirra. Tilnefningar Fagráðs eru fyrst og síðast hvatning og verðskuldað hrós en ekki til þess gerðar að ýta undir „keppnisvæðingu“ í hrossarækt og kynbótadómum. Kynbótadómar hrossa eru alltaf fyrst og síðast dómar búfjár og grunntilgangurinn að afla upplýsinga sem nýtast öllum ræktendum jafnt og eru grunnur að kynbótaspá/kynbótamati íslenskra hrossa hvar sem er í heiminum. Því fleiri hross sem dæmd eru því sterkari og öruggari gagnaöflun og spá um gildi gripa fyrir ræktunarstarfið.

Til að afmarka val ræktunarbúa og leiða að niðurstöðu eru fyrst tilgreind öll hrossaræktarbú eða aðilar sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,0 eða hærra. Þá eru einkunnir leiðréttar eftir aldri og kyni líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búunum er svo raðað upp eftir leiðréttum einkunnum og fjölda sýndra hrossa. Þá reiknast afkvæmaverðlaunahross (stóðhestar og hryssur) til stiga fyrir sína ræktendur samkvæmt föstum reglum þar um.

Í meðfylgjandi töflu eru öll búin, 62 að tölu, sem uppfylltu kröfur um fjögur fulldæmd hross og minnst tvö yfir 8 á sýningarárinu 2017. Dálkarnir sýna meðaltal leiðréttrar aðaleinkunnar og fjölda fullsýndra hrossa, þ.e. fjölda hrossa að baki meðaltölum. Þá er sérstaklega tilgreint í síðasta dálknum ef afkvæmahross leggja til stiga fyrir búið á árinu. Efst í töflunni eru þau ellefu bú sem tilnefnd voru til viðurkenningarinnar í ár í þeim sætum sem útreiknuð stig raðaði þeim í en þar fyrir neðan eru búin sem komust auk þeirra til greina í ár í stafrófsröð.



Bú sem komu til greina við val á ræktunarbúi ársins í hrossarækt 2017

Ræktunarbú/menn		Mt. A.eink	Fjöldi	Sæti	
Daníel Jónsson og Hilmar Sæmundsson - Efsta-Seli		8,54	6	**1**	
Skipaskagi	Jón ÁB5:B54rnason og Sigurveig Stefánsdóttir	8,45	7	**2**	
Torfunes	Baldvin Kr. Baldvinsson	8,39	10	**3**	
Berg	Anna Dóra Markúsdóttir, Jón Bjarni Þorvarðarson og fjölsk.	8,44	7	**4**	
Ketilsst./S-Gegnishólar	Bergur Jónsson og Olil Amble	8,32	15	**5 - 7**	
Prestsbær	Inga og Ingar Jensen, Prestsbær ehf.	8,47	4	**5 - 7**	
Rauðalækur	Eva Dyröy, Guðmundur Fr. Björgvinsson, Kristján Ríkharðsson	8,45	5	**5 - 7**	
Garðshorn á Þelamörk	Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius	8,42	5	**8**	
Hemla II	Lovísa Herborg Ragnarsdóttir og Vignir Siggeirsson	8,37	4	**9**	
Varmalækur	Björn Sveinsson og Magnea K. Guðmundsdóttir	8,36	4	**10 - 11**	*Afkv.*
Þúfur	Mette Mannseth og Gísli Gíslason	8,28	9	**10 - 11**	
Auðsholtshjáleiga	Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og fjölskylda	8,17	5		
Austurás	Haukur Baldvinsson, Ragnhildur Loftsdóttir og fjölskylda	8,20	5		
Austurkot	Hugrún Jóhannsdóttir, Páll Bragi Hólmarsson, Austurkot ehf.	7,94	4		
Álfhólar	Sara Ástþórsdóttir	8,00	5		
Árbakki	Hulda Gústafsdóttir, Hinrik Bragason og fjölsk., Árbakki hestar ehf.	8,02	4		
Árbæjarhjáleiga II	Marjolijn Tiepen, Kristinn Guðnason og fjölsk.	8,21	8		
Ármót	Ármótabúið ehf.	8,13	6		
Ásbrú	Vilberg Skúlason	8,12	4		
Bessastaðir	Guðný Helga Björnsdóttir og Jóhann Magnússon	8,29	4		
Blesastaðir 1A	Hólmfríður B. Björnsdóttir, Magnús Tr. Svavarsson og fjölsk.	7,98	6		
Brautarholt	Björn, Snorri og Þrándur Kristjánssynir	8,10	5		
Dalland	Gunnar Dungal og Þórdís Sigurðardóttir, Hestamiðstöðin Dalur ehf.	8,06	7		
Einhamar 2	Hjörleifur Jónsson og Sif Ólafsdóttir	8,21	7		
Eyri	Hjördís Benediktsdóttir og Jón Þ. Eggertsson	8,06	4		
Eystra-Fróðholt	Ársæll Jónsson, Anna Fía Finnsdóttir og fjölsk.	8,32	4		
Eystri-Hóll	Halldór H. Sigurðsson, Sigurður G. Halldórsson, Hestar ehf.	8,13	6		
Fákshólar	Fákshólar ehf.	8,15	4		
Fet	Hrossaræktarbúið FET ehf.	8,16	15		
Flagbjarnarholt	Sveinbjörn Bragason, Þórunn Hannesdóttir, Bragi Guðmundsson	8,22	6		
Flekkudalur	Guðný Ívarsdóttir og Sigurður Guðmundsson	8,04	4		
Fornusandar	Finnbogi, Magnús Þór og Tryggvi Einar Geirssynir	8,06	5		
Grafarkot	Fjölskyldan Grafarkoti	8,08	4		
Halakot	Svanhvít Kristjánsdóttir, Góðhestar ehf.	8,17	5		
Hamarsey	Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos	8,35	4		
Herríðarhóll	Ólafur A. Jónsson og Renate Hannemann	8,17	4		
Hlemmiskeið 3	Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfsdóttir	8,21	7		*Afkv.*
Hof á Höfðaströnd	Lilja Sigurlína Pálmadóttir	8,28	4		
Hoftún	Bára A. Elíasdóttir og Bjarki Steinn Jónsson	8,13	4		
Holtsmúli 1	Magnús Lárusson og Svanhildur Hall	7,98	5		
Íbishóll	Elisabeth Jansen og Magnús Bragi Magnússon	7,94	7		
Kirkjubær	Ágúst Sigurðsson, Unnur Óskarsdóttir og fjölsk., Kirkjubæjarbúið sf.	8,22	5		
Kjarr	Helga Sigurðardóttir, Helgi Eggertsson og fjölskylda	8,23	6		
Kolsholt 2	Helgi Þór Guðjónsson, Oddný L. Guðnadóttir og Guðjón Sigurðsson	8,01	6		
Koltursey	Elías Þórhallsson og fjölskylda	8,25	4		
Laugarbakkar	Kristinn Valdimarsson	8,14	4		
Laugavellir	Sveinn Ragnarsson, Laugavellir ehf.	8,16	4		
Leirubakki	Anders Hansen og fjölskylda	8,28	4		
Litla-Brekka	Vignir Sigurðsson	7,97	8		
Lækjamót	Fjölskyldan Lækjamóti	8,35	4		
Oddsstaðir I	Guðbjörg Ólafsdóttir og Sigurður Oddur Ragnarsson	8,09	6		
Pula	Jóhann Kr. Ragnarsson og Theódóra Þorvaldsdóttir	8,09	5		
Sauðárkrókur	Guðmundur Sveinsson og fjölsk.	8,16	5		*Afkv.*
Skáney	Fjölskyldan Skáney, Borgarfirði	7,96	6		
Skíðbakki III	Erlendur Árnason og Sara Pesenacker	8,18	4		
Skrúður	Ragnhildur Guðnadóttir og Sigfús Kr. Jónsson	8,20	4		
Steinnes	Magnús Jósefsson og fjölsk.	8,08	13		
Steinsholt	Jakob Svavar Sigurðsson og Sigurður Guðni Sigurðsson	8,21	4		
Strandarhjáleiga	Þormar Andrésson, Sigurlín Óskarsdóttir og fjölsk.	8,23	6		
Strandarhöfuð	Auður M. Möller, Guðmundur M. Stefánsson, Strandarhöfuð ehf.	8,15	7		
Stuðlar	Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson	8,31	4		
Þjóðólfshagi 1	Sigurður Sigurðarson og Sigríður Arndís Þórðardóttir	8,14	6		

Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

– frá Bændasamtökum Íslands:

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2017. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 8. desember 2017 og skal umsóknum skilað til:

Fagráð í hrossarækt,
Bændahöllinni
v/Hagatorg,
107 Reykjavík.

/Fagráð í hrossarækt.



Skýrsluhaldsskil og skráning á fyljun

Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur í hrossarækt
hjá RML
halla@rml.is



Til upprifjunar er rétt að minna á að haustið 2016 voru tekin upp árleg skil á skýrsluhaldi í hrossarækt í gegnum heimarétt WorldFengs. Þessi skil eiga að fara fram fyrir 20. nóvember ár hvert. Þetta er sama dagsetning og er á skilum á haustskýrslu í Bústofn sem áður kölluðust forðagæsluskýrslur. Þar sem óðum styttist í þessi skil er rétt að rifja upp helstu atriði.

Áður en gengið er frá skýrsluskilum í „Heimaréttinni“ þarf að fara í gegnum nokkur skref og hér á eftir verður leitast við að útskýra þá flipa sem þarf að fara í gegnum. Þetta eru fliparnir Hrossin mín, Fyljanaskráning, Fang- og folaldaskýrsla, Umráðamaður og Skýrsluhaldsskil.

„Fang- og folaldaskráning“. Hér fer fram skráning á folöldunum og hvað um þau verður. Þarna birtast eftirfarandi möguleikar:

- Afrakstur, þar koma upp eftirfarandi valkostir; eitt folald, tvö folöld, dauðfætt, hryssan fórst.
- Geld/Lét, ef hryssa er geld eða lét er gerð grein fyrir því undir þessum flipa.
- Folaldi slátrað
- Skrá folald, hér er folaldið grunnskráð.
- Tvífyl, hér opnast tveir gluggar þar sem hægt er að skrá bæði folöldin.

Það skal tekið fram að ekki er hægt að skrá folald nema ræktandi sé skráður fyrir ræktunarnúmerum (þrír öftustu stafirnir í fæðingarnúmeri) og að fyrir liggi fangskráning frá síðasta ári. Til að fá úthlutað ræktunarnúmeri er hægt að senda t-póst á RML.

„Umráðamaður“. Samkvæmt nýlegum reglum Evrópusambandsins um hestahald er nauðsynlegt að öll hross hafi skráðan umráðamann, vegna þess að WorldFengur virkar sem rafrænt hestavegabréf. Umráðamaður er í flestum tilfellum sami aðili og skráður eigandi en vegna eftirfarandi þátta þarf að skerpa á þessu:

- Ef hross er skráð á marga eigendur þá þarf að velja einhvern einn sem umráðamann þess.
- Ef skráður eigandi er undir lögaldri, þarf að skrá einhvern eldri sem umráðamann.
- Ef eigandi er ekki staðsettur í sama landi og hrossið, t.d. útlendingar sem eiga hross hér á landi, þá þarf að skrá þau á umráðamann sem búsettur er hérlendis.

Eigandi getur breytt umráðamanni þegar honum hentar, t.d. ef hann lánar einhverjum hross í lengri tíma.


Í flipanum „um mig“ eru persónulegar upplýsingar, s.s. heimilisfang, sími og netfang. Þarna er hægt að leiðrétta upplýsingar ef þörf er á. Endilega að yfirfara netföng og símanúmer reglulega.

„Skýrsluhaldsskil“. Hér fara fram árleg skil á skýrslum þegar búið er að skrá allar nauðsynlegar upplýsingar í fyrri flipum. Þessi skil þarf að framkvæma fyrir 20. nóvember.


Ekki er hægt að skila skýrsluhaldinu nema búið sé að gera grein fyrir fyljanaskráningu ársins og ástæðum förgunar fyrir þau hross sem voru felld/slátrað á árinu.

Til hagræðis fyrir hesteigendur er hér einnig yfirlit yfir fullorðin hross sem ekki eru örmerkt og listi yfir þau hross sem búið er að taka DNA-sýni úr en hafa ekki fengið staðfestingu á ætterni. Þar sem ekki fæst staðfesting á ætterni ættu menn að skoða hvers vegna svo er. Oft eru eðlilegar skýringar á því, s.s. að ekki sé til DNA-sýni úr móður eða föður. Mistök geta líka hafa átt sér stað við sýnatöku eða greiningu og því full ástæða til að fylgja þeim málum eftir.


Allir þeir sem eru félagsmenn í hestamannafélagi eða Félagi hrossabænda eiga að hafa frían aðgang að WorldFeng og þar með heimarétt. Þeir sem hafa ekki látið virkja fyrir sig aðgang að WF ættu að setja sig í samband við gjaldkera eða formann í viðkomandi félagi og óska eftir að það verði gert. Munum að skila skýrslum fyrir 20. nóvember næstkomandi og tökum þátt í því að WorldFengur gefi sem raunsannasta mynd af stofninum hverju sinni.



„Hrossin mín“. Undir þessum flipa koma upp öll hross í heimaréttinni. Hér er um að gera að skoða vel hvað hefur breyst á árinu og ganga frá eigandaskiptum og gera grein fyrir afdrifum og geldingu þar sem það á við. Leiðbeiningar um notkun á heimaréttinni er að finna á heimasíðu RML.



„Fyljanaskráning“. Þarna koma upp allar hryssur í viðkomandi heimarétt. Hér þarf að gera grein fyrir því hvort hryssum hafi verið haldið eða ekki. Hafi hryssu verið haldið þarf að skrá hjá hvaða stóðhesti hún var, hvenær hún var hjá honum og árangri fyljunar (sjá mynd hér til hliðar).
Undir þessum flipa er líka að finna lista yfir stóðhesta tveggja vetra og eldri. Hafi þeir verið notaðir þarf að skrá inn hvaða hryssur voru hjá þeim (sjá mynd hér til hliðar).



Ef hryssueigandi hefur þegar skráð fyljun á sína hryssu kemur hún sjálfkrafa hér inn og eigandi stóðhestsins þarf einungis að staðfesta að upplýsingarnar séu réttar.



Skil á skýrslum um hrossaeign eiga að fara fram fyrir 20. nóvember ár hvert. Þetta er sama dagsetning og er á skilum á haustskýrslu í Bústofn sem áður kölluðust forðagæsluskýrslur.



VÉLABÁSINN

Nýr fjórhjóladrifinn Mini

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Mini er ekkert nýtt nafn í bílaflota Íslands, en upp úr 1960 var Garðar Gíslason, stórkaupmaður á Hverfisgötu 4–6, með umboð fyrir bresku Austin-verksmiðjurnar.

Austin Mini var vinsæll og ódýr bíll hér á Íslandi fram undir 1970. Fyrstu Mini-bílarnir voru með kraftlitla 850cc vél og á 10 tommu felgum sem hentuðu ekki vel fyrir íslenska vegi. Fyrir vikið var það „Bjallan“ frá Volkswagen sem hafði vinninginn í smábílasölunni.

Frá síðustu aldamótum hefur Mini verið í eigu BMW og náð töluverðum vinsældum. Árið 2012 byrjaði vel fyrir Mini, en þá varð Mini X-Raid í fyrsta og öðru sæti í hinu fræga Dakarralli. Árið eftir var Mini í fjórum fyrstu sætunum í sömu keppni, en allt frá því hefur mig langað til að prófa fjórhjóladrifinn Mini.



Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.735 kg
Hæð	1.559 mm
Breidd	1.822 mm
Lengd	4.299 mm

Mini Cooper SE Countryman All4. Myndir / HLJ

Fjórhjóladrifið er samspil tveggja véla

Að keyra bílinn er nánast hljóðlaust, í rólegum akstri byrjar bíllinn á að nota rafmagnsmótorinn sem hefur um 40 km drægni fullhlaðinn, en ef farið er upp fyrir 80 km hraða kemur bensínmótorinn inn. Sé allt gefið í botn úr kyrrstöðu fer bensínmótorinn strax í gang til að auka kraft og snerpu. Ólíkt öllum öðrum fjórhjóladrifnum bílum stjórnast fjórhjóladrifið af annars vegar 1,5 lítra þriggja strokka turbo-bensínvél sem skilar 136 hestöflum sem er framhjóladrifið. Afturhjólunum stjórnar svo 88 hestafla rafmótor sem er aftast í bílnum ásamt rafhlöðunni. Samanlagt eru þessar vélar tvær 224 hestöfl sem getur sett bílinn úr kyrrstöðu í 100 km hraða á 6,8 sek.

Ótrúlega stöðugur í hálku og á möl

Bíllinn sem ég fékk um síðustu helgi hjá BL og prófaði við frekar erfiðar aðstæður kom mér verulega á óvart. Eftir að hafa reynt bílinn innanbæjar fór ég út fyrir bæinn til að finna vel hálan veg og meiri snjó. Á leiðinni út úr bænum mældist þessi bíll með aðeins 57–59 desíbela hávaða inni í bílnum á 90 km hraða, sem er með lægstu mælingum sem ég hef tekið í bíl á þessum hraða. Á malarveginum var mælingin 64–66 db.

Það var sama hvar ég reyndi bílinn, alltaf var hann betri en það sem ég fyrirfram hafði gert mér í hugarlund. Á flughálum hlykkjóttum veginum við Ármannsfell haggaðist bíllinn ekki og sama hvað ég reyndi þá rann hann aldrei til og tók aldrei spól.

Á lausum malarvegi fór skriðvörnin strax í gang og hélt bílnum réttum í gegnum beygjuna sem ég reyndi bílinn á og þegar snúið var við og skriðvörnin tekin af var það sama sagan, smá hliðarskrið, en ótrúlega stöðugur.

Góðu punktarnir mun fleiri en þeir slæmu

Eftir 100 km akstur þá var meðaleyðsla á mín. 10,2 lítrar. Þarna var um grófan akstur og mikla spyrnugleði að ræða, en þetta var bara svo gaman með stillinguna á sporttakkanum. Þegar ég skilaði bílnum 50 km síðar, var ég kominn niður í 9,1 lítra eyðslu. Það er örugglega hægt að ná bílnum mun neðar sé einhver skynsemi í akstrinum.


Það er svo margt í þessum bíl sem er gott og vandað, en fyrst vil ég nefna að öll ljós eru LED og lýsa afar vel. Bara að muna að kveikja ljósin einu sinni og hafa ljósarofann alltaf á ON því að þegar drepið er á bílnum slokkna ljósin sjálfkrafa þó að takkinn sé á ON.

Hljómtækin eru hreint frábær og ekki man ég eftir neinum bíl sem hefur verið með sætishitara sem er eins fljótur að hitna eins og í þessum bíl.

Aðeins tvennt fann ég að þessum bíl, ekkert varadekk, aðeins rafmagnspumpa og límvökvi til að gera við. Bensíntankurinn er ekki nema 36 lítrar, en mætti vera 10 lítrum stærri. Svo er bíllinn aðeins að sóða sjálfan sig of mikið upp á hliðar.

Verð og helstu mál

Bíllinn sem prófaður var heitir MINI COOPER SE COUNTRYMAN ALL4 og kostar 5.590.000, en ódýrasti Mini er á verði frá 3.890.000. Það er margt ósagt um þennan bíl og fyrir áhugasama sem vilja fræðast meira um bílinn er best að leita á vefsíðunni www.bl.is.



Bakkmyndavélin sýnir vel aftur og rauða línan möguleika á beygju.



Michelin Alpin naglalausu snjódekkin eru einhver bestu óneglanlegu vetrardekkin á markaðnum.



Uppáhaldsstillingin hjá mér, en kostaði aðeins of mikið bensín.



LED ljósin að aftan eru stór og sjást vel.



Aksturstíminn, eyðslan í lok prufuaksturs.



Gamalt rótgróið merki sem margir þekkja

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Er söltun á götum umhverfissóðaskapur?

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Í síðustu viku kom fyrsta hálkan í Reykjavík og alltaf við þær aðstæður voru margir óviðbúnir á illa útbúnum bílum til aksturs í snjó og hálku. Við þessar aðstæður koma saltbílar út á göturnar snemma á morgnana og salta sem flestar götur borgarinnar.

Fyrir nokkuð mörgum árum sagði við mig maður norðan úr landi að á veturna keyrði hann á Akranes og tæki þaðan Akraborgina bíllaus síðasta spölinn því hann vildi ekki pækilsalta bílinn sinn.

Saltið mýkir upp göturnar svo að það heyrist minna í nöglunum eftir söltun

Síðustu sex vikur hafa hjólbarðaverkstæðin í Reykjavík verið að skipta undir bílum þeirra forsjálu. Að sögn starfsmanna verkstæðanna hefur dekkjasala aldrei verið eins mikil og nú í haust, en nálægt helmingur seldra dekkja eru nagladekk þrátt fyrir áróður gegn nagladekkjanotkun í Reykjavík.

Á þessum sex vikum var því kominn mikill fjöldi bíla á nagladekk sem keyrði um auðar götur Reykjavíkur á nöglum. Þrátt fyrir allan þennan fjölda af bílum á nagladekkjum var ekki að sjá í stilltu veðri fyrstu helgina í nóvember að neitt svifryk lægi yfir borginni.

Nú er búið að moka salti á göturnar frá fimmtudeginum 9. nóvember og fram á sunnudaginn 12. Fyrir þá sem eru næmir á bíla sína eru til ökumenn sem finna að með öllum þessum saltaustri mýkist malbikið (allavega heyrist minna í nagladekkjum á malbiki eftir að búið er að salta).

Er svifrykið saltinu að kenna?

Til eru nokkrir sem vilja staðhæfa að með söltun sé verið að leysa upp tjöruna í malbikinu. Eftir verður mölin og fínn sandurinn sem gerir þetta svifrik sem oft sést liggja yfir bænum á björtum stilltum dögum. Við þessa kenningu verður til spurning um hversu umhverfisvænt er að salta göturnar. Tjaran verður eftir á dekkjunum, á bílunum, snjónum og síðan í jarðveginum ýmist með bráðnun á snjónum eða þegar bíleigendur þrífa bílana með leysiefnum (tjaran er í raun tegund af olíu og ef nokkrir lítrar af olíu fara í læki eða sjó er almennt talað um olíuslys). Persónulega vil ég taka undir þessar kenningar og vil allt salt burt af götunum.

Ekkert salt og allir á nöglum

Stór finnsk könnun á banaslysum í finnskri vetrarumferð um notkun nagladekkja sýndi að 30% færri banaslys eru hjá þeim sem eru á nöglum en hjá þeim sem aka um á óneglduðum vetrardekkjum. Á Akureyri hefur til margra ára ekki verið saltaðar götur, eins og allir vita stendur Akureyri inni í firði og töluvert skjólsælla er á Akureyri en í Reykjavík. Aldrei minnist ég þess að hafa séð fréttir af svifryki á Akureyri vegna nagladekkjanotkunar.

Undirvagnar á bílum Akureyringa eru mun minna ryðgaðir en undir bílum Reykvíkinga sem keyra í saltpækli nánast allan veturinn með tilheyrandi ryðmyndun



á öllum undirvagni bílanna. Miðað við ofangreinda kenningu er Reykjavíkurborg að spilla vísvitandi jarðvegi með því að salta þannig að olía í miklu magni fer í jörð daglega.

Vetrardekkjareglugerðin er að lágmarki 3 mm

Ég vildi óska að einhver mér fremri í eðlis- og efnafræði gæti hrakið allt það sem hér að ofan er ritað og mér verði gert að éta öll þessi skrif ofan í mig. Allavega hjálpar að vera duglegur að skola með volgu vatni bremsubúnað og undirvagn reglulega sé ekið á höfuðborgarsvæðinu (ef komið er í stutta heimsókn í „saltborgina“ er gott að skola undirvagninn við fyrsta tækifæri).

Það ætti hins vegar að vera öllum ljóst að þann 1. nóvember 2014 tók í gildi reglugerð um vetrardekk, en í þessari reglugerð segir að ekki megi vera minna munstur í hjólbörðum á veturna en 3 mm munstursdýpt. Það gildir frá 1. nóvember til 15. apríl.

DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.
Vinnu- og dráttarvéladekk
Double Star Jeppadekk 35x12,5x15
20% afsláttur af öllum dekkjum
Double Star vörbíladekk
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
MOTUL Smurþjónusta
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: HERBERT MARK (CC BY-SA 4.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

73	VERKFÆRI	MYNDA-BÓK	VELJA	ÓREIÐA	FISKA	MÁNUÐUR		NÆSTUM	DANS	TVEIR
NÁÐAR-MEÐAL										
FLEYGA							LÍFSHLAUP / LOSA			
HLJÓÐ-FÆRI				MÆLI-EINING / KRASSA						RÍKJA
KÁKA / SPYRJA						GÁSKI / LÖNG				
		INNI-LEIKUR	ANGAR / HLJÓTA				SÝKJA / BLUND			
SLÉTTA					HYLLI	FITA / ANSA			HEILU	NUDDAST
ÓGÆFA					KÆRLEIKS-ÞEL / SAMBAND			FUGL / KVEÐJA		
NUDD			NEITUN / KK NAFN					HITA / HRÓ		
SKEL				BORÐA / ÚT			HARLA	HAMINGJA / SKAMMT		MYNT
		SKARÐ / NABBI				ÓNÆÐI			ÞEI / HEITI			
STAÐ-FESTA						AÐ BAKI / BEITA				DRYKKUR / GYÐJA		
BRASKA							SANDMÖL / LÍKA				ÁTT	
SJÁ EFTIR					RAUP				TIL SÖLU			
DUL							ÁMA					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: RONNIE ROBERTSON (CC BY-SA 2.0)


HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

72	HÁMA	KRYDD-BLANDA	STÆKKA	Í RÖÐ	BLAÐUR		ÚTVORTIS	SÁLDRA	SKRÁ	MJAKA
VOPN	S	K	A	M	M	B	Y	S	S	A
GJALDA	L	A	U	N	A	TIF / UMFRAM	T	I	K	K
RÓL	A	R	K	TREGA / TÓN-TEGUND	S	Y	R	G	J	A
ÍÞRÓTTA-FÉLAG / ÓFORSJÁLNI	F	R	A	M	MÖR / HRÓP	F	I	T	A	LJÓÐUR
↓	PRAKKARI	LEYFI / SPRIKL	F	R	Í	ÁLAG / SAKEYRIR	O	K	I	EINKAR / FÚSKA	A	L	L
LEIKA	S	P	I	L	A	DRABB / NOKKRIR	S	L	A	R	K	STRIT	ÓNÁÐA	Ý
STÚTUR	T	Ú	Ð	A	FJALL / ÞJÁNINGA	F	E	L	L	VIÐBÓT / TUNGUMÁL	Á	B	Ó	T
KLAFI	O	K	SKIKI / FÖST STÆRÐ	S	K	Á	K	KROPPUR / INNIHALD	L	Í	K	A	M	I
BEIN	R	I	F	MERKI / GRUFLA	V	I	T	I	SKARA / SPILLA	R	A	K	A	TALA
	M	SEYTLAR / REISA	A	G	A	R	ODDI / LÓN	N	E	S	HALLANDI / KAFMÆÐI	S	K	Á
AF-HENDING	A	F	S	A	L	MJAKA	H	N	I	K	A	ÓLÆTI / BLEKKING	A	T
SKRIFA	L	E	T	R	A	HRÆÐAST / ÁTT	Ó	T	T	A	S	T	TVEIR EINS	T
FJÚK	D	R	I	F	NAUMUR	S	P	A	R	LITA	M	Á	L	A
VARA VIÐ	A	Ð	V	A	R	A	KRYDD	K	A	N	I	L	L	

Bændablaðið
kemur næst út 30. nóvember
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

Bærinn okkar



Arnheiðarstaðir

Arnheiðarstaðir er gömul landnámsjörð að talið er og þar að auki gömul kristfjárjörð sem ábúendur jarðarinnar keyptu árið 2002. Foreldrar Eiríks, núverandi ábúanda, þau Jón E. Kjerúlf og Guðrún Einarsdóttir, bjuggu þá á jörðinni. Eiríkur tekur við búinu árið 2005, en síðar rugla þau Eiríkur og Matthildur saman reitum og árið 2010 kemur hún í búskapinn.

Árið 1991 voru byggð ný fjárhús fyrir 300 fjár en þá voru fyrir gömul fjárhús sem voru rifin vegna allsherjar riðuniðurskurðar á svæðinu. Árið 1999 var byggt nýtt íbúðarhús og flutt í það árið 2000. Árið 2006–2007 var byggð rúlluaðstaða og fjárhús fyrir 200 fjár. Árið 2012 og 2013 var svo mokað út úr 300 kinda fjárhúsinu – sem var taðhús og steyptur kjallari – og smíðaðar grindur.

Býli: Arnheiðarstaðir.

Staðsett í sveit: Fljótsdalur á Héraði.

Ábúendur: Eiríkur J. Kjerúlf og Matthildur Erla Þórðardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Eiríkur og Matthildur. Matthildur á tvö uppkomin börn; Þórarin Pál Andrésson, 30 ára, bóndi á Fljótsbakka í Eiðaþinghá, og Birna Sólrún Andrésdóttir, 27 ára, bóndi á Skipanesi í Hvalfjarðarsveit. Á hún líka ótrúlegan fjölda af barnabörnum. Svo eru smalatíkurnar Katla og Týra, og veiðikötturinn Pjakkur.

Stærð jarðar? Eitthvað í kringum 3.000 ha.



Eiríkur J. Kerúlf og Matthildur Erla Þórðardóttir með barnabarn sitt.

Gerð bús? Sauðfjárbúskapur og 25 ha skógrækt.

Fjöldi búfjár og tegundir? 436 vetrarfóðraðar kindur, sex hestar notaðir við smalamennskur og svo níu íslenskar varphænur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Misjafnt eftir árstíðum. Fénu gefið tvisvar á dag allan veturinn, sólarhringsvakt allan sauðburðinn. Mislangir dagar við smalamennskur og heyskap. Frá miðjum nóvember fram í miðjan apríl vinnur Eiríkur hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað við skógarhögg og ýmislegt annað. Matthildur sér um búið á meðan.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Öll störf eru skemmtileg, kannski misskemmtileg.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipaðan, en vonandi með betri afkomu.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við höldum og vonum að allir séu að gera sitt besta eins og hægt er. En þetta er ekki alltaf þægileg staða að vera í forsvari fyrir bændur þegar lítils skilnings gætir hjá ráðamönnum þjóðarinnar.





Matthildur Svana, ömmu- og afastelpa, í sveitinni.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel, ef rétt er haldið á spilunum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Í kjöti og mjólkurvörum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, egg, ostur, kæfa, smjör, sulta og slátur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Steikt kindalæri, eða bógur, með brúnni sósu, rabarbarasultu og ora grænum baunum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar flutt var í nýja íbúðarhúsið árið 2000, og þegar taðfjárhúsunum var breytt í grindahús.



Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Kjúklingalundir „katsu“ ættaðar frá Japan

Steiktur kjúklingur er einstaklega bragðgóður. Hér er notast við aðferð sem ættuð er frá Japan og kallast „katsu“.

Kjúklingalundir „katsu“ með hrásalati

- 8 kjúklingalundir eða bringur skornar í sneiðar
- 2 bollar brauðraspur
- 1 bolli hveiti
- 2 egg með svolítilli mjólk
- 1 msk ristuð sesamfræ

Katsu-sósa

- ¼ bolli sojasósa
- ¼ bolli tómatsósa
- 2 msk hunang
- 2 msk hvítvínsedik
- 1 rif hvítlaukur, saxaður eða marinn

Hrásalat

- 2 bollar fínt rifið hvítkál eða gulrætur
- 2 bollar rifið rauðkál
- 1 gulrót, rifin eða annað grænmeti (flottar nýjar marglitar gulrætur)
- 4 msk fínt söxuð steinselja
- ¼ bolli saxaðar ristaðar hnetur
- ¼ bolli majónes, skyr eða sýrður rjómi

Meðlæti

- 1 msk olía
- 1 msk sykur
- 1 pakki hrísgrjón
- 2 tsk fiskisósa



Aðferð

Veltið hverri lund upp úr hveiti, svo eggi og endið á brauðraspi helst (Pankó-raspi).

1. Hitið ofninn í 180 gráður.
2. Setjið smjörpappír á ofnbakka og bakið í 20 mínútur, eða þar til kjúklingur er soðinn í gegn.
3. Líka má brúna hann á pönnu eða djúpsteikja hann.
4. Á meðan skaltu elda hrísgrjónin eins og sagt er á leiðbeiningum á pakka.
5. Til að gera sósu, setjið sojasósu, tómatsósu, hunang, edik, hvítlauk og 2 msk af vatni í litlum potti á miðlungs hita. Hrærið í 2 mínútur til að það þykkni lítillega.
6. Kryddið yfir kjúklinginn með salt og pipar.
7. Til að gera hrásalatið skal setja hvítkál, gulrót og steinselju í stóra skál. Blandið öllu saman og stráið yfir hnetur. Og kryddið til með smá salti og pipar
8. Framreiðið með hrísgrjónum og katsu-sósu. Skreytið með sesamfræjum og hrásalati til hliðar.

Hvernig á að elda stökkan mjölhjúpaðan kjúkling?

Það er einstaklega gott að borða steiktan kjúkling. Algengt er að nota hveiti, en ef þú vilt fá mjög stökka húð á kjúklinginn þá er maísmjöl betri kostur. Kornsterkja er hrein sterkja sem oft er notuð sem þykkingarefni fyrir sósur og súpur og almennt notuð í framandi matreiðslu frá Asíu.

Skref 1:

Takið kjúklingalundir og þerrið vandlega með pappírsþurrku.

Skref 2:

Hellið maíssterkju í stóra skál og kryddið með salti, pipar og kryddi eins og hvítlauk og chili-dufti.

Skref 3:

Setjið kjúklinginn í skál með smá sojasósu eða bræddu smjöri, stráið maíssterkjublöndunni yfir og hrærið og nuddið saman þannig að mjölið hjúpar kjúklinginn. Allar hliðar kjúklingsins ættu að vera að fullu hjúpaðar maíssterkju áður en þær eru eldaðar. Lundirnar eru steiktar á pönnu og bakaðar í ofni eða djúpsteiktar þar til kjúklingurinn er orðinn stökkur.



Möndlu- og súkkulaðiorkustykki

Náttúruleg sætuefni eru hollari en unninn sykur. Þótt það sé sykur í flestu súkkulaði er hægt að nota dökkt súkkulaði og kakósmjör (sem fæst í betri búðum) og gera hollt orkustykki í anda Snickers með náttúrulegu heilnæmu hráefni.

Fyrir grunninn að stykkinu

- ½ bolli brætt kakósmjör eða íslenskt smjör
- ½ bolli kasjúhnetur
- ½ bolli möndluspænir
- ½ bolli rifinn kókos
- ¼ bolli hunang
- 2 msk hnetusmjör
- klípa af sjávarsalti

Fyrir hnetusmjörskaramellu

- 50 g smjör eða kakósmjör
- 1 msk hnetusmjör
- 2 msk hunang eða maple-síróp
- ½ tsk vanilluduft eða þykkni
- klípa af sjávarsalti
- ½ bolli hnetur að eigin vali, möndlur eða jarðhnetur

Fyrir súkkulaði

- 200 g gott súkkulaði
- 1/4 bolli kókosolía

Aðferð fyrir grunninn

Blandið saman í matvinnsluvél kasjúhnetum, möndlum, kókos og salti – þar til öll innihaldsefni eru brotin niður í mulning.

Setjið hunang og hnetusmjör saman við, smjör eða kakósmjör og vinnið þar til það er orðið blautt eins og ostakökubotn.

Ýtið botninum jafnt niður í bökunarpönnuna eða kökuformið með smjörpappír.

Setjið í frystinn og látið harðna.

Aðferð fyrir hnetusmjörskaramellu

Gerið smá karamellu með hunangi eða sírópi, bætið hnetum saman við, hnetusmjöri, vanillu, smjöri og salti í matvinnsluvél – þar til blandan er grófhökkuð.

Dreifið karamelluhnetunum yfir botninn.

Setjið aftur í frystinn.

Aðferð fyrir súkkulaði

Hitið kókosolíu í potti yfir lágum hita þar til hún er alveg bráðin.

Bætið bræddu súkkulaði við og hrærið saman þar til allt er alveg blandað saman.

Hellið smá súkkulaði jafnt yfir karamelluna.

Setjið aftur í frystinn í að minnsta kosti tvær klukkustundir.

Takið úr frystinum og látið þiðna í 30 mínútur áður en þið skerið í sneiðar. Skreytið með afgangi af súkkulaðinu.

Borðið innan 20–30 mínútna eftir að hafa tekið út úr frystinum!

HANNYRÐAHORNIÐ

Kósísokkar

Nú þegar kólna fer er gott að eiga kósísokka til að ylja köldum fótum. Þessa sokka er skemmtilegt að prjóna og verða klárlega í jólapakka frá mér þessi jólin til nokkurra ættingja. Nepal er á 30% afslætti núna þegar Alpaca partí stendur yfir hjá okkur.

DROPS Design: Mynstur ne-229

Stærðir: 35/37 - 38/40 - 41/43

Lengd fótar: 22 - 24 - 26 cm

Efni: DROPS NEPAL

200-200-250 gr

Prjónar: Sokkaprjónar eða 30 sm hringprjónn nr 4,5 og 5 – eða sú stærð sem þarf til að 17Lx22 umf í sléttu prjóni verði 10x10 sm á prjóna nr 5mm

Kaðlaprjónn

MYNSTUR:

Sjá teikningar A.1 til A.7.

HÆLÚRTAKA:

UMFERÐ 1 (rétta): Prjónið þar til 7-7-8 L eru eftir, takið 1L óprjónaða, 1L sl, steypið óprjónuðu L yfir, snúið við.

UMFERÐ 2 (ranga): Prjónið þar til 7-7-8 L eru eftir, takið 1L óprjónaða, 1L br, steypið óprjónuðu L yfir, snúið við.

UMFERÐ 3 (rétta): Prjónið þar til 6-6-7 L eru eftir, takið 1L óprjónaða, 1L sl, steypið óprjónuðu L yfir, snúið við.

UMFERÐ 4 (ranga): Prjónið þar til 6-6-7 L eru eftir, takið 1L óprjónaða, 1L br, steypið óprjónuðu L yfir, snúið við.

Haldið áfram alveg eins með því það fækki um 1L áður en 1L er steypt yfir þar til 10-12-12 L eru eftir á prjóni.

ÚRTAKA:


Fækkið um 1L á undan prjónamerki þannig: Prjónið þar til 2L eru eftir á undan prjónamerki, 2L slétt saman.

Fækkið um 1L á eftir prjónamerki þannig: Prjónið fyrstu 2L á eftir prjónamerki snúnar slétt saman.

SOKKUR:

Stykkið er prjónað í hring á frá miðju að aftan.

Fitjið upp 60-64-68 L á sokkaprjóna nr 4,5 með Nepal. Prjónið 1 umf slétt. Prjónið síðan stroff (2sl, 2br) þar til stykkið mælist 4 sm. ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA Prjónið *1 umf br, 1 umf sl *, endurtakið frá *-* 1 sinni til viðbótar, JAFNFRAMT í síðustu umf er fækkað um 8Ll jafnt yfir = 52-56-60L. Skiptið yfir á prjóna nr 5. Prjónið þannig: Prjónið A.6a (sjá mynstur fyrir rétta stærð = 5-7-9 L), A.2 (= 7L), A.3 (= 6L), A.1 (= 16L), A.4 (= 6L), A.5 (= 7L), endið með A.7a (sjá mynstur fyrir rétta stærð = 5-7-9 L). Haldið svona áfram með mynstur. Þegar A.2 til A.5 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina er A.2a endurtekið til A.5a til loka. Mynstur A.6 og A.7 er síðan prjónað eftir mismunandi stærðum þannig:





Stærð 35/37: Endurtakið A.6a/A.7a alls 4 sinnum, A.6b/A.7b alls 1 sinni (= 2L færri), A.6c/A.7c alls 4 sinnum, A.6d/A.7d alls 1 sinni (= 2L færri), endurtakið A.6e/A.7e þar til stykkið mælist 26 sm, stillið af eftir eina heila mynstureiningu af mynstri á hæðina.

Stærð 38/40: Endurtakið A.6a/A.7a alls 1 sinni (= 2L færri), A.6b/A.7b alls 2 sinnum, A.6c/A.7c alls 1 sinni (= 2L færri), A.6d/A.7d alls 2 sinnum, A.6e/A.7e alls 1 sinni (= 2L færri), endurtakið A.6f/A.7f þar til stykkið mælist 27 sm, stillið af eftir eina heila mynstureiningu á hæðina.

Stærð 41/43: Endurtakið A.6a/A.7a alls 1 sinni (= 4L færri), A.6b/A.7b alls 2 sinnum, A.6c/A.7c alls 1 sinni (= 4L færri), endurtakið A.6d/A.7d þar til stykkið mælist 28 sm, stillið af eftir eina heila mynstureiningu af mynstri á hæðina.

ATH. Fækkið um 4 lykkjur í mynstri A.1 – sjá teikningu. Þegar stykkið mælist 26-27-28 sm eru 44-46-48 lykkjur á prjóninum.

Haldið nú eftir fyrstu 10-11-12 L á prjóni (þ.e.a.s. A.6 og A.2), setjið næstu 24L á 1 band (= miðja ofan á fæti) og haldið eftir síðustu 10-11-12 L á prjóni (þ.e.a.s. A.5 og A.7) = 20-22-24 L fyrir hæl. Stykkið er nú prjónað fram og til baka. Í næstu umf er aukið út um 1L á hvorri hlið á hælstykki með því að prjóna 2L í fyrstu og síðustu L = 22-24-26 L. Prjónið frá réttu þannig: 1L br, A.2, sléttprjón yfir næstu 6-8-10 L, A.5 og endið með 1L br. Haldið svona áfram fram og til baka þar til hælstallur mælist 5½ sm. Setjið 1 prjónamerki, stykkið er nú mælt héðan. Stillið af að mynstrið endi fallega. Prjónið nú slétt prjón yfir allar lykkjur og fellið af fyrir hæl – **LESIÐ HÆLÚRTAKA** Eftir hælúrtöku eru prjónaðar upp 10-10-11 L hvoru megin við hæl og 24L af bandi eru settar til baka á prjóninn = 54-56-58 L. Prjónið 5-6-6 L sl (= miðja undir fæti) = byrjun á umf.

Setjið síðan 2 prjónamerki í stykkið og prjónið þannig: Prjónið 14-15-16 L sl, setjið 1. prjónamerki, 1 L br, haldið áfram með mynstur A.3, A.1, A.4, (þegar A.1 hefur verið prjónað 1 sinni á hæðina er A.1a endurtekið til loka), 1L br, setjið 2. prjónamerki, 14-15-16 L sl. Haldið svona áfram með mynstur JAFNFRAMT er fækkað um 1L á undan 1. prjónamerki og 1L á eftir 2. prjónamerki – **LESIÐ ÚRTAKA**, í hverri umf alls 9 sinnum = 36-38-40 L (= 10-12-14 L sléttprjón undir il). Prjónið þar til stykkið mælist 19-21-23 sm frá prjónamerki (nú eru eftir ca 3 sm). Prjónið nú sléttprjón yfir lykkjur í A.1a, stillið af að endað sé á einni mynstureiningu af A.1a á hæðina, e.t.v. er hægt að prjóna slétt prjón aðeins fyrr. Mynstur A.3 og A.4 halda áfram til loka. Setjið 4 prjónamerki í stykkið þannig: Prjónið 5-6-7 L sl, setjið 1. prjónamerki, 1L br, prjónið A.3 og setjið 2. prjónamerki á milli 5. og 6. L, prjónið sl yfir fótinn (= 12L), A.4 og setjið 3. prjónamerki á milli 1. og 2. L, 1L br, setjið 4. prjónamerki, endið með 5-6-7 L sl (= 14L ofan á rist, 10-12-14 L undir il og 6L á hvorri hlið).

Fellið síðan af fyrir tá í næstu umf þannig: Fækkið um 1L á eftir 2. prjónamerki ofan á rist og 1L á undan 3. prjónamerki ofan á rist (= alls 2L færri), endurtakið úrtöku í hverri umf alls 2-1-0 sinnum – **LESIÐ ÚRTAKA** = 10-12-14 L ofan á rist og 10-12-14 L undir il (= 32-36-40 L alls). Í næstu umf er L fækkað þannig: Fækkið um 1L á undan 1. og 3. prjónamerki og 1L á eftir 2. og 4. prjónamerki (= alls 4L færri). Endurtakið úrtöku í hverri umf alls 4-5-6 sinnum **JAFNFRAMT** í síðustu umf eru kaðlalykkjur í A.3 og A.4 þannig: Prjónið 2L snúnar slétt saman, 2L slétt saman. Eftir alla úrtöku eru 12L á prjóni. Klippið frá og dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið að og festið vel. Prjónið annan sokk.

Prjónakveðja,

mæðgurnar í Handverkskúnst, www.garnis .



Létt

			4	7			1	
8	6	1						5
		2	6			8	3	
2				4	1		9	7
	5		3		9		6	
1	3		7	8				4
	7	3			4	2		
5						9	4	6
	1			5	2			

Miðlungs

		4						
				2	6			
8	6			1	4		2	5
4				9		7		
7			2		3			8
		2		8				4
1	9		5	3			8	7
			9	6				
						3		

Þung

		9		5	1			
						8		
	5	4	8					
1				2			6	
	7		5		9		8	
	6			8				3
					4	9	3	
		7						
			2	7		4		

Þyngst

3						8		
					9	5		
	7			1				
		8				6		
2				7				1
		5				9		
				3			4	
		9	6					
		3						2

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Ingvar Örn ætlar að verða sauðfjárbóndi

Ingvar Örn er hress og góður strákur sem hefur mikinn áhuga á dýrum, stundar hestamennsku á sumrin og hefur mikinn áhuga á mótorsporti ýmiss konar og íþróttum.



Nafn: Ingvar Örn Tryggvason.

Aldur: 11 ára.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Bý á Kópaskeri og í Birkifelli, Öxarfirði.

Skóli: Öxarfjarðarskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundar.

Uppáhaldsmatur: Pitsa.

Uppáhaldshljómsveit: AC/DC.

Uppáhaldskvikmynd: Change up.

Fyrsta minning þín? Þegar ég hitti Baldvin Einarsson í fyrsta skipti í leikskóla.

Ærfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi á trommur.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Sauðfjárbóndi.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég ákvað að stökkva á fjórhjólinu mínu niður háa brekku.


Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Þegar ég fór í fjögurra daga hestaferð.

Næst » Ingvar skorar á Erlu Bernharðsdóttur í Ærlækjarseli að svara næst.

MENNING & LISTIR

Íslensk öndvegisljóð

Bjartur bókaútgáfa gaf út fyrir nokkru Íslensk öndvegisljóð – frá Hallgrími Péturssyni til Ingibjargar Haraldsdóttur. Á kápubaki er bókinni lýst með þessum hætti:



Gullöld íslenskrar ljóðagerðar má segja að hefjist á 17. öld, eftir að Hallgrímur Pétursson kom fram, og rís svo í hæstu hæðir á miðri 19. öld í kjölfar rómantísku stefnunnar með Jónas Hallgrímsson í broddi fylkingar. Næstu hundrað ár á eftir er ljóðlistin það bókmenntaform sem skáld nota framar öðru til þess að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og lífsviðhorf.

Í þessa glæsilegu bók hefur verið safnað saman ýmsum þeirra ljóða sem hæst ber á þessu blómaskeiði, eftir ástsælustu skáld þjóðarinnar.

Mörg ljóða bókarinnar, sem Páll Valsson hefur valið, eru einhver dýrmætasti menningararfur sem íslenska þjóðin á.

Íslensk öndvegisljóð er hönnuð af Ragnari Helga Ólafssyni og er kjörgripur öllum þeim er unna góðum skáldskap.

„Hröð og mögnuð spennusaga“

Veröld hefur gefið út spennutryllinn Þrjár mínútur eftir Roslund & Hellström

Piet Hoffmann er á flótta undan sænskum yfirvöldum og gerist flugumaður bandarískra stjórnvalda í kólumbísku kókaínmafíunni. Honum tekst að komast til metorða í hrottalegum heimi glæpamanna sem svífast einskis.



Roslund & Hellström.



Þegar háttsettur bandarískur stjórnmálamaður er tekinn í gíslingu lendir Hoffmann milli steins og sleggju – báðir aðilar vilja hann feigan. Sænski lögreglumaðurinn Ewert Grens er sendur til Kólumbíu til að reyna að ná sambandi við Hoffmann sem hefur ákveðið að taka málin í sínar hendur.

Háspennutryllir úr smiðju þeirra Roslund & Hellströms sem grípur lesandann heljartökum og sleppir honum ekki fyrr en á síðustu síðu.

„Hröð og mögnuð spennusaga, eins og að horfa á æsispennandi kvikmynd.“

Dagens Nyheter

„Í senn sérlega haganlega samansett glæpasaga og pólitískur spennutryllir.“

Borås Tidning

„Spennandi saga um ofsóttasta mann í heimi í kókaínfrumskógum Kólumbíu.“

Sveriges Radio, P4

„Skyldulensning sumarsins, eða kannski bara einfaldlega skyldulesning fyrir alla.“

Skånska Dagbladet

Þrjár mínútur er 599 blaðsíður að lengd. Sigurður Þór Salvarsson þýddi. Jón Ásgeir hannaði bókarkápuna og Eyjólfur Jónsson sá um umbrot. Bókin er prentuð hjá Nørhaven, Danmörku.



HESTAR – Listaverkabók af landsbyggðinni

Nýlega sendi bókaforlagið Bókstafur á Egilsstöðum frá sér bókina „HESTAR“ með máli og myndum eftir Pétur Behrens. Bókina prýða um það bil 100 teikningar og málverk ásamt texta sem segja stuttlega frá hverri mynd.

Á langri starfsævi hefur Pétur fengist við teikningar og listmálun og hefur hesturinn verið vinsælt viðfangsefni. Í þessari bók birtast margar hans bestu teikningar, gerðar á ýmsum tímum allt frá árinu 1958. Myndirnar hafa ýmist sögulega skírskotun, sýna hesta í keppni, glæsilega verðlaunafáka, gangtegundir, áhrif veðurfars á líðan, fjölbreytt geðslag og lýsa einnig aðferðum við notkun lita og efnis. Þá má finna nokkrar landslagsmyndir, en höfundur bjó lengi í Breiðdal, og fjöllin þar eru mikið og fjölbreytt viðfang skapandi listamanna. Einnig er stutt myndaröð um Hrafnkelssögu Freysgoða þar sem hesturinn Freyfaxi er að sjálfsögðu í forgrunni. Öllu þessu er lýst í stuttum en lýsandi textum sem fylgja hverri mynd.

Við flettingu bókarinnar gengur lesandinn þess ekki dulinn að hún er einstætt og heildstætt listaverk þar sem mynd og texti kallast á. Myndir Péturs lýsa nánum kynnum hans af íslenska hestinum og bókin gefur hugmynd um langan listamannsferil hans auk þess sem hið ritaða mál er sett inn af smekkvísi og hjálpar lesandanum að skynja hverja mynd.



„Liturinn fangar senuna, hlýr sepiatónn. Hreyfing úr dökku í bjart. Hátt tölt, fallegt framgrip og teygja eins og við viljum sjá. Neflína lítið eitt fyrir framan lóðréttu. Lítill breiðpensill og penni.“




Í upphafi Hrafnkels sögu Freysgoða segir: „Það var á dögum Haralds konungs hins hárfagra að sá maður kom skipi sínu til Íslands í Breiðdal, er Hallfreður hét.“ Hér er Hallfreður og hans fólk þ.m.t. Hrafnkell sonur hans á leiðinni inn Breiðdalinn. Hann fylgir Breiðdalsánni rétt eins og við gerðum um þúsund árum seinna fyrir neðan Höskuldsstaði og áfram upp með ánni.“



Sem dæmi má nefna eftirfarandi tilvitnanir:

„Ég sá stóðið koma úr skóginum á stökki, í góðu skapi, með rassaköstum, leikur í snjónum, von á heyi.“



Pétur Behrens.

Höfundur kynntist hestum í æsku

Pétur Behrens kynntist íslenskum hestum þegar í æsku á heimaslóðum. Meðan hann var enn í listnámi ferðaðist hann í fyrsta sinn til Íslands. Með þessu úrvali mynda kynnir höfundurinn verk sín frá löngum starfsferli fyrir öllum þeim sem unna fögrum listum og hafa heillast af íslenska hestinum bæði hérlendis og erlendis, en lesmálið er á þrem tungumálum; íslensku, ensku og þýsku.

Pétur er fæddur í Hamborg árið 1937. Hann útskrifaðist með hæstu einkunn í „Meisterschule für Grafik“ í Berlín. Eftir listnám í heimaborg sinni og í Berlín flutti hann til Íslands. Hann hefur unnið hér að list sinni og sem grafískur hönnuður og kenndi við Mynd- og handíðaskólann, síðar Listaháskóla Íslands. Jafnframt stundaði hann hestamennsku og vann í mörg ár sem tamningamaður.

Pétur er stofn- og heiðursfélagi í Félagi tamningamanna og heiðursfélagi í Landssambandi hestamanna Hann stofnaði ásamt öðrum frumkvöðlum hestafagtímaritið EIÐFAXA, sem nú hefur lifað í fimmtíu ár.

Pétur er þekktur sem þýðandi íslenskra faggreina og bóka um íslenska hestinn. Hann hefur lengi búið á Austurlandi og hefur ásamt Marietta konu sinni veitt heimamönnum innsýn í heimsmenninguna með listsköpun sinni auk þess sem árangur þeirra beggja í hrossarækt hefur skilað mörgum gæðingnum til ánægðra kaupenda víða um heim.

Bókin fæst í öllum helstu bókabúðum, auk þess sem hægt er að panta hana beint á heimasíðu forlagsins, www.bokstafur.is

„Annar sláandi góður þriller frá B.A. Paris“

Drápa gefur út sálarspennutryllinn Örvæntingu eftir B.A. Paris. Cass Anderson nam ekki staðar til að hjálpa konunni í hinum bílnum – og nú er hún dáin. Síðan þá fær Cass síendurtekin þögul símtöl og er viss um að einhver sé að fylgjast með sér.

Hún er þjökuð af sektarkennd og nú er hún í ofanálag farin að gleyma hlutum. Hvort hún tók töflurnar sínar, hvert lykilorðið sé að þjófavarnarkerfinu heima hjá henni og hvort hnífurinn í eldhúsinu hafi í raun og veru verið blóðugur.

Ef þú getur ekki treyst sjálfri þér, hverjum getur þú þá treyst?

Örvænting er sálrænn spennutryllir um konu sem fer að efast um eigið geðheilbrigði og fólkið í kringum sig. Örvænting er frá höfundi metsölubókarinnar Bak við luktar dyr, sem hefur farið sigurför um heiminn.

Örvænting situr á topp 10 listum Amazon í Bretlandi og útgáfurétturinn hefur verið seldur til meira en 20 landa um allan heim. Hún fór beint á topp 10 lista Eymundsson, eftir aðeins 2 daga í sölu.

„Hrikalega grípandi, snilldarleg og spennandi.“ - Lisa Hall, metsöluhöfundur.



„Bók sem mig langaði að lesa strax aftur ... og lét það eftir mér.“ - Guðríður Haraldsdóttir blaðakona.

„Sálfræðitryllir sem þú getur ekki með nokkru móti lagt frá þér!“ - Good Housekeeping

„Guð minn almáttugur, ég tætti mig í gegnum þessa. Hún var alveg jafn góð og Bak við luktar dyr, ef ekki betri. Annar snilldar tryllir frá B.A. Paris.“ - Mary Kubica, höfundur The Good Girl.

Þýðandi er Ingunn Snædal og Arndís Lilja Guðmundsdóttir hannar kápu og útlit. Prentuð hjá Ísafoldarprentsmiðju.



Wenaas kuldagallinn
Tilboðsverð
Með sendingakostnaði
12.500 kr



Léttur og þægilegur, vattfóðraður kuldagalli með rennilás og vindlistum að framan og rennilás sem nær upp upp að mjöðm. Hettan er fest með smellum á gallann.
Litur: Gult/svart
Stærðir: M - 2XL
KH Vinnuföt • Nethyl 2a
110 Reykjavík • Sími: 577 1000
info@khvinnufot.is
www.khvinnufot.is
KH VINNUFÖT

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.200 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.400 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Gott 800 fm hesthús í Mosfellsbæ. Útleiga á stíum og skemmu. Plássin leigjast með heyi, spón og hirðingu. Upplýsingar í s. 865-0973. www.facebook.com/Blidubakkahusid/



Zetor 6211. Árg. 1991. Nr. PE-363. Staðsettur á Norðurlandi. Upplýsingar í s. 865-2421.



Þjóðlagagítarpakki - 23.900 kr. Gítar, poki, ól, auka strengjasett, stillitæki og kennsluforrit. Gítarinn ehf. Stórhöfða 27, s. 552-2125. www.gitarinn.is



VW Tiguan ´14, sjálfskiptur, dísil, ek. 62.000 km. Innfelldur dráttarkrókur, vetrardekk. Lipur, traustur og sparneytinn. Verð 3.990.000 kr. Upplýsingar í s. 894-1609.



Traktorsdrifnar haughrærur í mörgum útfærslum. Gæðaframleiðsla frá Austurríki, Póllandi og Ítalíu. Val um lengdir, allt að 8 m. Einnig raf- og glussadrifnar hrærur. Hagstætt verð. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is. S. 892-4163.



Nissan X-trail 2007, bensín. Ekinn 154.000 km. Nýskoðaður og smurður. Nánast ný vetrar- og sumardekk. Leður, rafmagn í öllu, krókur, nýir diskar og klossar. Fæst á 700.000 kr. í beinni sölu. Upplýsingar: einarjohanns@simnet.is eða s. 894-1372.



Til sölu Hyundai i30 Classic, árg. '10. Ekinn 135.000 km. Nýtt í bremsum og nýr gírkassi. Vel með farinn. Verð 700.000 kr. Upplýsingar í s. 698-3950.



Subaru Legacy station árg. 2001. Ekinn 214.000 km. Verð 400.000 kr. Skoða öll tilboð. Engin skipti. Upplýsingar í s. 865-1715, Sigþór.



Fjölplógur. Breidd 2.800 mm. Euro festingar. Verð 786.000 kr. með vsk. (634.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Snjótönn á bíl. Breidd 1,9 m. Verð 319.000 kr. + vsk. Vallarnaut. S. 841-1200 og 841-7300. vallarnaut.is



Til sölu Hagström Cassotto harmonika 120 bassar, gott ástand, góðar ólar og taska. Verð 360.000 kr. Upplýsingar í s. 865-0743.



Toyota Hilux '06. Ekinn 184.000 km. Nýskoðaður, 35" dekk, pólýhúðaðar felgur. Gott eintak, verð 2.500.000 kr. Nánari upplýsingar í s. 659-1722.



MAN árg. '06. Innréttaður sem hestaflutningabíll fyrir 18–20 hross. Mikið endurnýjaður bíll. Óska eftir tilboðum. Friðbjörn s. 897-8906.



JPM fjölnota vagn með gámalásum og loftbremsum. Burðargeta 13 tonn. Verð 2.900.000 kr. + vsk. S. 841-1200 og 841-7300. vallarnaut.is



DEK 30 kW rafstöðvar til á lager í hljóðeinangruðum kassa eða opnar á grind. Verð frá 990.000 kr. + vsk. Holt1.is og facebook.com/velasala. S. 435-6662 / 895-6662.

VW Crafter 2010, keyrður 252.000 km. Nýjar bremsur, nýjar legur að framan. Allt nýtt í drifskafti, vetrardekk á felgum. Lítur vel út. Skoðaður 2018. Tilboð 1.390.000 kr. + vsk. Upplýsingar í s. 862-7762.



Bílalyfta. 2ja pósta bílalyfta, 4 tonn rafmagnslæsing. Tilboð 398.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13 - 16.30. www.brimco.is



Kurlarar. Bensínknúnir eða dráttarvélaknúnir. Nokkrar stærðir í boði. Verð frá 265.000 kr. + vsk. Vallarnaut. S. 841-1200 og 841-7300. vallarnaut.is



Ford F-350 Super Duty XLT 7,3. Árg. 2001, tvöf. að aftan, sjálfskiptur. Ek. 111.000 km. ásamt Sunlite pallhýsi og skel. Verð 2.650.000 kr. S. 862-2150.



Snjóskófla með vængjum. Breidd 2.000 - 3.450 mm. Verð kr. 495.000 kr. með vsk (400.000 kr. án vsk.) H. Hauksson ehf, s. 588-1130.



Yfirbyggð kerra hvít. Lengd 2 m. Breidd og hæð 1,25 m. 750 kg. hásing. Hurð aftan og á hlið. Íslensk smíði. Tilboð 450.000 kr. m. vsk. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111 Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111, opið frá kl. 13 - 16.30. www.brimco.is



Land Cruiser 120, árg. 2009. Ný tímareim og ný ryðvarinn, ekinn 150.000 km. Upplýsingar í s. 568-1981 og 897-5341.

Taðkló. Breidd 220 cm. Verð 330.000 kr. með vsk. (267.000 kr. án vsk.) H.Hauksson ehf., s. 588-1130.

KRAFTVÉLAR

Til sölu



Pixy T35
Liðstýrð smávél
Árgerð 2015, hestöfl 37, vinnustundir 190.
Fylgibúnaður: skófla, heygreip, lyftaragafflar.
Verð 2.290.000.- kr. (án vsk.)
2.839.600.- kr. (með vsk.)



John Deere 6430
Árgerð 2012, hestöfl 120, vinnustundir 3,180.
Verð 7.290.000.- kr. (án vsk.)
9.039.600.- kr. (með vsk.)



McCormick 1154
Árgerð 2005, hestöfl 115, vinnustundir 6,720.
Ámoksturstæki Stoll Robust F30.
Verð 3.790.000.- kr. (án vsk.)
4.699.600.- kr. (með vsk.)



Mercedes Benz 2660 Actros 6x4
Árgerð 2007, ekinn 737.000 km. (ca. 450.000. km. á vél).
Úrtak á gírkassa fyrir vökvadælu (sturtugír) og góð dekk.
Kojuhús með ísskáp ofl., ljósagrind á þaki og 4 kastarar.
Verð 5.400.000.- kr. (án vsk.)
Tilboð 3.990.000.- kr. (án vsk.)



Mercedes Benz Atego 1023
Árgerð 2001, ekinn 386.000 km. (ca. 450.000. km. á vél).
Með vörukassa og lyftu.
Verð 1.690.000.- kr. (án vsk.)
Tilboð 1.290.000.- kr. (án vsk.)


Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is




Hamm H 13i valtari.
Árgerð 2013. 13 tonn.
Til leigu eða kaups.



Liebherr R 934 beltagrafa.
Árgerð 2007. 9.900 vinnust.
Topa 3000 fleygur, tvær skóflur og ripper fylgja.
Verð 8,3 mkr. + vsk.



Terex HR 2.0 smágrafa.
Árgerð 2006. 3.150 vinnust.
3 skóflur og fleygur.



Yanmar Vio55 beltagrafa.
Árgerð 2006. 5,5 tonn.
7.300 vinnust.
4 skóflur, þar af ein tilt.



Rafstöðvar
3,5 kVA – 85kVA á lager.



Weber jarðvegsþjöppur og hopparar til á lager.



Tsurumi dælur í miklu úrvali.



JCB 8030 ZTS
2014 árgerð. 3.010 vinnust.
Smurstöð, 3 skóflur og fleygur.
Verð: 4.200.000 kr. + vsk.



Yanmar SV18 smágröfur.
1,95 tonn. Til á lager.

Uppl. í síma 660-6051
MERKÚR
merkur.is



Huber FS 65 snjóblásari árg. ´98. Vinnslubreidd 150 cm. Í góðu ásigkomulagi. Verð 440.000 kr. m. vsk. Upplýsingar í s. 620-4745 milli kl. 8–16 virka daga.



Haugsugubarkar. Eigum til haugsugubarka í helstu stærðum. Lengd allt að 20 m. Vélaval Varmahlíð. S. 453-8888.



Hnallar. Erum með hnalla, 13, 15 og 19 hlekkja, á góðum verðum. Vélaval Varmahlíð. S. 453-8888.



Legur. Allar helstu stærðir á frábærum verðum. Vélaval Varmahlíð. S. 453-8888.



Skádæla. Með öflugum skera. Frábær hönnun, lítil fyrirferð. Mikil dælu- og hrærugeta. Dæluöxull úr ryðfríu stáli í olíubaði. Burðarvirki úr heitgalv. stáli eða SS stáli. Fáanleg með hræriskrúfu. Vinnulengd allt að 6 m. Framleiðandi: www.doda.com. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is, s. 892-4163.



Fjárhúsmottur. Verð 8.500 kr. stk. með vsk. (6.850 kr. án vsk.). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Hliðgrindur. Vandaðar, stækkanlegar hliðgrindur frá 1–6 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf., www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos., s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



4x4 Benz Sprinter, árg. ´06. Ekinn 168.300 km. Lítur vel út að innan og utan. 9 manna - einfalt að taka sætin úr. Upphækkaður, 30" dekk. Sumar/nagladekk. Nýskoðaður. Hópferðaskoðaður. Bíll sem hefur fengið gott viðhald. Tilboð stgr. 2.900.000 kr. Upplýsingar í s. 842-5642.



Til sölu Pajero 2,8 dísil, árg. '00. Ekinn 309.000 km. Nýskoðaður án athugasemda. Margt nýtt og endurnýjað í bílnum. Ný nagladekk geta fylgt. Staðsettur á Austurlandi. Tilbúin að taka góða kerru upp í. Upplýsingar í s. 861-6618.



Til sölu farmal A og farmal Cub. Upplýsingar í s. 892-0330.




HSUN fjórhjól til sölu. Til sölu er lítið notað HSUN (HS800ATV) götuhjól, nýskrásett 09.01.12. Hjólinu hefur verið ekið í rúma 600 km, ryðvarið og er með veltigrind. Hjólið er mjög vel með farið. Einn eigandi. Ásett verð 890.000 kr. m. vsk. Nánari upplýsingar veitir Lúðvíg í s. 864 7667 og ll@isl.is



Stubbastandar / stubbahólkar. Bæði frístandandi og veggfestir. Upplýsingar: stubbastandur@gmail.com. S. 842-2535.



Weckman 17 tonna sturtuvagn. Verð 3.350.000 kr. m. vsk. (2.701.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf., Flugumýri 8, 270 Mos. Opið kl. 13–16.30. S. 894-5111, www.brimco.is



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9 m. Verð 1.890.000 kr. með vsk. (1.525.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Er með léttan bát. Hann er tæplega 5 metrar. Plast-jettdrifinn-vél, Lada mótor, 1600 cc. Hann gengur rúmar 20 mílur. Verðhugmynd 400.000 – 650.000 kr. Það er best að hringja í s. 662-5981, Þorsteinn.



Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Framleiðum einnig flatpalla á krókgrindur til vélaflutninga og alls konar flutninga. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Upplýsingar í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, og olíu. Háþrýstidælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín / dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Upplýsingar í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Upplýsingar í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar: 7,5 kW, 9,2 kW, 11 kW. Glussadrifnar: 8 kW, 60 l/min. 120 bar. Vinnudýpt: 130 cm, skrúfa: 200 mm. Hákonarson ehf. Upplýsingar í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Pallagafflar, burður 2.500 kg. Verð 119.000 kr. með vsk. (96.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is.



Rúllugreip fyrir 2 rúllur. Vökvaopnun. Verð 296.000 kr. m. vsk. (239.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. 7.900 kr. án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. 6.900 kr. án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf., s. 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl. 13–16.30.




Flaghefill/snjótönn. Breidd 3 m. Verð 696.000 kr. m. vsk. (561.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.

VERKFÆRI EHF


Hlíðasmari 3, 201 Kópavogur
Sími: 544 4210, GSM: 892 9399
info@verkfaeriehf.is
www.verkfaeriehf.is



Eigum fyrirliggjandi á lager nýjar KOBELCO SK18, 1,9 tonna, mini-gröfur. Þrjár skóflur og hraðtengi fylgja með.
Leitið uppl. hjá sölumönnum



Eigum fyrirliggjandi á lager nýja KOBELCO SK45SRX-6, 4,5 tonna, mini-gröfu. Þrjár skóflur og hraðtengi fylgja með.
Leitið uppl. hjá sölumönnum



Eigum fyrirliggjandi á lager 2015 og 2016 árgerðir af TEREX TC-37, 3,6 tonna, mini-gröfum. Þrjár skóflur og hraðtengi fylgja með.
Leitið uppl. hjá sölumönnum



Eigum fyrirliggjandi á lager tvær stærðir af VARIANT véla-kerrum á 13" dekkjum.
Burðargeta: 2.750 kg.
Verð: Aðeins 795.000 kr. + vsk.
Burðargeta: 2.200 kg.
Verð: Aðeins 695.000 kr. + vsk.



Eigum fyrirliggjandi á lager CLARK rafmagns- og hand pallettu tjakka.
CLARK WP15 rafmagns pallettu-tjakkur. Burðargeta: 1,5 tonn.
Verð: Aðeins 375.000 kr. + vsk.

CLARK GS Pro hand pallettu-tjakkur. Burðargeta: 2,5 tonn.
Verð: Aðeins 39.000 kr. + vsk.
Leitið uppl. hjá sölumönnum.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá 5.900 kr. m. vsk. Brimco ehf., www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13–16.30.



Weckman sturtuvagnar. Lækkað verð. 11 tonn, verð 1.390.000 kr. m. vsk. (1.121.000 kr. án vsk.). 13 tonn, verð 1.590.000 kr. m. vsk. (1.283.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf., s. 588-1130.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.500 kr. m. vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf., s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Byltingarkennd nýjung í dælingu á mykju! Hnífadælur með öflugum hræriskrúfum og sprautustútum. Traktorsdrifnar eða með rafmótorum frá 5,5 kW upp í 30 kW. Brunndælur eða skádælur: 100 mm, 120 mm, 150 mm, 200 mm. Mikil dælugeta. Haughrærur í mörgum útfærslum og stærðum. Mykjuskiljur sem framleiða undirburð. Hákonarson ehf. hak@hak.is, www.hak.is, s. 892-4163.



Innflutningur og sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning og kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á Facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com

Til sölu

Subaru Impreza árg. ´06. Nýskoðaður, vel með farin. Dráttarkúla, nýlegt púst, álfelgur, heilsársdekk. Ekinn 192.000 km. Tilboð 750.000 kr. Upplýsingar í s. 891-8206.

Fjárhúsmottur. Verð 8.500 kr. stk. með vsk. Frír flutningur. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Hitatúpa 3x4 kW frá Rafhitun. Neysluvatnshitakútur, 300 lítra, 3 kW ryðfrír frá HÖJAX. Upplýsingar í s. 821-7542.

Isuzu Trooper árg. ´98. Bensín. Ekinn 146.000 km. Verðhugmynd 250.000 kr. Upplýsingar í s. 862-3246.

Jólakort - 4 möppur - mestmegnis eftir 1980 og 3 möppur póstkort (túristakort) til sölu. Verðhugmynd 2.500 kr. pr. möppu. Nánari upplýsingar í mons@simnet.is.

Skæralyfta. MaHa. Lyftir 3.000 kg. Hæð 2 metrar. Verð 650.000 kr. + vsk. Upplýsingar í s. 567-4467 og 660-3813.

Útsala - Girðingaefni. 5 strengja túnnet 7.000 kr. rl. Iowa gaddavír 4.600 kr. rl. Motto gaddavír 2.600 kr. rl. Þanvír 4.950 kr. rl. Öll verð með vsk. H. Hauksson ehf, s. 588-1130.

Völuflutningakassi lokaður, stærð 7,1 m. x 2,67 m. utanmál. Lokaður að aftan, ekki hurðir, hér um bil þéttur. Upplýsingar í s. 892-8376. Einnig brauðhnífur. Þriggja fasa. Sker heil brauð þversum. Upplýsingar í s. 892-8376.

Til sölu lítið sumarhús (til flutnings). Rafha 12 kW hitatúpa, 2 stk. hitakútar (300 ltr.), nokkrir rafmagnsþilofnar (600 - 2000 w). Einnig Claas rúlluvél (90 cm rúllur) og Twose S 520 sláttuarmur á dráttarvél. Upplýsingar gefur Finnur í s. 862-7096.

Sérsmíðaðir gluggar frá Færeyjum! 10 ára ábyrgð. Tré og álklæddir trégluggar. PVC gluggar og útidyr. Jóhann Helgi & Co. Netfang: jh@Jóhannhelgi.is, s. 820-8096.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Viltu vita meira um Hornstrandir og Hornstrendinga? Hornstrandabækurnar allar 5 = 7.500 kr. Frítt með póstinum. Upp með Vestfirði! Vestfirska forlagið. jons@snerpa.is – s. 456-8181.

Vestfjarðabækurnar 2017. Allur pakkinn á 22.000 kr. Frítt með Póstinum. Vestfirskar sagnir, 4 hefti. Hjólabókin 5. Rangárvallasýsla. Þorp verður til á Flateyri 2. 100 Vestfirskar gamansögur. Allt þetta fólk. Þormóðsslysið 18. febrúar 1943. Sólin er kl. 7 á Hreiðarsstaðafjallinu. Vestfirðingar til sjós og lands. Fortunu slysið á Ströndum 1787. Gerist varla betra, 22.000 kr. allur pakkinn. Þetta er alveg satt! Vestfirska forlagið. jons@snerpa.is – s. 456-8181.

Þanvír/útsala. Verð kr. 4.950 rl. með vsk. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

Undirburður. Fínkorna og ryklítið sag undir kýr og hross. Mjög róbótavænt. Ókeypis heimkeyrsla á Þingeyjar- og Eyjafjarðarsvæðinu. Tökum þátt í flutningskostnaði til annarra staða á landinu. Pantanir í síma 864-0290 og á Undirburdur.is

Fjárhúsamottur. Verð kr. 9.350 með vsk (kr. 7.540 án vsk). Tilboð - Frír flutningur. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

Óska eftir

Vantar varahluti (tímagírshjól) í Case 580 F árg. 1981 (David Brown motor). Vél til niðurrifs kemur líka til greina. Upplýsingar í s. 860-6832 og skuli@snerpa.is

Óska eftir að kaupa um 150 ærgildi sem taki gildi um næstu áramót. Sölutilboð sendist á netfangið bugardur@bugardur.is fyrir 1. desember n.k. Áskilinn er réttur til að hafna tilboðum.

Ég kaupi frímerki, póstgengin umslög, gömul skjöl, póstkort, seðla og mynt. Ef þú lumar á einhverju af þessu og vilt koma því í verð eða fá ókeypis verðmat þá ekki hika við að hafa samband. Mbk. Magnús, s. 896-1987, rvkauctions@gmail.com

HAFNAREYRI

Vörubíll til sölu

Hafnareyri ehf. auglýsir til sölu Scania P94 vörubíl árg. 1997. Ekinn 212 þús. km.

Verð: Tilboð



Upplýsingar gefur Guðni Ingvar Guðnason, gudni@vsv.is / 8979741.

Hafnareyri ehf.
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga auglýsir eftir sumarhúsum/íbúðum víðs vegar um landið fyrir sumarið 2018. Húsin þurfa að vera vel útbúin fyrir 8–12 manns. Hafið samband á netfangið gudrun@hjukrun.is eða í s. 540 6400.

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og aðra tónlist, plötuspilara, gamlar græjur og segulbönd. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Atvinna

Óskum eftir að ráða traustan aðila í afleysingu á kúabúi á Suðurlandi frá miðjum janúar og fram eftir ári. Upplýsingar gefur Margrét í s. 846-9287.

Jarðir

Óskum eftir jörð til kaups sem er í rekstri. Helst kúabú en skoðum allt. Hægt að hafa samband í tölvupósti á rannveighe@gmail.com eða í s. 847-4103, Rannveig.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá upplýsingar og tilboð. HP transmission Akureyri, einar.g9@gmail.com

Tek að mér yfirfærslu á video slides og öðrum myndum. Set þær á DVD eða flakkara. Upplýsingar í s. 863-7265. Netfang: siggil@simnet.is

Lagnahönnun - Vélahönnun. Getum bætt við okkur verkefnum. Fljót og góð þjónusta. Upplýsingar í s. 898-8237 eða: www.lagnirogvelar@gmail.com

Tampa Bay Beaches Vacation Rentals í Flórída í Bandaríkjunum býður Íslendingum upp á 400 gististaði. Beint flug frá Íslandi til Tampa hófst í september. Sjáið úrval gististaða á www.trsinc.com eða hringið til að bóka í síma +001 (727) 393-2534. Netfang: trs.guests@gmail.com. TRS-Travel Resort Services, Madeira Beach, Flórída. Við höfum boðið upp á þjónustu okkar í yfir 30 ár á Tampa Bay.

Bændablaðið
Kemur næst út
30. nóvember



Case CX 100
Árgerð: 1999 - 100 hö
Notkun: 6.880 vinnust.

Kr. ~~2.190.000,-~~ án vsk.



McCormick MC 115
Árgerð: 2005 - 115 hö - án tækja
Notkun: 7.350 vinnust.

Kr. ~~3.990.000,-~~ án vsk.



Bobcat tækjaberi
Árgerð: 2004 - 59 hö
Notkun: 2.043 vinnust.

Kr. ***2.590.000,-*** *án vsk.*



Vicon 1601
Árgerð: 2007
Notkun: 10.194 rúllur

Kr. ***1.690.000,-*** *án vsk.*



McHale Fusion I
Árgerð: 2005
Notkun: 31.768 rúllur

Kr. ***3.290.000,-*** *án vsk.*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Lónsbakki - 601 Akureyri
Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is
www.jotunn.is



Auglýsinga- og áskriftarsími Bændablaðsins er 563-0303
Bændablaðið

VALLARBRAUT



HATTAT A 110
102 hö perkins mótor.
Nýtt merki sem byggir á gömlum grunni.
Verð: 4.490.000 + vsk.



HATTAT B3050
Lipur 50 hestafla 4x4 vél.
Verð: 2.980.000 + vsk.



SOLIS 90 CRDI
Vél með ámoksturstækjum og skóflu.
Verð: 3.900.000 + vsk.




SOLIS 26 með húsi
Sýningarvél árg. 2016.
Tilboðsverð: 1.350.000 + vsk.




SOLIS 60
Sýningarvél árg. 2016.
Notkun: 110 tímar
Tilboðsverð: 2.550.000 + vsk.



GT Grjótvagn Hardox 450,
með vör og hlera.
8 mm í botni og 6 mm í hliðum.
Verð: 4.800.000 + vsk.



GT Flatvagn,
Þriggja öxla á tvöföldu.
Fremsti öxull lyftanlegur.
Verð: 4.800.000 + vsk.



Nugent rúllugreipar
Einfaldar og tvöfaldar.
Með eða án festinga.
Mikil gæði gott verð.

www.vallarbraut.is
vallarbraut@vallarbraut.is
S: 841-1200 & 841-7300



Frá Blönduósi. Kannað var í hvaða sveitarfélögum fjarbúaspenna setti vinnumarkaðnum skorður og samkvæmt ýmsum vísbendingum virðist hún almennt gera það í landsbyggðunum. Mynd / HKr.

Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum:

Vinsælir bæir og landsvæði sem frístunda-byggð hækka fasteignaverð

Fjarbúaspenna er mjög breytileg meðal íslenskra sveitarfélaga, eða frá tæplega 4% og upp í rúmlega 40%, en það þýðir að frá 4 og upp í um 40% íbúða í viðkomandi sveitarfélögum á landsbyggðinni eru ekki til ráðstöfunar fyrir fólk sem þar vill setjast að, m.a. vegna vinnu eða varanlegrar búsetu.

Þetta kemur fram í skýrslunni Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum eftir Vífil Karlsson, dósent við Háskólann á Akureyri, hagfræðing og forstöðumann atvinnuráðgjafar hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. RHA aðstoðaði við gagnaöflun í rannsókninni og sá um viðtöl í völdum bæjarfélögum.

Á íbúð í sveitarfélagi en hefur lögheimli annars staðar

Hugtakið „fjarbúaspenna“ var í brennidepli í skýrslunni, en þar er fjölda annarra heimila deilt með heildarfjölda íbúða. Önnur heimili eru skilgreind sem íbúðir í tilteknu sveitarfélagi sem eru í eigu „fjarbúa“ og bjóðast ekki á almennum markaði til leigu eða sölu.

Í skýrslunni kallast fólk fjarbúar tiltekins sveitarfélags ef það á íbúð í sveitarfélaginu en lögheimili í öðru sveitarfélagi. Meginniðurstaðan er sú að fjarbúaspennan er mjög breytileg meðal íslenskra sveitarfélaga, eða á bilinu 3,9–40,2%. Þær íbúðir eru ekki til ráðstöfunar fyrir það fólk sem vill setjast að í viðkomandi sveitarfélagi vegna vinnu eða til varanlegrar búsetu.

Fjarbúaspenna setur vinnumarkaði skorður víða

Kannað var í hvaða sveitarfélögum fjarbúaspenna setti vinnumarkaðnum skorður og samkvæmt ýmsum vísbendingum virðist hún almennt gera það á landsbyggðunum. Mest í Skagabyggð, Kjósarhreppi, Húnavatnshreppi, Fljótsdalshreppi, Helgafellssveit, Skaftárhreppi, Hrunamannahreppi, Rangárþingi eystra, Borgarfjarðarhreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi. Þó fjarbúaspenna virðist setja öllum sveitarfélögum skorður þarf hreinn samfélagslegur ábati þeirra allra ekki að vera neikvæður þar sem fjarbúum fylgja margir kostir og samfélagslegur ábati eins og rakið er í skýrslunni.

Viðtöl við forsvarsmenn sex sveitarfélaga, þar sem fjarbúaspenna er einna mest, benda hins vegar ekki til að skorðurnar séu íþyngjandi heimamönnum. Flestir viðmælenda höfðu ekkert við þessa þróun að athuga nema síður sé.

Frístundahús gjarnan á smærri þéttbýlisstöðum í námunda við höfuðborgina

Fram kemur í skýrslunni að almennt eru hlutfallslega fleiri íbúðir í eigu fjarbúa í fámennari sveitarfélögum og þeim sem eru nær Reykjavík. Að einhverju leyti má því segja að fólk sem er í leit að frístundahúsi eða öðru heimili horfi frekar til smærri samfélaga í þéttbýli en stærri sem séu ekki of fjarri Reykjavík. Flestar íbúðir fjarbúa er 80–100 fermetrar að stærð og ástand þeirra að stærstum hluta gott.



Siglt á Pollinum á Akureyri. Mynd / HKr.



Frá Siglufirði. Mynd / HKr.



Hvolsvöllur. Mynd / HKr.

Um 45% íbúða fjarbúa í þéttbýli var til sölu, en 15% í dreifbýli. Um 40% þeirra sem áttu íbúð í þéttbýli sögðust ekki vilja selja, en voru til í að skoða sölu fengist nægilega hátt verð. Þetta hlutfall var 21% meðal þeirra sem áttu íbúð í dreifbýli.

Samanburður á ferlunum gaf til kynna að eigendur, sem ekki voru með íbúðina sína í sölu, vildu fá á bilinu 29–68% hærra verð en þeir sem voru þegar með eignirnar á sölu.

Innan við helmingur eigir íbúðir út

Tæplega 40% fjarbúa leigðu íbúð sína út á almennum markaði í þéttbýli, en þeir sem áttu íbúð í dreifbýli í mun minna mæli, eða 12%. Þeir sem ekki leigðu íbúð sína á almennum markaði voru spurðir hvort þeir væru til í það ef þeir fengju nógu hátt verð og voru 18% á þeirri skoðun: 20% í þéttbýli og 16% í strjálbýli. Að jafnaði var sú leiga rúmlega 20% hærri en fékkst á markaðnum.

Um 8% þeirra sem höfðu tekið algerlega fyrir að selja eða leigja á almennum markaði voru til í að leigja íbúðina á almennum markaði ef ábyggilegur leigumiðlari sæi um allt umstangið í kringum leiguna fyrir sanngjarna þóknun; 11% í þéttbýli og 5% í dreifbýli. 5,5% íbúða fjarbúa eru leigðar til ferðamanna og 7,5% í dreifbýli. Nýting þeirra íbúða var að jafnaði 21% og meðalleiga 18.600 kr. á dag.

Meðalnýting 37 dagar á ári

Íbúðir fjarbúa eru nýttar af eigendum sínum að jafnaði 37 daga á ári: 35 í þéttbýli en 41 í dreifbýli. Þá hefur verið tekið tillit til þeirra sem nýta hana ekkert vegna útleigu. Fjöldi gesta er að jafnaði 3,31 þessa daga. Á grundvelli þessa má áætla að ¼ óskráður íbúi fylgi öðru heimili allt árið. Það er vísbending fyrir dulinni búsetu. Eldra fólk dvelur að jafnaði lengur á öðru heimili sínu en það yngra. Konur eru líklegri en karlar til að nýta það. Þá eykur þráðlaust net nýtingu annarra heimila.

Ef vinsældir tiltekinna bæja, sveitarfélaga eða landsvæða sem frístundabyggða hækka fasteignaverð er líklegra að barnafjölskyldur flytji brott fremur en aðrir íbúar eftir að vissu hámarki fasteignaverðs er náð. Barnafjölskyldum fjölgar hins vegar þar sem verðið er lægra en viðkomandi hámark. */MÞÞ*



Caterpillar M313D
Árg. 2013, 2.000 vst.
Rótortilt, 3 skóflur.
Verð 13.500.000 + vsk.



Liebherr R934
Árg. 2005, 9.900 vst.
Smurkerfi, hraðtengi og 2 skóflur.
Verð 5.000.000 + vsk.



Hitachi ZX350LC-1
Árg. 2005, 13.800 vst.
Hraðtengi/skófla og smurkerfi.
Fleyglagnir, undirvagn góður.
Verð 4.750.000 + vsk.



Volvo EC360BLC
Árg. 2003, 8.700 vst.
Hraðtengi, gómskófla.
Verð 6.000.000 + vsk.



Bomag BW213 DH-4
Árg. 2011, 2.800 vst.
Þjöppumælir, þjöppur að aftan.
Verð 7.900.000 + vsk.



Hinowa HS1200E beltavagn
Árg. 2008, ónotaður.
Mokar upp í sig sjálfur.
Verð 1.500.000 + vsk.

VÉLAFL

Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl .is
www.velafl.is

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

UNDIRVAGNSVARAHLUTIR
Í ALLAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR BELTAVÉLA



- KEÐJUR Á BELTAVÉLAR
- HLIÐARDRIF
- BELTASTREKKJARAR
- FRAMHJÓL
- RÚLLUR
- TANNHJÓL
- GÚMMÍBELTI

ASTRAK
FOR THE BEST ON EARTH

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is

MERKÚR

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 30. nóvember

Gúmmíbelti frá Linser
til á lager á flestar gerðir minivéla.

Gæða vara á góðu verði!



VÉLAFL

Upplýsingar í síma 693 3210/sigvaldi@velafl.is. Heimasíða www.velafl.is

Bylting í hreinlæti!

Auðveldari og betri þrif, sparar tíma og léttir lífið

i-mop revolutionary cleaning

WORLDWIDE PATENTED TECHNOLOGY



Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sími 480-0040 sala@buska.is www.i-teamglobal.com

Buska

Eftirherman & Orginalinn



LANDSBYGGÐIN

Logaland Borgarfirði
Fimmtudaginn 23. nóv. kl. 20:30

Græni Hatturinn Akureyri
Föstudaginn 24. nóv. kl. 21.00

Miðgarði Skagafirði
Laugardaginn 25. nóv. kl. 20.30

Hótel Selfoss fyrir 60 ára+
Föstusdaginn 1. des. kl. 15.00

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Félagsgarði Kjós
Laugardaginn 2. des. kl. 20.30

Iðnó Reykjavík
Miðvikudaginn 22. nóv. kl. 20.00

Iðnó Reykjavík
Fimmtudaginn 7. des. kl. 20.00

Iðnó Reykjavík
Mánudaginn 18. des. kl. 20.00

Miðasala í Iðnó og á tix.is
Hópafsláttir, nánari upplýsingar hjá info@idnorvk.is
Tryggið ykkur miða, aðeins þrjár sýningar í Iðnó fram að jólum!



MouseShield **músa**kítti

Lokar sprungum, rifum og götum til að hindra umferð nagdýra og skordýra

Sölustaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

NÚ ERU FYRSTU 2018
RAM PALLBÍLARNIR Á LEIÐINNI.
TRYGGÐU ÞÉR ÞITT EINTAK!



RAM

RAM 3500 VERÐ FRÁ:
KR. 6.120.968 ÁN VSK
KR. 7.590.000 MEÐ VSK

NÝR COMPASS



UMFRAM Í OPENING EDITION +

- 2.0 dísel 170 hestöfl
- 9 gíra sjálfskipting
- Selec-Terrain™ fjórhjóladrif
- Leðurinnrétting
- Beats hljómtæki m/bassaboxi
- 8,4” skjár og íslenskt leiðsögukerfi
- Rafmagnsstilling á framsætum
- Akgreinavari
- Hiti í framsætum og stýri
- Hraðastillir
- 18” álfelgur

VERÐ FRÁ 6.610.000 KR.

COMPASS LIMITED

2.0 dísel 140 hö., 9 gíra sjálfskiptur, Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, dráttarvagnaveltivörn, leður/tau áklæði, regnskynjari, LED ljós framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17” álfelgur.

VERÐ FRÁ 5.890.000 KR.

Jeep

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Dodge, Fiat, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16